

**SKOÐUN** Steinþór Einarsson leiðsögumaður leggur til sölu á refaveiðileyfum. 36



**MENNING** Lag Daníels Ólivers slær í gegn í Svíþjóð. 74



**SPORT** Obba er konan á bak við tjöldin hjá íslenska kvennalandsliðinu í handbolta. 70


568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

...á þínum vegum!

568 5000



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Fimmtudagur

6. desember 2012

287. tölublað 12. árgangur

Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



### Fjögur dauðsföll

Landlækni hafa borist fimm tilkynningar um alvarleg atvik, þar af fjögur dauðsföll, innan heilbrigðisstofnana í ár. Lögreglan rannsakar tvö dauðsfallanna. 2

**Hvítþvegnir barnsrassar** Deilur Guðríðar Arnardóttur og Gunnars I. Birgissonar halda áfram í bæjarstjórn Kópavogs. 6

**Frumvarpið veikir Alþingi** Vafi leikur á hvort frumvarp til nýrra stjórnskipunarlaga verði til góðs haldist það óbreytt. 8

**Lítið spillt land** Ísland er í ellefta sæti á hinum árlega spillingarlista Transparency International. 10




24

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -1° | | NA | 8 |
| Akureyri | -4° | | NA | 4 |
| Egilsstaðir | -2° | | NA | 4 |
| Kirkjubæjarkl. | -1° | | NA | 7 |
| Reykjavík | 0° | | NA | 5 |

**LÉTTIR TIL** í dag verða norðaustan 5-10 m/s en 8-15 við SA-ströndina. Léttir víða til en skýjað og stöku él NA-til. Frost víða 0-8 stig. 4

**3 SÉRBLÖÐ**

Fólk | Kaffi & kaffivélar Gjafabréf




# Sprenging í sölu beint frá býli

Landsmenn vilja í auknum mæli kaupa beint frá býli. Mun meira um heimaunnar vörur. Lambakjötið er vinsælast en nautið nýtur einnig vinsælda. Önnum ekki eftirspurninni, segir bóndinn í Langholtskoti.

**LANDBÚNAÐUR** „Við önnum ekki eftirspurninni og áhuginn á góðu kjöti eykst stanslaust,“ segir Unnsteinn Hermannsson, bóndi í Langholtskoti við Flúðir. „Salan hjá okkur eykst um 20 til 30 prósent milli ára, og gæti aukist mun meira ef við hefðum fleiri gripi.“

Bændum sem selja unnar vörur beint frá býli hefur fjölgað jafnt og þétt á síðustu árum. Þá hefur eftirspurn eftir heimaunnum vörum aukist ár frá ári.

„Magnið af vörum sem eru að koma inn á markaðinn eykst jafnt og þétt og störfunum sem þetta skapar fjölgar að sama skapi,“ segir Guðmundur Jón Guðmundsson, formaður félagsins Beint frá býli. Félagið vinnur að hagsmunum bænda sem stunda framleiðslu og sölu á hvers konar heimaunnum afurðum.

**97**

býli á Íslandi selja nú beint frá býli

Um hundrað félagar eru í samtökunum og hefur þeim sem eru félagar og framleiða vörur fjölgað en þeim fækkað sem aðeins eru félagar að nafninu til, án nokkurrar framleiðslu. Guðmundur Jón segir þó erfitt að meta nákvæmlega hve mikið sala hafi aukist síðan félagið tók til starfa í lok febrúar 2008.



„Félagið heldur ekki utan um sölutölur einstakra félagsmanna en eftir því sem mér skilst eru menn yfirleitt heldur að bæta í, og ég veit um verulega aukningu hjá sumum.“

Gott dæmi um það er að finna hjá Mýranauti, en salan þar jókst um 62 prósent á milli áranna 2010 og 2011 og hefur enn aukist í ár, að sögn Hönnu Sigríðar Kjartansdóttur hjá Mýranauti.

Flestir selja lambakjöt beint frá býli en einnig er mikil eftirspurn eftir nautakjöti. Fleiri vörur eru vinsælar og Guðmundur Jón segir erfitt að anna eftirspurninni.

„Ég hef sjálfur verið að bauka við að gera skyr og ég gæti selt allt það skyr sem við gætum framleitt.“

- bj / sjá síðu 12



**Hnarreist grenitré** Þau Guðjón Gunnarsson og Steinunn Reynisdóttir sjá til þess að grenitrén í jólatrjáasölu Garðheima skarti sínu fegursta þegar fjölskyldur í jólaskapi ber að garði í leit að hinu fullkomna tré í stofuna. Jólatrjáasalan hófst um mánaðamótin enda farið að styttast verulega í jólin. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Úttalað í annarri umræðu:

## Fjárlögin til þriðju umræðu

**ALÞINGI** Annarri umræðu um fjárlög lauk á sjötta tímanum í gær, en hún hafði þá staðið yfir í 48 klukkustundir. Í kjölfarið hófst umræða um bandorm um ráðstafanir í ríkisfjármálum.



ILLUGI GUNNARSSON

Stjórnarandstöðunni hefur verið legið á hálsi fyrir að beita málþófi, sem sé ekki líklegt til að auka virðingu Alþingis sem ekki er mikil samkvæmt könnunum. Illugi Gunnarsson, formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins, er því ósammála.

„Það hversu marga klukkutíma tekur að ræða fjárlög við aðra umræðu og það hversu marga tíma það hefur tekið áður hefur ekkert með virðingu Alþingis að gera. Ekki neitt. Það sem skiptir máli er að þingstörfin gangi vel og greiðlega fyrir sig.“

- kóp / sjá síðu 4






Vísindavélmenni er fært um að ferðast óravegu á hafi úti:

# Vélmenni synti 16.668 kílómetra

**VÍSINDI** Eftir ríflega eins árs sund kom vélmennið Papa Mau til lands í Ástralíu í gær.

Vélmennið hóf ferðalag sitt í San Francisco í Bandaríkjunum og synti alls 16.668 kílómetra með stuttri viðkomu á Havaí.

Er um að ræða langlengsta ferðalag sem vélmenni hefur farið á hafi úti, en það var bandaríska fyrirtækið Liquid Robotics sem stóð fyrir því.

Vélmennið vinnur orku úr öldum hafsins sem það notar til að þrýsta sér áfram. Þar að auki er efsti hluti þess þakinn sólarsellum sem knýja ýmsa skynjara sem notaðir eru til að afla gagna um hafsvæði. Er það raunar helsta hlutverk vélmennisins, sem er af gerðinni PacX Wave Glider og er markaðssett til vísindarannsókna.

Eins og áður sagði er nafn vélmennisins víðförla Papa Mau. Það er til heiðurs míkrónesíska sæfaranum Pius „Mau“ Piailug, sem varð þekktur fyrir að nota ófhefðbundnar aðferðir til að rata við siglingar.

- mþl







## SPURNING DAGSINS



Ólafur, gengur þetta fram af ykkur?

**„Já. Þetta er ekki framsýnt af Reykjavíkurborg.“**

Forsvarsmenn knattspyrnufélagsins Fram eru mjög ósáttir við fyrirætlan borgaryfirvalda að minnka byggð í Úlfarsárdal til muna. Ólafur Arnarson er formaður Fram.

Tölur lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu yfir umferð sýna jákvæða þróun á síðustu fimm árum:

# Færri umferðarslys á höfuðborgarsvæðinu

**SLYS** Umferðarslysum hefur fækkað talsvert í umdæmi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á síðustu árum þegar litið er til fjölda óhappa þar sem meiðsl verða á fólki. Þetta kemur fram í tölum frá lögreglunni, en þeim fylgir það mat að orsakir slysa beri þess vitni að tillitsemi sé að aukast í umferðinni og slysum sem tengist áhættuhegðun fari fækkandi.

Fyrstu tíu mánuði ársins urðu 302 slík slys, en á sama tíma í fyrra voru þau 335. Fyrstu ellefu mánuði ársins 2008 urðu 499 slys og hefur þeim því fækkað um tæp 40 prósent.

Þegar nánar er rýnt í orsakir slysanna sést að slysum þar sem ekið er gegn rauðu ljósi, stöðvunarskylda eða biðskylda ekki virt eða of stutt bil er milli bifreiða fækkar, sem og slysum tengdum áfengis- eða vímuefnaneyslu.

Slysum vegna ógætilegs framúraksturs fjölgar þó frá síðasta ári, en eru þó færri en árin þar á undan.

Það er því mat lögreglu, að því er fram kemur í tilkynningu, að umferðarmenning fari batnandi, sem gefur góða von um að slysum muni enn fækka á komandi árum.

- þj

**UMFERÐARSLYS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

jan. til nóv. árin 2008-2012






**RAUÐHÖFÐI** Hvalurinn Rauðhöfði er stór og mikill hvalur með rautt nef sem finnst gaman að synda í höfn á aðventunni og dást að jólaljósum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Jólavættir á ferð í jólaborginni Reykjavík:

## Rauðhöfði á ferð við Reykjavík

**FÓLK** Sést hefur til ýmissa jólavætta læðast með veggjum í miðbæ Reykjavíkur síðustu daga. Í gær sást svo hvalurinn Rauðhöfði svamla í höfninni við Granda. Er sagt um Rauðhöfða að hann hafi fyrr á öldum verið hinn mesti skaðræðisgripur en bætt ráð sitt í seinni tíð og helgað sig slysavörnum á sjó. Þá er hann mikill aðdáandi jólanna.

Ekki er þó um að ræða verur af holdi og blóði heldur hreyfimyndir sem varpað er á veggi í tengslum við jólaskreytingar Reykjavíkurborgar þetta árið. Byggja þær á hugmynd Hafsteins Júlíussonar, hönnuðar, um að tengja skreytingarnar íslenskri sagnahefð og teikningum Gunnars Karlssonar.

- mþl

## FERÐAMÁL

### 60% fleiri ferðamenn

Alls fóru 36.950 erlendir ferðamenn frá landinu í nóvember síðastliðnum eða um 14 þúsund fleiri en í sama mánuði í fyrra. Um er að ræða 60,9% aukningu milli ára. Þetta sýnir talning Ferðamálastofu. Af einstaka þjóðernum voru flestir ferðamenn í nóvember frá Bretlandi, eða 27,7%, og 17,4% voru frá Bandaríkjunum.

## LÖGREGLUMÁL

### Ræningjans enn leitað

Maðurinn sem réðst inn í söluturninn á Grundarstíg seint á föstudagskvöld er enn ekki fundinn. Maðurinn réðst inn í söluturninn og otaði byssu að ungum afgreiðslumanni. Skot hljóp úr byssunni en grunur leikur á að það hafi verið púðurskot.

Eyðilegging eftir Bopha:

## Hundruð létu lífið í flóðinu

**FILIPPSEYJAR, AP Að minnsta kosti 300 manns eru látnir og 300 annarra saknað eftir fellibylinn Bopha, sem reið yfir á Filippseyjum á þriðjudag.**

**Langflestir létust í Compostela-dalnum, þar sem vatnsflóð eyðilagði flest hús í bænum Nýja-Bataan.**

**„Flóðið virðist hafa svipt burt heilu fjölskyldunum,“ segir Mar Roxas innanríkisráðherra, sem kom til flóðasvæðanna í gær. Fellibylurinn er einn sá öflugasti sem skollið hefur á landinu á þessu ári, en fellibyljir eru algengir á þessum slóðum.**

- gb

# Landlæknir skoðar fjögur óvænt andlát

Landlæknisembættinu hafa borist tilkynningar um fimm alvarleg atvik innan heilbrigðisstofnana í ár, þar af fjögur dauðsföll. Tvö nýleg dauðsföll sjúklinga LSH eru til rannsóknar hjá lögreglu. Vinnuregla að láta lögreglu vita, segir forstjóri.

**LÖGREGLUMÁL** Nýleg dauðsföll tveggja sjúklinga á Landspítalanum eru til rannsóknar hjá lögreglu. Þetta staðfestir Friðrik Smári Björgvinsson, yfirmaður rannsóknardeildar lögreglunnar. Landlækni hafa borist tilkynningar um fjögur dauðsföll sem tengja má mistökum, vanrækslu eða óhappatilviki á þessu ári.

Annað dauðsfallið varð á bráðamóttöku spítalans um síðustu helgi en hitt á gjörgæsludeildinni í október. Í því tilviki leikur grunur á vanrækslu eða mistökum og er hjúkrunarfræðingur með réttarstöðu grunaðs manns. Konan hefur verið yfirheyrð hjá lögreglu.

„Það leikur grunur á vanrækslu eða mistökum starfsmanns, sem getur falið í sér einhverja sök,“ segir Friðrik Smári. „Það er töluvert síðan við fengum það mál inn á borð til okkar. Það er enn í rannsókn þótt hún sé langt á veg komin.“

Samkvæmt niðurstöðum lögreglu og innra eftirlits LSH virðast ekki vera augljós tengsl á milli álags og meintra mistaka starfsmannsins.

Aðspurður hvort athæfið gæti falið í sér sakfellingu segir Friðrik Smári það vera í höndum ríkissaksóknara að taka þá ákvörðun þegar rannsókn er lokið. Hann segir ekki algengt að mál sem þessi komist til rannsóknar hjá lögreglu, en samkvæmt lögum ber spítalanum að tilkynna öll óvænt dauðsföll og atvik sem ollu eða hefðu getað valdið sjúklingi alvarlegu tjóni.

Kastljós greindi frá málinu á þriðjudag. Þar kom fram að í báðum tilvikum væri um að ræða eldra fólk sem lést; á sjötugs- og áttræðisaldri.

### Fjögur af fimm tilvikum leiddu til dauða

Tilkynningar um óvænt atvik innan heilbrigðisstofnana til Landlæknis:

**4/5** 5 alvarleg atvik **2012**, þar af 4 dauðsföll

**1/3** 3 alvarleg atvik **2011**, þar af 1 dauðsfall

**2/10** 10 alvarleg atvik **2010**, þar af 2 dauðsföll

**7/18** Alls 18 alvarleg atvik, þar af 7 dauðsföll

Samkvæmt lögum um landlækni ber að tilkynna embættinu tafarlaust um óvænt atvik sem verða í heilbrigðisþjónustu og hafa valdið eða hefðu getað valdið sjúklingi alvarlegu tjóni.

Verði óvænt dauðsfall á heilbrigðisstofnunum eða þar sem heilbrigðisþjónusta er veitt sem ætla má að rekja megi til mistaka, vanrækslu eða óhappatilviks skal, auk tilkynningar til landlæknis, tilkynna það til lögreglu. Landlæknir skal rannsaka slík mál til að finna á þeim skýringar og tryggja eftir því sem kostur er að slík atvik eigi sér ekki aftur stað.



**TVÖ ANDLÁT RANNSÖKUÐ AF LÖGREGLU** Grunur leikur á að andlát sjúklings í október megi rekja til vanrækslu eða mistaka starfsmanns á gjörgæsludeild. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans, segir bæði málin hafa verið rannsökuð innan spítalans og lögregla og landlæknir látinn vita í kjölfarið, eins og lög segja til um.

„Það er ekkert sérstakt við að láta lögreglu vita. Það er skylda okkar þegar um svona alvarleg atvik er að ræða,“ segir Björn. Hann getur ekki sagt til um hvort umræddur hjúkrunarfræðingur sé enn að störfum. „Við megum ekki fjalla um einstök mál. Það eru bæði einstaklingar og fjölskyldur á bak við þetta.“

Sjúklingurinn sem lést á bráðamóttökunni um síðustu helgi hafði legið einn í fjórar klukkustundir, en verklagsreglur segja til um að líta eigi til með sjúklingum á deildinni á klukkustundar fresti.

sunna@frettabladid.is




Forstjóri LSH hefur margsinnis rætt við ráðherra um kjaramál starfsmanna:

# Björn sá uppsagnirnar fyrir

**KJARAMÁL** „Við sáum þetta fyrir í sumar og svo aftur fyrir svona sex vikum. Þá sáum við að það var komin hreyfing af stað í þessa veru,“ segir Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans, um fjöldauppsagnir um 250 hjúkrunarfræðinga á spítalanum. „Þetta kemur okkur ekki á óvart. Þetta er heldur ekkert sem ætti að koma pólitíkinni á óvart.“

Björn hefur margsinnis rætt við Guðbjart Hannesson velferðarráðherra um kjör starfsmanna spítalans, löngu áður en til uppsagnanna kom. Hann vonar að samningar náist á næstunni.

„Það er verið að skoða þetta. Nú er staðan sú að 250 einstaklingar hafa sagt upp og við verðum að skoða hvað liggur á bak við það. Svo sjáum við hvað við getum gert á næstu vikum.“

Björn segist hafa fundið fyrir því í langan tíma að starfsfólk spítalans hafi ekki nægilega há laun. Það eigi jafnt við um hjúkrunarfræðinga sem aðrar starfstéttir.

„Sumir hafa ekki getað lifað á launum, en það á við um alla Íslendinga. Það er ekkert öðruvísi hér en annars staðar,“ segir hann. „Við höfum haft mikinn skilning á því og mikla þörf að reyna að hækka laun starfsmanna svo við missum þá ekki og svo það sé hægt að halda uppi góðri starfsemi.“ - sv



**MARGSINNIS RÆTT VIÐ RÁÐHERRA** Björn Zoëga ræddi margoft við velferðarráðherra um kjaramál starfsfólks löngu áður en uppsagnirnar áttu sér stað. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



NÝTT KORTATÍMABIL
OPIÐ TIL 21
Í KVÖLD
JÓLAGJAFA-
HANDBÓK KRINGLUNNAR
ER KOMIN ÚT
Má einnig sjá á
kringlan.is
AF ÖLLU HJARTA
Kringlan
KRINGLAN.IS
FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS
25 ÁRA

## GENGIÐ
05.12.2012

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 124,66 | 125,26 |
| Sterlingspund | 200,70 | 201,68 |
| Evra | 163,09 | 164,01 |
| Dönsk króna | 21,859 | 21,987 |
| Norsk króna | 22,177 | 22,307 |
| Sænsk króna | 18,859 | 18,969 |
| Japanskt jen | 1,5151 | 1,5239 |
| SDR | 191,8 | 192,94 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
224,4508

Nítján ára Norðmaður sakfelldur og dæmdur í nítján ára fangelsi fyrir nauðgun og morð á nýársdag:

# Myrti 98 ára gamla konu á heimili hennar

**NOREGUR** Nítján ára karlmaður var á þriðjudaginn dæmdur til nítján ára fangelsisvistar fyrir að myrða og nauðga hinni 98 gömlu Hildu Feste á heimili hennar á nýársdag.

Morðið vakti mikinn óhug í Noregi enda var aðkoman nær ólýsanleg og verknaðurinn unninn af ofsa.

Saksóknarinn í málinu, Gert Kjelby, lýsti því meðal annars á lokadegi réttarhaldanna að ofbeldið sem sýnt hefði verið í þessum verknaði hefði verið yfirgengilegt. „Þetta var langt, langt umfram það sem til þarf til að taka líf nokkurs," hefur Aftenposten eftir Kjelby.

Ungi maðurinn var handtekinn sjö vikum eftir ódæðið, eftir umfangsmikla rannsókn þar sem tekin voru fingraför og lífsýni úr hundruðum manna.

Hann hélt fram sakleysi sínu en bar þó við minnisleysi. Sönnunargögnin voru þó yfirþyrmandi. Fingraför hans og lífsýni fundust á morðvettvangi, blóðug púðaver frá heimili fórnarlambsins fundust í herbergi mannsins og blóð úr hinni látnu fannst víða á heimili hans.

Pilturinn hefur ekki ákveðið hvort hann áfrýjar dómnum. - þj

### ➜ 29 morð í Noregi það sem af er ári

Morðið á Hildu Feste var fyrsta morð ársins í Noregi, enda framið á nýársdag. Það sem af er ári hafa 29 morð verið framin þar í landi, síðast hinn 7. nóvember. Það er svipað og á sama tíma í fyrra þegar 31 morð hafði verið framið (að undanskildum fjöldamorðum Anders Breivik).

Í öllum tilfellum þessa árs, utan tveggja, teljast málin upplýst, eða ákveðið fólk er grunað um glæpinn og hefur jafnvel verið ákært eða fært til vistunar á viðeigandi stofnun.



**Í ÚTEY** Stjórnvöld hafa hækkað fyrirhugaðar bætur til fórnarlamba Breiviks verulega. Á þriðja þúsund manna á rétt á þessum bótum. NORDICPHOTOS/GETTY

Eftirmál ódæðanna 22. júlí:

## Hækka bætur til fórnarlamba

**NOREGUR** Norsk stjórnvöld hafa nær tvöfaldað bætur til fórnarlamba Anders Behring Breivik frá síðasta tilboði. Þetta kemur fram í Aftenposten.

Fyrsta tilboð stjórnarinnar var harðlega gagnrýnt, en nú hafa þeim sem særðust lífshættulega í Útey verið boðnar 600.000 norskar krónur, rúmar þrettán milljónir íslenskra króna, í stað 350.000 og þeim sem særðust alvarlega bjóðast nú 450.000 í stað 250.000.

Þeir sem særðust í sprengingunni í Ósló fá 500.000 krónur og 350.000 krónur.

Talið er að á þriðja þúsund einstaklinga muni sækja bætur. - þj

## LÖGREGLUMÁL

### Rændi Kaffivagninn

Fertugur karlmaður hefur verið ákærður fyrir að ræna Kaffivagninn á Granda vopnaður skrúfjárni. Maðurinn hótaði afgreiðslustúlku og náði peningum úr peningakassa áður en hann hljóp á brott. Lögreglan náði manninum skömmu síðar.

## LEIÐRÉTTING

Í blaðinu í gær var ranglega sagt að leikritið Hamlet hefði ekki verið sett upp í íslensku leikhúsi síðan 1996. Rétt er að Leikfélag Akureyrar setti Hamlet á svið árið 2002 og fór Ívar Örn Sverrisson með titilhlutverkið.

Dönsku vélhjólagengin:

## Griðasáttmáli sleginn af borði

**DANMÖRK Ekkert verður af griðasamkomulagi vélhjólagengjanna Hells Angels og Bandidos í Danmörku eftir að fyrrverandi forvígismaður Vítisengla gekk til liðs við Bandidos í vikunni.**

**Brian Sandberg var um árabil einn af þekktari Vítisenglum og sat meðal annars í hálft þriðja ár í varðhaldi vegna „Stóra rokkaramálsins" eins og það er kallað.**

**Formaður Vítisengla hefur staðfest að viðræðurnar hafi siglt í strand vegna þessa.**

**Aldrei fyrr hefur eins háttsettur meðlimur haft vistaskipti milli hópanna. Þeir hafa tekist harkalega á í Danmörku síðustu misseri, á sama tíma og lögregla hefur herjað grimmt á þá.** - þj

Bakgrunnsrannsókn lögreglu:

## Málaskrá verði ekki alltaf nýtt

**PERSÓNUVERND** Ákvæði í frumvarpi að nýjum lögreglulögum um bakgrunnsrannsóknir lögreglu gefa of víðtæka heimild til að nota málaskrá lögreglu að mati Persónuverndar.

Í umsögn Persónuverndar um frumvarpið er bent á að upplýsingar úr málaskrá séu óstaðfestar og því þurfi mjög ríkar ástæður til að þær séu notaðar. Stofnunin leggst gegn því að veitt verði opin heimild sem sjálfkrafa verði nýtt við vinnslu bakgrunnsupplýsinga.

Í málaskrá eru skráðar upplýsingar um aðkomu einstaklinga að málum sem lögregla hefur afskipti af, til dæmis sem vitni, tjónþolar, tilkynnendur, kærendur kærðir og fleira. - bj

# Maraþonumræðu um fjárlög lauk í gær

Annarri umræðu um fjárlög 2013 lauk í gær. Stjórnin ásakar stjórnarandstöðu um málþóf, en talað var í 48 tíma við aðra umræðu. Vildum setja pressu á meirihlutann svo fjárlögum yrði breytt, segir þingflokksformaður Sjálfstæðisflokks.

**ALÞINGI** Annarri umræðu um fjárlög ársins 2013 lauk í gær, 48 tímum eftir að hún hófst. Það er met við umræðu um fjárlög. Atkvæðagreiðsla um málið fer fram á næstunni og frumvarpið fer til fjárlaganefndar. Þriðju umræðu á svo að ljúka fyrir jól, en síðasti fundardagur í desember samkvæmt starfsáætlun er 19. desember.

Umræðan hefur verið ítarleg í annarri umræðu og að viðbættri fyrstu umræðu hafa þingmenn rætt um fjárlögin í um 59 klukkustundir. Mikið liggur undir, sjálf fjárlög næsta árs, en stjórnarliðar hafa þó sakað stjórnarandstæðinga um að halda málinu í gíslingu og beita málþófi.

Illugi Gunnarsson, formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins, segir engu máli skipta hve langur tími hafi farið í umræðurnar. En stundaði stjórnarandstaðan málþóf?

„Ég læt mig engu varða þá umræðu. Það hvort líða svona margir klukkutímar, eða fleiri til eða frá, þegar við erum að ræða fjárlög íslenska ríkisins skiptir engu máli."

Illugi segir að efnisinnihaldið sé aðalatriði málsins. Sjálfstæðisflokkurinn hafi gagnrýnt forgangsröðun frumvarpsins og þá efnahagsstefnu sem þar birtist. Þá megi benda á að Alþýðusamband Íslands (ASÍ) og Samtök atvinnulífsins (SA) segi frumvarpið verðbólguhvetjandi og forseti ASÍ segi það éta upp svigrúm til að standa við kjarasamninga. Illugi segir að þó að umræðan nú hafi staðið mun lengur en við önnur fjárlög ríkisstjórnarinnar þýði það ekki að þau hafi verið mun betri og þurft minni umræðu við.

„Við vildum gera tilraun til þess í þessari umræðu, með því auðvitað að taka okkur tíma, að leiða stjórnarliðunum þetta fyrir sjónir þannig að það myndist pressa á þá að grípa til aðgerða og skoða frumvarpið núna þegar það kemur til nefndar. Til dæmis hvort ekki sé hægt að bregðast við þessari gagnrýni sem kemur frá ASÍ.

Þetta er bara tilraun okkar til að koma í veg fyrir að þetta gerist, að spár ASÍ og SA gangi fram, sem dæmi." kolbeinn@frettabladid.is



**FJÁRLAGAUMRÆÐAN** Oft var fámennt í þingsal þegar umræða um fjárlög fór fram. Björn Valur Gíslason og Illugi Gunnarsson hlýða á Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur á föstudaginn, en umræðu lauk þá undir miðnætti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Önnur umræða

**375** þingræður
2.222 mín. (37:02 klst.)

**128** athugasemdir
659 mín. (10:59 klst.)

Meðallengd þingræðu 17:24 mínútur.






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**LÆGÐ Á MORGUN** Fínasta veður víðast hvar á landinu í dag en á morgun kemur næsta lægð með hvassri sunnanátt í fyrstu og töluverðri úrkomu, einkum suðvestanlands.




**Á morgun**
Hvöss sunnanátt og síðan vestanátt.




**Laugardagur**
8-15 m/s.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 16° | Billund | -2° | Gautaborg | -1° | London | 5° | Orlando | 24° | San Francisco | 14° |
| Basel | 9° | Frankfurt | 2° | Kaupmannahöfn | -1° | Mallorca | 18° | Ósló | -9° | Stokkhólmur | 0° |
| Berlín | 0° | Friedrichshafen | 0° | Las Palmas | 21° | New York | 5° | París | 3° | | |



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** *Jón Laufdal jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# JÓLAHANDBÓKIN KOMIN TIL ÞÍN

2.000 kr ávísun fylgir jólahandbókinni í ár og gildir aðeins í 5 daga.

Ekki láta ávísunina renna út á tíma!







# ÁVÍSUN

## til þín, gildir í 5 daga!

# KERTAKVÖLD BLÓMAVALS

**30% afsláttur**
kerti-luktir-kertastjakar
í kvöld kl. 18-21
í Skútuvogi



## Kósí kertakvöld í Skútuvogi kl. 18-21

- Allir fá heitt kakó og piparkökur
- Nói Síríus kynnir konfekt.
- Jólahljómsveitin Ingibjörg og hó hó hó kemur fram kl 19:00
- 30% afsláttur af kertum
- 30% afsláttur af luktum
- 30% afsláttur af kertastjökum




**KVÖLD SPRENGJA**

Quality Street askja, aðeins **499 kr.**
fullt verð 1.599
aðeins 1 stk. á mann
takmarkað magn

## JÓLAHLAÐBORÐ
HÚSASMIÐJUNNAR SKÚTUVOGI
KL. 18-20.



Aðeins 1.490kr

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Plata hvaða hljómsveitar var valin best af vefversluninni Amazon.com?
**2.** Hvenær taka uppsagnir fimmtungs hjúkrunarfræðinga á Landspítalanum gildi?
**3.** Hver var markahæst íslensku leikmannanna í leik Íslands og Svartfjallalands?

**SVÖR:**
**1.** Of Monsters and Men. **2.** 1. mars. **3.** Rakel Dögg Bragadóttir.

Hillary Clinton segir fall stjórnar Assads í Sýrlandi óhjákvæmilegt:

# Óttast að efnavopnin verði notuð

**BRUSSEL, FRÉTTABLAÐIÐ** Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, ítrekaði í gær áhyggjur sínar af því að efnavopnum yrði beitt í lokaátökunum um yfirráð í Sýrlandi. Hún segir fall stjórnar Assads óhjákvæmilegt.

„Við höfum áhyggjur af því að stjórn Assads muni í örvæntingu sinni grípa til efnavopnanna eða að hún missi stjórn á þeim í hendur einhvers þeirra mörgu hópa sem takast á í Sýrlandi,“ sagði Clinton á blaðamannafundi í höfuðstöðvum Atlantshafsbandalagsins (NATO) í Brussel í gær.

**40.000**

Er áætlaður fjöldi þeirra sem hafa fallið í borgarastríðinu í Sýrlandi til þessa.

„Alþjóðasamfélagið er algjörlega sameinað í þessu máli og við höfum sagt mjög skýrt að með notkun efnavopnanna væri farið yfir rautt strik. Þeir sem gerðu slíkt yrðu dregnir til ábyrgðar. Við segjum það eins skýrt og við mögulega getum.“

Clinton lagði áherzlu á að finna þyrfti friðsamlega, pólitíska lausn á borgarastríðinu í Sýrlandi. Hún lýsti yfir stuðningi við formlegan samstarfsvettvang andstöðuaflanna í landinu. „Við teljum að fall stjórnarinnar sé óhjákvæmilegt. Þetta er bara spurning um hversu margir þurfa að deyja áður en sá dagur rennur upp.“ - ólþs



**SÍÐASTI FUNDURINN** Hillary Clinton sat sinn síðasta utanríkisráðherrafund í höfuðstöðvum NATO í gær. MYND/NATO



**Á SELFOSSI** Fasteignagjöldin lækka 2013.

Fjárhagsáætlun Árborgar:

## Áhersla á að greiða skuldir

**SVEITARSTJÓRNIR** Fasteignaskattsprósenta í Árborg lækkar á næsta ári samkvæmt nýrri fjárhagsáætlun bæjarstjórnar. Prósentan verður 0,3 í stað 0,325 í ár. „Er hér stigið markvisst skref í þá átt að gera fasteignagjöld sveitarfélagsins samkeppnishæf,“ segir í greinargerð með áætluninni. Aðrar álögur hækka í samræmi við verðlagsbreytingar.

Hagnaður af samstæðu sveitarfélagsins er áætlaður 72,6 milljónir króna. Áhersla er á að grynnka miklar skuldir. Greiða á þær niður um 627 milljónir króna en taka þó ný lán fyrir 400 milljónir. „Er svo komið að skuldahlutfall verður komið í 154,6 prósent,“ segir í greinargerðinni. Skuldahlutfallið var 206 prósent árið 2009. - gar

## NEYTENDAMÁL

### Áskrift hækkar hjá 365

Hinn 3. janúar næstkomandi tekur breytt verðskrá gildi fyrir áskriftarstöðvar 365 miðla. Um er að ræða 4,5% hækkun á grunnverði áskrifta. Ástæðu þessara breytinga má rekja til almennra innlendra verðlagshækkana og veikingar íslensku krónunnar. Allar nánari upplýsingar vegna þessa eru veittar í þjónustuveri 365.

# Segjast eins og hvítþvegnir barnsrassar eftir Hæstarétt

**Deila Guðríðar Arnardóttur og Gunnars I. Birgissonar hélt áfram á síðasta fundi bæjarstjórnar í Kópavogi. Samflokksfólk Guðríðar tók þátt í slagnum. Nokkrir bæjarfulltrúar báðust undan frekari orðaskiptum þeirra.**

**SVEITARSTJÓRNIR** Hörð persónuleg átök standa enn yfir í bæjarstjórn Kópavogs. Miðpunktar átakanna eru Guðríður Arnardóttir, oddviti Samfylkingar, og Gunnar I. Birgisson, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokks.

Á bæjarstjórnarfundi 13. nóvember gerðu samflokksmenn Guðríðar athugasemdir við ummæli sem Gunnar viðhafði að henni fjarstaddri. Guðríður tók málið síðan upp á kvöldfundi í bæjarstjórn 27. nóvember.

„Ég óska eftir því að bæjarfulltrúi Gunnar Birgisson geri nákvæmlega grein fyrir því hvað hann á við með þessum orðum og gefa honum tækifæri til að biðja mig afsökunar,“ sagði Guðríður Arnardóttir.

Gunnar I. Birgisson sagði heiftina gegn Sjálfstæðisflokknum taka út yfir allan þjófabálk. „Ég sagði hér á síðasta fundi að það jaðraði við geggjun, framkoma ákveðinna bæjarfulltrúa og meinti Guðríði Arnardóttur,“ sagði Gunnar og útskýrði að framganga Guðríðar færi eftir lundarfari hennar hverju sinni. „Og það var ekkert ofsagt í því,“ bætti hann við. Sú taktík hjá Samfylkingunni að leggja fram óhróður og ósannindi hefði byrjað þegar Guðríður hefði komið inn í bæjarstjórn árið 2006. „Fólk vill ekki svona fólk í stjórnmál.“

Hafsteinn Karlsson, samflokksmaður Guðríðar, sagði að þegar Gunnar hefði sest í bæjarstjórastólinn árið 2004 hefði „andskotinn verið laus“ í bæjarstjórninni. „Það eru endalausar dylgjur, endalausar dylgjur um að það sé eitthvað misjafnt sem fólk hafi í pokahorninu og hann ætli að afhjúpa það,“ sagði Hafsteinn, sem kvað Gunnar þurfa að „lifa í raunveruleikanum“ ef hann vildi taka þátt í málefnalegri umræðu.

„Ég vil svo sannarlega taka undir orð Hafsteins um að menn fari að hafa hér málefnalega umræðu og hætta að ausa fólki skít,“ sagði Margrét Júlía Rafnsdóttir úr Samfylkingu.

Rannveig Ásgeirsdóttir, formaður bæjarráðs úr Lista Kópavogsbúa, sagði sjaldan einn valda þá tveir deildu. „Það er hægt að sýna hver öðrum kurteisi þó að maður sé ekki sammála,“ sagði Rannveig.

Guðríður sagðist hafa hæstaréttardóm fyrir því að hún hefði ekki farið yfir strikið í umræðunni. Vísaði hún þar til meiðyrðamáls sem Gunnar höfðaði gegn henni og tveimur öðrum bæjarfulltrúum. Ummælin hefðu snúist um að fyrirtæki dóttur Gunnars hefði notið óeðlilegrar fyrirgreiðslu og um spillingu í stjórnsýslu Kópavogs í bæjarstjóratíð Gunnars. „Það er bara búið að hvítþvo okkur eins og nýskeinda barnsrassa í Hæstarétti,“ sagði hún.

Ómar Stefánsson úr Framsóknarflokki sagði ræðu Guðríðar vera þannig að hann vildi bann við bæjarstjórnarfundum eftir klukkan tíu á kvöldin. „Við heyrðum raddbreytingu, heyrðum hvernig púkinn kom út,“ sagði Ómar, sem tók þó fram að um væri að ræða umræðuhefð sem ætti sér mjög langa sögu í bæjarstjórn Kópavogs. Sjálfur væri hann ekki undanskilinn. „Ég hef bara mjög skýra stefnu: Ef það er leðjuslagur þá fer ég í leðjuslaginn.“

Gunnar sagðist hafa heyrt ræðu Hafsteins áður. „Hann kemur hér og eys yfir menn svona skítkasti,“ sagði Gunnar, sem kvað menn geta séð hvað „innri maður“ Hafsteins stæði fyrir með því að gúggla greinaskrif hans. Hafsteinn er skólastjóri Salaskóla.

„Við höfum svo sem oft verið í ágætis samstarfi við Hafstein Karlsson, bæði í ferðum til Alþýðulýðveldisins Kína og líka þegar að reksturinn á skólanum hjá honum var allur í steik. Við reyndum að laga það og komumst að niðurstöðu í því máli. Svo hefur náttúrlega mikið gengið á. Það var nú allur þessi slæmi maður Gunnar Birgisson eða hitt þó heldur,“ sagði Gunnar.

Hjálmar Hjálmarsson, bæjarfulltrúi Næstbesta flokksins, sagði umræðuna vissulega býsna skemmtilega en að hún ætti betur heima á „öðrum vettvangi sem hentar betur til þessara orðaskipta sem eru sum hver vægast sagt fyrir neðan allar hellur“.

gar@frettabladid.is

> **Ef það er leðjuslagur þá fer ég í leðjuslaginn.**
> *Ómar Stefánsson, bæjarfulltrúi Framsóknarflokks í Kópavogi.*



GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR — GUNNAR I. BIRGISSON

### Skaðar ímynd bæjarins



„Bæjarfulltrúar Kópavogs hafa margsinnis lýst því yfir að þeir vilji bæta orðræðuna á bæjarstjórnarfundum. Kópavogsbúar eiga ekki að þurfa að sitja undir persónulegum ágreiningi og pillum milli einstakra bæjarfulltrúa,“ segir **Ármann Kr. Ólafsson** bæjarstjóri í samtali við Fréttablaðið. „Umræða af þessum toga gerir ekkert gott fyrir Kópavog og stórskaðar ímynd bæjarins. Þetta er ekki til þess fallið að auka tiltrú almennings á stjórnmálum.“


Jólapottur American Express®

Þú gætir unnið ferð til USA og 100.000 Vildarpunkta!

FÍTON / SÍA



Þú gætir unnið glæsilega vinninga ef þú notar Icelandair American Express til að versla fyrir jólin. Allir meðlimir sem nota kortið fyrir 5.000 kr. eða meira fyrir 15. desember fara í jólapottinn og því oftar sem þú notar kortið, því meiri möguleikar á vinningi!

**Sex heppnir meðlimir verða dregnir úr jólapottinum**
- 1x Flug fyrir tvo til Bandaríkjanna með Icelandair og 100.000 Vildarpunktar
- 1x Flug fyrir tvo með Flugfélagi Íslands + gisting á Icelandair hótels í eina nótt.
- 2x Yndislegt steinanudd fyrir tvo að verðmæti 30.000 kr.
- 2x Gjafabréf á veglega máltíð að verðmæti 25.000 kr.



Kortið sem kemur þér út

KREDITKORT er útgefandi American Express® samkvæmt leyfi frá American Express

Kynntu þér málið nánar á www.americanexpress.is

American Express er skrásett vörumerki American Express.

# TAX FREE DAGAR

# ALLT Á DÖMUNA!

Dagana 6. - 9. desember afnemum við VSK* af **ÖLLU Á DÖMUNA.**

**NÝTT VISATÍMABIL**

Dömufatnaður, dömunærföt, dömunáttföt, dömusokkabuxur, dömuskór, dömutöskur, dömuklútar og dömufylgihlutir án VSK þessa 4 daga.



*Jafngildir 20,32% verðlækkun.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 9. desember.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## LANDIÐ




### Ástæðu þarf fyrir leyfi

**1 ÍSAFJÖRÐUR** Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur lagt til við bæjarstjórn að reglur um launalaus leyfi starfsmanna bæjarins verði samþykktar. Fram kemur á vef Bæjarins besta á Ísafirði (bb.is) að við gerð reglnanna hafi verið litið til reglna Reykjavíkurborgar um launalaus leyfi starfsmanna, auk þess sem viðmiðunarreglur Sambands íslenskra sveitarfélaga um reglur um launalaus leyfi hafi verið hafðar til hliðsjónar. Nýju reglurnar gera ekki ráð fyrir að starfsmenn geti sótt um launalaust leyfi nema að til þess liggi ríkar ástæður, svo sem framlenging á fæðingarorlofi, leyfi til náms sem nýtist í starfi eða sérstakar fjölskylduástæður.

### Bíó fyrir norðan

**2 AKUREYRI** Evrópskir kvikmyndadagar hefjast á morgun í Borgarbíói á Akureyri og standa til 11. desember. Til stendur að sýna fimm kvikmyndir, eina á dag, klukkan sex síðdegis. Aðgangur er ókeypis. Fram kemur á vef Vikudags að Kvikmyndadagarnir séu sjálfstætt framhald REFF – Evrópsku kvikmyndahátíðarinnar í Reykjavík. KvikYndi, kvikmyndaklúbbur Akureyrar, stendur fyrir Evrópsku kvikmyndadögunum í samstarfi við Bíó Paradís, Evrópustofu, Borgarbíó og sendinefnd ESB á Íslandi. Um er að ræða úrval vinsælustu myndanna sem sýndar voru á REFF.



### Auka verðmæti

**3 GRINDAVÍK** Ráðast á í landfyllingu og stækkun athafnasvæðis við Suðurgarð Grindavíkurhafnar á næstunni. Víkurfréttir greina frá því að Hagtak ehf. hafi átt lægsta tilboð í verkið og að bæjarráð Grindavíkur hafi falið hafnarstjóra að ganga til samninga við fyrirtækið. Tilboð þess var upp á rúmar sjö milljónir króna en kostnaðaráætlunin var rúmar 10 milljónir. Sex tilboð bárust í verkið. „Hafnarstjórn telur að með landfyllingu við Suðurgarð verði til verðmætt athafnasvæði sem skapar framtíðarmöguleika í hafsækinni þjónustu í Grindavíkurhöfn og fyrirtækjum í Grindavík,“ segir á vef Víkurfrétta.






Mosfellingar afnema gjöld:

## Koma til móts við atvinnulífið

**MOSFELLSBÆR** Gatnagerðargjöld og byggingarréttargjöld á lóðir undir atvinnuhúsnæði verða felld niður í Mosfellsbæ, samkvæmt ákvörðun bæjarráðs.

Þá mun bærinn bjóða upp á fjármögnun lóðanna á því sem kallað er sanngjarnir skilmálar.

„Það er von okkar að með því að koma á móts við atvinnurekendur og fjárfesta með þessum hætti muni hjól atvinnulífsins fara að snúast og að áframhaldandi uppbygging í bænum komi íbúum Mosfellsbæjar til góða,“ er haft eftir Haraldi Sverrissyni bæjarstjóra.

Lóðirnar sem um ræðir eru annars vegar við Sunnukrika við Vesturlandsveg og hins vegar á athafnasvæði við Desjamýri. - sh



**Í HÁTÍÐASAL HÍ** Ómar H. Kristmundsson, prófessor og deildarforseti stjórnmálafræðideildar Háskólans, stýrði fundi í gær. Við borðið sitja Skúli Magnússon, Guðni Th. Jóhannesson, Stefanía Óskarsdóttir og Gunnar Helgi Kristinsson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Frumvarpið veikir Alþingi

Stjórnskipuleg staða forseta Íslands verður áfram háð mati sitjandi forseta hverju sinni, verði frumvarp til nýrra stjórnskipunarlaga samþykkt óbreytt. Sérfræðingar háskólanna ræddu frumvarpið í gær.

**STJÓRNMÁL** Nokkur vafi leikur á því að breytingar sem lagðar eru til á stjórnarskrá landsins verði til góðs þegar horft er til starfsháttа ríkisstjórna, stjórnarmyndana, hlutverks forsetans og skipunar embættismanna. Þetta kom fram á fundi í hátíðarsal Háskóla Íslands í gær. Fundurinn er númer tvö í fundaröð sem háskólar landsins standa sameiginlega að.

Í pallborði voru Skúli Magnússon, héraðsdómari og dósent við lagadeild Háskóla Íslands (HÍ), Guðni Th. Jóhannesson, sagnfræðingur og stundakennari við lagadeild Háskólans í Reykjavík, Stefanía Óskarsdóttir, lektor við stjórnmálafræðideild HÍ, og Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor við stjórnmálafræðideild HÍ.

Í viðbrögðum við spurningum úr sal sagði Skúli Magnússon ýmislegt benda til þess að staða Alþingis myndi veikjast. „Skipan embættismanna er að vissu leyti tekin út fyrir ráðherra sem ber ábyrgð gagnvart þinginu, erfiðara er að samþykkja vantraust á ríkisstjórn, þingið getur átt erfitt með að hagga við sjálfstæðum stofnunum og svo er rætt um að forseti Íslands fari með vald sem hann fer ekki með ásamt ráðherra,“ sagði Skúli. Forsetinn bæri ekki þingræðisábyrgð gagnvart Alþingi og almennt væri varhugavert að úthluta valdi án ábyrgðar.

Guðni Th. Jóhannesson segir forystumenn í stjórnmálum alla tíð hafa sagt að gera þyrfti breytingar á stjórnarskrá sem settu ramma utan um heimild forsetans til að skipa utanþingsstjórn. Tillögu stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá segir hann líka bera keim af hugmyndum í þessa átt. „En ég held að eftir standi það sem líka er lærdómur sögunnar, að veldur hver á heldur. Forsetinn mun hafa áhrif, lítil eða mikil eftir því hvað hann eða hún vill.“

> **Ég held að eftir standi það sem líka er lærdómur sögunnar, að veldur hver á heldur. Forsetinn mun hafa áhrif, lítil eða mikil eftir því hvað hann eða hún vill.**
>
> *Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur og stundakennari við HR*

Stefanía Óskarsdóttir sagði erfitt að fullyrða um áhrif þess að persónukjör fengi mikið vægi í kjöri til Alþingis. Þó mætti gera ráð fyrir að stjórnmálin yrðu persónumiðaðri og stefnufesta myndi minnka. Þannig yrði Alþingi veikara fyrir en ella. Þá væri ekki séð fyrir endann á áhrifum þess að forsætisráðherra skipaði og ræki ráðherra. Líklegt væri að ráðherrar yrðu í auknum mæli sóttir út fyrir hóp þingmanna. „Ráðherrar munu líka missa atkvæðisrétt sinn á þingi og vel má sjá fyrir sér að stjórnmálamenn sem notið hafa vinsælda í kosningum hugsi sig um tvisvar áður en þeir yfirgefa þingið sem vettvang, eða fara yfir í stjórnarráðið.“

Gunnar Helgi Kristinsson sagði margvíslegan vanda fyrirséðan með nýju stjórnarskránni, veika og ósamstæða stjórnmálaflokka, meirihlutamyndun í þinginu kynni að verða óviss, pattstaða gæti hugsanlega komið upp í samskiptum þings og stjórnar og ríkisstjórnin væri vængstýfð þegar kemur að stefnumótun í stærri málum. Hann segir lagðar til mjög róttækar breytingar á stjórnarskránni án þess að rökstuðningur fylgi því af hverju sú leið sé farin.

olikr@frettabladid.is







## JÓLAHLAÐBORÐ

Á Spírunni, bistróinu okkar á 2.hæð er boðið upp á fjölbreytt jólahlaðborð þar sem léttir jólaréttir njóta sín í félagi við hefðbundinn og ljúffengan jólamat.
Fimmtudaga og föstudaga, 29. nóv.-14. des.

spíran.
BISTRO · GARÐHEIMUM

## OPIÐ TIL KL. 21
## ÖLL KVÖLD

GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

Tölur Hagstofu Íslands:

# Gistinóttum fjölgar stöðugt

**FERÐAÞJÓNUSTA** Gistinóttum á hótelum á Íslandi hefur fjölgað um 17% fyrstu tíu mánuði ársins, að því er fram kemur hjá Hagstofu. Gistinætur til enda október voru 1.563.200.

Gistinóttum í október fjölgaði um fimmtung milli ára. Gistinætur erlendra gesta voru um 79% af heildarfjölda gistinátta í október en gistinóttum þeirra fjölgaði um 23% samanborið við október í fyrra. Á sama tíma fjölgaði gistinóttum Íslendinga um 10%. - þj

Þingsályktunartillaga um úttekt á ferjusiglingum yfir Arnarfjörð lögð fram:

# Vilja að ferja brúi bil eftir opnun ganga

**SAMGÖNGUR** Ferjusiglingar yfir Arnarfjörð, í kjölfar opnunar Dýrafjarðarganga, gætu verið raunhæfur kostur til að mæta brýnum þörfum á samgöngum á sunnanverðum Vestfjörðum. Þetta kemur fram í greinargerð með þingsályktunartillögu sem þrír stjórnarþingmenn hafa lagt fram.

Í tillögunni, sem Lilja Rafney Magnúsdóttir, Árni Þór Sigurðsson og Ólína Þorvarðardóttir leggja fram, er lagt til að innanríkisráðherra láti gera fýsileikamat á ferjusiglingum yfir Arnarfjörð samhliða opnun á jarðgöngum milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar, en göngin eru á samgönguáætlun fyrir árið 2015 og áætlaður framkvæmdatími er þrjú ár.

Á vef Vegagerðarinnar segir að núverandi vegasamband milli norður- og suðurhluta Vestfjarða sé „óviðunandi“ fyrir margra hluta sakir. Í greinargerðinni með tillögunni segir að á meðan ekki liggur fyrir hvenær gerð heilsársvegar um Dynjandisheiði í Arnarfirði þurfi að tryggja að bilið sé brúað til að hægt verði að nýta þá samgöngubót sem göngin verða, til atvinnuuppbyggingar á svæðinu og hraða samtengingu milli norður- og suðurhluta Vestfjarða. - þj






## Veitingarekstur

**Flughótel Smári við Leifsstöð leitar að rekstraaðila fyrir veitingastað sem verður staðsettur í hótelinu.**

Rekstraaðilinn þarf að sjá um að innrétta og reka staðinn. Leggjum áherslu á að gestir hótelsins hafi aðgang að veitingum í bestu gæðum. Veitingasalurinn mun taka um 40 - 50 manns í sæti auk vínbars. Viðkomandi þarf að hafa langa reynslu af veitingarekstri og vera tilbúin að bæta við sig verkefnum á vaxandi stað.

**Áhugasamir leggi inn fyrirspurnir á hotel@hotelsmari.is fyrir 8 desember.**




Barnaheill
Save the Children á Íslandi

# Ísland í ellefta sæti

Hinn árlegi spillingarlisti samtakanna Transparency International sýnir að spilling stjórnvalda er enn útbreitt vandamál. Grikkland stendur sig verst Evrópuríkja.

Hvergi á jörðu virðist minni spilling þrífast meðal stjórnvalda en í Danmörku, Finnlandi og á Nýja-Sjálandi, en spilltust virðast stjórnvöldin í Afganistan, Norður-Kóreu og Sómalíu vera.

Þetta er niðurstaða samtakanna Transparency International, sem árlega gefa út lista yfir spillingu stjórnvalda í flestum ríkjum heims. Þetta árið lenti Ísland í ellefta sæti, með 82 stig á kvarða þar sem 100 þýðir að sáralítil spilling sé merkjanleg en 0 að spilling sé nánast allsráðandi.

Listinn er byggður annars vegar á skoðanakönnunum, rannsóknum og mati ýmissa alþjóðastofnana og hins vegar á skoðanakönnunum sem samtökin sjálf gera, meðal annars meðal fyrirtækja og heimila þar sem spurt er til dæmis hvort mútugreiðslur tíðkist til stjórnvalda í viðkomandi landi.

Athygli vekur að þau Vestur-Evrópuríki sem eiga í mestum fjárhagserfiðleikum lenda flest neðar á listanum en hin sem betur standa sig. Þannig fékk Grikkland ekki nema 36 stig, Ítalía 42, Portúgal 64 og Spánn 65. Útkoman í ríkjum Austur-Evrópu er ekki heldur góð.

Samtökin leggja áherslu á að stjórnvöld grípi nú til raunverulegra aðgerða til að draga úr spillingu.

„Við verðum að tryggja að spilling hafi raunverulegar afleiðingar í för með sér,“ segir Huguette Labelle, formaður Transparency International.

gudsteinn@frettabladid.is

## Efstu ríkin á listanum

Tuttugu efstu ríkin af 174 ríkjum á lista Transparency International árið 2012. Innan sviga eru stig viðkomandi ríkis, þar sem 0 táknar að spilling sé allsráðandi í viðkomandi landi en 100 að þar sé nánast enga spillingu að finna.

- **1.-3.** DANMÖRK (90)
- **1.-3.** FINNLAND (90)
- **1.-3.** NÝJA-SJÁLAND (90)
- **4.** SVÍÞJÓÐ (88)
- **5.** SINGAPÚR (87)
- **6.** SVISS (86)
- **7.-8.** ÁSTRALÍA (85)
- **7.-8.** NOREGUR (85)
- **9.-10.** KANADA (84)
- **9.-10.** HOLLAND (84)
- **11.** ÍSLAND (82)
- **12.** LÚXEMBORG (80)
- **13.** ÞÝSKALAND (79)
- **14.** HONG KONG (77)
- **15.** BARBADOS (76)
- **16.** BELGÍA (75)
- **17.** JAPAN (74)
- **18.** BRETLAND (74)
- **19.** BANDARÍKIN (73)
- **20.** SÍLE (72)

www.volkswagen.is



Volkswagen Caddy

## Góður vinnufélagi

Caddy er áreiðanlegur, sparneytinn og þægilegur í allri umgengni. Lipur vinnuþjarkur með frábæra akstursegineika og ríkulegan staðalbúnað. Hann er fáanlegur með bensín-, dísil- og metanvélum frá framleiðanda.

Fæst einnig fjórhjóladrifinn

Caddy* kostar aðeins frá
**2.990.000 kr.**
**(kr. 2.382.470 án vsk)**

*Miðað við Caddy TSI bensín, 86 hestöfl, beinskiptur.
Aukahlutir á mynd, álfelgur og þokuljós.

Atvinnubílar

Til afgreiðslu strax

Reynslan er góð!
Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt
HEKLA



# SNJALLAR GJAFIR

**Þú finnur mikið úrval jólagjafa hjá okkur á frábæru verði. Komdu til okkar og fáðu hugmynd að snjallri jólagjöf!**



SENNHEISER ÞRÁÐLAUS HEYRNARTÓL RS-160
VERÐ 25.900,-



HAND- OG FÓTSNYRTITÆKI
VERÐ 5.900,-



NUDDTÆKI
GRÍÐARLEGA ÖFLUGT
VERÐ 9.900,-



HITAPÚÐI FYRIR AXLIR
VERÐ 7.900,-




SNYRTISPEGILL
MEÐ LJÓSI OG STÆKKUN
VERÐ ÁÐUR 4.995,- NÚ 2.995,-




BRAUN RAKVÉL 330
VERÐ ÁÐUR 18.900,- NÚ 15.900,-



VÖÐVABÓLGUBANINN
VERÐ 13.900,-



FÓTVERMIR
- ALDREI FRAMAR KALDIR FÆTUR
VERÐ 6.995,-




NUDDPÚÐI
VERÐ ÁÐUR 9.900,- NÚ 7.900,-




SENNHEISER HEYRNARTÓL ADIDAS
VERÐ ÁÐUR 8.900,- NÚ 5.900,-



NUDDSESSA MG-240
VERÐ 29.900,

NUDDSESSA MG-290
VERÐ 42.900,



HITAPÚÐI FYRIR HÁLS OG BAK
VERÐ 7.995,-




NUDDTÆKI MG-48
VERÐ ÁÐUR 8.500,- NÚ 6.500,-




DAGSBIRTULAMPI
VERÐ ÁÐUR 24.900,-
NÚ 19.900,-

kíktu inn á **www.pfaff.is**

Pfaff // Grensásvegi 13 // Sími 414 0400

PFAFF

DYNAMO REYKJAVÍK

# Fleiri kaupa beint frá býli

Bændum sem selja vörur beint frá býli hefur fjölgað á síðustu árum og magnið af vörum aukist. Eftirspurn er mikil og bændur ná ekki að framleiða nóg. Lambakjötið er vinsælast en nautakjötið selst líka vel.




**LANDBÚNAÐUR** Bændum sem kjósa að selja unnar vörur beint frá býli í stað þess að selja eingöngu hráefni hefur fjölgað jafnt og þétt á síðustu árum og sífellt meira magn af heimaunnum vörum rennur ofan í landann.

„Magnið af vörum sem er að koma inn á markaðinn eykst jafnt og þétt og stórfunum sem þetta skapar fjölgar að sama skapi,“ segir Guðmundur Jón Guðmundsson, formaður félagsins Beint frá býli. Félagið vinnur að hagsmunum bænda sem stunda framleiðslu og sölu á hvers konar heimaunnum afurðum.

„Síðustu þrjú árin hefur félagatalan verið nokkuð stöðug, við höfum verið með um það bil 100 félaga. Það sem hefur gerst er að þeim hefur fækkað sem eru bara meðlimir í félaginu en framleiða ekki neitt, en fjölgað á móti þeim sem eru að framleiða,“ segir Guðmundur Jón Guðmundsson

Hann segir erfitt að meta nákvæmlega hversu mikil söluaukning hafi orðið frá því félagið tók til starfa í lok febrúar 2008. „Félagið heldur ekki utan um sölutölur einstakra félagsmanna en eftir því sem mér skilst eru menn yfirleitt heldur að bæta í, og ég veit um verulega aukningu hjá sumum,“ segir Guðmundur.

Hann segir eftirspurnina sannarlega vera til staðar, og margir nái ekki að anna eftirspurninni eftir vörum. „Ég hef sjálfur verið að bauka við að gera skyr, og ég gæti selt allt það skyr sem við gætum framleitt.“

Guðmundur segir það talsvert stökk fyrir bændur að fara frá því að vera hráefnisframleiðendur í það að selja tilbúna vöru. Til dæmis verði að huga að því að vera með stöðugt framboð, sem sé miserfitt eftir því hver söluvaran sé. „Menn þurfa að tileinka sér allt aðra siði.“

> **Magnið af vörum sem er að koma inn á markaðinn eykst jafnt og þétt og stórfunum sem þetta skapar fjölgar að sama skapi.**
>
> *Guðmundur Jón Guðmundsson*
> *Formaður Beint frá býli.*

Flestir bændur sem selja afurðir beint frá býli framleiða lambakjöt, en nautakjötið er einnig vinsæl vara. „Eftirspurnin eftir nautakjöti er jafnt og þétt allt árið, en lambakjötið virðist seljast meira á haustin og fram eftir vetri. Ís, skyr og aðrar mjólkurafurðir seljast jafnt og þétt allt árið,“ segir Guðmundur. Nokkrir selja svína- eða hrossakjöt og einhverjir selja egg.

brjann@frettabladid.is



**VINSÆLT** Þó að flestir bændur sem selja vörur beint frá býli selji lambakjöt selst einnig mikið af nautakjöti, hvort sem er í skrokkum eða stökum bitum í neytendaumbúðum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## ➜ Hvað segja bændurnir?

### Langholtskot

„Salan hjá okkur eykst um 20 til 30 prósent milli ára, og gæti aukist mun meira ef við hefðum fleiri gripi,“ segir Unnsteinn Hermannsson, bóndi í Langholtskoti við Flúðir, sem selur nautakjöt undir nafninu Kjöt frá Koti.

„Við önnum ekki eftirspurninni, og áhuginn á góðu kjöti eykst stanslaust,“ segir Unnsteinn. Hann selur aðallega nautakjöt í tilbúnum pakkningum, og segir að þorri viðskiptavina séu sumarbústaðaeigendur í nágrenni Flúða, þó sumir komi lengra að til að sækja steikurnar.

Það er ekki auðvelt fyrir bændur að bregðast við aukinni eftirspurn, enda tekur nærri þrjú ár fyrir kálfinn að komast í kjötborðið, segir Unnsteinn. Í Langholtskoti eru um 200 gripir á fóðrum og 50 kýr sem munu bera í vor. Unnsteinn segir að erfitt geti verið að fjölga í stofninum þar sem þá þurfi að halda kálfum frekar en að slátra þeim, sem sé erfið ákvörðun þegar eftirspurnin eftir kjöti sé mikil.

### Leirulækur

Stöðug aukning hefur verið í sölu á nautaskrokkum frá Leirulæk við Borgarnes hjá Mýranauti. „Við erum alltaf að bæta við,“ segir Hanna Sigríður Kjartansdóttir hjá Mýranauti. Salan jókst um 62 prósent milli áranna 2010 og 2011, og enn hefur orðið veruleg aukning síðan segir Hanna.

Mýranaut framleiðir nautakjöt og selur að lágmarki fjórðung úr skrokki, um 40 til 50 kíló af beinlausu kjöti. Sumir kaupa meira, hálfan eða heilan skrokk, segir Hanna. Oft taka nokkrir sig saman um kjötkaupin. Hanna segir söluna frekar jafna allt árið um kring, en það komi alltaf bylgja á haustin þegar fólk vilji fylla á frystikistuna fyrir veturinn.

### Hella

„Salan gengur mjög vel. Ég er ekki búin að taka saman sölutölur en salan eykst greinilega og strax allt að verða uppselt sem tengist jólamat,“ segir Steinunn Ósk Stefánsdóttir á Hellu í Mývatnssveit. Á bænum er stunduð sauðfjárrækt og bæði seldir heilir skrokkar í sláturtíðinni og meira unnið kjöt á borð við hangikjöt þar á eftir.

Steinunn segir að framleitt hafi verið meira en í fyrra, en samt sé allt að klárast svo snemma í desember. „Sala beint frá býli er alltaf í takmörkuðu magni, þegar varan er búin er hún búin.“

### Skarðaborg

„Salan hjá okkur er svipuð og síðustu ár, við erum með ákveðið magn og erum ekkert að kaupa frá öðrum til að bæta við,“ segir Helga Helgadóttir, sauðfjárbóndi á Skarðaborg við Húsavík. Hún segir hugsunina hjá sér aðallega vera að nýta veturgamalt fé og ærkjöt, og að fullnýta skrokkinn. Vinsælasta varan eru án efa bjúgu, og þar segist hún ekki anna eftirspurn.

„Ég vil ekki framleiða meira, ég hef einfaldlega ekki orku í það,“ segir Helga. Hún segir viðskiptavinina flesta á höfuðborgarsvæðinu, og það sem standi viðskiptunum einkum fyrir þrifum sé hár flutningskostnaður, sér í lagi þegar fólk kaupi lítið magn í einu.

DACIA
GROUPE RENAULT / NISSAN
DACIA
www.dacia.is

Dacia Duster
ÁREIÐANLEGUR SPORTJEPPI
Kr. 3.990 þús.
Dísil 5,3L/100 km

BL ehf. kynnir nýjan bíl frá Renault og Nissan samsteypunni sem nú þegar er einn vinsælasti sportjeppi Evrópu!



BÍLL ÁRSINS 2012
Núna í byrjun október síðastliðnum völdu skoskir bílablaðamenn Dacia Duster bíl ársins 2012. Helstu kostir í einkunnargjöf voru áreiðanleiki og frábært verð.

3 ára ábyrgð eða 100.000 km

B|L
BL. ehf / Sævarhöfða 2
110 Reykjavík / Sími 525 8000
www.facebook.com/daciavinir

# VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA Á !

**TOPTUL**
THE MARK OF PROFESSIONAL TOOLS

TILBOÐ

IBTJGAI4001

## SNITTTAPPA, OG BAKKASETT 40 STK.

Snitttappar M3 - M12
Snittbakkar M3 - M12
Gengjuteljari
Snitttappasveif
Snittbakkasveif

**9.900** m/vsk
Frábært verð



IBTGAAI4201

## TOPP, OG FASTLYKLASETT 42 STK.

1/4" 5,5 - 13 mm
1/2" 10 - 24 mm
Fastir lyklar 8 - 22 mm
Sterk plasttaska

**14.900** m/vsk
Fullt verð 22.239



TILBOÐ

IBTGCAI130B

## TOPP, BITA OG FASTLYKLASETT 130 STK.

1/4" - 3/8" - 1/2"
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"
Lyklar 8 - 22 mm
E toppar, sexkantbitar og fl.
Sterk plasttaska

**26.900** m/vsk
Fullt verð 37.900

TILBOÐ



IBTGCAI8002

## VERKFÆRASETT 80 STK.

Toppar 1/4" og 1/2" 4 - 32mm
Fastir lyklar 8 - 19mm
Djúpir toppar, bitar, tangir
og skrúfjárn.
Sterk plasttaska

**21.900** m/vsk
Fullt verð 36.052



**SKÓTÖNG**



9.900 kr.

**SKRÚFBITASETT**



1.290 kr.

**VERKFÆRATASKA (TÓM)**



9.900 kr.

**TOPPLYKLASETT 1/4"**



6.900 kr.

IBTDJAC0106

## SKRÚFSTYKKI MEÐ SNÚNING 180°

Breidd 6"
Opnun 6"

**16.900** m/vsk
Fullt verð 28.007



TILBOÐ

IBTGCAI2802

## TOPPLYKLASETT 28 STK.

1/2" 8 - 32 mm
Framlenging með LED ljósi
Sterk plasttaska

TILBOÐ

**9.900** m/vsk
Fullt verð 14.900






LÍFSTÍÐARÁBYRGÐ
Á TOPPUM OG FÖSTUM LYKLUM

vnr. IBTGT-28305

## 283 STK - VERKFÆRAVAGN Á HJÓLUM

7 Skúffur
1/4", 3/8" og 1/2" topplyklasett
Fastir lyklar, sexkantar og skrúfjárn,
djúpir toppar, höggskrúfjárn, öfuguggasett, slaghamar,
splittatangir, tangir, bitar og fl.
Sterkur vagn með lás



**179.900** m/vsk
Fullt verð 231.490

www.sindri.is / sími 575 0000

**SINDRI**

Viðarhöfða 6 - Reykjavík     Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði



# MacBook Pro

Nýjasta kynslóð Intel Core örgjörva með Turbo Boost og allt að fjórum kjörnum. Glæný Intel og NVIDIA skjákort. Ofurhröð USB 3 tengi og Thunderbolt. Hraðari SSD möguleikar og allt að 1TB geymsla.
Kemur í tveimur stærðum: 13" og15".

**Verð frá: 229.990.-**

### MacBook Pro með Retina skjá

Ótrúlega skarpur skjár með allt að 2880 x 1800 pixla upplausn. 29% betri skerpa og enn minni glampi. Örþunn hönnun.

**Verð frá: 349.990.-**



# MacBook Air

Enn hraðari MacBook Air með næstu kynslóð Intel Core örgjörva og Turbo Boost í allt að 3,2GHz.
Allt að 8GB vinnsluminni og 512GB flash minni. Innbyggð FaceTime HD myndavél. USB 3 tengi og Thunderbolt.
Kemur í tveimur stærðum, 11" og 13"

**Verð frá: 189.990.-**



## Apple TV

Apple TV gerir þér m.a. kleift að streyma efni þráðlaust úr iTunes, iPad, iPhone og iPod touch beint í sjónvarpið. Meðal annars tónlist, kvikmyndum og ljósmyndum.

**Verð: 26.990.-**



## iPod shuffle 2GB

iPod shuffle fæst nú í nýjum og flottum litum og er enn sem áður einfaldur og þægilegur í notkun.

**Verð: 9.990.-**



## iLuv hátalarar - Vibro

Góður hátalari með útvarpi og vekjaraklukku, hægt að láta vekja sig með tónlist eða titring.

**Kemur í 9 litum**

**Verð: 17.990.-**



## iHealth - blóðþrýstingsmælir

Blóðþrýstings- og púlsmælir sem tengdur er við iPad, iPhone eða iPod touch. Þú skellir tækinu einfaldlega í iHealth blóðþrýstingskvínna og byrjar að mæla.

**Verð: 14.990.-**



## iHealth - eftirlitsmyndavél

Fylgstu með heimilinu þínu hvar sem er, hvenær sem er.
Virkar með iPod touch/iPhone/iPad

**Verð: 29.990.-**




## Bamboo Manga teikniborð

Bamboo teikniborð, verkfæri sem fullkomna stafræna lífið

**Verð: 24.990.-**

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.

# iPad 4

## með Retina skjá



**Verð frá: 89.990.-**

iPad með Retina skjá hefur að geyma einstaka eiginleika í alla staði. Ótrúlega afkastagetu með nýja A6X örgjörvanum, ofurhraða þráðlausa tækni, 10 tíma rafhlöðu og stórkostlegan 9,7" Retina skjá með 3,1 milljóna pixla upplausn.

Helstu eiginleikar:

- 9,7" Retina skjár
- A6X örgjörvi með fjögurra-kjarna grafík
- iSight myndavél 5-megapixla, 1080p upptaka
- FaceTime HD
- Ofurhröð þráðlaus tækni
- Lightning tengi
- iOS 6 með Siri og iCloud
- 10 tíma rafhlaða

Vefverslun
www.epli.is
sendum frítt um land allt

epli.is

**Smáralind**
Virka daga 11 - 19 / Fimmtudaga 11 - 21 / Laugardaga 11 - 18
Sunnudaga 13 - 18 | Sími 512 1330
Jólaopnun auglýst nánar á www.epli.is

**Laugavegi 182**
Virka daga 10 - 18 | Laugardaga 11 - 16 | Sími 512 1300







# Sanna tollgreiðslur með kortayfirliti

**Ferðalangar sem tollverðir stöðva í græna hliðinu í Leifsstöð þurfa að geta fært sönnur á að dýr varningur sem þeir hafa meðferðis hafi verið keyptur á Íslandi. Kvittanir, kreditkortayfirlit og raðnúmer eru algengustu leiðirnar til að sanna kaup.**

**VERSLUN** Kvittanir eru langalgengasta leiðin sem ferðamenn nota til að færa sönnur á að þeir hafi keypt tollskyldan varning hér á landi. Einnig er hægt að framvísa kreditkortayfirliti og þá getur tollurinn fengið upplýsingar frá raftækjaframleiðendum um hvort raðnúmer viðkomandi tækis svarar til vöru sem var seld á Íslandi.

Fréttablaðið hefur að undanförnu fjallað um tollaeftirlit í Leifsstöð. Hinn 10. nóvember var fjallað um reglurnar sem um eftirlitið gilda og hinn 28. nóvember um þau viðurlög sem eru við smygli í gegnum tollinn.

Sé einstaklingur stoppaður af tollvörðum í Leifsstöð getur viðkomandi þurft að sýna fram á að dýr varningur sem hann hefur meðferðis sé keyptur hér á landi og því þegar búið að greiða af honum toll.

„Við förum fram á að fólk sanni eignarrétt sinn á viðkomandi hlutum. Hafi fólk kvittanir ekki meðferðis ráðleggjum við því að fara í umboðin hér heima og fá nótur enda eru þau sum með skrár yfir seldar vörur,“ segir Kári Gunnlaugsson, yfirtollvörður á Keflavíkurflugvelli, og bætir við: „Fólk getur einnig prentað út kreditkortayfirlit og fært okkur. Þá er fólk stundum tekið í skýrslutöku og ég held að það sé ekki mikið að ljúga að okkur þar. Þessi mál eru flest leyst á þann máta að sannleikurinn er leiddur í ljós.“

Geti einstaklingar ekki fært sönnur á að þeir hafi keypt varning innanlands með kvittunum eða kreditkortayfirliti er þó eitt ráð enn til staðar. „Ef mál fara lengra getum við sent fyrirspurn á fyrirtæki, eins og til dæmis Apple, varðandi raðnúmerið sem þeirra raftæki og flest önnur bera. Þannig er stundum hægt að rekja hvar varan var seld. Við höfum hins vegar ekki aðgang að neinum gögnum um slíkt enda væri það ekki leyfilegt samkvæmt persónuverndarlögum, sem við fylgjum í hvívetna,“ segir Kári.



**LEIFSSTÖÐ** Hluti ferðamanna sem fer í gegnum græna hliðið er stöðvaður af tollvörðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

magnusl@frettabladid.is




## HEIMURINN




### Sýrlendingar berjast í Líbanon

**1 LÍBANON** Harðir skotbardagar geisuðu í borginni Trípólí í Líbanon í gær. Átökin kostuðu að minnsta kosti fimm manns lífið en tugir særðust. Þarna tókust á andstæðar fylkingar frá nágrannaríkinu Sýrlandi, annars vegar uppreisnarmenn og hins vegar liðsmenn stjórnvalda. Líbanski herinn hélt á vettvang til að lægja átökin og var nokkrum götum lokað vegna hættu á skotum frá leyniskyttum. Spenna hefur vaxið í Líbanon undanfarið vegna átakanna í Sýrlandi.

### Rústað fyrir mistök

**2 FRAKKLAND** Misskilningur verktaka varð til þess að þeir lögðu gamalt sveitasetur í Bordeaux-héraði í rúst. Núverandi eigandi, rússneskur kaupsýslumaður að nafni Dmitrí Stroskin, hafði ætlað að gera endurbætur á húsinu og færa það aftur til fyrra horfs. Íbúar í þorpinu Yvrac eru miður sín, því sveitasetrið Chateau Bellevue þótti afar glæsilegt og héraðinu til sóma. „Allir þorpsbúar eru í áfalli. Hvernig getur byggingafyrirtækið gert svona mistök?“ segir Juliette Marmie, fyrrverandi eigandi setursins.



### Átök í Egyptalandi

**3 EGYPTALAND** Stuðningsmenn og andstæðingar Mohammeds Morsi Egyptalandsforseta börðust fyrir utan forsetahöllina í Kaíró í gær. Þeir notuðu bæði prik til að lemja á andstæðingum sínum og grjót til að kasta í þá. Ekkert lát er á mótmælum í landinu vegna forsetatilskipunar sem veitir forsetanum nánast alræðisvöld í landinu. Að minnsta kosti hundrað þúsund manns tóku þátt í mótmælum fyrir utan forsetahöllina á þriðjudag.

### Stefnir á innrás í Malí

**3 MALI** Alassane Outtara, forseti Fílabeinsstrandarinnar, vill að Sameinuðu þjóðirnar veiti hersveitum Afríkuríkja umboð til að ráðast inn í norðurhluta Malí í byrjun næsta árs. Uppreisnarsveitir herskárra íslamista hafa náð norðurhluta landsins á sitt vald. Outtara segir nauðsynlegt að grípa inn í til að koma í veg fyrir að landsvæðið, sem er afar strjálbýl eyðimörk, verði gróðrarstía hryðjuverkamanna og fíkniefnasmyglara.


Konukvöld í dag!
20% afsl. af gjafavörum aðeins í dag
20% afsl. af húsgögnum
Léttar veitingar frá 18 - 21
Valgeir Skagfjörð spilar jólalög frá 18 - 21
Opið frá 10 - 21
Ný sending af gjafavörum frá Kare
Ný sending af gjafavörum frá Hübsch
Ný sending af sófum í áklæði og leðri
HEIMA HÚSIÐ
Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16, sunnudaga 13 - 16.

## GÓÐ HÚSRÁÐ Ekki geyma glösin á hvolfi



Ef nýþvegin glös eru sett á hvolf inn í skáp lokast rakinn inni í þeim og það getur leitt til þess að hvít himna myndast að innanverðu sem hverfur ekki. Kalk sem sest hefur á glös er hins vegar hægt að fjarlægja með því að láta glösin liggja í heitu vatni sem 40 g af sítrónusýru hefur verið blandað saman við. Einnig er hægt að leggja glösin í hreint edik.

## Jólabækurnar ódýrar í Bónus



Verðalagseftirlit Alþýðusambands Íslands (ASÍ) gerði á dögunum sinn árlega verðsamanburð á jólabókum. Verð á alls 69 titlum var skoðað í tíu bókabúðum og verslunum víðs vegar um landið. Var lægsta verðið oftast að finna í Bónus eða á 32 titlum af 69. Hæsta verðið var hins vegar oftast að finna í Iðu í Lækjargötu eða í 46 tilvikum.

Töluverður verðmunur var á sumum titlum eða allt að 57%. Þá leiddi könnunin einnig í ljós að nokkur munur er á vöruúrvali verslana. Flesta titla, alls 65 af 69, var að finna í Bóksölu stúdenta en fæsta í Iceland eða 30 talsins.

Tekið skal fram að Eymundsson, Griffill og Bókabúð Máls og menningar neituðu að taka þátt í verðsamanburðinum.










ID: INVESTIGATION DISCOVERY ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STOD2.IS


# Brunar á heimilum flestir í desember

Oftast kviknar í út frá kertum, rafmagnstækjum eða vegna eldamennsku. Hafa þarf þrenns konar eldvarnarbúnað. Eldhætta af ónýtum perum í ljósaseríum.



**AÐVENTUKRANS** Mikilvægt er að útbúa aðventustjaka og kertaskreytingar þannig að þær verði sem öruggastar. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Flestir brunar á heimilum verða í desember, samkvæmt skráningu VÍS árin 2010 og 2011. Oftast kviknar í út frá kertum, rafmagnstækjum eða vegna eldamennsku, að því er Sigrún A. Þorsteinsdóttir, sérfræðingur í forvörnum hjá VÍS, greinir frá.

„Um jólin er iðulega talað um hátíð ljóss og friðar og þannig vilja flestir upplifa þau. En til að ljósin veiti okkur eingöngu gleði verður að bera virðingu fyrir þeim, umgangast þau með gát og tryggja þannig öryggi allra á heimilinu,“ segir Sigrún.

Hún tekur það fram að á hverju heimili eigi að vera þrenns konar eldvarnarbúnaður, það er reykskynjari, eldvarnarteppi og slökkvitæki. „Fjölskyldan þarf jafnframt að fara yfir hvernig bregðast skal við ef kviknar í. Hvaða útgönguleiðir eru úr hverju rými og hvernig á að koma sér út úr brennandi húsi?“

Að sögn Sigrúnar verða margir brunar út frá kertum og kertaskreytingum á aðventunni og fram í janúar. „Með réttri umgengni er hægt að fyrirbyggja þá. Kerti verða að vera á öruggum undirstöðum og skraut má ekki liggja nærri þeim. Mikilvægt er að útbúa aðventustjaka og kertaskreytingar þannig að þær verði sem öruggastar, til dæmis með notkun kramarhúss.“

Eldhætta getur einnig skapast ef ekki er skipt strax um ónýtar perur í ljósaseríum því að þá eykst spenna á hinar perurnar. „Af sömu sökum þarf að gæta þess að nýja peran sem sett er í sé af réttri stærð og styrkleika. Til að auka líftíma sería á að hafa slökkt á þeim þegar þær eru settar upp. Ef perur eru heitar þegar þær eru hreyfðar eru mun meiri líkur á að þær springi. Það sama á við um útiseríur og ef spáð er stormi er gott að slökkva á seríunni þar sem líklegra er að perurnar þoli þannig hreyfinguna í rokinu.“

Sigrún segir að yfir árið tengist flestir brunar á heimilum notkun eldavélar. „Oft er það vegna þess að það gleymist að slökkva eða fólk gleymir hreinlega eldamennskunni. Þess vegna er mikilvægt að temja sér að vera ávallt nærri eldavélinni þegar verið er að elda. Einnig er nokkuð algengt að það kvikni í einhverju sem er geymt ofan á eldavélinni, til dæmis pitsukassa eða viskastykki.“

ibs@frettabladid.is

## Þrenns konar eldvarnir á hvert heimili

**43%** heimila hafa þrenns konar eldvarnarbúnað samkvæmt nýrri könnun sem Eldvarnarbandalagið og Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna lét gera.



**Yfirfarið slökkvitæki** þarf að vera til staðar og nærri útgönguleið.




**Eldvarnarteppi** ber að hafa á sýnilegum og aðgengilegum stað í eldhúsi, þó ekki of nærri eldavélinni.



**Reykskynjari** með virkri rafhlöðu á að vera á hverri hæð og í herbergjum með raftæki, að sögn Sigrúnar Þorsteinsdóttur, sérfræðings í forvörnum.

Átta vísindamenn Matís starfa aðallega að rannsóknum á sjávarþörungum:

# Þörungaskyrið á leið á markað



**LÍTT NÝTT AUÐLIND** Þörungarnir eru náma hollustu. MYND/MATÍS

**RANNSÓKNIR** Vísindamenn Matís hafa þróað afurðir úr sjávarþörungum sem eru komnar eða eru væntanlegar á markað. Átta starfsmenn Matís starfa öðru fremur við rannsóknir á þörungum. Meðal nýlegra afurða eru húðvörur sem sprotafyrirtækið Marinox hefur sett á markað en þær innihalda lífvirk andoxunarefni sem eru unnin úr þangi og þykja sérstaklega góð fyrir húðina, segir í frétt Matís.

Af öðrum afurðum sem eru væntanlegar á markað innan tíðar nefnir Jón Trausti meðal annars þörungaskyr og byggpasta sem er bætt með þörungum. „Reyndar var það hópur nemenda sem var hjá okkur í fyrrasumar sem byrjaði þróun þörungaskyrsins og afurðin keppti fyrir Íslands hönd í Ecotrophelia, sem er nemendakeppni með vistvæna nýsköpun í matvælaframleiðslu. Þetta gekk það vel að þróunarvinnunni var haldið áfram og núna er þörungaskyrið að koma. Hér er á ferðinni matvara sem er skyr og þaramjöl í grunninn en bragðbætt með bláberjum og hunangi,“ segir Jón Trausti Kárason, sérfræðingur hjá Matís.

- shá



HEIMSVIÐBURÐUR
DOMINO'S-DAGURINN
Domino's Pizza
50%
AFSLÁTTUR
AF PIZZUM Á MATSEÐLI Í DAG!
AÐEINS Á FACEBOOK
Það verður glatt á hjalla víða um heim, því í dag býður Domino's öllum þeim sem panta pizzur í gegnum Facebook 50% afslátt!*
Það eina sem þú þarft að gera er að fara á Facebook, finna **Domino's pizza – Ísland**, kýla á LIKE og panta.
Taktu þátt í partíinu og nýttu þér tilboð á heimsmælikvarða!
facebook.com/dominos.is
*Tilboðið gildir aðeins fyrir sóttar pizzur af matseðli, pantaðar í gegnum Facebook, í dag, fimmtudaginn 6. desember 2012. Gildir ekki með öðrum tilboðum.
Fíton / SÍA

# TROÐFULL VERSLUN AF JÓLATILBOÐUM




1.989

1.989



7.989

PHILIPS

**Philips HP8618**
Keilujárn með SilkySmooth keramik húð. LCD skjár með 8 hitastillingum (130-200°). 3 tímastillingar eftir hárgerð. Kaldur endi.



5.989

PHILIPS

**Philips HR1600**
Kröftugur 550w Daliy Collection töfrasproti með ProMix hnífum. Þægilegt handgrip. Auðvelt að þrífa. 0.5L skál fylgir.



TVÆR VÖFFLUR Í EINU

9.989

SEVERIN

**Severin WA2102**
1200w 2ja sneiða vöfflujárn. Þolir mikinn hita. Stiglaus hitastillir. Ryðfrítt stál. Non-stick klæðning. Ljós fyrir bökunartíma.



14.989

MELISSA

**Melissa 631149**
Shiatsu nuddsæti með Infrared hitun. 12/220v.



17.989

Whirlpool

**Whirlpool MWD307HV**
700w og 20 lítra örbylgjuofn með stafrænu stjórnborði. 7 stillingar ásamt afþýðingu.



34.989

PHILIPS

**Philips FC8802**
Nett ryksuguvélmenni sem hentar fyrir parket, dúk og flísar. Aðeins 5 sm á þykkt. 2 langir hliðarburstar. 4 klst hleðslutími gefur u.þ.b. 50 mín. í notkun.



14.989

JBL

**JBL ONSTAGE MICROIII**
iPod vagga með HÁTALARA, fjarstýringu, Odyssey Neodymium hátölurum, Aux tengi fyrir MP3, CD ofl.



29.989

Panasonic

**Panasonic SCHC17**
Nett míkrósamstæða með MASH geislaspilara, stafrænu RDS útvarpi með 30 minnum, D.Bass, tónjafnara, klukku með vekjara og svefnrofa, heyrnatóls- og Music Port tengi, fjarstýringu ofl.




89.989

Nikon

**Vél fyrir kröfuharða – D3100**
Digital SLR myndavél með 14.2 milljón punkta CMOS flögu, NIKKOR 18-55mm linsa fylgir, D-Movie háskerpu myndbandsupptaka og ótal stillimöguleikum. Íslenskur leiðarvísir og 2.5 klst. námskeið fylgir. Einnig fáanleg með öðrum linsum.



6.989

**EINFALDUR OG NETTUR PRENTARI**

EPSON **Epson SX 130**

Hagkvæmur prentari sem fer lítið fyrir á borði. 4 hylkja litakerfi þannig að hægt er að skipta um stök hylki sem meira eru notuð.



34.989

Lenco AUDIO – VIDEO

**9,7" SPJALDTÖLVA MEÐ IPS SKJÁ**

9,7" spjaldtölva með frábærum IPS skjá með mikilli litadýpt og 1024x768 punkta upplausn. 1GB innra minni og 8GB flash minni. Android 4.0 Ice Cream Sandwich með aðgangi að tugþúsunda smáforrita og leikja.

INTEL PENTIUM WINDOWS 8



89.989

TOSHIBA **TOSHIBA SAT C850-1C8**

15,6" fartölva með 2,2GHz Intel Pentium örgjörva, Intel HD 3000 Graphics skjákorti, stórum 500GB hörðum diski og 4GB vinnsluminni.

TEXTI OG VERÐ ERU BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR

**0% VEXTIR Í 12 MÁNUÐI !**

*Aðeins 3,5% lántökukostnaður og 340 kr. í færslugjald á mánuði*

# MÖRG ÞÚSUND TOMMUR AF SJÓNVÖRPUM




**Thomson 32HU2253**
32" HD LCD sjónvarp 1366x768p upplausn. Stafrænn móttakari DVB-T. Progressive Scan. USB tengi, 2x HDMI, Scart, Component, VGA, CVBS og heyrnatólstengi. Hótelstilling.










**Luxor 24LED900**
24" HD LCD sjónvarp með 1366x768 punkta upplausn. Stafrænn DVB-T móttakari. USB, HDMI, Scart, VGA, hótelstillingu o.fl.

**Philips 42PFL3007T**
42" LCD sjónvarp með Full HD 1920x1080p upplausn. 100 Hz Perfect Motion Rate. Digital Crystal Clear. Ljósnemi fyrir birtu í rýminu. Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakari. 3x HDMI, USB tengi og EasyLink o.fl.

**Panasonic TXP50X50**
50" HD Ready Plasma sjónvarp með 1024x768p upplausn. Vreal Plus Engine. 600Hz Sub-field Drive. Dýnamísk Real Black Drive 3.500.000:1 skerpa. 24p Playback og Viera Link. Háskerpu HDTV DVB-T stafrænn móttakari. USB. kortalesari o.fl.

## ÖLL ÍSLENSK TÓNLIST Á AÐEINS 1.989



MAX RAFTÆKI

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

BEINT Á MÓTI IKEA

Danske Bank kynnti greiningu á efnahagslífinu:

# Danske Bank spáir 2,2% hagvexti 2013

Greiningardeild Danske Bank birti í gær nýja spá um horfur í íslensku efnahagslífi. Telur Danske Bank að hagvöxtur verði 2,2% og 2,9% á árunum 2013 og 2014.

Lars Christensen, forstöðumaður greiningardeildarinnar, kynnti spána á fundi VÍB, eignastýringarþjónustu Íslandsbanka, á Hilton Reykjavik Nordica í gær. Sagði Christensen hagvaxtarhorfur hér á landi betri en í hinum Norðurlandaríkjunum en bætti við að það væri ekki vegna þess að allt gengi vel hér á landi heldur fremur vegna veikleika í nágrannalöndunum.

Danske Bank gerir ráð fyrir því að einkaneysla og fjárfesting verði helstu aflvakar hagvaxtar á næstu tveimur árum. Þannig spáir bankinn 2,6 og 2,9% vexti einkaneyslu og 9,2 og 10,7% vexti fjárfestingar á tímabilinu.

Þá telur bankinn að atvinnuleysi minnki, samhliða vaxandi umsvifum í hagkerfinu, úr 5,8% á þessu ári í 5,0% árið 2014. - mþl



**NORDICA Í GÆR** Íslandsvinurinn Lars Christensen kynnti greiningu Danske Bank á fundi VÍB í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Góður gangur hjá öryggisfyrirtæki:

# Securitas hagnaðist

Securitas-samsteypan hagnaðist um 114 milljónir króna á síðasta ári. Hagnaður hennar var 122 milljónir króna á árinu 2010. Þetta kemur fram í ársreikningi móðurfélagsins sem skilað var inn til ársreikningaskráar nýverið.

Rekstrartekjur Securitas voru 3,3 milljarðar króna í fyrra og jukust um 260 milljónir á milli ára. Hagnaður fyrir skatta, afskriftir og fjármagnskostnað voru 412 milljónir. Eignir samstæðunnar voru metnar á 1,7 milljarða og eigið fé hennar var 664 milljónir um síðustu áramót.

Securitas greiddi eigendum sínum 80 milljónir króna í arð á síðasta ári vegna frammistöðu ársins á undan.

Stærstu eigendur Securitas eru Títan fjárfestingafélag (í eigu Skúla Mogensen) og Stekkur fjárfestingarfélag (í eigu Kristins Aðalsteinssonar) hver með sinn 34,4 prósenta eignarhlutinn. - þsj

# Lög takmarka ekki arð út úr bönkunum

Sérstök undanþága er til staðar sem heimilar skipti á arðgreiðslum í erlendan gjaldeyri. Íslensku bankarnir geta greitt tugi milljarða króna í arð á næsta ári. Seðlabankinn telur að hægt verði að semja um arðgreiðslur við kröfuhafana.

Arðgreiðslur úr þrotabúum gömlu bankanna eru ekki takmarkaðar með lögum. Þær gætu þó orðið samningsatriði á milli Seðlabankans og slitastjórna gömlu bankanna í tengslum við veitingu á undanþágu vegna annarra greiðslna. Þetta kemur fram í svari Seðlabanka Íslands við spurningum nefndarmanna í efnahags- og viðskiptanefnd um stöðu útgreiðslna til kröfuhafa fallinna banka og fyrirhugaða nauðasamninga þeirra. Svörin voru afhent 21. nóvember síðastliðinn.

Stóru viðskiptabankarnir, Landsbankinn, Arion banki og Íslandsbanki, hafa ekki mátt greiða út arð frá stofnun þeirra. Það geta þeir þó mögulega gert á næsta ári. Ljóst er að þeir geta greitt út tugi milljarða króna án þess að eiginfjárhlutfall bankanna fari undir þær kröfur sem Fjármálaeftirlitið (FME) gerir um slíkt. Eigendur Arion banka og Íslandsbanka eru að langstærstu leyti annars vegar þrotabú Kaupþings og hins vegar þrotabú Glitnis. Verði fyrirhugaðir nauðasamningar þeirra að veruleika, líkt og stefnt er að snemma á næsta ári, munu erlendir kröfuhafar eiga íslensku bankana tvo.

Seðlabankinn var spurður af nefndarmönnum hvort hann myndi leyfa útgreiðslur á arði út úr þrotabúunum. Í svari hans segir að slíkar útgreiðslur séu ekki takmarkaðar samkvæmt lögum, auk þess sem sérstök undanþága sé til staðar til að skipta arðgreiðslum í erlendan gjaldeyri, séu þær greiðslur frá innlendum aðila til erlendra aðila, eins og væri í tilviki erlendra kröfuhafa. Í svarinu segir að „engin takmörkun er á þessari heimild sem myndi hefta útflæði miðað við núverandi löggjöf“. Það gæti hins vegar orðið samningsatriði á milli Seðlabankans og slitastjórna í tengslum við veitingu annarra undanþága hvernig arðgreiðslum yrði háttað eftir nauðasamninga. Seðlabankinn bendir einnig á að arðgreiðslur fari algjörlega eftir því hvaða eiginfjárkröfur FME mun gera til fjármálafyrirtækja. Þá geti aðrar reglur, til dæmis um stórar áhættuskuldbindingar, einnig takmarkað getu bankanna til greiða út arð.

thordur@frettabladid.is


**SVÖR** Seðlabanki Íslands svaraði spurningum nefndarmanna í efnahags- og viðskiptanefnd um stöðu útgreiðslna til kröfuhafa fallinna banka og fyrirhugaða nauðasamninga þeirra fyrir skemmstu. Helgi Hjörvar er formaður nefndarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**78** milljarðar króna er sú upphæð sem Arion banki og Íslandsbanki gætu greitt eigendum sínum í arð.




Íbúðalánasjóður

## Átt þú rétt á lækkun skulda?

**Frestur til að sækja um sértæka skuldaaðlögun rennur út um næstu áramót**

- Sértæk skuldaaðlögun er ætluð þeim sem skulda meira en 100% af markaðsvirði veðsettra fasteigna og bifreiða. Skuldaaðlögunin nær til allra skulda einstaklinga hjá Íbúðalánasjóði, bönkum, sparisjóðum og lífeyrissjóðum.
- Sértæk skuldaaðlögun kemur aðeins til greina ef sýnt þykir að vægari úrræði nægja ekki til að rétta af fjárhagsstöðuna og fyrirséð er að viðkomandi geti ekki staðið í skilum af lánum sínum til langframa.

**Sótt er um sértæka skuldaðlögun í viðskiptabanka umsækjanda.**

Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími : 569 6900, 800 6969

www.ils.is


1.690,-
KLAPPAR CIRKUS handarbrúða. L130cm. Marglitt
KLAPPAR CIRKUS fingrabrúður Marglitt 995,-/9 í setti
KLAPPAR SÄL mjúkdýr Grátt/hvítt 2.990,-/2 í setti
KLAPPAR CIRKUS mjúkdýr L15cm Ýmsar tegundir 295,-/stk.
Mjúkir vinir sem láta gott af sér leiða
KLAPPAR CIRKUS mjúkdýr. L28cm Marglitt 1.290,-
KLAPPAR LEOPARD mjúkdýr. Marglitt 2.990,-
© Inter IKEA Systems B.V. 2012
GOSIG MUS mjúkdýr. L14cm Ýmsir litir 195,-/stk.
GOSIG VOVVEN mjúkdýr. L37cm Hvítt/svart 1.690,-
KLAPPAR LANTLIG hanskadúkkur. L27cm Ýmsar tegundir 595,-/stk.
1 EVRA AF HVERJU SELDU IKEA MJÚKDÝRI RENNUR TIL MENNTUNAR BARNA
unicef
Barnaheill
Save the Children
IKEA
TORVA mjúkdýr L50cm. Grænt 1.690,-
BARNSLIG ÄLG mjúkdýr. L50cm Appelsínugult 995,-
1.690,-
TORVA mjúkdýr L60cm. Appelsínugult
Gefðu tvisvar!
Þú getur glatt enn fleiri börn með því að setja mjúkdýrið í þar til gerða kassa við inn- og útganga. Öll mjúkdýrin sem þar safnast verða gefin til Barnaspítala Hringsins.
VANDRING BJÖRN mjúkdýr L70cm. Brúnt 2.990,-
995,-
VANDRING UGGLA handarbrúða L25cm. Brúnt
VANDRING RÄV mjúkdýr Appelsínugult 1.690,-/2 í setti
150,-/stk.
FABLER BJÖRN mjúkdýr. L21cm Drappað 395,-
BARNSLIG SOT mjúkdýr. L10cm. Ýmsar tegundir
IKEA
Verslun opin 11-20 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - www.IKEA.is

# SKOÐUN

## Fimmti hver hjúkrunarfræðingur segir upp:

# Óvissa á Landspítalanum

Uppsagnir liðlega 250 af nærri 1.350 hjúkrunarfræðingum á Landspítalanum taka gildi 1. mars næstkomandi. Uppsagnirnar skapa mikla óvissu og ef til þess kemur að hluti eða allir þessir hjúkrunarfræðingar hætta störfum er ljóst að ástandið á spítalanum verður alvarlegt og það mun koma niður á sjúklingum og því starfsfólki sem eftir situr.

Samningar hjúkrunarfræðinga eru ekki lausir fyrr en 2014 en uppsagnirnar koma til vegna langþreytu og óánægju hjúkrunarfræðinga vegna kjara sinna.



**Steinunn Stefánsdóttir**

steinunn@frettabladid.is

Þekkt er að íslensku heilbrigðisstarfsfólki gengur vel að fá vinnu í nágrannalöndunum og talsvert margir starfa þar annað hvort alfarið eða að hluta með störfum hér heima. Staða þeirra hjúkrunarfræðinga sem sagt hafa upp störfum er því þannig að þorri þeirra á þess kost að fá til muna betur launað starf í öðru landi. Uppsagnirnar ber því að taka grafalvarlega.

Nærri fjórðungssamdráttur hefur orðið á rekstri spítalans frá hruni. Það liggur í augum uppi að einhvers staðar kemur sá samdráttur niður og þar sem um 70 prósent af rekstrarkostnaði sjúkrahússins liggja í launum blasir við að samdráttar sér stað ekki bara í launum starfsmanna heldur ekki síður í auknu álagi vegna minni mönnunar, meðal annars vegna þess að dregið hefur úr forfallavinnu vegna veikinda starfsmanna.

Þessu aukna álagi hefur starfsfólkið, þar á meðal hjúkrunarfræðingar, tekið með ótrúlegu jafnaðargeði og áfram veitt sjúklingum spítalans þá framúrskarandi aðhlynningu sem þeir þekkja sem reynt hafa.

Eftir því sem misserin líða dregur þó úr þolinmæðinni og ljóst er að uppákoman í haust, þegar forstjóranum bauðst mörg hundruð þúsund króna hækkun á mánaðarlaunum sínum, dró mátt úr mörgum starfsmönnum sem fyrir höfðu þó ákveðið að standa af sér álagsaukningu og gera það besta úr stöðunni af virðingu fyrir starfi sínu og vinnustað og umhyggju fyrir sjúklingum.

Hafa verður hugfast að lág laun hjúkrunarfræðinga eru ekki nýr vandi. Þau komu ekki með hruninu, öðru nær. Þau eru hluti af stærri vanda sem er lág laun umönnunar- og uppeldisstétta.

Legið hefur fyrir um langt skeið að laun hjúkrunarfræðinga verða að hækka. Þeir eiga að baki fjögurra ára háskólanám og hætt er við að þeim muni fækka sem hugnast að leggja slíkt nám á sig fyrir þau kjör sem nú bjóðast.

Íslendingar hafa státað af framúrskarandi heilbrigðiskerfi. Gæði þess byggja fyrst og síðast á starfsfólki sem hefur metnað og ánægju af starfi sínu.

Miklu skiptir að hægt verði að bjóða hjúkrunarfræðingum viðunandi kjör. Til að leysa úr óvissu þarf að höggva fljótt og örugglega á hnútinn í þeirri deilu sem nú er uppi. Um það er ekki spurning hvort heldur hvernig, eins og innanríkisráðherrann orðaði það í gær. Til framtíðar dugir þó ekki minna en að endurmeta algerlega kjör hjúkrunarfræðinga.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Kerfið virkjað

Guðlaugur Þór Þórðarson sendi umhverfis- og auðlindaráðherra nokkrar spurningar um rækjuvinnslu og meðhöndlun úrgangs. Fyrsta spurningin er blátt áfram: Hversu margar rækjuvinnslur eru starfandi í landinu? Og hvergi var til sparað við svarið og allt kerfið virkjað: „Við undirbúning á svarinu leitaði ráðuneytið til Umhverfisstofnunar sem leitaði liðsinnis framkvæmdastjóra heilbrigðiseftirlitssvæða þar sem umrædd starfsemi, frárennsli frá þeim og meðhöndlun úrgangs frá starfseminni heyrir undir eftirlit heilbrigðisnefnda sveitarfélaga. Rækjuvinnslur eru starfræktar á svæði Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra og Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.“ Niðurstaða þessarar eftirgrennslanar er sú að rækjuvinnslurnar eru sex.

### Ekkert jafnræði, takk



Minnihluti allsherjar- og menntamálanefndar hefur lagt fram álit um frumvarp innanríkisráðherra um breytingu á lögum um skráð trúfélög. Minnihlutinn segir að markmið þess sé að jafna stöðu lífsskoðunarfélaga og trúfélaga. Minnihlutinn efast um að raunhæft og rétt sé að gera það, enda íslensk „saga, menning og þau gildi sem íslenskt þjóðfélag byggist á er samofin hinni kristnu arfleifð“. Sumt breytist seint.

### Spámaður í föðurlandi

Björn Bjarnason, fyrrum ráðherra, ritaði pistil um fjárlagaumræðu Alþingis á Evrópuvaktina á þriðjudag. Hann snupraði Steingrím J. Sigfússon fyrir derring í garð þingmanna, en Steingrímur hafði spáð því að stjórnarandstaða mundi „gefast upp og játa sig sigraða“ og láta af málþófi. Björn ráðlagði stjórninni að bjarga eigin fjárlagafrumvarpi með því að skipta um formann fjárlaganefndar og fá mann sem þingið treystir til að leiða málið í gegn. Það var ekki gert, en í gær leystist hins vegar hnúturinn og annarri umræðu lauk.



kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

Issn 1670-3871




# Enn betri reglugerð

BYGGINGARREGLUGERÐ



**Svandís Svavarsdóttir**
umhverfis- og auðlindaráðherra

Árið 2010 hófst endurskoðun byggingarreglugerðar á grundvelli nýrra mannvirkjalaga, en í nefndinni áttu sæti einn verkfræðingur og tveir arkitektar. Því næst voru 60 sérfræðingar tilnefndir af rúmlega 15 hagsmunaaðilum og átta samráðshópar fjölluðu um mismunandi kafla en í hverjum hópi voru haldnir minnst átta fundir. Um er að ræða yfirgripsmikið verk sem margir hafa komið að og lá reglugerðin fyrir um síðustu áramót í núverandi mynd.

Gríðarlegir hagsmunir eru í húfi og brýnt að vel takist til. Reglugerðin endurspeglar metnað, ekki síst í þágu algildrar hönnunar og aðgengis eins og best gerist. Hljóðvistarkröfur eru auknar og áhersla á gæði og eftirlit eykst til muna. Sérstakan kafla er að finna um stúdentaíbúðir sem gegna óumdeilanlega sérstöðu á íbúðamarkaði. Á yfirstandandi ári hafa fjölmargir kynningarfundir verið haldnir og mikil umræða hefur orðið um reglugerðina í fjölmiðlum og meðal hagsmunasamtaka. Þetta er vel og er mikilvægt að hlusta eftir þeim röddum sem fram hafa komið. Ég tel í því ljósi rétt að gera nokkrar vel rökstuddar breytingar á reglugerðinni, bæði efnislegar en ekki síður tæknilegar, sem og breytingar er varða nálgun og sveigjanleika.

Með þessum breytingum er þess vænst að kostnaðaraukinn sem af heildarendurskoðuninni stafar verði í lágmarki. Ég hef tekið ákvörðun um að endurskoða ákvæði er varða einangrun byggingarhluta en umræðan hefur leitt í ljós að meiri tíma þarf til samráðs áður en frekari skref verði tekin í átt að betri nýtingu orkuauðlinda okkar varðandi húshitun.

**➜ Reglugerðin endurspeglar metnað, ekki síst í þágu algildrar hönnunar og aðgengis eins og best gerist.**

Einnig verður liðkað enn frekar fyrir ákvæðum um rýmisstærðir svo að hægt sé að byggja minni íbúðir. Almennt má segja að breytingarnar feli í sér meiri sveigjanleika fyrir hönnuði og arkitekta til að ná markmiðum um algilda hönnun og aðgengi. Í umræðunni hefur sérstaklega borið á áhyggjum af kostnaðarauka vegna ákvæða um algilda hönnun en með breytingunum verða þau ákvæði skýrð betur og lagfærð til að auka hagkvæmni og tryggja skýrleika og skilvirkni og draga úr kostnaðaráhrifum.

Ég vænti þess að þeir fjölmörgu aðilar sem styðjast við byggingarreglugerð í sínu daglega starfi taki höndum saman um að framkvæmdin verði til góðs fyrir almannahagsmuni.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Meiri vinna – minni laun

KJARAMÁL



Elsa B. Friðfinnsdóttir
formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

Um mánaðamótin sögðu 254 hjúkrunarfræðingar starfi sínu lausu á Landspítala (LSH). Alls starfa þar 1.348 hjúkrunarfræðingar þannig að tæplega 20% hjúkrunarfræðinga munu hætta störfum á LSH þann 1. mars næstkomandi. Það eru grafalvarleg tíðindi sem þýða það eitt að LSH verður ekki starfræktur í núverandi mynd gangi uppsagnirnar eftir. Stjórnvöld, sem bera ábyrgð á því að landsmönnum standi fullnægjandi heilbrigðisþjónusta til boða, verða að sýna ábyrgð og grípa til aðgerða.

En hvers vegna segja allir þessi hjúkrunarfræðingar upp nú? Fjárveitingar til LSH hafa verið skornar niður um 32 milljarða frá 2007, starfsmönnum hefur fækkað um 700, á sama tíma og fjöldi þeirra sem sækja þjónustu til spítalans hefur aukist um 6%. Tölurnar sýna að færri starfsmönnum er ætlað að sinna mun fleiri verkefnum fyrir mun lægri laun en áður. Hjúkrunarfræðingar eru seinþreyttir til vandræða. Þeir hafa tekið fullan þátt í að hagræða í rekstri en á sama tíma lagt mikið af mörkum til að tryggja góða og örugga þjónustu við sjúklinga.

### Yfirvinna nánast bönnuð

Skipulagi þjónustunnar á LSH hefur verið breytt, fyrst og fremst í hagræðingarskyni. Sólarhringsdeildum hefur verið breytt í dagdeildir og þeir sem liggja inni á sjúkrahúsinu þarfnast meiri þjónustu en áður. Yfirvinna er nánast bönnuð þannig að ekki má kalla fólk til vinnu í veikindum hjúkrunarfræðinga, sem þýðir auðvitað enn meira álag á þá sem eftir eru. Laun hjúkrunarfræðinga hafa lækkað, bæði vegna skipulagsbreytinganna sem leiða til minni launa vegna vakta, og vegna þess að möguleikar til að auka tekjur sínar með yfirvinnu eru nánast horfnir. Á sama tíma sýna opinberar tölur á vef fjármála- og efnahagsráðuneytisins að yfirvinna og önnur laun hafa aukist hjá opinberum starfsmönnum með sambærilega menntun og hjúkrunarfræðingar hafa, en sem starfa utan heilbrigðiskerfisins.

**➜ Hjúkrunarfræðingar eru seinþreyttir til vandræða. Þeir hafa tekið fullan þátt í að hagræða í rekstri...**

### Engar aðgerðir

Fulltrúar hjúkrunarfræðinga hafa nú í heilt ár verið í viðræðum við stjórnendur LSH og annarra heilbrigðisstofnana um endurnýjun stofnanasamninga. Krafa hjúkrunarfræðinga er að laun þeirra verði hækkuð til samræmis við hækkanir annarra opinberra starfsmanna og í ljósi aukins umfangs verkefna þeirra. Enginn árangur hefur orðið af þessum viðræðum og þrátt fyrir skilning stjórnvalda á kröfum hjúkrunarfræðinga sjást engar aðgerðir.

Hjúkrunarfræðingar meta menntun sína og starf mikils. Þeir bera virðingu fyrir sínu starfi og umhyggju fyrir skjólstæðingum sínum. Hjúkrunarfræðingar gera þá kröfu að stjórnvöld meti menntun þeirra og störf að verðleikum. Það verða stjórnvöld að gera ef þau vilja koma í veg fyrir hrun heilbrigðiskerfisins.

# Opið bréf til þingmanna

HEILBRIGÐISMÁL



Kristófer Sigurðsson
unglæknir á Norðurlandi

Ágætu þingmenn Guðrún Erlingsdóttir, Bjarkey Gunnarsdóttir, Ólína Þorvarðardóttir og Álfheiður Ingadóttir.

Ég vil byrja á að fagna áhuganum sem þið sýnið heildrænum meðferðum með nýlegri þingsályktunartillögu ykkar. Það er sannarlega kominn tími til að auka vitund og virðingu samfélagsins fyrir heildrænni meðferð. Sú hugmynd að meginþorra heilsuvandamála þeirra er mannfólk hrjáir megi einangra niður á einhverja mekaník og meðhöndla með einni góðri pillu hefur fyrir löngu gengið sér til húðar. Ég vil þó leggja til aðra sýn á þetta.

### Af andlegum toga

Lög um heilbrigðisþjónustu taka fram að hún sé til þess að annast líkamlega, andlega og félagslega heilsu. Þessi skilgreining er afar lýsandi. Rannsóknir hafa verið gerðar á þeim vandamálum sem fólk ber undir lækna. Rannsóknirnar sýna að stór hluti vandamálanna snýr að sálarlífinu. Menntun lækna og annars heilbrigðisstarfsfólks er því, eðlilega, afar miðuð að því að geta hlúð að andlegri heilsu.

Læknar veita oft meðferð sem snýst eingöngu um að hlusta og sýna fólki skilning. Margoft hef ég veitt og oftar séð aðra veita meðferð sem felst einkum í ráðleggingum frekar en inngripum eða lyfjum. Margir læknar hafa mikla menntun og reynslu í samtalsmeðferðum og meðferð blandaðra andlegra, líkamlegra og félagslegra vandamála. Hér má nefna heimilislækna, krabbameinslækna, öldrunarlækna og geðlækna.

Læknar hafa margt fleira í boði en lyf. Oft felst læknismeðferð í næringarráðgjöf, hvatningu og eftirfylgd, að því ógleymdu þegar ráðleggingin er að bíða og láta líkamann laga þetta sjálfan. Heilbrigðiskerfið er aukinheldur mun meira en bara læknar. Innan þess vinna margar ólíkar fagstéttir saman að því markmiði að hlúa að velferð skjólstæðinganna.

Hjúkrunarfræðingar hafa fyrir löngu unnið sér fastan sess með alúð sinni, hlýlegri aðhlynningu á erfiðum stundum og einstaklingsbundinni nálgun á vandamál. Þeir hafa gefið fólki með hin ýmsu vandamál kost á að lifa lífi sínu á sínum forsendum.

Sálfræðingar hafa lengi verið til og styrkjast stöðugt. Með sífelldri þróun á aðferðum hafa þeir tryggt stöðu sína í framlínu heilbrigðiskerfisins.

Sjúkraþjálfarar eru gífurlega mikilvæg stétt sem sérhæfir sig m.a. í stoðkerfisvandamálum og veitir meðferðir, ráðleggingar og aðra aðstoð við endurhæfingu, styrkingu, uppbyggingu og fleira, bæði hvað varðar vöðva og bein, en einnig hjarta, lungu og fleira.

Læknar leiða gjarnan teymisvinnuna, greina vandamálið, kalla inn samstarfsfólk sitt úr öðrum stéttum og stjórna meðferðinni.

Heilbrigðiskerfið er samansett úr mörgum ólíkum fagstéttum sem skarast verulega, en eru vel menntaður hópur sem veitir fjölbreytilega þjónustu í átt að sameiginlegu markmiði.

### Þjónustan föst í gömlum bókum!

Þetta er alrangt. Á síðustu áratugum hafa margar nýjar stéttir bæst við með afar mismunandi aðferðafræði. Hér má nefna félagsráðgjafa, iðjuþjálfa og fleiri. Bæði „nýju“ stéttirnar og þær „gömlu“ brydda svo sífellt upp á einhverju nýju. Kenningar breytast í takt við nýja þekkingu. Sálfræðingar komu t.d. sterkir inn með hugræna atferlismeðferð (HAM), sönnuðu rækilega að hún virkar og unnu henni fljótlega sterkan sess. Fjölskylduhjúkrun er spennandi svið sem mikið er talað um. Annað nýtt og spennandi er meðferð lífstílssjúkdóma hjá næringarfræðingum, íþróttafræðingum og sjúkraþjálfurum í samstarfi við lækna.

**➜ Margoft hef ég veitt og oftar séð aðra veita meðferð sem felst einkum í ráðleggingum frekar en inngripum eða lyfjum.**

Vafalítið munum við halda áfram að sjá fleiri heilbrigðisstéttir með nýjar og spennandi nálganir. Við tökum slíkum nýjungum áfram með opnum örmum, ef nýjungarnar geta sýnt fram á öryggi sitt og notagildi á vísindalegan hátt.

### Hvernig má bæta þjónustuna?

Því skal alls ekki neitað að margt þarf að gera til að bæta heilbrigðisþjónustuna. Það þarf að efla frumheilsugæslu. Í dag eru 50.000 Íslendingar án heimilislæknis. Efla þarf verulega þátttöku kerfisins í kostnaði við aðra heilbrigðisþjónustu en þá sem veitt er á heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum. Hér ber einna helst að nefna þá þjónustu sem sjúkraþjálfarar, sálfræðingar og tannlæknar veita. Sjúkrahúsin eru undirmönnuð og reiða sig á gjafafé til að útvega sér límband á tæki sem eru að hruni komin.

Það sem á ekki að gera er að trana fram aðferðum sem ekki hafa sýnt fram á gildi sitt nema síður sé, svokallaðra græðara.

# Fjórir ráðherrar – ekkert að frétta?

FJÁRMÁL



Sverrir Bollason
verkfræðingur

Spurt er: Hve litlu geta fjórir ráðherrar komið í verk á einu ári? Svarið má glöggt sjá á árangri vinnu ráðherranefndar í lánsveðsmálum sem var skipuð í febrúar síðastliðnum. Tillögur nefndarinnar áttu að liggja fyrir strax í mars, þar sem hin sérstaka ráðherranefnd átti að útfæra leiðir til að mæta lánsveðshópnum, en ekkert bólar á þeim.

110% leiðin svokallaða byggði á samkomulagi milli stjórnvalda, lífeyrissjóða og fjármálafyrirtækja þar sem ákveðið var að lánsveðshópurinn skyldi skilinn eftir. Allir sem skulduðu meira en 110% af verðmæti húsnæðis síns fengu mismuninn felldan niður. Einn hópur var undanskilinn, þeir sem höfðu fengið lánað veð t.d. í eign foreldra en með lánið alfarið á nafni lántakans. Samtals eru þetta um 4.000 heimili sem fengu lánað hjá stærstu lífeyrissjóðunum og talan er sambærileg hjá bönkum og öðrum lífeyrissjóðum. Hvers eiga þessi heimili að gjalda? 110% leiðin hefur því ekki verið kláruð á sanngjarnan hátt.

### Lítið miðað áfram

Í viðræðum stjórnvalda við forsvarsmenn lífeyrissjóðanna hefur lítið miðað áfram. Lífeyrissjóðirnir hafa litið undan vandamáli þessa hóps og verið laumufarþegar í 110% leiðinni. Af 50.000 milljóna afskriftum vegna 110% leiðarinnar hafa lífeyrissjóðirnir lagt til 410 milljónir. Það er þátttaka lífeyrissjóðanna í að endurreisa fjármálakerfi heimilanna. Þó hefur 360 milljörðum verið varið í að afskrifa slæmar viðskiptaákvarðanir og ekki fóru sjóðirnir varhluta af góðæri í útlánastarfsemi eða æsilegum hagnaði af verðtryggðum lánum til sjóðfélaga í verðbólgu síðustu ára. Þegar málflutningur lífeyrissjóðanna á undanförnum misserum í þessu máli er rýndur og settur í samhengi má sjá að hann ber þess merki að þungavigtarstofnanir þessa lands koma fram í opinberri umræðu lausar við samfélagslega ábyrgð.

Í ljósi pattstöðu málsins og forkastanlegrar sáttatillögu lífeyrissjóðanna til ráðherranefndarinnar í síðustu viku boðar lánsveðshópurinn til fundar í kvöld kl. 20.00 í Odda, byggingu Háskóla Íslands. Þangað hafa jafnframt verið boðaðir forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar, lífeyrissjóðanna og þingmenn. Við hvetjum alla þá sem mál þetta varðar til að koma.

**➜ Einn hópur var undanskilinn, þeir sem höfðu fengið lánað veð t.d. í eign foreldra en með lánið alfarið á nafni lántakans.**




# Kjördæmapot eða byggðastefnu?

STJÓRNMÁL



Sóley Björk Stefánsdóttir
á lista VG í Norðaustur-kjördæmi

➜ **Þeim fer fjölgandi sem vilja búa á smærri stöðum og mikilvægt er að móta byggðastefnu sem tekur tillit til þess.**

Lengi hefur verið talað um kjördæmapot þegar landsbyggðarþingmenn hafa verið að berjast fyrir umbótum í sínu kjördæmi en sjaldan heyrist talað um kjördæmapot Reykjavíkurþingmanna t.d. varðandi Hörpuna, Reykjanesbraut eða Suðurlandsveg. Svo undarlegt sem það nú er.

Eitt allra mikilvægasta mál landsbyggðarþingmanna á næsta kjörtímabili er að sameinast um að endurnýja byggðastefnu okkar og byggja hana á nútímalegum lausnum og möguleikum. Það er nefnilega ekki svo að hér sé engin byggðastefna. Við búum enn þá við leifar byggðastefnu sem sett var fyrir mörgum áratugum. Hún „grundvallast á því að Reykjavík sé stjórnsýslu- og viðskiptamiðstöð alls landsins, þar sé jafnframt miðstöð menningar og æðri menntunar, afþreyingar, öryggismála, sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu og svo mætti lengi telja," svo ég vitni beint í erindi Þórodds Bjarnasonar, stjórnarformanns Byggðastofnunar, sem hann hélt á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga í september síðastliðnum.

### Óeðlileg stefna í dag

Sú stefna var ekki óeðlileg þegar hún var tekin í gagnið en hún er óeðlileg í dag. Það hefur margt breyst og margar umbætur orðið í samgöngum, samskiptamöguleikum og viðhorfi fólks til búsetu.

Nú eygjum við breytingar á stjórnarskránni og ef tillaga Stjórnlagaráðs verður samþykkt óbreytt mun þingmönnum landsbyggðarinnar fækka til muna en deila má um hversu vel sjöundi kafli frumvarpsins, um sveitarfélög, vegur upp á móti. Hafa ber í huga að landsbyggðirnar standa höllum fæti fyrir. Það er því afskaplega mikilvægt að allir landsbyggðarþingmenn sameinist um að endurnýja byggðastefnuna á næsta kjörtímabili.

Við þurfum að taka málið upp og svara aðkallandi spurningum um hvernig við ætlum að skipuleggja framtíð byggðar í þessu landi. Ætlum við að láta staði eins og Raufarhöfn drabbast niður hægt og rólega á meðan farið er í risaframkvæmdir annars staðar sem valda sársaukafullri þenslu og skelli í kjölfarið? Eða ætlum við að móta stefnu sem styður við nýsköpun og þróun fjölbreytts atvinnulífs um allt land?

### Nútímalausnir

Við þurfum að byrja á því að tala um þetta upphátt og í samhengi. Við þurfum að taka ákvarðanir í stað þess að láta reka á reiðanum við það mikilvæga verkefni að skipuleggja framtíðina.

Þeim fer fjölgandi sem vilja búa á smærri stöðum og mikilvægt er að móta byggðastefnu sem tekur tillit til þess. Móta stefnu sem byggir á nútímalausnum þar sem staðsetning starfsfólks skiptir ekki öllu máli, þar sem menning, menntun og afþreying er byggð á þörfum íbúa hvers staðar og þeim möguleikum sem hvert svæði býður upp á.

Ef við ætlum að halda úti byggð um allt land skulum við standa með þeirri ákvörðun og bjóða upp á fjölbreytt störf fyrir okkur sem viljum búa annars staðar en á suðvesturhorninu.

## AF NETINU

### Neikvæðni annarra

Jim Rohn, metsöluhöfundur og hvatningarfyrirlesari, heldur því fram að við séum meðaltalið af þeim fimm einstaklingum sem við verjum mestum tíma með. Það sem hann á við er að fólk sem við verjum tíma með hefur áhrif á það hvernig persóna við verðum. Eftir að hafa varið tíma með neikvæðu fólki er maður oft neikvæðari en eftir að hafa varið tíma með jákvæðu fólki. Ef við verjum of miklum tíma með neikvæðu fólki smitast okkar eigin hugsanir og tilfinningar smám saman.

http://www.pressan.is

*Ingrid Kuhlmann*

### Öfgafullur nútími

Á umbúðum matvæla má víðast sjá öfgarnar í nútímamataræði. Matur er ekki aðeins fylltur af sykri, salti og hveiti. Ekki bara fínmalaður, þeyttur og hristur, húðaður og blandaður. Hann er fitusprengdur og gerilsneyddur. Hann er líka fullur af aukaefnum, til dæmis geymsluefnum og bragðefnum. Einnig gervisykri, sem getur verið hættulegri en venjulegur sykur. Í gamla daga var matur hins vegar að mestu leyti eðlilegur.

http://www.jonas.is/

*Jónas Kristjánsson*






# Kvennaathvarf í þrjátíu ár

KYNBUNDIÐ OFBELDI



Sigþrúður Guðmundsdóttir
framkvæmdastýra Samtaka um Kvennaathvarf

➜ **Á fyrri hluta þessa árs dvöldu að meðaltali tíu gestir í Kvennaathvarfinu á dag, fimm konur og fimm börn og í haust fór íbúafjöldi í húsinu ítrekað yfir tuttugu manns.**

Í dag eru þrjátíu ár frá því að Kvennaathvarfið hóf starfsemi sína. Í þrjátíu ár hefur sem sagt verið opið athvarf á Íslandi fyrir konur og börn þeirra sem ekki hafa getað búið heima hjá sér vegna ofbeldis. Þær hafa heldur betur vitað hvað þær voru að gera, konurnar sem ruddu brautina fyrir öllum þessum árum og opnuðu Kvennaathvarfið þrátt fyrir að ýmsum þætti hin mesta fásinna að halda því fram að ástæða væri til þess. Mér hefur verið sagt að strax fyrsta kvöldið sem athvarfið var opið hafi kona komið til dvalar með ungan son sinn og síðan hafa konur í þúsundatali lagt leið sína í Kvennaathvarfið til lengri eða skemmri tíma þegar einhver hefur gert þeim lífið óbærilegt heima.

Í langflestum tilfellum eru þessar konur að flýja eiginmenn sína, sambýlismenn eða fyrrverandi maka og langoftast er ástandið á heimilinu búið að vera óbærilegt í langan tíma þegar þær koma í athvarfið. Samkvæmt komuskýrslum má reikna með að um það bil tólf þúsund sinnum hafi bjöllunni í athvarfinu verið hringt og kona óskað eftir aðstoð, ýmist dvöl eða viðtali. Nákvæm tala liggur ekki fyrir enda hafa starfskonur Kvennaathvarfsins iðulega í mörg horn að líta og skráning heimsóknanna hefur í gegnum tíðina ekki beinlínis verið forgangsverkefni.

### Fáránleiki aðstæðnanna

Flesta daga mæti ég til starfa í Kvennaathvarfinu og geng að því sem sjálfsögðum hlut að í húsinu dvelji konur og börn sem hafa orðið að flýja heimili sín og tek því sem eðlilegustu fréttum að ný kona hafi leitað skjóls síðan ég var á vaktinni síðast. En oft slær mig líka fáránleiki þessara aðstæðna, sá fáránleiki að heima hjá þessari konu situr ofbeldismaður sem hrakti hana að heiman án þess að hún hefði í önnur hús að venda en ókunnugt athvarf þar sem hún deilir jafnvel herbergi með mörgum öðrum konum. Og ofbeldismaðurinn er ekki bara einhver maður heldur langoftast maðurinn hennar, hennar eigin maður, sá sem þekkir hana best og hún ætlaði sér að eyða ævinni með. Oft er hann jafnvel faðir barnanna hennar, barnanna sem tínast stóreyg niður í eldhúsið þegar morgnar og byrja með undraverðu æðruleysi að takast á við nýjar aðstæður. Og sá fáránleiki að í nútímasamfélagi sé ekki hægt að tryggja það að þegar ofbeldi er beitt á heimilum geti brotaþoli valið að vera heima hjá sér á meðan ofbeldismanninum er komið í burtu.

### Tíu gestir á dag

Á fyrri hluta þessa árs dvöldu að meðaltali tíu gestir í Kvennaathvarfinu á dag, fimm konur og fimm börn, og í haust fór íbúafjöldi í húsinu ítrekað yfir tuttugu manns. Í húsinu eru fjögur svefnherbergi svo það segir sig sjálft að oft er þröng á þingi. Það er því með gleði sem við horfum til þess að eftir rúma tvo mánuði verði Kvennaathvarfið komið í nýtt og stærra húsnæði sem keypt var meðal annars fyrir fé sem safnaðist í haust í átakinu Öll með tölu. Það er ánægjulegt að sjá gamlan draum í uppfyllingu á afmælisári og margir hafa lagt hönd á plóginn til þess að svo megi verða.

Vissulega hefði verið enn meira gaman að halda upp á afmælið með því að loka Kvennaathvarfinu vegna verkefnaskorts. Það er að segja, væri sá verkefnaskortur tilkominn vegna þess að baráttan gegn kynbundnu ofbeldi hefði loks skilað þeim árangri að ofbeldi í nánum samböndum væri fátítt og að þá sjaldan það ætti sér stað byðist brotaþolum að dvelja í friði heima eftir að ofbeldismaðurinn hefði verið fjarlægður. Þau hátíðahöld verða að bíða betri tíma og réttlátara samfélags og þangað til fögnum við hverri konu sem stígur út úr ofbeldissambandi og lítum svo á að aukin aðsókn í Kvennaathvarfið sé góðar fréttir.

Árunum þrjátíu og nýju húsi ætla aðstandendur Kvennaathvarfsins að fagna með afmælisfundi á Hallveigarstöðum klukkan fimm í dag og eru velunnarar athvarfsins hvattir til að líta við.

# Mismunun skal það vera

LEIKSKÓLAR



Sigrún Edda Lövdal
f.h. Barnsins

➜ **Á það ekki að vera val foreldra hvað þeir vilja vera í löngu fæðingarorlofi eða er forsjárhyggja pólitískra fulltrúa orðin öllu öðru yfirsterkari?**

Við viljum þakka Oddnýju Sturludóttir skjót viðbrögð við opnu bréfi stjórnar Barnsins, félags dagforeldra í Reykjavík. Í svari Oddnýjar, sem birtist í Fréttablaðinu 20. nóvember sl. staðhæfir hún að það sé rangt hjá okkur að fjárhagslegt sjónarmið ráði því hvort foreldrar velji leikskólavist umfram þjónustu dagforeldra, Oddný veit betur. Í úttekt Fréttablaðsins sem birt var 19. nóvember sl. kemur fram að um 400.000 krónur skilja á milli hlutar foreldra í gjaldskrá dagforeldra og svo borgarrekinna leikskóla. Þessi mismunur gefur foreldrum ekki val. Það liggur ljóst fyrir að þetta há upphæð vegur þungt í heimilisbókhaldi barnafjölskyldna í Reykjavík sem margar hverjar hafa þurft að taka á sig þungar byrðar í kjölfar hrunsins 2008. Auðvitað hefur þetta áhrif á fjárhag þeirra, um það þarf Oddný Sturludóttir ekki að efast.

Foreldrum og börnum er mismunað með margvíslegum hætti í Reykjavík sem er borgaryfirvöldum ekki til mikils sóma og borginni okkar oft og tíðum til háborinnar skammar. Sá sjálfsagði réttur foreldra í Reykjavík að velja daggæslu fyrir börn sín óháð fjárhag er ekki virtur af borginni, ólíkt bæjarfélögum víðs vegar um landið þar sem bæjarstjórnir hafa undanfarin ár hækkað niðurgreiðslur töluvert til að koma til móts við foreldra ungra barna og samræmt gjaldskrá dagforeldra og leikskóla.

### Sjálfsagður réttur

Það er sjálfsagður réttur hvers og eins að hafa val. Er það stjórn Barnsins með öllu óskiljanlegt af hverju borgaryfirvöld virða ekki þennan rétt foreldra og koma til móts við þá með hækkunum á niðurgreiðslum. Aðgerðarleysi gagnvart þessum foreldrum er óþolandi og virðast borgarfulltrúar ekki gera sér nokkra grein fyrir því að foreldrar, sem hafa börn sín í gæslu hjá dagforeldrum, greiða sína skatta og gjöld til borgarsjóðs til jafns við foreldra leikskólabarna og eiga því sama rétt þegar kemur að niðurgreiðslum til barna þeirra. Það er deginum ljósara að ef vilji borgarfulltrúa væri fyrir hendi þá væri hægt að hækka þessar niðurgreiðslur umtalsvert og létta byrði af foreldrum um 800 barna í Reykjavík.

Nú liggur fyrir að lenging fæðingarorlofs er að verða að þeim veruleika sem borgarfulltrúar samþykktu einróma að berjast fyrir fyrr í þessum mánuði. Það er nokkuð ljóst að ekki allir foreldrar taka svo langt fæðingarorlof. Það hefur borið nokkuð á því að börn eru í dag að koma í gæslu til dagforeldra áður en 9 mánaða fæðingarorlofi lýkur. Þessir foreldrar fá hins vegar ekki niðurgreiðslu með barni sínu og þurfa foreldrar því að greiða fullan kostnað án aðkomu sveitarfélagsins. Á það ekki að vera val foreldra hvað þeir vilja vera í löngu fæðingarorlofi eða er forsjárhyggja pólitískra fulltrúa orðin öllu öðru yfirsterkari? Vinnubrögðin virðast stjórnast af því að þeir telji sig vita betur en foreldrar hvað henti þeim og börnum þeirra.

Hugsjónir Sóleyjar Tómasdóttur og Oddnýjar Sturludóttir borgarfulltrúa virðast snúast fyrst og fremst um það að leggja niður þjónustu dagforeldra. Þjónustu þar sem ung börn eru í rólegu umhverfi og dvelja yfir daginn í fámennum hópi barna við leik og njóta vinskapar, alúðar og umhyggju dagforeldra. Dagforeldra, sem hafa um áratuga skeið starfað við mikla ánægju foreldra og sinnt starfi sínu af miklum sóma. Vanþekking þessara kjörnu borgarfulltrúa á starfi dagforeldra er algjör og endurspeglar sig í virðingarleysi þeirra.

### Örfáir í heimsókn

Þrátt fyrir það góða starf sem dagforeldrar inna af hendi hafa þeir mátt þola yfirgang af hálfu þeirra sem koma að málefnum dagforeldra hjá Reykjavíkurborg. Yfirlæti og vanvirðing gagnvart dagforeldrum hefur oft á tíðum einkennt þeirra vinnubrögð. Hversu margir þeir eru sem starfa við það eitt að sinna málefnum dagforeldra hjá Reykjavíkurborg er ekki gott að segja. Eitt eiga þeir þó sameiginlegt, en það er lítill sem enginn vilji eða áhugi hjá þeim að kynna sér starf dagforeldra í Reykjavík. Við vitum ekki til þess að nokkur þeirra, utan örfárra daggæsluráðgjafa, hafi lagt það á sig að koma til dagforeldra á vinnutíma, skoða og kynna sér starfsemina. Eins furðulega og það hljómar þá hafa starfsmenn sviðsins hins vegar lagt land undir fót og ferðast til nágrannalanda okkar til þess eins að kynna sér störf dagforeldra af miklum áhuga. Hafa þessar starfskynningar þeirra væntanlega verið með töluverðum tilkostnaði fyrir borgarbúa.

Stjórn Barnsins yrði það ljúft að koma á fræðslu og kynningu til handa þeim sem að málefnum dagforeldra koma hjá borginni, á því út á hvað störf dagforeldra ganga. Við hvetjum þá til að gefa sér tíma til að þiggja þetta góða boð okkar, sem við teljum að geti breytt viðhorfi þeirra í garð dagforeldra og yrði þá kannski til þess að þeir sýndu starfseminni meiri virðingu. Sýndu því líka skilning af hverju foreldrar vilja þjónustu dagforeldra umfram leikskóla fyrir ung börn sín og myndi vonandi verða til þess að opna augu þeirra fyrir því hvað þjónusta dagforeldra er góður kostur sem vert er að huga að og standa vörð um að verði áfram val sem foreldrar geta haft óháð fjárhag.

# RAFVÖRU MARKAÐURINN

## HANGANDI LJÓS

LÁGVÖRUVERÐS-VERSLUN
**VIÐ FELLSMÚLA** - REYKJAVÍK




Gildistími er tvær vikur. Vörur geta verið uppseldar. Birt með fyrirvara um prentvillur.

**RAFVÖRU MARKAÐURINN**
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

**OPIÐ ALLA DAGA**
Mán. til fös. kl. 09 - 18
Laugardag kl. 10 - 16
Sunnudag kl. 12 - 16

# netto

Kræsingar & kostakjör

*Um jólin!*



KJÖTSEL

**HAMBORGARHRYGGUR**

~~VERÐ ÁÐUR 1.989 KR/KG~~

-35%

**1.293** KR KG

## UNDIRBÚUM **JÓLIN SNEMMA** Í ÁR



KJÖTSEL

**1.393** KR KG

**HVÍTLAUKSKRYDDAÐ LAMBALÆRI**

~~VERÐ ÁÐUR 1.498 KR/KG~~



**KRYDDAÐ LAMBALÆRI**

~~VERÐ ÁÐUR 1.498 KR/KG~~



-40%

**HUMAR SKELFLETTUR** 500 G

~~VERÐ ÁÐUR 2.998 KR/PK~~

**1.799** KR PK



**2.999** KR PK

**HUMAR SKELFLETTUR** 1 KG

~~VERÐ ÁÐUR 4.998 KR/PK~~

**BASSETS** DÓS 800 G — **1.349** KR STK

**ROSES EÐA HEROES** DÓS 800 G — **1.989** KR STK

**CELEBRATIONS** DÓS 855 G — **2.489** KR STK

**QUALITY STREET** DÓS 820 G — **1.899** KR STK




**JÓLAPAPPÍR** MIKIÐ ÚRVAL



**www.netto.is**

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

# ÁVALLT **HÁTÍÐLEGT!**

KJÖTSEL

**HANGILÆRI**
Á BEINI
~~VERÐ ÁÐUR 2.498 KR/KG~~

**1.749** KR KG

-30%



## JÓLAHÚS NETTÓ

AKUREYRI | NJARÐVÍK
MJÓDD | BORGARNESI
EGILSSTÖÐUM | SELFOSSI

OPIÐ 7. - 24. DESEMBER

Fáðu ráðleggingar hjá sérfræðingi okkar varðandi jólasteikina og hangikjötið



**KJÚKLINGUR**
FROSINN
~~VERÐ ÁÐUR 855 KR/KG~~

**727** KR KG

-50%



**ANANAS**
FERSKUR
~~VERÐ ÁÐUR 249 KR/KG~~

**125** KR KG

ÓpalSjávarfang



**GRAFINN EÐA REYKTUR LAX**
1/2 FLAK
~~VERÐ ÁÐUR 2.498 KR/KG~~

**1.998** KR KG




**GLOCKEN SAFAR**
1 L 100% PREMIUM

**178** KR STK




**JÓLASVEINAR VELKOMNIR**

**JÓAKIM SPIL**
~~VERÐ ÁÐUR 5.998 KR/STK~~

**4.990** KR STK



ÚRVAL Í SKÓINN

**Tilboðin gilda 6. - 9. des**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Cadbury COCOA

LJÚFFENGT






Gerir gæfumuninn!

**Ljúffengt muffins**
6 stk

125 g smjör, mjúkt
¾ bolli sykur
2 egg, létt pískuð
1/3 bolli Cadbury kakó
1 tsk vanilludropar
1 bolli hveiti
2 tsk lyftiduft
2/3 bolli mjólk

Byrjið á að hræra smjör og sykur saman þar til létt og dúnkennt. Bætið svo eggjum og vanilludropum saman við. Þá er hveitinu og kakóinu bætt út í til skiptis ásamt mjólkinni og að síðustu lyftiduftinu. Setjið í 6 múffu form og bakið í miðjum ofni við 180°C í 20 mínútur, eða þar til múffurnar eru tilbúnar.

# Hver er þín afstaða? Opið bréf til alþingismanna

TRÚMÁL



**Gísli Jónasson**
prófastur

Háttvirti alþingismaður.

Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp ríkisstjórnarinnar að fjárlögum fyrir árið 2013, þar sem enn er gerð atlaga að sóknargjaldinu og öðrum tekjustofnum Þjóðkirkjunnar. Og þá auðvitað líka að tekjustofnum annarra trúfélaga. Ég vil því leyfa mér að beina tíu spurningum til þín og óska eftir svörum við þeim á opinberum vettvangi, en þó fyrst og fremst við afgreiðslu þína á frumvarpinu:

**1.** Er þér ljóst, að sóknargjaldið er í eðli sínu félagsgjald trúfélaganna, sem ríkið hefur tekið að sér að innheimta fyrir þeirra hönd en skilar síðan ekki nema að hluta?

Ég bið þig, kæri alþingismaður, að grípa ekki til þess útúrsnúnings, að lagatæknilega sé um að ræða fjárveitingu frá Alþingi. Við upptöku staðgreiðslukerfis skatta tók ríkið að sér þá þjónustu sem gjaldheimturnar sáu almennt áður um, þ.e. að innheimta sóknargjöldin, á svipan hátt og gert er í vel flestum löndum Evrópu. Það er hins vegar sérstætt hér á landi að á yfirstandandi ári heldur ríkið eftir u.þ.b. einum þriðja af því gjaldi sem innheimt er skv. lögum um sóknargjöld í stað þess að skila því til réttmætra eigenda sinna.

**2.** Er þér ljóst, að jafnvel þótt það væri viðurkennt að réttlætanlegt sé að trúfélögin taki þátt í aðhaldsaðgerðum ríkisins með því að gefa eftir hluta af félagsgjöldum sínum, þá hefur niðurskurður sóknargjaldsins frá bankahruni verið tvöfalt meiri en niðurskurður til annarra aðila sem um er fjallað á fjárlögum?

Þessi staðreynd er m.a. leidd í ljós í skýrslu sem starfshópur skipaður af innanríkisráðherra skilaði sl. vor. http://www.innanrikisraduneyti.is/frettir/nr/28052.

Kemur þar m.a. fram að þessi umframskerðing nemur frá árinu 2008 vel á þriðja milljarð króna. Allt töluefni í þessari skýrslu er byggt á opinberum gögnum og verða niðurstöðurnar því vart vefengdar. Enda hefur innanríkisráðherra lýst því yfir að hér hafi verið farið offari og því mælst til þess að þessi umframskerðing verði leiðrétt.

**3.** Er þér ljóst að í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2013 er gert ráð fyrir áframhaldandi aukinni skerðingu sóknargjaldsins?

Ekki er af hálfu fjármálaráðuneytisins gert ráð fyrir neinni leiðréttingu, þrátt fyrir tillögur innanríkisráðuneytisins. Það er því ljóst að við fjárlagagerðina er hvorki gætt meðalhófs né jafnræðisregla virt.

**4.** Er þér ljóst að sóknargjaldið í ár er að krónutölu mitt á milli þeirrar upphæðar sem það var árin 2005 og 2006, þótt vísitala neysluverðs hafi frá þeim tíma hækkað um u.þ.b. 64%?

Þarf því varla að undra, þótt víða stefni í þrot varðandi starf safnaðanna, eins og bent er á í umræddri skýrslu. Það er því varla heldur ofmælt, sem bókað var í áliti fjárlaganefndar sl. haust, að sóknargjöld hafi „lækkað mun meira en sem nemur hagræðingarkröfu á almennan rekstur ríkisins“.

**5.** Er þér ljóst, að heildarupphæð sóknargjaldsins fyrir næsta ár er, skv. fyrirliggjandi frumvarpi, 598 milljónum lægri, í krónum talið, en hún var árið 2008 eða fyrir 6 árum?

Á þessum tíma hefur vísitala neysluverðs samt hækkað um 40,5%!

**6.** Er þér ljóst að niðurskurður sóknargjaldsins hefur leitt til stórfellds samdráttar í þjónustu safnaðanna, sem hafa þurft að segja upp starfsfólki, lækka laun og draga verulega úr starfi?

Sem dæmi um þetta má nefna að starfsfólki í söfnuðum Reykjavíkurprófastsdæmis eystra hefur fækkað um meira en fjórðung frá hruni og m.a. hefur þurft að draga verulega úr barna- og æskulýðsstarfi og starfi fyrir aldraða.

**7.** Er þér ljóst, að niðurskurður sóknargjaldsins hefur leitt til þess, að dregið hefur úr viðhaldi kirkjubygginga og safnaðarheimila, þannig að víða horfir til hreinna vandræða?

Sem dæmi um þetta má nefna þá kirkju sem undirritaður þjónar. Þar þarf að breiða plast yfir altarið í hvert sinn sem von er á rigningu, og til þess hefur komið í einstaka athöfn að átta til tíu fötur hafi þurft til að taka á móti þaklekanum.

**➜ Nú er svo komið að langlundargeð margra gagnvart því ofríki sem Þjóðkirkjan og önnur trúfélög hafa verið beitt á síðustu árum er að bresta.**

**8.** Er þér ljóst að vanefndir ríkisins á kirkjujarðasamkomulaginu, sem er þó í raun undirritaður og löggiltur kaupsamningur, hefur leitt til þess að prestsembættum sem greitt er fyrir hefur fækkað um 21% frá 2008 og að þessi niðurskurður kemur sem hrein viðbót við þá fækkun starfsfólks sem um er getið í spurningu 6?

Hér er í raun um hreina eignaupptöku að ræða og vanefndir á gerðum samningi, sem fyrr eða síðar hlýtur að reyna á frammi fyrir dómstólum, ef ekki kemur til tafarlausrar leiðréttingar.

**9.** Er þér ljóst að það inngrip sem átt hefur sér stað í innra starf Þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga á Íslandi frá árinu 2008 er líklega það mesta sem hefur átt sér stað í Evrópu frá falli járntjaldsins?

Leiða má fram rök fyrir því, að ríkisvaldið hafi með eignaupptökum og sjálftöku á félagsgjöldum safnaðanna brotið bæði gegn eignarréttar- og trúfrelsisákvæðum stjórnarskrárinnar.

10. Er þér ljóst, að margir munu horfa til afstöðu þinnar í þessum málum við afgreiðslu fyrirliggjandi fjárlagafrumvarps áður en þeir taka afstöðu til frambjóðenda í þeim prófkjörum sem fram undan eru og í komandi alþingiskosningum?

Ég vona það, kæri þingmaður, að þú hafir það í huga að Þjóðkirkjan er langfjölmennustu félagasamtök landsins. Nú er svo komið að langlundargeð margra gagnvart því ofríki sem Þjóðkirkjan og önnur trúfélög hafa verið beitt á síðustu árum er að bresta. Það verður því örugglega vel fylgst með því, hver afstaða þín verður við afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins.

# Ísland: Nyrsta Afríkuríkið?

FJÁRFESTINGAR



**Vilhjálmur Egilsson**
framkvæmdastjóri SA

Á fundi Samtaka atvinnulífsins um skattamál þann 9. nóvember sl. gat ég þess að í hópi erlendra fjárfesta væri rætt um Ísland sem nyrsta Afríkuríkið. Ástæðu slíkrar nafngiftar má rekja til ýmissa ákvarðana stjórnvalda og atburða sem hér hafa gerst. Bjarni Gíslason, upplýsingafulltrúi Hjálparstarfs kirkjunnar, skrifaði grein í Fréttablaðið þann 27. nóvember sem ekki er hægt að skilja öðruvísi en svo að hann móðgist fyrir hönd Afríku vegna samanburðarins. Í Afríku þurfi ekki að vantreysta orðum allra manna og Eþíópía, Malaví og Úganda eru nefnd til sögunnar en almennt hvatt til fjárfestinga í álfunni. Tilefni er til þess að ræða nokkuð um hvað veldur því að menn taka svona til orða um Ísland.

Alþjóðlegur samanburður á löndum er algengur. Nefna má úttektir á vegum Sameinuðu þjóðanna, Alþjóðabankans og IMD en hér verður bent á tvær alþjóðlegar úttektir, aðra á vegum World Economic Forum (WEF) um samkeppnishæfni og hina á vegum Transparency International (TI) um spillingu. Á lista WEF er Ísland nú í 30. sæti og hefur fallið mikið á síðustu árum. Hæsta Afríkuríkið er Túnis í 40. sæti og á uppleið. Eþíópía, Malaví og Úganda eru í sætum 106, 117 og 121. Á lista TI er Ísland nú á niðurleið í 13. sæti en var áður í einu af efstu sætunum. Hæsta Afríkuríkið er Botsvana í 32. sæti. Eþíópía, Malaví og Úganda eru númer 120, 100 og 143. Erlendir fjárfestar skoða m.a. þessar tölur þegar þeir meta hvar vænlegt er að fjárfesta. Afríkuríki hafa átt erfitt með að laða að erlenda fjárfesta þótt mörg þeirra hafi náð þokkalegum efnahagslegum árangri á síðustu árum. Nú er helst fjallað um að Kínverjar fjárfesti í Afríku umfram aðra.

## Veik staða

Staða Íslands veiktist mjög við hrunið, m.a. álit erlendra fjárfesta á landinu. Það veikir stöðu Íslands enn frekar þegar stjórnvöld standa ekki við gerða samninga hvort heldur þeir eru við innlenda eða erlenda aðila. En við slík mál bætist svo nýtt ástand vegna ógnana og ofbeldisverka gagnvart einstaklingum á Íslandi sem var óþekkt áður. Ber þar einna hæst árás á heimili innanríkisráðherra þar sem kastað var steini inn um stofuglugga og tilviljun ein réði að ekki varð af stór skaði.

**➜ Óþarfi er að taka upp sérstaka þykkju fyrir Afríku þótt sagt sé frá því að í hópi erlendra fjárfesta sé rætt um Ísland sem nyrsta Afríkuríkið.**

Ísland hefur verið á niðurleið í alþjóðlegum samanburði meðan ýmis Afríkuríki hafa verið á uppleið. Haldi þessi þróun áfram má vænta þess að einhver Afríkuríki fari upp fyrir Ísland á nokkrum árum. Það getur ekki verið ásættanlegt markmið um framtíð Íslands að halda áfram á slíkri braut.

Óþarfi er að taka upp sérstaka þykkju fyrir Afríku þótt sagt sé frá því að í hópi erlendra fjárfesta sé rætt um Ísland sem nyrsta Afríkuríkið. Sannarlega hefur enginn á móti velgengni í Afríku og engin lítilsvirðing felst í samanburði milli landa. Ástæða er til að fagna árangri Hjálparstarfs kirkjunnar í Afríku. Íslendingar þurfa hins vegar að hugsa um að styrkja stöðu sína meðal þjóða heims og stefna að því að vera alltaf í fremstu röð.

ÞÚ FINNUR **JÓLAGJAFIRNAR** HJÁ **OKKUR!**



# NÚ HEFST GAMANIÐ FYRIR ALVÖRU ...

**Pioneer** HLJÓMTÆKI X-HM10



## Hljómtækjastæða

FM útvarp með 40 stöðva mynni · Spilar: CD, MP3, WMA, CD-R/RW · USB, RCA, Heyrnartól · 2 x 15W hátalarar 4 Ohm

***Verð kr. 29.900,-***

**Pioneer** HLJÓMTÆKI SE-MJ721

## Heyrnartól af bestu gerð



Tíðnisvið 6-28.000 Hz · Þyngd: 156 gr.

***Verð kr. 9.900,-***

**Pioneer** HLJÓMTÆKI X-DS301-K



## Útvarpsvekjari

með iPod/iPhone vöggu

Fm útvarp m. 20 stöðva minni

Hleður iPod/iPhone · Fjarstýring m. ,,Snooze" takka.

***Verð kr. 18.900,-***

**SHARP** LC32LE144E



## 32" LED sjónvarp

HD Ready (1366x768) · DVB-T / DVB-C, MPEG2/MPEG4 H.264 · USB afspilun tónlist, myndir og myndbönd

***Verð kr. 96.900,-***

**SHARP** LC60LE636S



## 60" LED sjónvarp

Full HD (1920x1080) · LED baklýsing · DVB-T/T2, DVB-C, MPEG2/MPEG4 · 100Hz · 4xHDMI tengi · USB tengi fyrir kvikmyndir, ljósmyndir og tónlist · Aquos NET – Netvafri

***Verð kr. 399.900,-***

**Pioneer** HLJÓMTÆKI BCS-323

## 3D BluRay heimabíóstæða



5.1 rása 3D Blu-Ray heimabíókerfi með FM útvarpi og Karaoke · 1100W magnari (5x150w / Sub 250w) · Spilar; BD-R/RE, DVD-R/RW, CD-R/RW, MP3, JPEG, PNG, WMA, DivX og fl. · Bluetooth Ready · Tengi: 3x HDMI(2inn/1út), 2x USB, Ethernet, Optical, RCA hljóð inn Composite, Component · iPod-vagga

***Verð kr. 94.900,-***

**CELESTRON** Travelscope 70

Upclose 8x21



TASKA FYLGIR

**Hand sjónauki**

***Verð: 3.990,-***

## Stjörnusjónauki

***Verð: 16.900,-***

**BLAUPUNKT** RX18



## Traust útvarpstæki

FM/AM útvarp, FM loftnet, innbyggt AM loftnet

***Verð kr. 7.900,-***

**BLAUPUNKT** BB12-1



## Ferðatæki með geislaspilara

· Spilar CD/MP3 · Útvarp FM/AM · LCD skjár m. baklýsingu · USB tengi/AUX in · Tengi f. heyrnatól

***Verð kr. 15.900,-***

**OLYMPUS** VG-150



## Fínleg og einföld

12 milljón pixlar · WIDE 4 x aðráttarlinsa (27-108mm) · 2.7" LCD skjár · Ljósop 2.9 – 6.5 · Hristivörn · Vídeoupptaka með hljóði (30fps) · Til í svörtu og silvur

***Verð kr. 14.900,-***

**Wii U** **Nintendo**

**Sjón er sögu ríkari. Komdu og sjáðu snilldina!**



## Wii U er nýjasta tækniundrið frá Nintendo.

Þessi flotta leikjatölva sameinar spilun í sjónvarpi og á skjáborði og skapar algjörlega nýja leið til að spila tölvuleiki.

**SAMSUNG** UExxEH5005



## LED sjónvarp

Full HD · Mega skerpa · Clear Motion Rate: 50 Hz · Upplausn: 1920 x 1080p · USB: kvikmyndir, ljósmyndir, tónlist

***40" · Verð: 149.900,- kr***

OPIÐ LAUGARDAG FRÁ KL. 10-16



# ORMSSON

*– í dillandi jólaskapi!*



**// LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2800 · ORMSSON.IS**

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON<br>KEFLAVÍK<br>SÍMI 421 1535 | ORMSSON<br>AKRANESI<br>SÍMI 431 3333 | ORMSSON<br>ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI<br>SÍMI 456 4751 | ORMSSON<br>AKUREYRI<br>SÍMI 461 5000 | ORMSSON<br>HÚSAVÍK<br>SÍMI 464 1515 | ORMSSON<br>VÍK-EGILSSTÖÐUM<br>SÍMI 471 2038 | ORMSSON<br>PAN-NESKAUPSTAÐ<br>SÍMI 477 1900 | ORMSSON<br>ÁRVIRKINN-SELFOSSI<br>SÍMI 480 1160 |

# Stuðningur við íslenska hönnun

Hönnun er ekki aðeins mikilvægur þáttur í menningu þjóðarinnar; hún er ekki síður mikilvægur þáttur í atvinnulífi hennar. Samkvæmt niðurstöðu hagrænnar rannsóknar á stöðu skapandi greina, sem kynnt var 1. desember 2010, starfa um 10.000 manns innan þessara greina og skapa virðisaukaskattskylda veltu sem nemur að lágmarki 198 milljörðum. Samkvæmt sömu rannsókn nema útflutningstekjur þjóðarinnar af skapandi greinum yfir 24 milljörðum króna.

HÖNNUN



**Haukur Már Hauksson**
stjórnarformaður Hönnunarmiðstöðvar Íslands

Hönnun hefur um langa hríð átt undir högg að sækja þegar kemur að stuðningi hins opinbera. Helgast það annars vegar af því að hönnun er afskaplega víðfeðmt hugtak, þar sem hönnuðir vinna sjálfstætt að mjög fjölbreyttum verkefnum, hins vegar af því að stjórnvöld hafa tilhneigingu til að styðja það sem þekkt er og hefur verið gert áður. Því hefur stuðningur við skapandi greinar aðallega snúið að bókmenntum, leiklist, kvikmyndagerð og tónlist. Hönnuðir hafa einnig verið svo uppteknir af sköpun sinni að þeir hafa ekki náð að bindast sterkum samtökum til að berjast fyrir hagsmunum sínum. Hagsmunum hönnuða og hönnunar hafði því ekki verið haldið mjög á lofti þegar Hönnunarmiðstöð Íslands var stofnuð árið 2008. Að Hönnunarmiðstöðinni standa níu fagfélög hönnuða og arkitekta og er hún að hluta til rekin með stuðningi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og mennta- og menningarmálaráðuneytis.

### Aukinn áhugi

Frá stofnun Hönnunarmiðstöðvar Íslands hefur vegur hönnunar vaxið mikið og áhugi almennings á hinni fjölbreyttu flóru íslenskrar hönnunar aukist til muna. Sá aukni áhugi sést kannski best á því að samkvæmt könnun Capacent að loknum HönnunarMars 2012 tóku um 30.000 manns þátt í hátíðinni og um 85% landsmanna þekktu til hennar.

Ýmislegt í umhverfi hönnuða hefur breyst til batnaðar frá stofnun miðstöðvarinnar. Má þar t.d. nefna að undir starfslaunum listamanna er nú sérstakur sjóður starfslauna hönnuða. Sá sjóður er langminnsti sjóðurinn, veitir fimmtíu mánaðarlaun á ári, en sá sjóður innan listamannalauna sem veitir næstfæst laun veitir 180 mánaðarlaun. Fimmtíu mánaðarlaun gera kannski ekki mikið fyrir hönnunarsamfélagið, en þetta er viðleitni og þau gefa nokkrum hönnuðum og arkitektum tækifæri til að vinna óskipt að sköpun sinni í nokkra mánuði á ári. Í framtíðinni hlýtur launasjóður hönnuða að stækka enda ætti það að vera keppikefli stjórnvalda að styðja við bakið á þeirri virðisaukandi starfsemi sem frumsköpun á sviði hönnunar er.

Annað gleðiefni fyrir skapandi fólk er stofnun nýs hönnunarsjóðs í fjárfestingaáætlun ríkisstjórnarinnar. Í þennan nýja sjóð á að setja 45 milljónir króna. Enn á eftir að setja sjóðnum reglur, en hann mun styrkja ákveðin verkefni og verða þannig sá bakhjarl sem oft þarf til að ýta góðum hlutum áfram. Þessi

**➜ Annað gleðiefni fyrir skapandi fólk er stofnun nýs hönnunarsjóðs í fjárfestingaáætlun…**

nýi sjóður verður án efa mikil lyftistöng fyrir íslenskt hönnunarsamfélag, þegar fleiri hönnuðir fá tækifæri til að vinna verkum sínum brautargengi. Hann ætti því að efla anda íslenskra hönnuða og hleypa þeim kapp í kinn.

### Íhaldssemi

En þrátt fyrir að það sé stórt skref að fá loksins verkefnasjóð á sviði hönnunar þá verður maður samt óneitanlega nokkuð sorgmæddur yfir að sjá íhaldssemina sem lýsir sér í úthlutun þeirra 250 milljóna sem ákveðið hefur verið að veita aukalega til skapandi greina. Helmingur fjárins verður settur í sjóði sem áður var búið að úthluta 205 milljónum. Framlög til eldri sjóða á sviði bókmennta, leiklistar og tónlistar hækka sem sagt úr 205 í 330 milljónir en nýir sjóðir á sviði hönnunar, myndlistar, handverks og tónlistar fá samtals 125 milljónir.

Aukin fjölbreytni á vörum til útflutnings er að mati sérfræðinga Alþjóða gjaldeyrissjóðsins forsenda aukinna útflutningstekna. Auknar útflutningstekjur eru að sama skapi forsenda þess að Ísland losi um skuldastöðu sína. Stuðningur stjórnvalda við hönnun er því ekki fjáraustur í eitthvert svarthol heldur fjárfesting sem skilar sér til baka í beinhörðum peningum, auk þess að bæta umhverfi og menningarlíf okkar allra.

Fjárfestum í hönnun.

# Umræða um lífræn matvæli á villigötum?

Fréttir hafa birst bæði á visir.is og á mbl.is um að lífræn matvæli séu ekki hollari en hefðbundin matvæli. Þó er vitnað í niðurstöður sem sýna að miklu minna af skordýraeitri finnst í lífrænum matvælum en þeim hefðbundnu, sem skiptir í raun og veru mjög miklu máli. Um var að ræða aðeins tveggja ára rannsókn um næringargildi tiltekinna matvæla og rannsóknin tekur þar af leiðandi ekki til greina hugsanlegar langtímaafleiðingar, t.d. af neyslu á skordýraeitri (rannsókn á vegum Stanford-háskólans). Þessu má líkja við rannsóknir á skaðsemi reykinga, sem eru kannski ekki svo miklar til skamms tíma, en til langs tíma, það þarf ekki að spyrja að því. Þannig að það er stór galli á rannsókn sem er að bera saman matvæli en spannar aðeins tvö ár.

LÍFRÆN MATVÆLI



**Sverrir Örn Gunnarsson**
markaðsstjóri hjá Biobú ehf.

Lífrænir framleiðendur hafa ekki haldið því fram að næringartaflan sé eitthvað öðruvísi í lífrænum matvælum miðað við hefðbundin nema að litlu leyti. Þar sem undirritaður starfar í lífrænni mjólkurvinnslu getur hann tekið eitt lítið dæmi sem skiptir þó miklu máli hvað varðar hollustu vörunnar. Lífræn mjólk inniheldur að jafnaði mun meira af E-vítamíni, andoxunarefnum og ómega-3 fitusýrum en önnur mjólk, en skortur á ómega-3 er einmitt stór vandi í vestrænum heimi, þar sem neysla á ómega-6 fitusýrum er allt of mikil í hlutfalli við ómega-3 (allt of lítil).

**➜ Í lífrænni ræktun eru ekki notaðar aðferðir og efni sem eru náttúrunni og líkama okkar framandi.**

### Í sátt við dýrin

En um hvað snýst lífræn framleiðsla? Hún snýst ekki um að næringartaflan sé eitthvað öðruvísi, heldur að lífrænar afurðir eru framleiddar í sátt við dýrin og umhverfið. Í lífrænum vörum fara saman öryggi, hreinleiki, mikil bragðgæði og fjölþætt næringarsamsetning. Lífræn matvæli eru framleidd án eiturefna og tilbúins áburðar (sparar gjaldeyri fyrir þjóðarbúið í leiðinni). Með því að kaupa lífrænar vörur hvetur þú til skynsamlegrar landnýtingar og gróðurverndar. Lífrænar aðferðir draga úr hættu á ýmiss konar mengun í matvælum. Í lífrænni ræktun eru ekki notaðar aðferðir og efni sem eru náttúrunni og líkama okkar framandi. Lífrænar búfjárafurðir eru framleiddar með góðri meðferð dýra og náttúrulegum fóðurefnum og án hormóna. Erfðabreytt efni eru bönnuð í lífrænni framleiðslu. Við vinnslu og meðferð er lífrænum vörum haldið aðgreindum frá öðrum vörum og notkun íblöndunarefna er haldið innan strangra marka. Að einblína eingöngu á næringarefnainnihald er mikil einföldun á flóknu máli sem allir ættu að láta sig varða.



Tilboðin gilda **6. - 9.** desember




ÁRNI SAM
Á FULLU Í 40 ÁR

**3.924** KR




Á VIT HINS ÓKUNNA

**3.924** KR




STELPUHANDBÓKIN

**2.333** KR




NÁVÍGI Á
NORÐURSLÓÐUM

**4.937** KR




SKAGFIRSKAR
SKEMMTISÖGUR 2

**1.997** KR




GLETTUR
& GAMANMÁL

**2.786** KR



BLEKKING

**2.723** KR




SVARTIR TÚLIPANAR

**3.423** KR




LEYNDARMÁL
ENGLANNA

**1.829** KR




UNG Á ÖLLUM ALDRI

**3.493** KR




LJÚFMETI ÚR
LÆKNINGAJURTUM

**3.397** KR

netto
Kræsingar & kostakjör
bækur

**www.netto.is**
Mjódd · Salavegur · Hverafold
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri

# Fagna ber samstöðu í öryggismálum

ÖRYGGISMÁL




**Gunnar Alexander Ólafsson**
**Elvar Örn Arason**
stjórnmálafræðingar

Árni Þór Sigurðsson, þingmaður VG og formaður utanríkismálanefndar, gagnrýndi ákvörðun Finnlands og Svíþjóðar um að taka þátt í loftrýmiseftirliti hér á landi í Fréttablaðinu 15. nóvember sl. Það er vissulega rétt hjá Árna Þór að kalda stríðinu lauk með falli Sovétríkjanna í byrjun tíunda áratugar síðustu aldar. Þrátt fyrir að því sé lokið og nú um stundir sé friðsælt á Norður-Atlantshafi, þá hvarf ekki sú grundvallarskylda íslenskra stjórnvalda að tryggja öryggi og varnir landsins til frambúðar. Markmiðið með samstarfinu er fyrst og fremst að efla öryggi og tryggja sameiginlega hagsmuni svæðisins í heild.

Í kalda stríðinu voru Norðurlöndin klofin í afstöðu sinni til öryggis- og varnarmála, sem helgaðist af ólíkri afstöðu þeirra til varnarsamstarfs vestrænna ríkja. Á þessum tíma voru þessi mál ekki rædd á þingum Norðurlandaráðs. Því ber að fagna að þau eru orðin að pólitísku viðfangsefni ríkjanna á þessum vettvangi, þó svo að bæði Svíþjóð og Finnland standi utan Norður-Atlantshafsbandalagsins (NATO).

**Aukið samstarf**

Árið 2009 kynnti Thorvald Stoltenberg, fyrrverandi utanríkisráðherra Noregs, skýrslu sem hann vann fyrir utanríkisráðherra Norðurlandanna um möguleika á auknu samstarfi þeirra í öryggismálum. Stoltenberg mælti meðal annars með því að löndin hefðu samstarf um loftrýmisgæslu yfir Íslandi, eftirlit með hafsvæðum allt í kringum Norðurlöndin og samstarf í alþjóðaverkefnum. Á undanförnum árum hafa þau aukið samstarf sitt í öryggis- og varnarmálum og bæði Svíar og Finnar hafa starfað náið með NATO á síðustu árum í ýmsum verkefnum, eins og friðargæslu.

**➜ Yfirlýsing Finnlands og Svíþjóðar um að taka þátt í loftrýmisgæslu yfir Íslandi er merkur áfangi...**

Með brotthvarfi varnarliðsins frá Keflavíkurflugvelli árið 2006 skapaðist öryggistómarúm, þar sem stórt svæði á Norður-Atlantshafi var skilið eftir án reglubundins eftirlits og Ísland var eina þjóðin í NATO sem stóð eftir án loftvarna. Í kjölfarið hófst tímabundin loftrýmisgæsla NATO þjóða á Íslandi í nokkrar vikur í senn. Þessi gæsla gegnir því hlutverki að vera sýnileg vörn sem og æfingar fyrir viðkomandi flugheri. Það er skylda bandalagsins að koma Íslandi til hjálpar ef öryggi þess er ógnað. Því er nauðsynlegt að þau ríki sem kæmu til varnar hafi þekkingu og reynslu af íslenskum aðstæðum.

**Merkur áfangi**

Yfirlýsing Finnlands og Svíþjóðar um að taka þátt í loftrýmisgæslu yfir Íslandi er merkur áfangi í norrænu samstarfi og í fullu samræmi við tillögur Stoltenberg um nánari samvinnu Norðurlandanna í öryggis- og varnarmálum. Ríkin taka þar með þátt í að uppfylla það öryggistómarúm sem myndaðist með brotthvarfi varnarliðsins.

Við teljum að Svíar og Finnar séu ekki með þessu framtaki að taka þátt í stríðsleikjum eða hernaðarbrölti, heldur dýpka og styrkja norrænt samstarf. Eitt af höfuðeinkennum norrænna velferðaríkja er að borgarar þess búa við frið og öryggi. Stuðningsmenn ríkisstjórnar sem kenna sig við norræna velferð ættu því að fagna samstöðu þessara ríkja um að tryggja öryggi á norðlægum slóðum.




# Er fótbolti fyrir alla?

ÍÞRÓTTIR



**Kristinn Þór Sigurjónsson**
formaður Rugby Ísland

Þjóðfélagsleg áhrif af öflugu íþróttastarfi eru að flestra mati jákvæð þó að það sé oft á tíðum erfitt að benda með óyggjandi hætti á þau. Heilbrigt líferni, félagsleg tengsl og samhugur þjóðar þegar „strákarnir okkar“ koma heim með silfurpeninga eru allt atriði sem eru bein eða óbein afleiðing íþróttastarfs, sama hvaða íþrótt um er að ræða. Á ráðstefnu sem bar yfirskriftina „Skipta íþróttir máli?“ sem haldin var á vegum ÍSÍ og Háskóla Íslands þann 28. nóvember síðastliðinn voru mörg atriði sem komu fram sem benda til jákvæðra áhrifa, en einnig neikvæðra.

Helst var það erindi Vöndu Sigurgeirsdóttur, þar sem hún velti upp þeirri spurningu hvort getuskipta ætti börnum í hópíþróttum sem vöktu upp spurningar hjá undirrituðum. Vanda benti réttilega á ókosti þess að getuskipta börnum þar sem keppni ber leikgleðinni ofurliði. Flestir vilja vera í „A“ liðinu, af ýmsum ástæðum geta ekki allir verið þar. Þessar ástæður geta verið af margvíslegum toga, sumir hafa ekki tíma eða aðstöðu til þess að mæta á 4-5 æfingar á viku og aðrir hafa ekki rétta hugarfarið eða líkamsbygginu fyrir viðkomandi íþrótt. Það eru líka ekki allir sem ætla sér að verða atvinnumenn, en vilja samt ekki láta líta á sig sem undirmálsmenn í íþróttum og hætta þá frekar en að vera í „C“ liðinu. Undirritaður gat aldrei haft gaman af fótbolta og hætti snemma að stunda íþróttir þar sem engin íþrótt sem vakti áhuga var á boðstólum – fyrr en nú nýverið.

**Leikánægja liðsmanna**

Við skipulagninu á íþróttastarfi íþróttafélaga er gert ráð fyrir því að þeir sem vilja spila hópíþrótt utandyra vilji æfa fótbolta. Út frá tölfræði er fótbolti langstærsta hópíþróttin á íslandi með um 20.000 þátttakendur á meðan handbolti, þar sem árangur hefur verið slíkur að eftir því er tekið á erlendum vettvangi, hefur um 8.000 þátttakendur. Getur verið að hluti þeirra sem skráðir eru í fótbolta sé þar því annað er bara ekki í boði? Út frá hugarfari og líkamsbygginu hentar fótbolti ekki fyrir alla.

Reynslan erlendis hefur sýnt að þar sem rugby er á boðstólum dregur ekki úr áhuga á fótbolta þeirra sem á annað borð hafa áhuga, eða öðrum íþróttum ef út í það er farið. Í Svíþjóð eru rugby-lið byggð upp að miklu leyti af íþróttamönnum sem komust ekki í „A“ lið í fótbolta eða handbolta – og þeir eru að gera góða hluti í Evrópumótinu. Um allan heim hefur það sýnt sig að rugby tekur ekki frá öðrum íþróttum aðra en þá sem áttu aldrei heima meðal þeirra bestu í viðkomandi íþróttum.

Vanda talaði um í sínu erindi að æskilegt væri að sleppa því að skipta krökkum undir 10 ára í lið eftir getu og kom fram með tillögu um að nota aðrar aðferðir, til dæmis hverfi, vinahópa eða annað sem eykur leikánægju liðsmanna – án þess að hugsa bara um að búa til besta liðið. Ekki er von á öðru en að fótboltaþjálfarar svari þessari tillögu, þar sem getuskipting er mikilvæg til að byggja upp framúrskarandi íþróttamenn, eins og raunin hefur verið undanfarið hér á landi.

**➜ Getur verið að hluti þeirra sem skráðir eru í fótbolta sé þar því annað er bara ekki í boði?**

**Rugby fyrir krakka**

Til þess að lágmarka neikvæð áhrif af þessari getuskiptingu væri hægt að bjóða upp á aðra möguleika fyrir krakka sem eru ekki endilega bestir í fótbolta, en gætu verið framúrskarandi rugbyleikmenn. Krakkarnir í „C“ liðinu í fótbolta gætu átt heima í „A“ liðinu í rugby. Tillaga undirritaðs er að íþróttafélög samnýti þá uppbyggingu sem átt hefur sér stað í landinu og bjóði upp á aukið úrval hópíþrótta og legg þar til rugby sem fyrsta val. Ástæðurnar eru einfaldar – öll aðstaða er fyrir hendi og rugby er sú íþrótt sem fyllir best upp í það tómarúm sem til staðar er í núverandi umhverfi.

Það er því kannski ekki þörf á því að fara að öllu eftir því sem Vanda Sigurgeirsdóttir mælti með til þess að ná fram góðum markmiðum um jafnræði íþrótta fyrir alla krakka. Íþróttafélög þurfa einungis að bjóða upp á íþróttir sem henta sem flestum í stað þess að ætlast til þess að allir fari í það form sem búið er að myndast á Íslandi. Rugby Ísland byggir á sjálfboðavinnu við útbreiðslu á rugby og með samstarfi íþróttafélaganna verður áhugavert að fylgjast með því hvenær það verður sem tveir hópar af „strákunum eða stelpunum okkar“ koma heim með klink um hálsinn af Ólympíumóti.

# Skapandi greinar, menntun og rannsóknir

SKAPANDI GREINAR



**Ólöf Gerður Sigfúsdóttir**
forstöðumaður rannsóknaþjónustu Listaháskóla Íslands

Starfshópur á vegum fimm ráðuneyta hefur unnið ítarlega greiningu á starfsumhverfi skapandi greina í nýútkominni skýrslu, Skapandi greinar – sýn til framtíðar. Skýrslan markar tímamót í almennri umræðu um listir og menningu á Íslandi og er mikilvæg viðbót við áður útkomna skýrslu um hagræn áhrif skapandi greina. Í þessari skýrslu er gildi skapandi greina í samfélagi okkar dregið fram og lagður grunnur að þróun faglegrar orðræðu á sviðinu. Auk þess er stjórnsýslulegu umhverfi greinanna lýst og opinber fjárframlög sundurgreind eftir sviðum. Starfshópurinn leggur áherslu á mikilvægi þess að efla list- og starfsmenntun á öllum stigum skólakerfisins en lýsir því jafnframt að fjölgun menntunartækifæra á meistarastigi sé nauðsynleg svo stuðla megi að fagmennsku og góðum undirbúningi fyrir atvinnu- og menningarlíf. Loks lýsir hópurinn skorti á rannsóknum á sviðinu og leggur fram tillögu um að komið verði á fót sérstökum rannsóknasjóði fyrir skapandi greinar, sem vistaður yrði hjá Rannsóknaráði Íslands.

**Kjarnaskóli**

Listaháskólinn fagnar þessum tillögum og skýrslunni í heild sinni, en útgáfa hennar styður vel við þá uppbyggingu sem hefur átt sér stað innan skólans undanfarin ár, bæði á sviði kennslu og rannsókna. Skólinn starfar nú á sínu þrettánda starfsári og býður upp á grunnnám á ellefu námsbrautum og framhaldsnám á fimm. Hann er eini háskólinn á Íslandi sem hlotið hefur viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytisins á fræðasviðinu listir, og lítur hann á sig sem kjarnaskóla skapandi greina hér á landi. Þannig er hann leiðandi í uppbyggingu þekkingar á sviðinu og gegnir lykilhlutverki í að skapa opið og virkt umhverfi fyrir rannsóknarstarf listamanna og hönnuða. Tilkoma fjölbreytts og öflugs meistaranáms er grundvöllur fyrir því að skólinn geti sinnt þessu hlutverki sínu.

Öflugt rannsóknarumhverfi er forsenda þekkingarsköpunar í hverju samfélagi og gegna háskólar lykilhlutverki í mótun og þróun slíks umhverfis.

Í Listaháskóla Íslands leiða akademískir starfsmenn rannsóknarverkefni í krafti sérþekkingar sinnar, með virkri þátttöku nemenda. Afrakstri verkefna þeirra er miðlað í hinum ýmsu listmiðlum, s.s. myndverki, tónverki, gjörningi, hönnunarverki, manngerðu umhverfi, dansverki, leikverki eða hvaða mynd sem verk viðkomandi listamanns kann að taka á sig. Undanfarin misseri hefur skólinn þróað leiðir til að styrkja innviði sína og stoðþjónustu til eflingar rannsóknarstarfi, og þróað með sér rannsóknarmenningu sem stuðlar að gagnrýninni umræðu um innihald, aðferðir og miðlun. Allri sjálfstæðri vinnu kennara skólans, hvort sem hún felur í sér listsköpun, listflutning eða fræðistörf, er miðlað í opnum gagnagrunni á heimasíðu skólans. Markmið gagnagrunnsins er að kortleggja og miðla þeim verkefnum sem kennarar skólans leiða hver á sínu sviði, en hann er í stöðugri þróun og tekur mið af eðli verkefnanna og þeim miðlum sem skilgreina þau. (http://rannsoknagrunnur.lhi.is/is/rannsoknir/folk/).

**Aukið fjármagn**

Það er einungis með auknu fjármagni, jafnt grunnfé á fjárframlögum ríkisins og með aðgengi að opinberum samkeppnissjóðum, sem mögulegt verður að stuðla að uppbyggingu þekkingar í listum. Í þeim löndum sem skólinn ber sig saman við er frumsköpun listamanna löngu orðin viðurkennd sem rannsóknarferli, þ.e. ef viðkomandi listamaður skilgreinir verk sín á þann hátt og miðlar þeim bæði innan akademísks samhengis sem og á opinberum menningarvettvangi. Þannig hafa kollegar í listaháskólum víða erlendis aðgengi að opinberum samkeppnissjóðum sem byggja á jafningjamati í stað þess að þurfa að keppa t.d. við stjörnufræðinga eða stjórnmálafræðinga um rannsóknarfé. Jafningjamat á fræðasviði lista þýðir að fagaðilar sviðsins meta umsóknir, þ.e. mat er lagt á verkefni af utanaðkomandi listamönnum sem hafa þekkingu og reynslu á sviðinu.

**➜ Mikilvægt er að vísinda- og nýsköpunarumhverfið hér á landi dragist ekki lengra aftur úr en orðið er**

Fyrir utan aðgengi að samkeppnissjóðum er það enn brýnna verkefni að Listaháskólinn njóti jafnræðis á við aðra háskóla í landinu og að honum verði tryggt grunnfé til þessa mikilvæga starfsþáttar sem allar menntastofnanir á háskólastigi byggja á og er undirstaða kennslu. Mikilvægt er að vísinda- og nýsköpunarumhverfið hér á landi dragist ekki lengra aftur úr en orðið er og þróist í takt við samanburðarlöndin. Geta má þess að Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur sett fram áætlun 2014-2020 undir yfirskriftinni „Skapandi Evrópa“, þar sem ríki og sveitarstjórn Evrópulanda eru hvött til þess að spýta í lófana og auka framlög sín til skapandi greina og menningar. Því leikur enginn vafi á að málaflokkurinn leikur lykilhlutverk í vexti og viðhaldi samfélaga framtíðarinnar, og við því verður að bregðast einnig hér á landi. Listaháskólinn kallar því á að stjórnvöld taki til greina þá góðu vinnu sem starfshópur ofangreindrar skýrslu hefur unnið og íhugi alvarlega að hleypa kennurum Listaháskólans að í samfélagi rannsókna og nýsköpunar hér á landi.



# LIFANDI JÓLATRÉ ERU KOMIN Í BYKO

**Sölustaðir:**

**Timburverslun Breidd**
Virka daga: kl. 8-18
Laugardaga: kl. 10-14

**Grandi**
Virka daga: kl. 8 -19
Laugardaga: kl. 10 -19
Sunnudaga: kl. 10 -18

**Selfossi**
Virka daga: kl. 8 -18
Laugardaga: kl. 10 -18
Sunnudaga: kl. 12 -16

Hluti söluandvirðis af hverju jólatré fer til Hjúkrunarheimilis Sunnuhlíðar í Kópavogi.

Sunnuhlíð

## GERÐU GÓÐ KAUP FYRIR JÓLIN



Vnr. 88470316-8
Jólakúlur, 10 stk. 6 cm.
**550 kr.**



Vnr. 88470267
Jóladúkur undir jólatré, 120 cm.
**1.830 kr.**

Vnr. 88470266
Jólasveinapoki, 97x60 cm.
**1.510 kr.**

HÆGT AÐ TENGJA SAMAN



Vnr. 88166260-1
Micro Conn innisería, 50 eða 100 ljósa.
Verð frá:
**1.030 kr.**

# LÁGT VERÐ – ALLA DAGA

VERÐVERND BYKO
LÆGRA VERÐ

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.
1962-2012
50



3 LITIR
Vnr. 65103201
SINBO töfrasproti, 170W.
**1.990 kr.**



Vnr. 65103207
SINBO brauðrist, stál, 700W.
**1.990 kr.**



KHG
Vnr. 65103021
KHG kaffivél, 800W, 1,5 l.
**2.990 kr.**



KHG
Vnr. 65103007
KHG hraðsuðukanna, 1,7 l.
**4.990 kr.**



Einhell
Vnr. 74804108
EINHELL rafhlöðuskrúfjárn, 4,8V.
**1.990 kr.**



Vnr. 74804112
PRO WORK rafhlöðuborvél, 14,4V.
**2.990 kr.**



Einhell
Vnr. 74802055
EINHELL hjólsög BT-CS 1200W, Blaðstærð 160 mm.
**9.995 kr.**

FJÖLNOTA VERKFÆRI BOSCH
SLÍPAR
SAGAR
PÚSSAR
SKER



Vnr. 74862190
BOSCH PMF 180 E multisög, 180W, sög og juðari, 2 skurðarblöð, 1 slípiplatti og 6 sandpappírsskífur fylgja.
**12.995 kr.**

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

## VÖRUR FRÁ EUROPRIS Í BYKO



Vnr. 42368211
Ofnpanna með grillplötu, 42x31x6 cm.
**2.490 kr.**



Vnr. 42334478
Jólapappír, 2x0,7 m.
**39 kr./stk.**



Vnr. 42301980
Rúðuvökvi, 4 l.
**589 kr.**



Vnr. 42303918
Handkyndlar, 3 stk.
**799 kr.**

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

www.EXPO.is / EXPO auglýsingastofa

# Refaveiðar – vannýtt tekjulind

FERÐAÞJÓNUSTA



Steinþór Einarsson
leiðsögumaður

Ég greip með mér Bændablaðið um daginn þar sem ég var á ferðinni um Suðurland og meðal fjölda áhugaverðra greina í blaðinu var tilskrif fjárbóndans og alþingismannsins Ásmundar Einars Daðasonar þar sem hann snuprar fyrrum samflokksmann sinn í Vinstri grænum, Svandísi Svavarsdóttur umhverfisráðherra, fyrir skilningsleysi og fálæti í garð landbúnaðar og landsbyggðar. Erindið við ráðherra er fjölgun heimskautarefsins og niðurskurður opinberra aðila á fjármunum til refaveiða. Eina lausnin á þessum „vanda“ sem fjárbóndinn og þingmaðurinn bendir á er aukin útgjöld úr tómum sjóðum opinberra aðila, sveitarfélaga og ríkis. Eins og endranær sjá sauðfjárbændur enga aðra leið til þess að fjármagna og tryggja framleiðslu sína aðra en þá að auka útgjöld hins opinbera og þar er þingmaðurinn framarlega í flokki.

### Íslenski refurinn – einstakt spendýr

Fyrir rúmum ellefu hundruð árum hófst hér innrás bænda til Íslands frá löndunum í kringum okkur. Þeir komu siglandi yfir hafið með búfénað sinn, kýr, svín, hesta, kindur, hænsn og hunda frá Noregi en frá Írlandi er talið að kötturinn hafi komið og meirihluti kvenna einnig. Þegar þessi innrás hófst var aðeins eitt spendýr hér til staðar, íslenski refurinn. Hann hafði komist á einhvern undraverðan hátt til þessarar fjarlægu og einangruðu eldfjallaeyjar í norðurhöfum, náð að festa hér rætur og mynda sín óðul víðs vegar um landið. Væntanlega komist vel af á sjálfbæran hátt í góðum tengslum við náttúruna, fuglana og fiskinn sem hér ríktu einnig í þá tíð. Fyrstu árhundruðin gengu vel í sátt og samlyndi við bændur þessa lands þar sem nóg var að bíta og brenna fyrir alla. Líkindi eru leidd að því að fyrstu árhundruð landnáms hafi aðallega verið stunduð hér nautgriparækt í bland við svínahald og sauðfjárbúskap og hesturinn var að sjálfsögðu þarfasti þjónninn.

### Sauðkindin tekur yfir

Á miðöldum fer að halla undan fæti í þeim landbúnaði sem verið hafði frá landnámi Íslands, er loftslag kólnaði og svo kölluð „litla ísöld“ hóf innreið sína á norðurslóð. Akuryrkja leggst af, nautgriparækt snarminnkar, svínarækt hverfur og sauðkindin og sauðfjárrækt tekur yfir og verður stærsta búgreinin á Íslandi næstu hundruð árin með gífurlegum áhrifum á gróðurfar landsins. Og nú fer að sverfa að hjá frumbyggjanum ferfætta á Íslandi. Litlu sætu lömbin eru girnilegur fengur í svangan skolt í harðbýlu landi á „litlu ísöld“. Og nú bætist við að refurinn er hundeltur af sínum skæðasta óvini, sauðfjárbóndanum, og það tekst með samstilltu átaki og töluverðu fjármagni frá hinu opinbera að halda honum í skefjum. En skyndilega sverfur að í mannheimum, kreppa skellur á og opinbert fé liggur ekki lengur á lausu til refaveiða og sauðfjárbóndinn Ásmundur Einar rekur upp ramakvein og snuprar, flokksfélagann fyrrverandi, umhverfisráðherra fyrir fjandsamlegt viðmót við landsbyggðarfólk.

**➜ Mesta hættan er sú að þetta verði svo vinsælar veiðar að íslenski refurinn og frumbyggi Íslands yrði í útrýmingarhættu.**

### Hættum niðurgreiðslum

Nú er lag til þess að hætta þessum gegndarlausu niðurgreiðslum til sauðfjárbænda. Ferðamönnum snarfjölgar og þá þarf að fæða og klæða og hafa ofan fyrir þeim. Hvað er betra en blessað lambakjötið og hlýja og einstaka ullin sem notuð er sem aldrei fyrr til þess að fullnægja þörfinni fyrir túristapeysur, vettlinga og sokka. Allt rennur þetta út eins og bráðið smér. Eitthvað hlýtur þessi aukna eftirspurn eftir ullarvörum og stóraukin sala á íslenskri kjötsúpu að færa sauðfjárbændum í aðra hönd? Þá má ekki láta hjá líða að nefna aukabúgreinarnar sem hafa vaxið og dafnað á allra síðustu árum og áratugum og tengjast ferðamönnum, hér á ég við ýmsar veiðar svo sem á laxi, silungi, fugli og hreindýrum. Hér er tekjulind á ferð sem veltir miklum upphæðum.

### Ný tekjulind

Og hér kem ég að þeirri lausn sem mér datt í hug fyrir Ásmund Einar og aðra sauðfjárbændur. Það er sala á refaveiðileyfum. Ég er ekki í nokkrum vafa um að stór hópur erlendra og innlendra veiðimanna er tilbúinn til þess að greiða álitlega upphæð fyrir það að komast á fjöll og skjóta ref. Það þarf ekki að leita langt að fyrirmyndum þar sem refaveiðar hafa verið stundaðar sem sport um aldir. Handan Atlantsála í Bretlandi höfum við góð dæmi um það.

Ég skora á Ásmund Einar að gaumgæfa þessa hugmynd alvarlega. Með henni eru slegnar tvær flugur í einu höggi. Atvinnusköpun og tekjuöflun ásamt því að refastofninum yrði haldið í réttri stærð. Mesta hættan er sú að þetta verði svo vinsælar veiðar að íslenski refurinn og frumbyggi Íslands yrði í útrýmingarhættu. En ég treysti Svandísi fullkomlega til þess að standa vörð um að svo verði ekki.






# Sýndaráætlun eða sóknaráætlun

SVEITARSTJÓRNARMÁL



Sigurjón Þórðarson
sveitarstjórnarfulltrúi í Skagafirði

Ríkisstjórn Samfylkingar og VG hefur um langt skeið haft í undirbúningi að hleypa af stokkunum nýrri áætlun undir yfirskriftinni Sóknaráætlun landshluta 20/20. Sú hugmyndafræði sem unnið er með er að mínu mati mjög jákvæð, en hún miðar að því að auka svæðisbundna sjálfstjórn í mikilvægum málum og kalla eftir sameiginlegri framtíðarsýn.

Markmiðið með áætluninni er að efla atvinnulíf og lífsgæði til framtíðar með því að samþætta hinar ýmsustu áætlanir hins opinbera þ.e. í samgöngu-, fjarskipta- og ferðamálum auk áætlana um eflingu byggða og sveitarstjórnarstigsins almennt.

### Lúðrablástur

Miðað við háleit markmið, lúðrablástur og mikið umfang mætti ætla að miklir fjármunir væru settir í Sóknaráætlun landshluta 20/20, en svo er alls ekki. Á Norðurlandi vestra er einungis veitt um 50 milljónum króna til áætlunarinnar, sem er ekki langt frá þeirri upphæð sem stjórnvöld hafa skorið niður á svæðinu í fjárframlögum til safna og menningarsamninga á svæðinu. Til þess að skipta þessu litla fé hafa stjórnvöld í hyggju að kalla saman á fjórða tug manna víðs vegar að úr landshlutanum til samræmingar og stefnumörkunar! Umstangið og umbúnaðurinn í kringum sáralítið fé gefur til kynna að sóknaráætlunin sé í raun sýndaráætlun sem lítil sem engin meining er með.

Í ljósi annarra stjórnvaldsákvarðana ríkisins, er Sóknaráætlun landshluta 20/20 orðin að lélegum leikþætti. Sem dæmi má nefna að bara í Sveitarfélaginu Skagafirði hefur störfum á vegum ríkisins markvisst verið fækkað gríðarlega á valdatíma ríkisstjórnar VG og Samfylkingar eða um 15%. Samkvæmt svari við fyrirspurn Unnar Brár Konráðsdóttur þingmanns til fjármálaráðherra um þróun fjölda starfa á vegum hins opinbera á landinu öllu, má ráða að fækkunin á störfum ríkisins í Skagafirði sé um 50% meiri en að jafnaði hefur orðið almennt hjá ríkinu frá hruni. Sú er raunin þrátt fyrir að ráðamenn á borð við Guðbjart Hannesson hafi lofað að þeim svæðum landsins sem fóru varhluta af þenslunni í aðdraganda hrunsins yrði sérstaklega hlíft við niðurskurði. Ef fyrrgreint svar fjármálaráðherra er skoðað nánar, er augljóst að ríkisstjórnin hefur haft endaskipti á hlutunum og einkum beitt niðurskurðarhnífnum af hörku í þeim landshlutum, sem höllum fæti standa.

Í Skagafirði blasir enn fremur við að á síðustu misserum hefur áætlunarflugi verið hætt fyrirvaralítið og nánast öllum opinberum framkvæmdum verið slegið á frest.

### Handan við hornið

Þegar ráðherrar, sem málin varðar, eru krafðir svara um hvert stefnt sé er viðkvæðið oftar en ekki, eins og hjá Ögmundi Jónassyni innanríkisráðherra, að eitthvað jákvætt sé handan við hornið. Sjaldnast er um raunverulegar efndir að ræða, heldur eru mál og svör dregin á langinn. Núna blasir við sú alvarlega staða í Skagafirði að óvissa er uppi um framtíðarstefnu stjórnvalda um margvíslega opinbera þjónustu, s.s. um sýslumannsembættið, útibú Vegagerðarinnar, Heilbrigðisstofnunina og því miður fleira.

**➜ Í ljósi annarra stjórnvaldsákvarðana ríkisins er Sóknaráætlun landshluta 20/20 orðin að lélegum leikþætti.**

Ef markmiðið með Sóknaráætlun landshluta 20/20 á að ná fram að ganga þá hljóta stjórnvöld að þurfa að skipta algerlega um takt. Sem dæmi má nefna að 85% fjármuna til menningarmála er varið á höfuðborgarsvæðinu. Hægt væri að leggja áherslu á að flytja þau verkefni og fleiri sem ekki er sinnt af ríkinu jafnt til allra landshluta. Minna máli skiptir flutningur á málefnum aldraðra frá ríki til sveitarfélaga, sem er almennt sinnt ágætlega um land allt.

### Aukinn fjölbreytileiki

Það að flytja ábyrgð og rekstur menningarmála í nokkrum skrefum til sveitarfélaganna myndi auka fjölbreytileika og skjóta styrkari stoðum undir menningarstarf alls staðar á landinu. Enginn þarf að óttast að sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu ráði ekki auðveldlega við að fjármagna blómlegt menningarstarf sem nú fer fram í höfuðborginni, ef sveitarfélögin í landinu fengju aukna hlutdeild í skatttekjum.

Öll rök hníga í þá átt að sveitarfélögin taki að sér í auknum mæli stjórn og ábyrgð nærþjónustu á sem flestum sviðum. Skipulag og þjónusta verður þá í höndum þeirra sem eru öllum hnútum kunnugir, sem ætti að leiða til betri meðferðar opinberra fjármuna og sveigjanlegri þjónustu.

Sóknaráætlun 20/20 felur í sér jákvæða aðferðarfræði, en stjórnvöld verða að þora stíga skrefið til fulls því annars er hætta á að áætlunin breytist í sýndaráætlunina 20/20.

# Þarf lygamæli á bankastjóra Íslandsbanka?

HÖFUNDARRÉTTUR



Jón Þorvarðarson
stærðfræðingur og rithöfundur

Nýleg frétt sem ber yfirskriftina „Segir Íslandsbanka flæktan í fyrirlitlegan hugmyndastuld“ vakti mikla athygli enda raðaði hún sér í fyrsta sæti á Visir.is þann dag sem hún birtist. Fréttin fjallar um stuld bankans á vígorðinu „Reiknaðu með okkur“ sem ég kynnti fyrir Birnu Einarsdóttur og hennar nánasta samstarfsfólki, bæði skriflega og munnlega. Og eins og kunnugt er tók fjármögnunarþjónusta bankans (Ergo) upp umrætt vígorð og beitti sömu hugmyndafræði og ég hafði rækilega kynnt fyrir bankanum. Þegar ég krafði Birnu Einarsdóttur um leiðréttingu á hlut bankans gagnvart mér sá hún þann kostinn vænstan að reyna þvo hendur sínar af vansæmdinni með hraksmánarlegum hætti. Sá engan kost betri en að snúast öndverð gegn grátbólgnum staðreyndum málsins.

### Algjört minnisleysi

Þegar blaðamaður DV reyndi að forvitnast um fund minn með Birnu Einarsdóttur og markaðsdeild bankans bar hún fyrir sig algjört minnisleysi eins og hennar virðist háttur. En samt var það Birna sjálf sem boðaði mig á umræddan fund enda hafði hún mikinn áhuga á að fá kynningu á mínu markaðshugverki. En svo hlálega vildi til að í sama viðtalinu missti hún út úr sér, þegar skerpan á minnisleysið var vanstillt, að ég hefði vissulega kynnt hugmyndir mínar innan bankans en nú væri bankinn kominn með aðra auglýsingastofu! Hvernig auglýsingastofa úti í bæ tengist hugverkakynningu minni innan bankans er auðvitað ráðgáta út af fyrir sig. Það var reyndar afleitt afspurnar fyrir viðkomandi blaðamann að leyfa Birnu – sem sumir segja einhvern kunnasta vitavörð minnisleysis hér á landi – að komast upp með að vera tvísaga í sama viðtalinu. Það er því ekki að ástæðulausu að ég spyr hvort það þurfi lygamæli á bankastjóra Íslandsbanka.

Það sætir mikilli furðu að Birna Einarsdóttir geti leyft sér að bera fyrir sig minnisleysi því gera verður ráð fyrir að verklag innan Íslandsbanka sé með eðlilegum hætti. Að þeirri forsendu tekinni verður að ætla að meðan Birna gegndi stöðu markaðsstjóra hafi hún samviskusamlega skráð hjá sér hvaðan bankinn fékk hugverkakynningu varðandi markaðssókn og um hvað þær snerust. Sér í lagi þegar hún sjálf falaðist eftir kynningu eins og í mínu tilviki. Enda verður því tæpast trúað að Birna Einarsdóttir hafi stundað þá iðju að boða menn á sinn fund til að bergja af brunni hugmyndafræðilegrar uppsprettu þeirra, gert hugmyndir þeirra að sínum í fyllingu tímans, og borið svo fyrir sig minnisleysi þegar á hana hefur verið gengið.

### Hrakleg vörn

Til undrunar verður að teljast að Birna Einarsdóttir skuli álíta að varnarlegri fótfestu sé náð með því einu að ganga gleymskunni á hönd og bera fyrir sig skjöld minnisleysis. Sú hraklega vörn er að engu hafandi einfaldlega vegna þess að eftir að hún kvað upp úr um að bankinn hygðist ekki nýta sér mínar hugmyndir til markaðssóknar þá þurfti ég að beita mér af alefli til að endurheimta viðkvæm trúnaðarskjöl sem ég hafði látið Birnu í té til frekari skoðunar. Trúnaðarskjöl sem Birna Einarsdóttir lagði ríkt á að halda eftir til frekari rannsóknar. Trúnaðarskjöl sem hún hvorki hirti um að endursenda mér né að afhenda mér persónulega eftir að upp úr viðræðum slitnaði. Því verður að álykta að Birna Einarsdóttir hafi haft í hyggju að halda eftir mínum trúnaðarskjölum og hafna þeim á sama tíma! Eftir mikla eftirgangsemi af minni hálfu og ótal símhringingar var mér bent á að ég gæti sjálfur nálgast trúnaðarskjölin í höfuðstöðvum bankans.

**➜ Þegar ég mætti í höfuðstöðvar bankans til að endurheimta mín trúnaðarskjöl þá lágu þau frammi á biðstofu markaðsdeildar …**

Þegar ég mætti í höfuðstöðvar bankans til að endurheimta mín trúnaðarskjöl þá lágu þau frammi á biðstofu markaðsdeildar, rétt eins og hver önnur tímarit, galopin fyrir gesti og gangandi! Mér var svo stórlega misboðið að ég sendi þegar í stað formlegt erindi til Björns Björnssonar, þáverandi aðstoðarbankastjóra, og kvartaði undan ábyrgðarleysi Birnu Einarsdóttur og meðferð hennar á trúnaðargögnum. Ef allt er með felldu í fari Birnu Einarsdóttir ætti þessi dæmalausa uppákoma, sem var alfarið á ábyrgð hennar sjálfrar, að vera henni mjög í fersku minni. Hver man ekki eftir ákúrum frá sínum yfirmanni?

Öllum má ljóst vera að viðskiptasiðferði Íslandsbanka, með Birnu Einarsdóttur í stafni, hefur beðið hroðalegt skipbrot. Þær grafalvarlegu spurningarnar sem hljóta að brenna á mönnum eru eftirfarandi: (1) Þar sem bankastjóra Íslandsbanka er ekki treystandi fyrir trúnaðarskjölum hverjum öðrum innan bankans er þá treystandi? (2) Ef bankastjóri Íslandsbanka er marghrjáður af minnisleysi, er hann þá hæfur til að stjórna bankanum?

D3200

Nikon
At the heart of the image

Verð frá 129.995.-




Nikon School
D-SLR Intro – 2.5 klst
kynningar-námskeið
ásamt Check & Clean í
3 ár fylgir með D3200
að verðmæti 25.000.-

Nikon SCHOOL INTRO

KAUPAUKI



Innifalið í kaupum á D3200 er WU-1a tengi sem gerir kleift að fjarstýra vélinni eða senda myndir og kvikmyndir þráðlaust í snjallsímann eða spjaldtölvuna að verðmæti

**11.995.-**

Ný hágæða stafræn SLR myndavél með 24.2 Megapixla C-MOS myndflögu og 18-55VR linsu með hristivörn. GUIDE valmyndakerfið auðveldar öllum að taka betri myndir á augabragði. D-Movie kvikmyndataka í háskerpu (1920x1080p). 11 punkta sjálfvirkt fókus kerfi, hátt ljósnæmi ISO (100-6400) sem má framlengja í 12800, Live View og stórum 3" háskerpu skjá.

# I AM MERRY CLICKMAS

KAUPAUKI



Innifalið í kaupum á S3300 myndavélinni fylgir. Taska að verðmæti

**2.495.-**




Verð 22.995.-



**COOLPIX S3300 – Litrík sýn á þína veröld.** Nett og meðfærileg myndavél með 16 megapixla upplausn, NIKKOR gleiðhornslinsu, 6x optískum aðdrætti og hristivörn. Sjálfvirkar umhverfisstillingar, stór 2.7" LCD skjár og HD hreyfimyndataka. Eins fæst hún í 8 líflegum litum Taktu skemmtilegar myndir við öll tilefni.

**www.nikon.is**

Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.

**SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

**Heimilistæki** – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 – www.ht.is
**Sjónvarpsmiðstöðin** – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
**Beco** – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 – www.beco.is
**Fotoval** – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
**MAX** – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
**Reykjavik Foto** – Laugavegur 51 – 577-5900 – www.reykjavikfoto.is
**Tölvulistinn** – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

**SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI**

Hljómsýn – Akranesi; Framköllunarþjónustan – Borgarnesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Hrannarbúðin – Grundarfirði; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnvetninga – Hvammstanga; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; SR Byggingavörur – Siglufirði; Valberg – Ólafsfjörður; Kauptún – Vopnafirði; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ; Omnis – Akranes, Borgarnes og Reykjanesbæ; Nettó og Samkaupsverslanir um land allt

# Svart Sálnakarnival í Bíói Paradís

Svartir sunnudagar í Bíói Paradís sérhæfa sig í sýningu sjaldséðra og sérstæðra kvikmynda með yfirskriftinni költ og klassík.




Næsta mynd Svartra sunnudaga er hin klassíska költmynd Carnival of Souls frá árinu 1962. Myndina gerði heimildarmyndagerðarmaðurinn Hark Harvey fyrir mjög litla peninga og fékk hún mjög takmarkaða dreifingu framan af og var talin B-mynd. Það þýddi að bílabíóin voru hennar helsti sýningarstaður og eftir því sem leið á fór hún að afla sér fylgis hjá afmörkuðum hópum.

Myndin er afar sérstök, að sögn Ásgríms Sverrissonar, dagskrárstjóra Bíós Paradísar. Flokkast sem hryllingsmynd en býr yfir sérstöku andrúmslofti sem ekki ómerkari menn en David Lynch hafa sótt sér innblástur í. Hún segir frá konu sem er næstum drukknuð en kemst á þurrt land eftir þriggja tíma leit björgunarmanna. Hún ræður sig sem kirkjuorganista í litlum bæ í Utah og einkennilegir hlutir fara að gerast.

Myndin er sýnd í Bíói Paradís sunnudagskvöldið 9. desember klukkan 20.

## MERKISATBURÐIR

**1273** Tómas af Aquino hættir vinnu við höfuðrit sitt um guðfræði, Summa Theologiae, og lýkur því aldrei.

**1593** Stofnaður er yfirdómur á Alþingi og starfar hann í rúmar tvær aldir.

**1768** Encyclopædia Britannica kemur út í fyrsta sinn.

**1917** Finnland lýsir yfir sjálfstæði frá Rússlandi.

**1921** Írland lýsir yfir sjálfstæði frá Bretlandi.

**1963** Fyrstu mennirnir stíga á land í Surtsey. Eru þar á ferð þrír franskir blaðamenn. Viku síðar komast Vestmannaeyingar til Surtseyjar.

**1965** Íþróttahöllin í Laugardal er vígð og markar það þáttaskil í innanhússíþróttum og sýningahaldi á Íslandi.

**1985** Hafskip hf. er lýst gjaldþrota og er þetta stærsta gjaldþrotamál á Íslandi um langan aldur.

**1993** Debetkort eru tekin í notkun á Íslandi.



**BLENDNAR TILFINNINGAR** Best væri ef þörfin fyrir athvarfið hyrfi vegna minnkandi ofbeldis að mati Sigþrúðar Guðmundsdóttur, framkvæmdastýru Kvennaathvarfs.

# Ekkert bendir til að þörfin hafi minnkað

Kvennaathvarfið var opnað á þessum degi fyrir þrjátíu árum og verður tímamótunum fagnað á Hallveigarstöðum í dag. Þótt mikið hafi áunnist og umræðan opnast er ekkert sem bendir til að þörfin fyrir athvarfið hafi minnkað að sögn framkvæmdastýrunnar.

Við munum halda afmælisfund á Hallveigarstöðum klukkan fimm í dag í tilefni tímamótanna," segir Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins, spurð hvernig 30 ára afmæli athvarfsins verði fagnað. „Þar flytja ýmsir sem standa Kvennaathvarfinu nærri ávörp, það verður flutt tónlist, boðið upp á köku og ýmislegt skemmtilegt. Og það er öllum velkomið að koma og gleðjast með okkur."

Það er fleira á döfinni hjá ykkur, ekki satt? „Jú, fram undan eru flutningar í nýtt húsnæði. Við fórum í átakið Öll með tölu í haust til að safna peningum fyrir nýju húsnæði, eða því sem upp á vantaði. Það tókst og nú erum við búin að festa kaup á nýju húsnæði og verðum bara flutt eftir tvo mánuði eða svo." Og batnar aðstaðan mikið við flutningana? „Já, þetta er miklu stærra hús og öll aðstaða miklu betri. Fyrir nokkrum árum settust starfskonur Kvennaathvarfsins niður og gerðu þarfagreiningu á húsnæði sem hentaði starfseminni og skemmst er frá því að segja að þetta nýja hús uppfyllir öll skilyrðin sem við settum."

Hver er reynslan af starfsemi Kvennaathvarfs í þessi þrjátíu ár? „Það fylgja því auðvitað blendnar tilfinningar að fagna þrjátíu ára afmæli athvarfs fyrir konur og börn sem geta ekki búið heima hjá sér vegna ofbeldis og auðvitað hefði verið skemmtilegra að fagna því að ofbeldi væri ekki lengur þetta samfélagslega vandamál sem það er og við gætum bara skellt í lás vegna verkefnaskorts. En staðan er því miður ekki þannig og nýleg íslensk rannsókn bendir til að um 1.500 konur á Íslandi séu á hverju ári beittar líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi af hendi maka eða fyrrverandi maka. Meðan þannig er þá er svo sannarlega þörf fyrir Kvennaathvarf og aðsóknin hefur verið heldur vaxandi. Auðvitað hefur ýmislegt breyst í því hvernig athvarfið er rekið á þessum þrjátíu árum, það var rekið fyrir ákaflega lítið fé til að byrja með og það voru svo sannarlega engar venjulegar kraftakonur sem opnuðu þetta athvarf á sínum tíma enda horfum við með mikilli aðdáun til baka. Nú erum við á fjárlögum þannig að ýmislegt sem þær voru að berjast fyrir í upphafi er í höfn. Ég held líka að á þessum þrjátíu árum hafi umræðan opnast mjög mikið og vitneskja um ofbeldi í nánum samböndum aukist í samfélaginu almennt, en það slær okkur að enn þá eru margar konur fullar af skömm yfir því að þurfa að leita til okkar."

Þörfin hefur sem sagt síst minnkað? „Við sjáum því miður ekkert sem bendir til að þörfin hafi minnkað, en þjónustan hefur auðvitað breyst til dæmis erum við með ört vaxandi viðtalsþjónustu fyrir konur sem þurfa ráðgjöf og aðstoð án þess að þurfa tímabundið búsetuúrræði, við erum með sjálfshjálparhópa og neyðarsíminn á vaktinni er alltaf opinn eins og hann hefur verið í þrjátíu ár, auk þess sem það færist í vöxt að konur sæki sér ráðgjöf í gegnum tölvupóst. Þannig að eðlilega hefur ýmsilegt breyst enda hefur samfélagið breyst mikið á þrjátíu árum."

fridrikab@frettabladid.is

---

✝



Elskuleg eiginkona mín,

**GUÐRÚN ÞORGRÍMSDÓTTIR**
**Höfðabrekku 16, Húsavík,**

sem lést 28. nóvember 2012 verður jarðsungin frá Húsavíkurkirkju laugardaginn 8. desember kl . 13.00.

**Halldór Ingólfsson**
**Þuríður Halldórsdóttir** **Ólafur E. Benediktsson**
**Ingunn Halldórsdóttir** **Einar Halldór Einarsson**
**Halldór Elís Ólafsson**
**Guðbjörg Ólafsdóttir**
**Guðrún Einarsdóttir**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**VALGERÐUR STEFÁNSDÓTTIR**
**Hraunvangi 1, Hafnarfirði,**
**áður Birkimel 8a, Reykjavík,**

lést á líknardeild LSH þann 3. desember. Útförin fer fram frá Neskirkju miðvikudaginn 12. desember kl. 13. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknardeild LSH.

**Helga A. Richter** **Örlygur Richter**
**Gunnar Aðalsteinsson** **Vilborg Gunnarsdóttir**
**Stefán Aðalsteinsson** **Guðbjörg Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÞURÍÐUR ÁRNA JÓHANNESDÓTTIR**
**Dvergholti 15, Hafnarfirði,**

andaðist á Landspítala Fossvogi þriðjudaginn 20. nóvember. Útförin hefur farið fram.

**Sigurður Þór Sigurðsson** **Kristín Kjartansdóttir**
**Kjartan Sigurðsson** **María Sverrisdóttir**
**Sigurður B. Sigurðsson** **Kristín Þ. Guðmundsdóttir**
**og barnabarnabörn.**

---

✝



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýju við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar,

**GUÐFINNU GUÐMUNDSDÓTTUR**
**Baugholti 7, Keflavík.**

**Jón Ásmundsson**
**og aðrir aðstandendur.**

---

✝



Ástkær dóttir okkar og systir,

**KRISTÍN BALDURSDÓTTIR**
**meistaranemi í þýðingarfræðum,**

lést mánudaginn 3. desember.

**Baldur Guðlaugsson** **Karítas Kvaran**
**Arnaldur Skúli Baldursson**
**Ólafur Hrafnkell Baldursson**
**Þórhildur Baldursdóttir**

---

✝



Hjartkær eignkona mín og móðir okkar,

**ESTER GUÐJÓNSDÓTTIR**
**frá Skaftafelli í Vestmannaeyjum,**

lést sunnudaginn 2. desember. Útförin fer fram frá Stykkishólmskirkju laugardaginn 8. desember kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á SOS barnaþorpin eða ABC barnahjálp.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Benedikt Frímannsson**
**Rebekka, Rakel, Kristín og Líney Benediktsdætur**

---

✝



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa.

**HARALDAR M. HELGASONAR**
**fyrrverandi kaupfélagsstjóra**
**Goðabyggð 2, Akureyri.**

**Inga Lóa Haraldsdóttir** **Jón G. Gunnlaugsson**
**Helga Stefanía Haraldsdóttir** **Kjartan Kolbeinsson**
**Bergljót Ása Haraldsdóttir** **Sveinn Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**

## JÓLALEGAR VARIR

Það er töff að vera með rauðar varir í desember. Rauður litur er tákn jólanna og því ekki að nota hann á varirnar þegar haldið er á jólahlaðborðið? Þótt varalitir hafi verið frekar litlausir undanfarið er ekkert því til fyrirstöðu að breyta til á aðventunni.

GLÆSILEGUR !!
Push up fyrir myndarlegan barm
Misty - fyrir allar konur
teg MEGAN - fæst í D,DD,E,F,FF,G,GG skálum á kr. 8.680,- buxur í stíl á kr. 3.550,-
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga. 10-14 laugardaga
Vertu vinur

Eirberg
Rodalon sótthreinsun
• Gegn myglusveppi
• Eyðir lykt úr fatnaði
Opið kl. 9 - 18 • laugardaga kl. 11 - 16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is

Flottir kjólar fyrir jólin
TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777
Vertu vinur okkar á Facebook



# HLAÐBORÐ FYRIR SMÆRRI HÓPA

**HÖFNIN KYNNIR** *Veitingastaðurinn Höfnin hjálpar smærri fyrirtækjum og heimilum að halda Litlu jólin hátíðleg með því að bjóða upp á glæsilegt ekta jólahlaðborð. Maturinn er tilbúinn beint á borðið og aðeins þarf að hita sósur.*

Veitingastaðurinn Höfnin er fjölskyldufyrirtæki rekið af hjónunum Brynjari Eymundsyni og Elsu Guðmundsdóttur. Hjá þeim starfa synir þeirra, Logi yfirmatreiðslumaður og Andri sem er þjónn.

Samhliða veitingastaðnum eru þau með veisluþjónustu sem býður upp á nokkuð sem kallast Litlu jólin. „Litlu jólin eru smærri matarbakkar fyrir fjóra með glæslegum jólahlaðborðsmat en án eftirrétta og tilbúnir beint á borðið. Nóg er að vera með örbylgjuofn til að stinga sósum í en þær koma í sér ílátum," segir Brynjar.

Hugmyndin að Litlu jólunum hjá þeim hjónum á Höfninni kemur til af gamalli reynslu af jólahlaðborðum til margra ára „Við tókum eftir því að það var eftirspurn eftir minni jólahlaðborðum fyrir fyrirtæki og inn á heimili. Bakkarnir eru tilvaldir eftir vinnu á kaffistofuna, heimilið, í fjölskylduboðið, vinahópinn eða hvar sem hópur fólks er samankominn."

Á Litlu jólamatarbökkunum er flest það að finna sem gott jólahlaðborð þarf að bjóða: síld, lax, kalkúnabringa, hamborgarhryggur, hangikjöt, paté, kartöflur og uppstúf, rauðvínssósa, eplasalat og fleira góðgæti. „Við erum aðeins með fyrsta flokks hráefni og bakkarnir eru glæsilega útbúnir og skreyttir. Það kemur ekkert annað til greina en að allt líti vel út, enda skiptir það miklu máli er halda skal veislu."

Panta þarf matarbakka Litlu jólanna með góðum fyrirvara, eigi síðar en tveimur dögum áður.

**LITLU JÓLIN**
Hér er Brynjar ásamt sonum sínum, Loga og Andra, með glæsilegu matarbakkana sem kallast Litlu jólin.
MYND/VILHELM

## PÖNTUN

***Hægt er að panta Litlu jólin á heimasíðu Hafnarinnar www.hofnin.is eða í síma 5112300.***



2x90x200 cm með okkar bestu IQ heilsudýnu Verð aðeins kr. 349.900
12 mán. vaxtalausar greiðslur*
GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ
GÓÐUR SVEFN ER HEILSUBÓT
Hafðu það gott um jólin!
Þú færð jólagjöfina hjá okkur
Úrval af sænguverasettum, sloppum, koddum o.fl.
Baldursnesi 6 - Akureyri
Listhúsið - Reykjavík
*3.5% lántökugjald
20% afsláttur
Jólagjöfin í ár
Hágæða sængurverasett og sloppar - Mikið úrval
Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is
Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum



**Í JÓLAPEYSUM** Starfsmenn í morgunþættinum Morning Live á sjónvarpsstöðinni CTV í Kanada mættu í þáttinn í ljótu peysunum sínum.

# LJÓTA JÓLAPEYSAN Á MARGA AÐDÁENDUR

**SPAUGARAR** *Margir fara í jólapeysu á þessum tíma árs og flestir eru sammála um að þær séu ljótar, enda eru það yfirleitt mestu húmoristarnir sem klæðast þeim. Nýlega kom út bók um ljótar jólapeysur.*

Hver man ekki eftir Mark Darcy í jólapeysunni sinni í myndinni Dagbók Bridget Jones? Margir ráku upp hlátur þegar sú sena birtist á hvíta tjaldinu.

Nýlega kom út bókin Rock Your Ugly Christmas Sweater í Bandaríkjunum en hún skartar 200 myndum af fólki og gæludýrum í ljótum jólapeysum, vestum, kjólum og hverju öðru því sem fylgir jólum. Höfundarnir, Anne Marie Blackman og Brian Clark Howard, hafa mikinn áhuga á öllu því fyndna sem tilheyrir jólum. Anne Marie hefur haldið úti vefsíðu um þetta áhugamál sem yfir tvær milljónir manna heimsóttu um síðustu jól. Myndirnar í bókinni hafa borist höfundunum alls staðar frá í heiminum. Með hverri mynd hefur verið skrifaður skondinn texti.

Fólkið á myndunum fagnar einnig ýmsum öðruvísi hátíðum svo sem hanukkah, kwanzaa og jafnvel festivus sem hingað til hefur einungis verið til í Seinfeld-þáttunum eða þeir halda upp á jólin í júlí. Sumir klæðast fötum skreyttum með jólaljósum eða jólatónlist.

Fjölmargir halda sérstakt ljótu jólapeysupartí sem fram fara á börum, veitingahúsum, skrifstofum, kirkjum eða heimilum. Sumir ganga svo langt að verðlauna ljótustu peysuna á slíkum uppákomum. Fólk á öllum aldri tekur þátt í fagnaðinum og hefur gaman af.

Brian segir að margir njóti sín vel í ljótu jólapeysunni sinni og noti hana ár eftir ár í desember. „Þetta fólk er afslappað gagnvart því hvað öðrum finnst. Peysurnar eru bara flottari eftir því sem þær eru ljótari.“

Þeim sem hafa áhuga á ljótum jólapeysum er bent á að fara inn á vefinn RockYourUglyChristmasSweater.com, þar sem hægt er að skoða myndir. Bókina er hægt að kaupa á Amazon.

elin@365.is




**LJÓTAR PEYSUR** Bókin um ljótu jólapeysurnar sem kom út í nóvember og hefur vakið mikla athygli.



**MEÐ HREINDÝR** Mark Darcy (Colin Firth) í hreindýrapeysunni sem vakti athygli í Dagbók Bridget Jones.



**FYRIR BÖRN** Börnin eru ekki útundan þegar kemur að jólapeysum.




**LJÓTAR JÓLAPEYSUR** Þær eru sannarlega misjafnar peysurnar.



**AMMA OG AFI** Þau eru „hugguleg“ gömlu hjónin en mynd af þeim má finna í bókinni.


Cosmo



**Flottu peysurnar komnar aftur**

*Litir: Svart með gráu, grátt með dökkgráu, off white með beige*

**Verð aðeins**
**6.990 kr.**



**Kósí prjónakjóll**

*Litir: Svarblátt með gráu, rautt með svörtu*

**Verð aðeins**
**9.900 kr.**

COSMO
Kringlunni

# Hátíðartilboð

## 15-25% af völdum vörum

15 mismunandi gerðir



Handklæði
25% afsláttur




Hestarúmföt
9.990 kr (áður 12.790 kr)



Allir dúkar - 30 gerðir
25% afsláttur



Stafrófið - 20% afsláttur




Gleym mér ei - 15%




Jólavörur




Biðukolla rúmföt




Krummi rúmföt




Dúnsæng 27.490 kr




Bókamerki - 490 kr



Baðsloppar - 15%



Púðar - 25%

*Mjúka jólagjöfin fyrir alla fjölskylduna*

**Jólin eru að koma og því bjóðum við upp á jólaöl og smákökur - komdu í heimsókn.**

Tilboðin gilda fram á laugardag

Sendum frítt úr vefverslun
www.lindesign.is

Lín DESIGN

**Lín Design Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is**




**FÓLK** ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
**Jónína María Hafsteinsdóttir**
**jmh@365.is** s 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson**
**sverrirbs@365.is,** s 512 5432
**Elsa Jensdóttir**
**elsaj@365.is** s. 512-5427




LAGERSALA
Lagersala Ármúla 22 2. Hæð
Fullt af frábærum jólagjöfum á frábæru verði
Opið alla daga frá 10-17 nema miðvikudaga 10-19









# STÓLAR OG KJÓLAR

**BASICPLUS KYNNIR** *Tískuvöruverslunin Basicplus í Mosfellsbæ hefur nýlega tekið upp þá nýjung að selja hvíldarstóla. Rakel Sigurhansdóttir eigandi segir sölu húsgagna og kvenfatnaðar fara vel saman og viðskiptavinina ánægða.*

Tískuvöruverslunin Basicplus selur ekki einungis dömufatnað og fylgihluti heldur líka hvíldarstóla. „Þessir stólar hafa lengi verið til sölu í húsgagnaversluninni Valhúsgögn en nú hefur þeirri verslun verið lokað. Maðurinn minn var að reka Valhúsgögn og við vildum halda áfram að selja þessa stóla þar sem viðskiptavinir Valhúsgagna hafa borið þeim góða sögu,“ segir Rakel Sigurhansdóttir, eigandi Basicplus. „Þetta eru nettir hvíldarstólar sem eru fáanlegir í leðri og áklæði, með innbyggðum skemlum eða lausum skemli fyrir framan. Þeir eru fáanlegir rafstýrðir þannig að þeir eru góðir fyrir þá sem eiga erfitt með að standa upp. Þeir lyfta undir fólk og henta því bæði eldra fólki og þeim sem hafa lent í slysum.“

Rakel segir það passa mjög vel saman að bjóða upp á fatnað og stóla í sömu versluninni. „Við erum með stórt húsnæði sem við vildum nýta og fólk hefur verið mjög hrifið af þessari hugmynd hjá okkur. Við erum með fatnað fyrir konur á öllum aldri og í öllum stærðum og fyrir öll tækifæri. Einnig bjóðum við upp á skó, töskur og fylgihluti. Og núna hvíldarstóla. Þannig að núna kemur daman og kaupir kjól og herrann velur stól,“ segir Rakel og hlær dátt.

Verslunin er í Háholti 13-15 við hliðina á Krónunni í Mosfellsbæ, sími 517 5671. Almennur opnunartími mán.-föst. 12-18, laugardaga 12-15 en í desember 11-16.

**ALLT TIL ALLS**
Rakel Sigurhansdóttir er eigandi Basicplus þar sem sala á kvenfatnaði og húsgögnum er sameinuð í einu rými.
MYND/STEFÁN

# PEYSUR MEÐ NÖFN

**MISMUNANDI MYNSTUR** *Ullarpeysur Ásdísar Loftsdóttur/Dizu eiga sér allar einhverja ákveðna sögu og nafn. Prjónaskapurinn hefur fylgt henni frá æsku.*

Ásdís Loftsdóttir hönnuður hannar og prjónar íslenskar ullarpeysur frá grunni undir merkinu Diza. Allar peysurnar bera nöfn og er alltaf einhver saga á bak við nafnið. „Það er alltaf skemmtilegra þegar hluturinn eða flíkin á sér sögu. Þetta er eins og með fjöllin, þau eru ekkert merkileg nema þau hafi nafn,“ segir Ásdís.

„Nöfnin á peysurnar koma yfirleitt af sjálfu sér líkt og mynstrin sjálf. Ég hef til dæmis alltaf krassað eitthvað á blað þegar ég tala í síma og einhvern tíma sá ég mynstur út úr einu slíku krassi. Ég hannaði mynstur út frá krassinu og kallaði það Hrafnaspark, það kom ekkert annað til greina. Önnur peysa sem ég gerði er Útlaginn. Hún er þykk og nokkurs konar vinnuhestur, einföld og endist. Hún er fyrst og fremst ætluð til að halda hita á þeim sem klæðist henni og hentar því vel til útiverka. Nafnið, Útlaginn, blasti því við.“

Mynstrið á Útlaganum er það einfalt að við liggur að hægt sé að prjóna peysuna við kertaljós. Það á hins vegar ekki við um Saltfiskinn. „Það mynstur er einfalt og stílhreint en það er mun erfiðara að prjóna þá peysu. Hugmyndin kviknaði þegar ég rakst á umfjöllun um saltfiskverkun og stakkstæðin þar sem fiskurinn var þerraður á og úr varð saltfiskmynstrið.“

Ásdís byrjaði að prjóna á Barbiedúkkurnar sínar þegar hún var sex ára og hefur prjónið fylgt henni síðan. „Prjónið gerði mig sérstaka þegar ég var í hönnunarnáminu í Bandaríkjunum og Bretlandi þar sem fáir prjónuðu á þessum tíma. Prjónið hefur verið mitt varanlega viðhald,“ segir Ásdís og hlær.



MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Nýverið hefur hún þó fært út kvíarnar í hönnuninni og nú í lok október frumsýndi hún fatalínuna Black Sand. „Mig hefur lengi langað að fara út í fatahönnun en tók lopinn yfir á tímabili. Það var hins vegar orðið löngu tímabært að nota önnur efni og nú nota ég silki mikið. Ég geri mín eigin mynstur á efnin líka.“ Ásdís segir þó ekki skilið við ullina, draumurinn er að gefa út uppskriftabók á næsta ári. Meira á Facebook, undir Black Sand og á Woolshop.is.



**DIZA OG BLACK SAND**
Ásdís Loftsdóttir hefur lengi unnið með ullina og hannar peysur og fleira undir merkinu Diza. Hún gerði einnig fatalínu nýlega sem hún kallar Black Sand.

lilja.bjork@365.is

1972 — GRÍMSBÆR — 2012

V/ BÚSTAÐAVEG

40 ÁRA

VERIÐ VELKOMIN Á

# AFMÆLISHÁTÍÐ

Í DAG FIMMTUDAG 6. DES.

OPIÐ KL. 10-22

Heitt á könnunni · Veitingar · Spennandi tilboð

ARNA

RAKARASTOFA GRÍMS
AMERICAN CREW
AVEDA

TÍSKUVERSLUNIN SMART...

Sporið
hannyrðaverslun

ARCA ICELAND

BRAUÐ HÚSIÐ
GRÍMSBÆ

Tímadjásn
Gallery Gull

ÁRSÓL
Snyrtivöruverslun
Snyrtistofa

Skóvinnustofa Halldórs

EFNALAUGIN Grímsbæ

KOMDU Í PIZZU EÐA TAKT´ANA MEÐ HEIM
Eldofninn

10-11
Fljótlegt og þægilegt

BLÓMASMIÐJAN
SKREYTINGAR VIÐ ÖLL TÆKIFÆRI

# ALDREI SVIKIÐ LIT

**UMHVERFISVÆN HÖNNUN** *Bára Hólmgeirsdóttir fatahönnuður flutti sig nýverið um set á Laugaveginum. Öll hennar hönnun er umhverfisvæn.*

Við vorum löngu búin að sprengja utan af okkur gamla húsnæðið en vinnustofan mín er þar enn þá. Ég er rosalega ánægð með nýju búðina og í raun hafa margir komið við hjá mér núna sem lögðu ekki í að fara upp stigann á gamla staðnum," segir Bára Hólmgeirsdóttir fatahönnuður, en hún flutti nýverið verslun sína, Aftur, á Laugaveg 39. Hún tók húsnæðið í gegn á umhverfisvænan hátt.

„Allar innréttingarnar eru endurunnar eða keyptar gamlar. Það er eins með þá hönnuði sem við tökum inn í búðina, þetta eru ungir hönnuðir sem lúta sömu lögmálum og við og nota staðbundna framleiðslu," segir Bára en allur hennar fatnaður er endurunninn og því verður engin flík eins. Framleiðsla Aftur fer öll fram á Íslandi.

„Ég stjórnast af þeim efnivið sem ég get aflað, hvað er í boði og hvað ég get unnið með. Það er mjög skemmtilegt ferli og gott að hafa takmarkanir. Það verður engin flík eins þar sem ég get bara endurnýtt hverja flík einu sinni," útskýrir Bára en hún hefur unnið eftir sama lögmálinu frá árinu 1999 þegar hún stofnaði Aftur ásamt Hrafnhildi systur sinni.

„Þá voru ekki margir að fást við þetta og mörgum þótti þessi hugmynd að endurvinna föt meira að segja fráhrindandi. En það var fljótt að breytast," segir Bára og segist aldrei hafa farið út af sporinu og „svikið málstaðinn".



**ÁNÆGÐ Á NÝJUM STAÐ** „Ég hugsa þetta sem „búðina hennar Báru" með fullt af fallegum og fjölbreyttum hlutum sem ég finn um heiminn," segir Bára Hólmgeirsdóttir en meðal nýrra merkja í búðinni hennar á Laugavegi eru Raquel Allegra, UPSTATE, DS & DURGA, Pleasure Principle og InFiore. MYND/ANTON

„Nei, það er ekki í boði. Þetta er ekki auðveldasta leiðin til að vera fatahönnuður en þetta er lífsstílsákvörðun sem kemur frá hjartanu. Mitt daglega líf er svona. Öll mín fjölskylda er grænmetisætur, við eigum ekki bíl og tökum meðvitaðar ákvarðanir varðandi okkar dvöl hér á jörðinni," segir Bára og þvertekur fyrir að þetta sé lýjandi lífsstíll.

„Nei, þetta er fljótt að venjast, það er einfalt að endurvinna og í raun þægilegt að það sé ekki alltaf allt í boði alls staðar. Það er gott að kyrra hlutina eins og hægt er. Ég breyti ekki úr þessu."

**heida@365.is**






# BRESKIR KARLAR YFIRTAKA ELDHÚSIÐ

*Matreiðsluþættir í sjónvarpi hafa mikil áhrif á matreiðsluáhuga áhorfenda, sérstaklega karlmanna.*

Sagt er að leiðin að hjarta mannsins sé í gegnum magann og hefur þá verið átt við að konan eldi góðan mat ofan í karlinn sinn. Samkvæmt nýrri könnun í Bretlandi er þetta að breytast þar sem karlar eru í auknum mæli farnir að elda reglulega heima. Áhrifa gætir frá matarþáttum eins og MasterChef og Jamie's 15 Minute Meals, sem nú eru sýndir í bresku sjónvarpi. Breskir karlmenn eyða mun meiri tíma í eldhúsinu en feður þeirra gerðu. Þeir eyða 11 klukkustundum og 30 mínútum við eldamennsku í hverri viku. Samkvæmt könnuninni sjá þeir um fjórar máltíðir í viku á móti eiginkonum sínum. Um helmingur svarenda er ævintýragjarn í eldhúsinu og óhræddur við prófa ný hráefni. Þetta gerir þá að betri kokkum og margir hafa farið fram úr konum sínum á þessum vettvangi. Karlarnir eru undir miklum áhrifum frá sjónvarpskokkum á borð við Jamie Oliver, Gordon Ramsay og Nigel Slater. Það er því sannarlega ekki bara á jólum og Valentínusardeginum sem nútíma breskir karlar setja á sig svuntur.

Tveir þriðju svarenda sjá ekki einungis um eldamennskuna hversdags heldur taka þeir einnig til nesti fyrir börnin sín. Þeir telja sig elda fisk, steikur, pylsur og austurlenska rétti betur en kona sín. Þá hefur aukist að karlmenn eyði peningum í góð tæki í eldhúsið til að bæta sig í eldamennskunni. Tvö þúsund karlmenn svöruðu könnuninni en það var Daily Mail sem greindi frá.

**elin@365.is**

**MASTERCHEF ÍSLAND** Þættirnir eiga örugglega eftir að hafa áhrif á íslenska karlmenn ekki síður en þá bresku. Hér eru dómararnir, Ólafur Örn Ólafsson, Friðrika Hjördís Geirsdóttir og Eyþór Rúnarsson.

# ÓSAMSTÆÐ LÍNA ALEXIS MABILLE

Franski fatahönnuðurinn Alexis Mabille sýndi hátískulínu sína á frönsku tískuvikunni í Singapúr um liðna helgi. Línan hafði þó ekki fengið góða dóma hjá Breska Vogue eftir að hún var sýnd í París í sumar en Alexis þótti hafa leitað fanga um víðan völl. Yfirskrift línunnar var „konan er gimsteinn". Alexis Mabille er fæddur árið 1978. Hann hóf feril sinn hjá Christian Dior, Lancôme og Yves Saint Laurent áður en hann stofnaði sitt eigið tískuhús árið 2005.



# GJAFABRÉF

FIMMTUDAGUR **6. DESEMBER 2012**

**Kynningarblað**

**Heimatilbúin gjafabréf**
**Gjafabréf í flug**
**Pakkaleikir**
**Jólaskraut**
**Gildistími gjafabréfa**



# Til mömmu og pabba frá krökkunum

Heimatilbúin gjafabréf geta verið stórsniðug gjöf frá krökkunum til mömmu og pabba. Eina sem þarf að gera er að finna upp á einhverjum einföldum athöfnum sem gleðja þreytta foreldra á jólum. Systkini geta svo hjálpast að við að útbúa gjafakortið og skreyta.

Hugmyndir að gjafabréfum frá krökkunum til mömmu eða pabba:

**Heimaspa:**

Heimaspagjafakortið inniheldur slakandi bað eða fótabað. Þegar eigandinn vill leysa út gjafabréfið þarf að láta renna í bað og skella einni matskeið af grófu salti út í og einni teskeið af ólífuolíu, ásmt þremur sneiðum af sítrónu. Ef ekki er baðkar á heimilinu er hægt að útbúa fótabað í bala eða vaskafati. Þá þarf minna magn af salti, olíu og sítrónu.

**Hálftíma friður:**

Friðargjafabréfið inniheldur 30 mínútna algjöran frið og þögn. Eftir að búið er að afhenda gjafabréfið getur sá sem fékk það notað það þegar honum sýnist, en aðeins einu sinni. Þegar gjafakortinu hefur verið framvísað má ekki trufla viðkomandi á nokkurn hátt, sama hvað gengur á, nema í algjörum neyðartilfellum.

**Matartími:**

Matartímagjafabréfið felur í sér umsjón kvöldverðar og frágangs í eitt skipti. Hægt er að hafa það innifalið að eigandi gjafabréfsins velji það sem á að vera í matinn, ef þið treystið ykkur til að elda hvað sem er.

Einfaldara er þó að hafa fyrirfram ákveðna máltíð í gjafabréfinu sem þið kunnið að elda.



Heimaspa fyrir þreytta foreldra. NORDICPHOTOS/GETTY



Gjafabréf á eina máltíð og frágang á eftir er sniðugt. Passið bara að bjóða upp á máltíð sem þið treystið ykkur til að elda. NORDICPHOTOS/GETTY



Gjafabréf upp á algjöran frið í hálftíma myndi gleðja mömmu og pabba. NORDIC PHOTOS/GETTY

**Húsverk:**

Húsverkagjafabréfið felur í sér umsjón ákveðinna húsverka, til dæmis í einn dag. Einnig getur Húsverkagjafabréfið innihaldið mörg lítil gjafabréf á eitt og eitt verk sem eigandi bréfsins getur framvísað þegar honum hentar. Til dæmis uppvask, að ryksuga, fara út með ruslið, þurrka af og svo framvegis.



Húsverkagjafabréfið gæti falið í sér umsjón með einu eða fleiri húsverkum í einn dag. NORDICPHOTOS/GETTY



## *Listamánuðurinn*

Innkaup og fjárútlát eru sjaldan meiri en í desember. Þeir sem vilja koma böndum á útgjöldin og vísareikninginn ættu ekki að fara út úr húsi án þess að vera með lista, hvort sem ætlunin er að kaupa gjafir eða inn til heimilisins. Freistingarnar eru víða og listinn hjálpar til við að halda fókus.

Það er gott að skrá niður alla sem á að gefa og reyna að gera sér í hugarlund hvað á að kaupa handa hverjum áður en lagt er í hann. Til þess eru fjölmörg hjálpartæki og má nefna þann fjölda bæklinga og blaða frá verslunum vítt og breitt sem hrynja inn um bréfalúguna á hverjum degi. Við lestur þeirra kvikna hugmyndir og er jafnvel hægt að gera verðsamanburð. Þá er gott að ætla hversu miklu á að eyða og halda sig innan marka.

Þegar farið er eftir jólamatnum ber að gæta þess að vera ekki með tóman maga. Þá er næsta víst að alls kyns rándýr óþarfi slæðist með. Skrifið niður uppskriftir og rétti sem eiga að vera á boðstólum og kaupið eingöngu það sem er á listanum.






Jólapakkatilboðið á þessu verði gildir til London Heathrow, London Gatwick, Manchester, Glasgow, Kaupmannahafnar, Stokkhólms, Oslóar, Amsterdam, Frankfurt, Munchen, París og Helsinki í Evrópu og til New York, Boston, Denver, Seattle og Toronto í Norður-Ameríku.

Ferðatímabil er frá 10. janúar til og með 15. apríl 2013 (síðasti ferðadagur).
Eftir að ferðatímabili lýkur gildir jólagjafabréfið sem inneign upp í fargjöld Icelandair.

+ Kauptu jólapakka á www.icelandair.is

ICELANDAIR

* Innifalið: Flug fram og til baka, skattar og önnur gjöld. Sölutímabil er frá 23. nóv. til 24. des. 2012 kl. 18.00. Bókunartímabil jólafargjalda er frá 20. des. 2012 til og með 11. jan. 2013. Lágmarksdvöl er aðfaranótt sunnudags nema á Saga Class. Takmarkað sætaframboð. Sjá nánar á icelandair.is. Þessar ferðir gefa 3.000-16.200 Vildarpunkta. Jólafargjöld eru ekki endilega í boði í hverju flugi og sætaframboð er takmarkað.

# Rennir jólatré úr postulíni

Guðbjörg Káradóttir hefur staðið í jólatráarækt frá því í haust en hún hannar jólaskraut úr postulíni ásamt Ólöfu Jakobínu Ernudóttur

Ég byrjaði að renna jólatrén í byrjun október og er því búin að vera í jólagírnum í allt haust. Það er bara skemmtilegt, ég hefði vel getað byrjað fyrr," segir Guðbjörg Káradóttir keramikhönnuður, en hún hannar og framleiðir postulínsmuni ásamt Ólöfu Jakobínu Ernudóttur innanhússarkitekt undir heitinu Postulína.

Samstarf þeirra Guðbjargar og Ólafar hófst fyrir tveimur árum með staflanlegum kertastjaka úr postulíni og kaffikrúsum með bókstöfum á. Þá sýndu þær kúluvasann Marimo á Hönnunarmars í vor og nú í nóvember sendu þær frá sér blómavasa sem einnig er kertastjaki. Nýjustu vörurnar þeirra eru jólatrén sem ætluð eru til að standa á borði og litlir pendúlar, jólaskraut til að hengja upp.

„Þetta er allt handrennt postulín og við reynum að renna á sem fjölbreyttastan hátt. Það er til dæmis ekki hefðbundið að renna massífan hlut eins og jólatrén eru unnin, yfirleitt eru rennd opin form eins og bollar, vasar og skálar," útskýrir Guðbjörg. „Ég sé um framleiðsluna en við Ólöf vinnum alla hönnunarvinnu saman og skiptum með okkur verkum."

Pendúlarnir eru unnir upp úr jólakúlu úr postulíni eftir Guðbjörgu sem hún sýndi á sýningu Handverks og hönnunar í fyrra. Guðbjörg fékk Skúla-viðurkenningu fyrir kúluna og í framhaldinu unnu þær Ólöf staka pendúla sem hengja má upp.

„Ég kallaði þá kúlu, Gull, reykelsi og myrru og hannaði hana út frá þessum gömlu glerkúlum sem margir þekkja, sem eru mikið flúraðar og skreyttar innan í. Gull, reykelsi og myrra er einfaldari í sniðum, opin hálfkúla og inni í henni er lítill pendúll," útskýrir Guðbjörg.

> **„Þetta er allt handrennt postulín og við reynum að renna á sem fjölbreyttastan hátt.**

En á hún sjálf eitthvert uppáhaldsjólaskraut sem hún hengir upp á jólum? „Ég held auðvitað upp á eitthvað og þá vegna þess að það tengist einhverjum minningum frekar en að það þyki sérstaklega smart."

Nánar má forvitnast um Postulínu á Facebook en vörur Postulínu má meðal annars nálgast í hönnunarhúsinu ATMÓ á Laugavegi.



Guðbjörg Káradóttir keramikhönnuður rennir jólatré á verkstæðinu sínu en hún hannar undir merkinu Postulína ásamt Ólöfu Jakobínu Ernudóttur. MYND/GVA



## *Jólin í Róm*

Gjafabréf frá flugfélögum geta nýst í aðventuferð á næsta ári, til dæmis til New York, Lundúna, Parísar eða Rómar. Heimsborgirnar eru fallega skreyttar með jólatrjám og –ljósum á aðventunni. Róm er þar engin undantekning. Ítalir eru kaþólskir og jólin bera keim af því. Jólaljósin í Róm eru tendruð í lok nóvember. Frægar götur eins og Via dei Coronari, via dei Condotti, sem er ein dýrasta gata í heimi, og via Orso eru allar fagurlega skreyttar og bjóða mikið úrval af vönduðum jólagjöfum. Sömu sögu er að segja um torgið Piazza Sant'Eustachio.

Stærsti og frægasti jólamarkaður borgarinnar er á Piazza Navona en þar í kring eru aldagamlar, fallegar byggingar. Markaðstjöldin svigna undan góðgæti, jólaskrauti og heimalöguðu sætmeti. Þá er markaður listamanna áhugaverður í Artigiani sotto l'Albero en hann hefur ekki verið haldinn áður. Listamarkaðurinn verður haldinn 16.–18. desember. Þar er einnig sælkerajólamarkaður (slow food) um helgar.

Skemmtilegt er að labba á milli litlu verslananna sem bjóða eigin hönnun. Mikil jólastemning er í gangi við spænsku tröppurnar. Þá er um að gera að smakka ítalskan jólamat. Panettone er ljúffeng ítölsk jólakaka en oft er hægt að fá hana í sælkerabúðum hér á landi. Torrone er algengur eftirréttur á jólum við Miðjarðarhafið en hann er gerður úr núggati, hunangi, sykri, eggjahvítum, hnetum og möndlum.




**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512-5432
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.

# KAFFI &KAFFIVÉLAR

**Kynningarblað** Kaffidrykkir, kaffimálverk, kaffivarningur og fróðleikur.






Leifur Örn Leifsson og félagar hans hjá Selecta bjóða viðskiptavinum að koma og skoða kaffivélar og bragða kaffi og kaffidrykki í nýrri sýningaraðstöðu í Fossaleyni. MYND/PJETUR

# Ný og glæsileg sýningaraðstaða

**Ný sýningaraðstaða var tekin í notkun hjá Selecta á Íslandi nýlega. Þar má sjá á einum stað allar kaffi- og vatnsvélar sem leigðar eru út á þjónustusamning til viðskiptavina. Auk þess sem hægt er að prófa mismunandi tegundir af kaffi í mismunandi vélum.**

Í nýrri sýningaraðstöðu Selecta í Fossaleyni geta viðskiptavinir séð á einum stað allan þann vélbúnað sem fyrirtækið leigir út á þjónustusamning til viðskiptavina. Þar gefst kostur á að prófa mismunandi tegundir af kaffi og mismunandi vélbúnað.

## Eitthvað fyrir alla

„Hver og einn getur auðveldlega fundið út hvað hentar hans fyrirtæki með því að koma til okkar og sjá allar vélar sem við bjóðum í notkun. Við erum með fjölbreytt úrval af bæði vélum og kaffitegundum," segir Leifur Örn Leifsson, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Innness en Selecta á Íslandi er hluti af fyrirtækjaþjónustu Innnes ehf. Selecta býður heildarlausnir í drykkjum fyrir vinnustaði. Hvort sem um er að ræða móttökusvæði fyrir viðskiptavini, kaffi- og drykkjarstöðvar á vinnusvæði, afkastamikinn vélbúnað fyrir stór mötuneyti eða litlar vélar fyrir hárgreiðslustofur þá hefur Selecta lausnina.

„Það fer eftir vinnustöðum hvaða lausnir henta. Við bjóðum allt frá rekstrarlega hagkvæmum lausnum að kaffihúsagæðum og allt þar á milli. Fyrir afkastamikil kaffi- og veitingahús bjóðum við fullkomnar greipavélar frá Ítalíu auk fylgihluta og kennslu fyrir starfsfólk til að tryggja rétta meðhöndlun og rétt gæði á kaffinu. Fyrir almenna vinnustaði, minni veitingahús og hótel bjóðum við fjölbreytt úrval af vélum sem henta starfseminni," segir Leifur.

## Hagkvæmir þjónustusamningar

„Við erum með allt frá einföldum vélum þar sem hægt er að búa til hefðbundið kaffi upp í að vera vélar þar sem hægt er að laga alls kyns tegundir af kaffi og kaffidrykkjum, til dæmis macchiato, cafe latte, cappucino og kakó."

Selecta býður upp á fjölbreytt úrval af kaffitegundum. „Við erum stórir innflytjendur á kaffitegundum eins og Gevalia, Maxwell House, Cellini sem er ítalskt hágæðakaffi og vinsælum sérblöndum frá ýmsum framleiðendum ásamt lífrænt ræktuðum baunum og „fairtrade" kaffi."

„Það er um að gera að hafa samband við sölufulltrúa okkar og koma í heimsókn í þessa glæsilegu sýningaraðstöðu og sjá það úrval sem við bjóðum, fá að bragða á mismunandi kaffidrykkjum og komast að því hvað hentar best. Fyrir flest fyrirtæki er hagkvæmt að gera þjónustusamning við Selecta, hægt er að breyta um vélbúnað ef vinnustaðurinn breytist, stækkar eða minnkar og viðskiptavinurinn er ekki bundin af vélum sem henta illa núverandi starfsemi," segir hann.



Selecta býður heildarlausnir í drykkjum fyrir vinnustaði.

## Ávextir í áskrift

„Einnig langar mig að minnast á nýjung sem við vorum að byrja með í þessari viku en það eru ávextir í áskrift. Nú býðst viðskiptavinum Selecta að fá girnilega ávexti í áskrift en hægt er að velja úr mismunandi tegundum af ávaxtakörfum sem henta öllum. Þetta er tilvalið fyrir öll fyrirtæki og stofnanir sem vilja hafa hollustuna í fyrirrúmi."

# Bragðgóðir drykkir fyrir alla

**Kaffivélin frá NESCAFÉ Dolce Gusto hefur notið mikilla vinsælda hérlendis undanfarið. Vélin býður upp á mikið úrval fjölbreyttra kaffi-, súkkulaði- og tedrykkja. Hún er afar einföld í notkun og auk þess mjög sparneytin.**

Nýju kaffivélarnar frá NESCAFÉ Dolce Gusto, eru umtöluðustu kaffivélarnar á Íslandi í dag. Þær fást í nokkrum tegundum og hægt er að búa til allt að 30 tegundir drykkja með þeim. Kaffivélarnar eru einfaldar í notkun og með nýrri tækni. Kerfið byggir á kaffihylkjum og vélum sem þrýsta vatni í gegn með þrýstingi sem nemur allt að 15 börum en það tryggir gæði kaffisins. Vélin er sérstaklega hentug fyrir fjölskylduna því í henni má laga úrval kaffi- og súkkulaðidrykkja auk ólíkra tedrykkja. Dolce Gusto-kaffivélarnar fást í flestum raftækjaverslunum landsins, þ.á m. í Heimilistækjum og Elko, en það er Ölgerðin sem sér um dreifingu kaffidrykkjanna og sér auk þess um markaðssetningu kaffivélanna hérlendis.




Ásgeir Magnússon, vörumerkjastjóri hjá Ölgerðinni, segir Dolce Gusto-kaffivélarnar bæði auðveldar í notkun og mjög sparneytnar. „Það líða aðeins 30 sekúndur frá því kveikt er á vélinni og þar til hún er tilbúin og að notkun lokinni slekkur vélin á sér sjálf eftir 20 mínútur ef gleymist að slökkva á henni. Drykkjarhylkjunum er stungið í vélina og hún býr til eftirlætisdrykkinn á örskömmum tíma. Ef kaffidrykkur er valinn er auðvelt að velja styrkleika kaffisins og klæðskerasauma þannig drykki að þörfum hvers og eins.“ Ásgeir segir vélina auk þess stöðva sig sjálfkrafa þegar lögunin er búin og hana sé einfalt að þrífa ef vel er með hana farið.

## Vinsælustu drykkirnir

Eins og fyrr segir eru tæplega þrjátíu drykkir í boði. Þeirra á meðal eru margir af vinsælustu kaffidrykkjum heims eins og cappuccino, espresso, café au lait og latte macchiato. NESCAFÉ Dolce Gusto-kaffihylkin innihalda baunir frá Suður- og Mið Ameríku, Afríku og Asíu. Baunirnar eru handtíndar, hreinsaðar, ristaðar og malaðar. Hvert hylki er lofttæmt og innsiglað til að halda kaffinu fersku og bragðmiklu frá pökkun yfir í bolla neytandans. „Svo má nefna tvo ljúffenga drykki fyrir börn og unglinga, sem eru súkkulaðidrykkirnir chococino og nesquik. Þeir eru reyndar svo ljúffengir að fólk á öllum aldri drekkur þá enda afar bragðgóðir súkkulaðidrykkir.“ Ásgeir bendir á að vélin búi ekki einungis til heita drykki heldur líka kalda drykki eins og íste.

Fjórar gerðir af Nescafé Dolce Gusto-kaffivélum eru til hérlendis í ólíkum litum og útliti og í mismunandi verðflokkum. Ásgeir segir að þær geti þó allar útbúið sömu drykkina og munurinn felist helst í útliti og stærð vatnstanka. „Vélarnar eru á verðbilinu 15–35.000 kr. sem verður að teljast mjög gott verð miðað við notagildi þeirra. Þær hafa allar 15 bara þrýsting sem þýðir að nýtingin á kaffinu er eins og best verður á kosið.“



Með nýju kaffivélunum frá NESCAFÉ Dolce Gusto er hægt að búa til allt að 30 tegundir drykkja. MYND/ANTON

## Jólagjöfin í ár

Sem fyrr segir fást kaffivélarnar í flestum raftækjaverslunum landsins en bragðtegundirnar sjálfar er einnig hægt að kaupa í mörgum matvöruverslunum. „Ég geri ráð fyrir að Dolce Gusto-kaffivél verði að teljast ein albesta jólagjöfin í ár enda mjög fjölskylduvæn kaffivél sem gerir öllum fjölskyldumeðlimum kleift að velja sér drykk við sitt hæfi.“

Ölgerðin hefur vakið eftirtekt fyrir skemmtilega markaðsherferð kaffivélarinnar á Facebook, á slóðinni Facebook.com/nescafedolcegustoisland. Tæplega 6.500 manns fylgja síðunni eftir en þar má meðal annars finna skemmtilegan og gagnlegan fróðleik um vélina og þær bragðtegundir sem í boði eru.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmenn auglýsinga: Benedikt Freyr Jónsson, benediktj@365.is, s. 512-5411 Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.





GLEÐILEGA HÁTÍÐ

2012



# HÁTÍÐ Í MIÐBORG OG BÆ

## Reykjavík – jólaborgin okkar

Jólapakkar borgarinnar eru fullir af fjölbreyttum og skemmtilegum viðburðum í desember á höfuðborgarsvæðinu öllu.

Upplýsingar um innihald þeirra auk ítarlegs viðburðadagatals eru á nýjum jólavef borgarinnar visitreykjavik.is/christmas.

## Jólavættir fara á kreik

6. des. — Ratleikur Jólavætta
Jólavættir fara á kreik á húsveggjum.
Ratleikurinn fáanlegur í fjölmörgum verslunum miðborgarinnar.

*Jólagjöfin sem öllum hugnast!*

**Munið Gjafakort Miðborgarinnar okkar.**
Fáanlegt í öllum bókaverslunum miðborgar.



**Miðborgin okkar**
— þar sem jólahjartað slær.
www.midborgin.is



Brandenburg

# JÓLAHÁTÍÐ.IS Í MIÐBÆ REYKJAVÍKUR


**Pipar og Salt** – Klapparstíg 44 – 1
Pipar og Salt - er sérverslun sem hefur 25 ára reynslu að selja breskar sælkeravörur fyrir jólin og fallega skandinavíska jólavöru.

**Lundinn verslun** – Skólavörðustíg 10 – 2
www.puffin.is
Minjagripaverslun sem býður upp á gott úrval minjagripa, fatnaðar og gjafavöru hvaðæva af landinu. Frábær staðsetning.

**Lundinn verslun** – Hafnarstræti 5 – 3
www.puffin.is
Minjagripaverslun sem býður upp á gott úrval minjagripa, fatnaðar og gjafavöru hvaðæva af landinu. Frábær staðsetning.

**Sægreifinn** – Geirsgata 8 – 4
www.saegreifinn.is
Sægreifinn er þekktastur fyrir humarsúpuna sína en einnig býður hann upp mikið úrval grillspjóta, siginn fisk með öllu tilheyrandi. Frá 10. desember til jóla verður skata á boðstólnum alla daga.

**Sjóhatturinn** – Geirsgata 3 – 5
www.sjohatturinn.is
Öðruvísi jólagjafir. Gott úrval af fallegu íslensku handverki, ullarvörum og Icewear fatnaði.

**Kraum** – Aðalstræti 10 – 6
www.kraum.is
Aðalstræti 10, er elsta bygging miðbæjarins. Gjafavara í miklu úrvali frá yfir 200 hönnuðum.

**Sjáðu gleraugnav.** – Hverfisgötu 52 – 7
www.sjadu.is
Góð þjónusta og flott gleraugu eru okkar einkunnarorð. Komdu og hlustaðu á aðventutónleika á laugardögum kl. 14:00 og leyfðu okkur að sýna þér það nýjasta í gleraugnaheiminum.

**Gleraugnav. Sjón** – Laugavegur 62 – 8
www.sjon.is
Jólagjöfin í ár - Sjón gjafakort. Mikið úrval af gleraugum. Linsur, linsumátun og sjónmælingar.

**Sædís Gullsmiðja** – Geirsgata 5b – 9
www.saedis.com
Fallegt og vinalegt gallerý við Gömlu höfnina þar sem má finna handsmíðaða íslenska skartgripi, myndlist, keramik, íslenska hönnun í roð og kvenfatnað.

**Restaurant Rvk.** – Vesturgata 2 – 10
www.restaurantreykjavik.is
Sögufrægt húsnæði Rest. Reykjavíkur verður í glæsilegum jólabúningi yfir hátíðirnar. Komdu og njóttu gómsætrar máltíðar og upplifðu hinn sanna jólaanda, í einstakri stemmingu og glæsilegu umhverfi.

**Suomi** – Laugavegur 27 – 11
www.suomi.is
Búð full af finnskri hönnun, fallegum gjafavörum og hlýrri finnskri jólastemningu. Heimilistextíll, skór og skartgripir, jólaskraut, gamaldags jólakort, mesta úrvalið af Múmínvörum á Íslandi.

**Michelsen úrsmiðir** – Laugavegur 15 – 12
www.michelsen.is
Michelsen úrsmiðir frá 1909. Gott úrval af úrum og skarti; Michelsen, Rolex, Tudor, Romain Jerome, Movado, Armani, Fossil, Diesel, Casio, Georg Jensen og íslenskt skart.

**Gullsm. Hjálmars T** – Laugavegur 71 – 13
Fjölbreytt úrval módel-skartgripa - íslensk hágæða hönnun og framleiðsla. Við sérsmíðum einnig skartgripi eftir óskum. Við bjóðum ykkur velkomin til að kynnast fallegu úrvali jólagjafa hjá Gullsm. verslun og -verkst. Hjálmars T.

**Höfnin Restaurant** – Geirsgata 7 – 14
www.hofnin.is
Glæsileg jólaveisla í 5 liðum borin á borð. „Litlu jólin“ Smekkleg jólahlaðborð fyrir 4 afgreidd á einnota bökkum fyrir heimili, klúbba og vinnustaði.

**Húfur sem hlæja** – Laugavegi 97 – 15
www.hufursemhlaeja.is
Falleg íslensk gjafavara fyrir börn og fullorðna. Sendum pantanir um allt land úr vefverslun okkar.

**Rumputuski** – Laugavegi 61 – 16
www.rumputuski.is
Við seljum vandaðan danskan barnafatnað, aukahluti og leikföng. Merkin okkar eru Danefae, IdaT.dk, Smafólk, Sebra, Melton og Kenya – selt undir „FairTrade“. Gamalt og vinalegt umhverfi.

**Litir og föndur** – Skólavörðustíg 12 – 17
www.litirogfondur.is
Mikið úrval af myndlistarvörum og föndurvörum. Allt til skartgripagerðar

**Tösku og hanskab.** – Skólavörðustíg 7 – 18
www.th.is
Hanskar og töskur í úrvali.

**Tapashúsið** – Ægisgarði 2 – 19
www.tapashouse.is
Meira en bara máltíð. Í hinu gamla sögufræga húsi Sólfelli bjóðum við upp á einstaka spænsk–íslenska matargerð úr besta fáanlega hráefni. sem á sér enga líka.

**Fiskfélagið** – Vesturgötu 2a – 20
www.fishcompany.is
Frábær veitingastaður í yfir 100 ára gömlu húsi. Komið með í ferðalag þar sem gælt er við bragðlaukana á framandi hátt með hráefni frá láði og landi kryddað á einstakan hátt.

**Nordic Store** – Lækjargötu 2 – 21
www.nordicstore.net
Verslunin Nordic store býður upp á úrval af gæða vetrarklæðnaði. Velkomin í verslanir okkar og á heimasíðuna www.nordicstore.net Sendum um heim allan.

**Handprjónasamb.** – Skólavörðustíg 19 – 22
www.handknit.is
Við bjóðum þér að kaupa prjónavörurnar beint frá fólkinu sem prjónar þær. Allar vörur hjá okkur eru handprjónaðar á Íslandi. Handprjónasamband Íslands.


## Getur þú fundið alla jólasveinana á kortinu?



Ef þú finnur alla jólasveinana á kortinu getur þú átt möguleika á að vinna glæsilega vinninga, þar á meðal ferðavinning frá Icelandair.

**Sendu svarið á www.jolahatid.is**



## Jólatónleikar

**8.desember, 2012**
Laugatorg-Kjörgarður / 14-15
Mar Restaurant / 15-16
Laugatorg-Kjörgarður / 16-17
Maria Louisa Design / 17-18

**11.desember, 2012**
Hilton Reykjavík Nordica / 19-23
Jólakvöldverður og tónleikar með Kristjáni Jóhannssyni og óperustjörnum framtíðarinnar.
Sjá nánar á www.jolahatid.is

**15.desember, 2012**
Ingólfstorg / 14-15
Sjáðu gleraugnaverslun / 15-16
Geysir Souvenir store / 16-17

**22.desember, 2012**
Ingólfstorg / 14-15
Restaurant Reykjavik / 15-16
Skólatorg / 16-17
Icelandic Travel Market / 17-18
Skólatorg / 16-17

## Kakóstöðvar

Rauði Krossinn mun bjóða gestum og gangandi upp á kakó á eftirtöldum stöðum:
Ingólfstorg
Eymundsson
Tourist Info/Fjallamenn
Subway
Handprjónasambandið
Eva-Tískuvöruverslun
Laugatorg-Kjörgarður
Valitor

## Skýringar/Legends:

1 Verslun
2 Veitingastaður
3 Þjónusta
J Jólatónleikar
+ Kakóstöð

Rauði krossinn Reykjavík





**Púkó og smart** – Laugavegur 83 – 23
www.pukoogsmart.is
Fyrir heimilið, Hugann & Holdið, Luktir & Lúxuste, Dúkar & Dúlleri, Kjólar & Karamellur, Sultur & Svínarí, Kerti & krydderí, Náttföt & Nostalgía. Ekkert of, ekkert van, bara Púkó & smart

**Gullsm.Jezorski** – Laugavegur 48 – 28
Handsmíðaðir skartgripir síðan 1966.

**Nordic Store** – Lækjargata 2 – 24
www.nordicstore.net
Verslunin Nordic store býður upp á úrval af gæða vetrarklæðnaði. Velkomin í verslanir okkar og á heimasíðuna www.nordicstore.net Sendum um heim allan.

**Handprjónasamb.** – Laugavegur 64 – 29
www.handknit.is
Við bjóðum þér að kaupa prjónavörurnar beint frá fólkinu sem prjónar þær. Allar handprjónuðu vörurnar hjá okkur eru prjónaðar á Íslandi.

**Momo IR Fashion** – Laugavegur 42 – 25
MOMO
Við seljum flott,hágæða föt á góðu verði fyrir flottar konur á öllum aldri.

**Elding** – Ægisgarði 7 – 30
www.whalewatching.is
Skemmtileg ævintýri á sjó allan ársins hring. Í vetur er áherslan á hvalaskoðun, en siglt er daglega frá Gömlu höfninni. Einnig siglum við Viðeyjarferjunni frá Skarfabakka í Sundahöfn um helgar.

**Ísl. fjallaleiðsögum.** – Bankastræti 2 – 26
www.itm.is
Við minnum á jólagjafabréf Ísl. Fjallaleiðsögumanna sem fást í ITM, Bankastræti 2. Hvannadalshnúkur, Ísklifur, námskeið. Toppaðu með 66°Norður og Íslenskum Fjallaleiðsögumönnum.

**MAR** – Geirsgata 9 – 31
www.marbar.is
Mar er gamalt orð yfir haf, en einnig nýr veitingastaður, kaffihús og bar sem opnar í desember. MAR er í Hafnarbúðum við Gömlu höfnina og sækir innblástur til s-ameriku og s-evrópu.

**Húfur sem hlæja** – Skólavörðustíg 18 – 27
www.hufursemhlaeja.is
Falleg íslensk gjafavara fyrir börn og fullorðna. Sendum pantanir um allt land úr vefverslun okkar. www.hufursemhlaeja.is

**Geysir** – Skólavörðustíg 16 – 32
www.geysir.is
Hjá okkur finnur þú allar hlýju jólagjafirnar. Háa ullar-sokka, ullarvettlinga,ullarpeysur, ullarteppi o.s.frv. Við erum einnig með vandaðan erlendan varning frá Barbour, Hunter, Royal Republiq and Fjällräven.

Elding adventure at sea
GEYSIR
HÚFUR SEM HLÆJA
GUÐBRANDUR & JEZORSKI GULLSMIÐIR

# VIÐ ERUM...




## ... VÖKNUÐ MEÐ ÞÉR




## ... AÐ HLUSTA Á ÞIG




## ... SAMFERÐA ÞÉR




## ... GÓÐUR VINNUFÉLAGI!

BYLGJAN 989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!


Fyllum hátíðina af samtölum
og sérblönduðu gæðakaffi.
GEVALIA
Original
GEVALIA
HELA BÖNOR
NY!
SYDITALIENSK
ESPRESSO
GOTT KAFFI
FÆR FÓLK
TIL AÐ TALA
Gevalia gæðakaffi,
svo hrífandi að það talar sínu máli.
NY!
GEVALIA
MONSOON STORM
NY!
GEVALIA
ABYSSINIAN DAWN
H:N markaðssamskipti / SÍA

# Kaffi á striga

Óhapp á vinnustofu listmálarans Bergs Thorbergs í Portúgal fyrir tuttugu árum varð til þess að hann fór að mála með kaffi. Bergur lætur ekki þar við sitja heldur málar kaffiverkin á hvolfi fyrir allra augum.

Listmálarinn Bergur Thorberg málar kaffimyndir og hefur gert í fjölda ára. „Þetta byrjaði allt eftir óhapp sem ég varð fyrir á vinnustofu minni í Portúgal þar sem ég dvaldi langdvölum á árum áður. Ég var búinn að gera heila seríu af svarthvítum blekteikningum og var nokkuð ánægður með verkið. Ég verðlaunaði mig með rjúkandi kaffibolla en sullaði kaffinu svo yfir allar myndirnar. Ég þreif upp tusku og reyndi að þurrka það burt en sá fljótt að teikningarnar urðu miklu betri með kaffinu. Ég fór því að prófa mig áfram og málaði lengi vel eingöngu með kaffi. Með tíð og tíma flutti ég teikningarnar frá pappír yfir á striga því ég var hræddur um að þær myndu ekki endast. Annað hefur þó komið á daginn og fyrstu teikningarnar hafa ekkert breyst á rúmlega tuttugu árum," segir Bergur.

Mörgum þykir eflaust nógu sérstakt að mála með kaffi en Bergur lætur ekki þar við sitja og velur sannarlega ekki auðveldustu aðferðirnar við listsköpunina. „Fyrir nokkrum árum sneri ég öllu við og byrjaði að vinna kaffiverkin mín á hvolfi. Ég sný þeim ekki rétt fyrr en ég held að ég sé búinn en það má helst líkja þessu við það þegar rétthentir mála með vinstri sem gefur sérstaka ásýnd." Þegar Bergur dregur upp útlínurnar lætur hann pensilinn aldrei snerta strigann. „Til þess að það sé gerlegt verð ég að fá smá teygju á kaffið og því blanda ég það með örlítilli akrílmálningu. Útlínurnar fæ ég þannig en að öðru leyti nota ég nær hundrað prósent kaffi."



Það tengja allir við kaffi og hafa myndirnar farið víða.

Bergur er leikhúsmenntaður og hefur auk myndlistarinnar starfað mikið við leikhús. Hluti af listsköpun hans er að mála „live" og í tengslum við sýningar kemur hann fram og sýnir hvernig hann ber sig að við kaffiverkin. „Það gefur mér mest að vinna innan um og með fólki og fá viðbrögðin strax."

Kaffimyndir Bergs eru allar af fólki og oft situr það einmitt yfir kaffibolla eða saman í hnapp. „Það gerist svo margt yfir einum kaffibolla. Fólk um allan heim sameinast yfir kaffi. Það verður ástfangið og kemur jafnvel af stað heilu byltingunum. Það þekkja allir í heiminum kaffi og meira að segja Kínverjar eru farnir að drekka það. Það geta því allir tengt við myndirnar og þær hafa farið út um allan heim."

Bergur hefur búið erlendis í samtals á þriðja tug ára og ytra notaði hann Gevalíakaffi í myndirnar sínar. Hann hefur gert tilraunir með ýmiss konar kaffi en kaffið frá Gevalía hefur reynst best og notar hann það enn í dag. „Það inniheldur mestu litarefnin sem er það sem ég sækist eftir."

Sem stendur er Bergur með sýningu á verkum sínum á veitingastaðnum Obladi Oblada að Frakkastíg 8. „Það er mitt annað heimili og í desember mun ég vera þar og mála með reglulegu millibili. Áhugasamir geta þá komið og séð hvernig ég vinn. Hægt er að skoða kaffimyndirnar nánar á Facebook-síðu Bergs undir Bergur Thorberg. Netfangið hans er thorberg@thorberg.is.




Kaffihlýjan skilar sér alla leið á strigann og kaffibrúnu litatónarnir fara vel á vegg. Bergur mun mála „live" á veitingastaðnum Obladi Oblada í desember. MYND/VILHELM

## *Vert að vita um kaffi*

- Þetta byrjaði allt með dansandi geitum. Eþíópískir hirðar tóku eftir áhrifum koffíns þegar geitur sem þeir gættu urðu líflegri og virtust „dansa" eftir að þær borðuðu ber kaffiplöntunnar.
- Í upphafi var kaffi borðað. Afrískir ættbálkar blönduðu kaffiberjum við fitu og úr því urðu til nokkurs konar orkuskot sem þeir borðuðu.
- Uppgangur íslamstrúar varð til þess að auka vinsældir kaffis. Trúin bannar áfengisdrykkju en kaffi er leyfilegt að drekka.
- Havaí er eina ríki Bandaríkjanna þar sem kaffi er ræktað.
- Englandskonungur bannaði kaffihús árið 1675 þar sem hann hélt því fram að þau væru staðir þar sem fólk hittist til að brugga honum launráð.
- Sjötíu prósent þeirra sem drekka kaffi í heiminum drekka arabica-kaffi sem er milt og angandi. Hin þrjátíu prósentin drekka robusta sem er bitrara en inniheldur helmingi meira koffín en arabica.
- Kaffibaunir vaxa á trjám sem geta náð allt að tíu metra hæð en þau eru ræktuð þannig að þau ná aðeins þriggja metra hæð svo að auðveldara sé að tína af þeim.
- Kaffibaunin er í raun fræ sem er innan í rauðu beri. Berin eru tínd, þurrkuð og afhýdd þannig að það eina sem eftir verður er græn baun. Baunin er svo hituð í allt að 260 gráður og þá springur hún út. Hún er svo látin bíða í örfáar mínútur og þá springur hún aftur út en það merkir að hún sé tilbúin til að mæta örlögum sínum.
- Kaffi er sú vara sem næst mest er verslað með í heiminum. Olía er í fyrsta sæti.
- Espresso er ekki einhver sérstök tegund af kaffibaun, brennslu eða blöndu. Það er einungis ein aðferð við að hella upp á kaffi.
- Americano er kaffidrykkur sem er kenndur við bandaríska hermenn sem börðust í seinni heimsstyrjöldinni. Þeir létu blanda vatni við espresso-ið sitt til að þynna það út.





# Jólastemning hjá Flugfélagi Íslands

Flug og fögur fyrirheit um ferðalög í fjarlæga heimahaga, til ástvina í öðrum landshlutum eða um áður ókannaðar ævintýralendur er heillandi jólagjöf. Hjá **Flugfélagi Íslands** má nálgast jólagjafabréf með flugi á alla áfangastaði þess innanlands og líka til Grænlands.

Eins og undanfarin ár býður Flugfélag Íslands jólagjafabréf til sölu fyrir jólin," segir Eva Björk Guðjónsdóttir, deildarstjóri hjá Flugfélagi Íslands.

Innifalið í gjafabréfi er flug með Flugfélaginu fram og til baka á einhvern áfangastaða Flugfélagsins innanlands.

„Verði er stillt í hóf og kostar gjafabréf fyrir fullorðinn 17.900 krónur en 9.000 krónur fyrir börn á aldrinum tveggja til ellefu ára," útskýrir Eva Björk.

Hægt er að kaupa gjafabréf á heimasíðu Flugfélagsins, www.flugfelag.is, og fær kaupandi bréfið sent í pósti næstu daga þar á eftir.

„Þeir sem hafa hug á að gefa flugferð í jólagjöf eru minntir á að geyma það ekki fram á síðustu stundu svo gjafabréfið skili sér örugglega fyrir jól. Sé ákvörðun um gjafabréf tekin á síðustu stundu er hægt koma við á einum af afgreiðslustöðum Flugfélags Íslands og kaupa þar gjafabréf sem er afhent á staðnum," upplýsir Eva Björk.

Í ár, líkt og í fyrra, eru í boði jólagjafabréf með flugi frá Grænlandi til Íslands.

„Grænlendingar koma nú í auknum mæli í frí til Íslands og er óskandi að jólagjafabréfin slái í gegn á Grænlandi."

## Jólafrakt sparar tíma og krónur

Flugfélag Íslands er með tilboð á jólafrakt frá 6. til 20. desember. Þá kostar flug með eins til tíu kílóa pakka aðeins 1.200 krónur. Tilboðið gildir til allra áfangastaða Flugfélags Íslands innanlands. „Einfaldara verður það ekki; pakkinn fer samdægurs í flug og um leið og hann lendir fær viðtakandi sms-skilaboð um að hans bíði sending á flugvellinum," segir Eva Björk.

## Ilmandi kakó og piparkökur

Frá 17. desember og allt fram að jólum mun Flugfélag Íslands bjóða farþegum upp á ilmandi kakó og piparkökur í fluginu. „Sá árlegi viðburður hefur skapað skemmtilega jólastemningu í fluginu. Annar árlegur viðburður og hluti af jólastemningu okkar er þegar stjörnur Frostrósa fljúga með okkur um loftin blá en Flugfélagið er einmitt styrktaraðili Frostrósa," segir Eva Björk.




Eva Björk Guðjónsdóttir, deildarstjóri hjá Flugfélagi Íslands, segir aðventuna hátíðlegan og skemmtilegan tíma hjá flugfólki og farþegum þess sem allir eru í jólaskapi og á leið heim í faðm ástvina. Gjafakort Flugfélags Íslands er yndisleg jólagjöf og felur í sér fyrirheit um ferðalög á nýju ári. MYND/ANTON

## Tilhlökkun og gleði í jólaflugi

Dagana fyrir jól flytur Flugfélag Íslands marga farþega sem eru á leið heim í faðm ástvina og þá skapast sannkölluð jólastemning í flugstöðvum og um borð. „Síðustu helgina fyrir jól eru einkar margir á ferð og flugi og á aðfangadag er flogið til allra áfangastaða innanlands. Aðeins tvo daga á ári er ekkert flogið, en það er á jóladag og nýársdag."



## *Frostrósir í háloftunum*



Flugfélag Íslands er styrktaraðili Frostrósa sem í ár halda jólatónleika í Hörpu í Reykjavík og í Hofi á Akureyri. Mikil stemning ríkir um borð í flugvélum Flugfélagsins þegar söngfólkið flýgur yfir landið í vetrarbúningi og komu þeirra í flugstöðvarnar og í flugsætin er beðið með eftirvæntingu. Fyrir sunnanmenn er sannkallað jólaævintýri að eyða helgi á aðventunni í vetrarríkinu nyrðra. Ekki er amalegt að skella sér norður á tónleika Frostrósa 15. desember, smakka hangikjöt og finna jólagjafir í Jólagarðinum í Eyjafirði og enda á heimsókn til jólasveinanna í Dimmuborgum í Mývatnssveit. Uppselt er á tónleikana klukkan 19 en enn eru til miðar á tónleika Frostrósa klukkan 15 og 22.30.


JÓLAGJAFABRÉF

HÓ HÓ HÓ HÉR KEMUR JÓLI | FLUGFELAG.IS | 75 | ÁR Á FLUGI




FARSÍMAVEFUR: m.flugfelag.is | VINGUMST: facebook.com/flugfelag.islands

**FLUGFÉLAG ÍSLANDS MÆLIR MEÐ ÞVÍ** að faðma ættingja og vini sem oftast – sérstaklega um hátíðarnar. Jólagjafabréfið er einmitt rétta gjöfin fyrir þá sem þú vilt sjá oftar og líka fyrir þá sem hafa gaman af því að ferðast. Gefðu þeim sem þú elskar vængi og dekraðu síðan við þá með kakói, piparkökum, mandarínum og safaríkum sögum.

Bókun á jólapakka skal fara fram í síðasta lagi 28. feb. 2013. Ferðatímabil jólapakka er frá 5. jan. – 31. maí 2013
Frá 1. júní – 1. des. 2013 gildir jólapakkinn sem inneign upp í önnur fargjöld. Nánari skilmálar á **www.flugfelag.is**

*Innifalið: Flug fram og til baka og flugvallarskattar.
**Verð fyrir börn 2-11 ára er 9.000 kr.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

# Fallegar og fjölbreyttar skreytingar

**Ragnhildur Kristín Sigurðardóttir hefur undanfarin jól gefið vinum og vandamönnum bæði gómsætar og glæsilegar heimatilbúnar jólagjafir. Hún býr til sérhannaða nammikransa sem tengjast þeim sem eiga að fá gjöfina. Einnig býr hún til falleg handgerð kort.**

Jólagjafirnar sem Ragnhildur Kristín Sigurðardóttir gefur vinum og vandamönnum eru bæði gómsætar og fallegar á að líta. Hún hefur síðastliðin tvenn jól búið til fjölbreyttar nammijólaskreytingar. „Ég hef alltaf haft áhuga á föndri. Mamma mín var vön að gera nammikransa úr fílakaramellum fyrir jólin og ég fylgdist alltaf með henni gera þá. Ég fór svo að gera þetta sjálf og prófa mig áfram með fjölbreyttari skreytingar,“ segir Ragnhildur.

„Ég hef bæði gefið skreytingarnar sjálf í jólagjöf og svo hef ég líka búið þær til fyrir aðra til að gefa. Einnig hef ég verið að selja þær á jólamarkaðnum á Garðatorgi undanfarið, bæði í fyrra og um síðustu helgi. Skreytingarnar eru fjölbreyttar og ef ég þekki þann sem ég er að gera skreytingu fyrir þá reyni ég að tengja hana viðkomandi á einhvern hátt. Ég nota annað hvort liti, aldur eða áhugamál fólks til að finna þema fyrir skreytinguna. Til dæmis nota ég skraut sem tengist bakstri fyrir þá sem hafa gaman af því að baka og ef til vill eitthvað tengt teiknimyndafígúrum fyrir börnin.“

Nammiskreytingarnar eru ekki það eina sem Ragnhildur föndrar þessa dagana. „Ég geri handgerð kort sem eru ætluð til að merkja jólapakkana. Þetta eru þó ekki hefðbundin merkispjöld því þau eru miklu stærri og hægt að skrifa meira á þau en bara frá hverjum pakkinn er og hver á að fá hann. Ég legg mikla vinnu í hvert kort og ekkert þeirra er eins. Eins geri ég kort fyrir öll önnur tilefni,“ segir hún.

Ragnhildur er að eigin sögn mikið jólabarn og er dugleg við að skreyta heimilið fyrir jólin. „Já, já, það er bara allt tilbúið og skreytt fyrir jólin, ég þarf yfirleitt að halda aftur af mér að byrja ekki að skreyta of snemma. Ég er eiginlega nokkurs konar jólabrjálæðingur og það væri, held ég, engin jól ef ég byggi ekki á heimilinu. Mér finnst þetta skemmtilegasti tími ársins og ég tek mér meira að segja alveg frí frá vinnu í desember til að hafa nógan tíma til að búa til skreytingarnar og kortin. Mér finnst líka mjög gaman að pakka inn jólagjöfunum og skreyta þær.“

Ragnhildur verður næstu tvo laugardaga á markaðnum á Garðatorgi í Garðabæ þar sem hægt er að skoða föndrið sem hún gerir.





Ragnhildur Kristín gerir fjölbreyttar nammiskreytingar og handgerð kort sem hún gefur vinum og vandamönnum. MYND/VILHELM




Ragnhildur leggur mikla vinnu í kortin og er hvert og eitt einstakt.





## *Unnið upp úr ævintýrum*

Hönnunarteymið Hár úr hala hefur sent frá sér nýja línu veggsnaga sem ber heitið Köttur úti í mýri. Áður hafa komið út línurnar, Hani, krummi, hundur, svín og Hestur, mús, tittlingur en innblásturinn að baki snaganna er sóttur í sögur, vísur og ævintýri. Í nýju línunni eru fjórir mismunandi snagar og þá er von á hillum og hilluberum sem einnig verða unnir upp úr ævintýrum. Ólafur Þór Erlendsson, húsgagna- og innanhússarkitekt, og Sylvía Kristjánsdóttir, grafískur hönnuður, eru hönnuðirnir á bak við Hár úr hala. Nánar má forvitnast um snagana á www.harurhala.is en vörurnar fást meðal annars í Epal og Kraum.







Mikið kapp getur skapast í pakkaleikjum sem verður til þess að lífga upp á veisluna.

# Pakkaleikir í partíið

**Gjafa- og pakkaleikir geta skemmt fólki á aðventunni og í jólaboðum. Í sjálfu sér þurfa gjafirnar ekki að vera dýrar enda snúast leikirnir meira um skemmtunina eða spennuna sem felst í leiknum sjálfum.**

Það er lítið mál að útbúa skemmtilegan pakkaleik sem bæði ungir og aldnir hafa gaman að. Hér eru tvær uppástungur að slíkum leikjum.

## Margra laga pakki

Þessi leikur er fyrir fimm til tíu. Gott er þó að skipta upp í fleiri hópa og vera með fleiri gjafir ef margir eru í boðinu. Gjöfinni er pakkað inn í mörg lög af pappír, þátttakendur látnir sitja í hring og tónlist sett af stað. Þá er pakkinn látinn ganga hringinn. Þegar tónlistin er stöðvuð má sá sem heldur á pakkanum rífa utan af honum umbúðirnar. Eitt pappírslag í einu. Tónlistin er svo sett af stað og stoppuð til skiptis og pakkinn látinn ganga þar til allur pappírinn hefur verið rifinn utan af pakkanum. Hlýtur sá sem það gerir gjöfina.

Annað afbrigði af þessum leik er að setja blað með áletruðum fyrirmælum á milli gjafapappírslaga. Áletrunin gæti til dæmis verið skipun um að gala eins og hani, hoppa tíu sinnum á einum fæti eða blása upp blöðru sem væri áföst pappírnum. Þá væri líka hægt að koma fyrir smærri verðlaunum á milli laga til skiptis við skipanirnar. Þetta gerir það að verkum óvissan og spennan í leiknum eykst þar sem þátttakendur eru ekki vissir hvort fýsilegt er að fá að rífa utan af pakkanum eða ekki.

## Erfitt að opna pakka í lúffum

Þessi leikur gengur þannig fyrir sig að gestum er tilkynnt um að nú verði farið í smá leik þar sem gjöf verði opnuð. Öllum er svo boðið sæti. Því næst er lúffum eða ofnvettlingum kastað á borðið og gjöf eða veglegt gjafabréf sett í kassa svo allir sjái hver verðlaunin eru. Þá er kassanum pakkað inn í pappír, límt yfir, annað pappírslag, lím og svo framvegis. Leikurinn hefst svo á því að tveir teningar eru látnir ganga hringinn. Sá sem fyrst fær tvennu má setja á sig lúffurnar og byrja að opna pakkann. Á meðan halda hinir áfram að kasta teningunum. Þegar næsti fær tvennu skiptir hann við þann sem fyrir er. Þannig gengur leikurinn koll af kolli þar til allur pappír er farinn utan af kassanum.





## BISCOTTI Í JÓLAGJÖF

**Ítalskar biscotti-kökur** eru afar ljúffengar með kaffinu. Þær er auðvelt að baka og þær geymast vel í mánuð. Biscotti er enn fremur frábær jólagjöf handa þeim sem allt eiga.

**Það sem þarf:**

350 g hveiti
2 tsk. lyftiduft
2 tsk. mixed spice (kanill, múskat og allrahanda)
250 g sykur
3 egg, gott að hræra þau aðeins saman
Smátt rifinn börkur af einni appelsínu
85 g rúsínur
85 g þurrkuð kirsuber
50 g möndlur
50 g afhýddar pistasíur

Hitið ofninn í 180°C. Leggið bökunarpappír á tvær ofnplötur. Setjið hveiti, lyftiduft, krydd og sykur í hrærivélaskál og hnoðið saman. Þá er eggjunum bætt við og appelsínuberkinum. Þegar deigið er orðið að nokkurs konar klumpi er það hnoðað áfram með höndunum og ávöxtum, hnetum og möndlum bætt saman við. Þegar allt er blandað saman er deiginu skipt í fjóra hluta. Notið hveiti á hendurnar ef deigið er blautt.

Takið deighlutana og mótið hvern og einn eins og pylsu, um 30 cm langa. Setjið tvo hluta á hvora bökunarplötu. Ýtið aðeins á deigið með flötum lófa áður en því er stungið í ofninn. Bakað í 25 til 30 mínútur. Takið úr ofninum og kælið í nokkrar mínútur eða þar til deigið er þægilegt fyrir frekari meðhöndlun.

Lækkið hitann á ofninum í 140°C. Notið góðan brauðhníf og skerið deigið niður í kökur sem eru um 1 cm á þykkt. Leggið sneiðarnar á bökunarplötuna og bakið áfram í 15 mínútur. Snúið við og bakið aftur í 15 mínútur. Uppskriftin gefur 72 kökur.





## UPPSKRIFTABÓK MÖMMU

**Ein fegursta,** hlýlegasta og gagnlegasta jólagjöf sem móðir getur gefið uppkomnum börnum sínum er handskrifuð uppskriftabók með uppáhaldsmömmumatnum og helstu fjölskylduleyndarmálunum úr eldhúsinu heima. Slíkri gjöf fylgir sönn móðurást og umhyggja, ásamt velvilja og ósk hennar um ætíð góðar og vel heppnaðar stundir á matmálstímum framtíðar. Uppskriftabók frá mömmu er ríkulegur brunnur af dýrmætum minningum um samverustundir fjölskyldunnar og góðgæti sem aldrei brást og var alltaf jafn gómsætt.





## HÚSVERKIN Á NÝJU ÁRI

**Það þarf** ekki að kosta fúlgur fjár að gleðja sína nánustu með kærkomnu gjafabréfi og alltaf gaman að uppskera óvæntan glaðning undan jólatrénu á aðfangadagskvöld. Heillavænleg hugmynd fyrir karla sem eru of góðu vanir heima hjá sér er að útbúa snoturt gjafabréf til sinnar heittelskuðu þar sem jafnari húsverkaskiptingu er lofað á nýju ári. Það gæti falið í sér að karlinn sæi um heimilisþrifin aðra hverja viku eða innkaup og matseld um helgar. Eins er sjálfsagt að snúa dæminu við þannig að konan gefi karli sínum gjafabréf um aukin bílaþrif, garðvinnu, snjómokstur eða önnur heimilisverk sem oftar falla á karla.



## GILDISTÍMI GJAFABRÉFA

**Gjafabréf eru vinsæl jólagjöf** en það eru nokkur atriði sem fólk ætti að hafa í huga þegar fjárfest er í slíkum bréfum.

Fyrst og fremst ætti að athuga gildistíma bréfa en Neytendasamtökin telja að gildistími á gjafabréfi ætti ekki að vera styttri en fjögur ár en það er almennur fyrningarfrestur á kröfum.

Það getur hins vegar verið skynsamlegt að liggja ekki á inneignarnótum og gjafabréfum og nýta þau sem fyrst sé það mögulegt. Bæði getur andvirðið rýrnað eftir því sem tíminn líður og þá er alltaf sú hætta fyrir hendi að seljandi hætti starfsemi eða verði gjaldþrota. Fari svo er krafan í flestum tilfellum töpuð. *Heimild: ns.is, Heimasíða Neytendasamtakanna*






# SÉRSAUMA PELSA

**SMART BOUTIQUE KYNNIR** *Verslunin Smart Boutique á Laugavegi 55 býður yfir 250 gerðir af hönskum. Þar eru einnig kápur og pelsar saumaðar eftir máli eftir hönnun Katrínar Whalley, eiganda verslunarinnar.*

Við hönnum alla skinnvörur undir merkinu Smart Boutique sjálf, svo sem húfur og eyrnabönd, kápur og pelsa og erum í samstarfi við afbragðs feldskera í Evrópu sem tryggir gæði og skamman afhendingartíma. Þá erum við með eitt stærsta úrval hanska í Evrópu en við bjóðum yfir 250 gerðir af hönskum í yfir 150 litum," segir Katrín Whalley, eigandi verslunarinnar Smart Boutique á Laugavegi 55 en hún hefur starfrækt verslunina í átta ár.

„Kápurnar og pelsarnir eru úr refa- og kálfskinni og ég er með nokkrar gerðir sem fólk getur valið og mátað. Hægt er að fá pelsana og kápurnar saumaðar eftir máli ef rétt stærð er ekki til. Afgreiðslutíminn er stuttur, en þó næst það varla fyrir jólin núna," segir Katrín.

Í versluninni er að finna mikið úrval skinnvara svo sem lúffur og loðskinnskó fyrir börn úr kanínu- og sauðskinni sem njóta mikilla vinsælda. „Þær vörur hafa slegið rækilega í gegn en við höfum verið með þær frá því við opnuðum búðina. Þetta er pólskt handverk, uppháir loðskór, inniskór og lúffur fyrir litla fólkið, saumað af handverkskonum í pólsku fjallahéruðunum. Þá erum við með mikið úrval af vörum úr gervifeldi frá pólsku fyrirtæki sem heitir HAUER. Þær vörur eru á mjög góðu verði og auðvitað mun ódýrari en ekta skinnvörurnar, svo það ætti allir að finna eitthvað við sitt hæfi," segir Katrín og bendir á að tilboð verði á ákveðnum vörum fram að jólum.

„Fyrir herrana bjóðum við trefil og leðurhanska á 4.950 krónur og fyrir dömuna refaskott og leðurhanska á 9.900 krónur. Það hefur notið gífurlegra vinsælda og seldist upp í fyrra fyrir jólin. Jólatilboðin standa hjá okkur fram að jólum, eða meðan birgðir endast."



**LITAGLEÐI** Katrín Whalley, eigandi verslunarinnar, ásamt starfsstúlkum, Elzbietu og Unali. MYND/GVA

Allar vörur Smart Boutique er hægt að kaupa gegnum vefverslunina www.smartboutique.is og er frír sendingarkostnaður hvert á land sem er. Þá segir Katrín lítið mál að skipta gjöfum.

„Það er ekkert stress hjá okkur og við skiptum jólagjöfunum út allan janúar."

# STÆRSTA VERSLUNARMIÐSTÖÐ Í EVRÓPU

*Það er skemmtilegt að koma til Lundúna rétt fyrir jólin og upplifa stemninguna sem ríkir í stórborg á þessum tíma árs.*

Það þarf þó ekki endilega að arka eftir Oxford Street þar sem mikil mannmergð er í desember. Í London er stærsta verslunarmiðstöð (mall) í Evrópu með 250 verslanir og 70 veitingastaði sem nefnist Westfield Stratford City. Vöruhúsið er staðsett við innganginn á Ólympíugarðinum en þar í kring eru ótal hótel.

Helstu vörumerki er að finna í vöruhúsinu, frægar verslanir á hverju strái og má þar nefna H&M, Gap, Esprit, Forever 21, Hugo Boss, Karen Millen, M&S, Miss Selfridge, Miss Sixty, Prada, River Island, Timberland, Tommy Hilfiger svo fátt eitt sé nefnt. Þarna er ekki einungis fataverslanir, heldur einnig leikfangabúðir, skóverslanir, tækjaverslanir og matur er líka seldur þar.

Hægt er að komast til Westfield Stratford á ýmsan hátt, með neðanjarðarlestum, strætisvögnum, rútum eða leigubílum.

Ólympíuleikvangurinn er í Austur-London þar sem áður var iðnaðarsvæði. Westfield Stratford er miklu meira en venjulegt vöruhús. Arkitektúr er glæsilegur og innréttingar afar smekklegar. Viðskiptavinir geta valið um fjölbreytt veitingahús eftir að verslun er lokið; kampavínsbari, ódýran skyndimat eða lúxusveitingahús. Meðal veitingahúsa má finna ítalskan stað sem er í eigu hins þekkta Jamie Olivers. Í húsinu er eitt fullkomnasta kvikmyndahús í Englandi og keilusalur. Fyrir þá sem vilja eyða peningunum sínum í eitthvað annað en föt og mat þá er spilavíti einnig á staðnum.

Þeir sem vilja kynna sér betur þessa verslunarmiðstöð geta farið inn á vefinn: http://uk.westfield.com/stratfordcity.



**FLOTT BYGGING** Westfield Stratford-verslunarmiðstöðin er við Ólympíugarðinn í Lundúnum.







# TVÖ TONN AF LEÐRI

**MÖRG JÁRN Í ELDINUM** *Vefverslunin Dyngjan fagnaði tveggja ára afmæli sínu þann fyrsta desember með því að opna verslun á Suðurlandsbraut 10. Inn af versluninni vinnur Guðrún Sturlaugsdóttir við hönnun á vörumerkinu GASTU.*

Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir á og rekur verslunina Dyngju ásamt mágkonu sinni, Elísabetu Erlendsdóttur. Í versluninni á Suðurlandsbraut 10 er Guðrún einnig með vinnustofu þar sem hún hannar og framleiðir vörur undir merkinu GASTU sem vakið hefur töluverða athygli. Fyrir nokkrum árum var hún þó á annarri leið í lífinu. „Ég var að klára byggingatæknifræði og hafði verið að dunda mér meðfram náminu við að sauma töskur og fleira úr leðri sem ég keypti á netinu. Þar rakst ég á tvö tonn af leðri einn daginn, fór til Bandaríkjanna og keypti þau,“ segir hún. „Út frá því hélt ég svo námskeið í að sauma töskur úr leðri, opnaði vefverslunina Dyngja.is og fór að hanna ýmislegt undir merki GASTU.“

Guðrún fór snemma að sauma og stefndi á saumanám þegar hún var 16 ára. Raunin varð hins vegar önnur. „Það var fyrir tilstilli pabba og bróður míns að ég valdi praktískari leið. Fór á náttúrufræðibraut og svo í byggingatæknifræði. Ég sé þó alls ekki eftir því, enda hefur námið nýst mér vel.“

Vörur Guðrúnar eru flestar unnar úr íslenskum efnivið, einstaklega litríkar og fallegar. „Pelarnir sem ég geri eru klæddir með laxaroði frá Sauðárkróki. Þá hef ég líka verið að gera eyrnalokka, armbönd, töskur og fleira úr roði og leðri. Einnig hef ég notað hreindýraskinn.“

Markið er sett hátt og vonast Guðrún til að pelarnir muni ná meiri vinsældum. „Ég legg mesta áherslu á pelana þessa dagana og eru þeir til sölu í flugvélum Icelandair og víða annars staðar. Ef þeir ganga vel get ég einbeitt mér að frekari hönnun, enda er ég mikill frumkvöðull í mér og verð stöðugt að hafa ný verkefni.“

Þeir sem vilja skoða vörur Guðrúnar ættu að líta á heimasíðu hennar www.gastu.is eða á vinnustofuna á Suðurlandsbraut. ■ vidir@365.is



**KEYPTI TVÖ TONN AF LEÐRI** Guðrún rakst á tvö tonn af leðri á netinu einn daginn, sló til og fór til Bandaríkjanna og keypti þau. Eftir það hefur hún verið óstöðvandi. MYND/ANTON



**FLOTTIR PELAR** Pelarnir sem eru klæddir með laxaroði eru tilvaldir sem jólagjöf, bæði fyrir konur og karla.












# FRAMLEIÐA HEILSUVÖRUR OG ÁFENGI ÚR FJALLAGRÖSUM

**ÍSLENSK FJALLAGRÖS HF. KYNNA** *Gunnar Berg Viktorsson, fyrrum landsliðsmaður í handbolta og núverandi þjálfari Stjörnunnar í Garðabæ, er framkvæmdastjóri Íslenskra fjallagrasa hf. Fyrirtækið framleiðir ýmsar heilsuvörur úr íslenskum jurtum, einkum fjallagrösum. Auk þess framleiðir fyrirtækið nokkrar gerðir af áfengum drykkjum.*

Íslensk fjallagrös hf. hafa starfað frá árinu 1993 og hafa alla tíð sérhæft sig í framleiðslu á heilsuvörum og fæðubótarefnum úr íslenskum fjallagrösum. Fyrirtækið var upphaflega stofnað sem nýsköpunarfyrirtæki og var staðsett á Blönduósi. Dr. Jakob Kristjánsson er einn af stofnendum fyrirtækisins og sér enn í dag um vöruþróun og gæðaeftirlit. Hera Garðarsdóttir sér um daglegan rekstur og bókhald. Fyrirtækið hefur í mörg ár selt ýmsar hálsmixtúrur, magamixtúru og brjóstdropa úr fjallagrösum auk þess sem það hefur framleitt tvær tegundir af Soprano-hálstöflum. Einnig hafa Íslensk fjallagrös selt vinsælan Fjallagrasasnafs sem er alkóhólseyði framleitt úr fjallagrösum.

**ÍSLENSK FJALLAGRÖS**

Íslendingar hafa notað fjallagrös til lækninga í yfir þúsund ár og má segja að fjallagrös séu fyrsta meðal Íslendinga. Fjallagrös innihalda hátt hlutfall af vatnsleysanlegum fjölsykrum sem þýðir að þegar þau eru lögð í heitt vatn eða soðin myndast nokkurs konar hlaup eða slím sem verndar slímhúð magans, t.d. gegn of háum sýrum. Vegna þessa eru þau líka góð gegn ertingu og særindum í hálsi þar sem þau mýkja og vernda slímhúðina. Í fjallagrösum er líka mikið af beiskum/bitrum efnum (fléttusýrum) sem hafa mjög góð áhrif á meltinguna. Grösin eru líka auðug af trefjum og steinefnum, einkum járni og kalsíum.

Fjallagrös eru mjög styrkjandi og góð til að byggja upp orku. Áður fyrr voru þau gjarnan notuð til að byggja upp kraft eftir langvarandi veikindi. Fjallagrös eru líka mjög græðandi bæði innvortis og útvortis (magabólgur, meltingartruflanir, útvortis sár, þurr húð og exem).

**TVÆR NÝJAR VÍNTEGUNDIR**

Fyrir þremur árum komu nýir stjórnendur að fyrirtækinu og hefur veltan tvöfaldast á hverju ári frá þeim tíma. Fyrirtækið hefur unnið að því að setja nýjar vörur á markað á síðustu misserum. Gunnar Berg Viktorsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, segir nýju vörurnar hafa vakið athygli og notið nokkurra vinsælda. „Um er að ræða tvær nýjar hálsmixtúrur fyrir krakka með súkkulaði- og appelsínubragði, framleiddar úr fjallagrösum. Einnig höfum við nýlega sett á markað tvær nýjar vörur. Önnur gerðin er andoxunarmixtúra með íslenskum kræki- og aðalbláberjum en hin möluð fjallagrös í hylkjum.“

Mesta athygli hafa þó tvær nýjar víntegundir vakið, að sögn Gunnars, sem fyrirtækið hóf nýlega sölu á. Um er að ræða víntegundirnar Svartur Soprano og Lava Icelandic Bitter en báðir drykkirnir innihalda 20% vínanda og koma í mismunandi stærðum. „Lava Bitter hefur mjúkt og seiðandi bitter-bragð með engifer- og karamellubragði en Svartur Soprano er með mjúku og ljúffengu lakkrísbragði.“ Fyrirtækið hefur frá stofnun þess einnig framleitt og selt Fjallagrasasnafs. Engum litar- eða bragðefnum er bætt í snafsinn og er hann því einstök náttúruafurð sem tilvalinn er í veiðiferðina, fjallgönguna eða fyrir erlenda vini og gesti. Vörur fyrirtækisins eru seldar víða, til dæmis í lyfja- og heilsuvörubúðum, heilsuhornum matvöruverslana, flestum fríhöfnum landsins og í vínbúðum ÁTVR.



**FJÖLBREYTT ÚRVAL**
Gunnar Berg Viktorsson framkvæmdastjóri.







## SVARTUR SOPRANO BREGÐUR Á LEIK




Svartur Soprano er nýr og einstaklega vel heppnaður drykkur sem hefur hitt beint í mark hjá öllum sem hafa smakkað hann. Hann er blandaður úr sömu náttúrulegu hráefnum og hinar vinsælu Soprano-fjallagrasahálstöflur sem fyrirtækið framleiðir. Svartur Soprano inniheldur því ýmis heilsuefni úr fjallagrösum. Drykkurinn ætti því að verða vinsæll hjá ræðumönnum og söngfólki enda er hann einstaklega góður fyrir hálsinn og liðkar talandann. Svartur Soprano bregður á leik á mannamótum og er örvandi fyrir ljúfmannleg samskipti af margvíslegu tagi. Eins og Lava Bitter hefur Svartur Soprano verið í þróun hjá fyrirtækinu í nokkurn tíma. Við þróun hans og margar bragðprófanir kom í ljós að fólk sem á annað borð kann að meta lakkrískeim er mjög ánægt með bragðið. Drykkurinn inniheldur einungis 20% vínanda og er ekki þykkur heldur bæði ferskur og mildur. Svartur Soprano fæst í hálfs og eins lítra flöskum í Fríhöfnum og verslunum ÁTVR í Kringlunni, Skútuvogi og Heiðrúnu.

## LAVA ICELANDIC BITTER




LAVA Bitter er mildur drykkur sem drekka má óblandaðan en bragðast einnig sérlega vel með því að blanda hann til helminga með sódavatni, Sprite, Tonic eða appelsínudjúsi. Einnig er gott að bæta appelsínusneið út í drykkinn. Lava Bitter hefur verið í þróun í nokkur ár og er framleiddur úr vínanda sem síaður hefur verið í gegnum íslenska hraunmöl. Drykkurinn er bragðbættur með náttúrulegum bragðefnum eins og engifer og íslenskum krækiberjum sem gefa drykknum fallegan og dimmrauðan blæ. Í Lava Bitter var reynt að finna ferskt og gott bragð auk mjúka og seiðandi bitter-bragðsins sem einkennir drykkinn. Lava Bitter hefur fengið góðar undirtektir hjá þeim sem á annað borð finnst bitter-bragð gott og hentar hann einstaklega vel í ýmsa kokkteildrykki. Lava Bitter er með 20% vínanda og er seldur í 0,7 lítra flöskum. Fæst í Fríhöfnum og verslunum ÁTVR í Kringlunni, Skútuvogi og Heiðrúnu.



# DEKKJA-TILBOÐ

SVÖRUM SAMKEPPNI OG LÆKKUM VERÐ ENN MEIRA!

TOYO TIRES Harðskeljadekk | HERCULES The strong silent type | SAILUN High Performance Tires | IRONMAN TIRES

## HEILSÁRSDEKK

TILBOÐIÐ MIÐAST VIÐ FJÖGUR DEKK & UMFELGUN

| TILBOÐ | STÆRÐ | VERÐDÆMI |
|---|---|---|
| NR. 1 | 175/70 R 13 | TILBOÐ: 41.720 KR. |
| NR. 2 | 175/65 R 14 | TILBOÐ: 43.525 KR. |
| NR. 3 | 195/65 R 15 | TILBOÐ: 52.717 KR. |
| NR. 4 | 205/55 R 16 | TILBOÐ: 59.943 KR. |

Bjóðum einnig allar aðrar stærðir á frábæru verði

## JEPPASDEKK

TILBOÐIÐ MIÐAST VIÐ FJÖGUR DEKK & UMFELGUN

| TILBOÐ | STÆRÐ | VERÐDÆMI |
|---|---|---|
| NR. 1 | 215/60 R 16 | TILBOÐ: 80.601 KR. |
| NR. 2 | 235/70 R 16 | TILBOÐ: 93.078 KR. |
| NR. 3 | 235/65 R 17 | TILBOÐ: 109.078 KR. |
| NR. 4 | 255/55 R 18 | TILBOÐ: 156.441 KR. |

Bjóðum einnig allar aðrar stærðir á frábæru verði

## SMURSTÖÐ

olís

20% AFSLÁTTUR AF VINNU

Einn aðal þáttur í reglulegu viðhaldi bíls er að passa að **vélin sé smurð á réttum tíma**. Láttu okkur um að smyrja bílinn, -notum aðeins hágæða olíu frá Olís. Tökum Olískort.

TILBOÐ

Tökum Olískort.

Havoline | Castrol

## BREMSUKLOSSAR

20% AFSLÁTTUR AF VINNU

Að skipta um bremsuklossa á réttum tíma tryggir endingu bremsudiska og veitir ökumanni og farþegum aukið öryggi í umferðinni og við notkun bifreiðar.

TILBOÐ

mintex BREMSUKLOSSAR

Notum aðeins gæða bremsuklossa frá Mintex

## TOYO TIRES

driven to perform

OVERALL #1 IN CONSUMER AND MEDIUM TRUCK TIRES

FRÁBÆRT VERÐ!

Bjóðum nú Toyo harðskeljadekkin á frábæru verði.

GRAFIKER.is

**Komdu núna og fáðu fría vetrarskoðun í leiðinni!**

Í vetrarskoðun pössum við að frostlögur sé í lagi, perur og rúðuþurrkur í toppstandi. Að auki álagsprófum við rafgeyma

FRÍTT

# BÍLKÓ

Smiðjuvegi 34 |Rauð gata | www.bilko.is | *Sími 557-9110*

*Þjónustumiðstöð bílsins*

## Rafvirkjun

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

## Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273**

Blekhylki.is

Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is



**SÉRVERSLUN MEÐ NÁTTÚRUVÆNAR OG ANDLEGAR VÖRUR.**
Úrval af saltkristalslömpum, lífrænum snyrti- og húðvörum, blómadropum, himalaya baðsalti, reykelsum, ilmkertum, slökunargeisladiskum, englaspilum, o.fl. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös 12-18. Lau 12-15. S. 517-8060. www.ditto.is




**JÓLA OG NYTJAMARKAÐUR**
Allt stórt og smátt úr nudd, snyrti og veitingastofu og ríkulegri búslóð. t.d. málverk, 2 heitir pottar, 3 ísskápar, 5 sófar og fl. Opið alla daga 12-18. Sóltún 20. S. 823 8280

**ÓDÝR HEIMILSTÆKI**
Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. S. 845 5976.




**JÓLASENDINGIN ER KOMIN**
Úrval af Fjarstýrðum Þyrlum, Bílum, Módelum,Skýjaluktum,Skotveiðivörum og fl. Sendum samdægurs með póstinum. Einnig verslun í Glæsibæ - Sími 517 8878 - Tactical.is




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. Smásala. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og lau 10-16.

## Óskast keypt

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/ öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun




## Vélar og verkfæri




# HEILSA

## Þjónusta



Dóra Dröfn Skúladóttir hjúkrunarfræðingur hefur opnað samtalsmeðferðarstofu að Skipholti 50b. Með Diploma í Hugrænni atferlismeðferð. Viðtalspantanir alla daga í síma 841-7010. Netfang: hamir@simnet.is.



# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

**Dekkjahúsið**

Höfum opnað nýtt og glæsilegt hjólbarðaverkstæði í Dalbrekku kópavogi (gamla Toyota) fullt af opnunartilboðum.

Láttu sjá þig.

Dalbrekku 17 Kóp • S: 553 3100 • www.dekkjahusid.is



Start hnakkurinn

Gæði á góðu verði

tilboð 199.900 kr.

Vertu vinur okkar á Facebook, það borgar sig

TOP REITER

Ögurhvarfi 2, Kópavogi s. 565 5151

**Söluturn á góðu verði, til sölu.**



Er í 170 fm nýju húsnæði, gott grill, videóleiga, ís, lotto snakk, nammibar, og 5 spilakassar. Tekur 35 manns í sæti.

Góð innkoma, gott verð!

FYRIRTÆKJASALA ÍSL. • S: 520-3500 • www.atv.is

**Rafstilling ehf**

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is



Vorum að fá nýja sendingu af Vision Wheel 8" breiðum felgum.

www.4h.is

**Fjórhjólalagerinn**

Stapahrauni 7 • 220 Haf • S. 588 3355

**Vorum að taka upp nýja náttkjóla**

Verð frá 7.990,-



Ynja UNDIRFATAVERSLUN

Erum á Facebook

HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI

Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is

GENERAL HJÓLBARÐAR

**HÚSAVIÐGERÐIR.IS**

*Viðgerðir og viðhald fasteigna!*

*Alhliða húsaviðgerðir - Flísalagnir*
*Veggjakrotsvarnir - Múrverk*
*Fyrirbyggjandi varnir*

**Sími: 565-7070**

Fáðu ókeypis söluverðmat frá fagmönnum án nokkurra skuldbindinga

WWW. EIGNAVERDMAT.IS



Vernharð
690 7372
Verni@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
4144700

- Steypusögun
- Kjarnaborun
- Múrbrot
- Hellulagnir
- Jarðvegsvinna
- Öll almenn-verktakavinna

BROTAFL
STEINSÖGUN - BORUN - BROT

Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR
AUÐUNS

Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510

TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

Rafvirkjar - Smiðir
Flísalagnir - Múrarar
Málarar - Píparar

LP VERK ehf. BYGGINGAFÉLAG

Allar almennar húsaviðgerðir!

698 6738

www.lp-verk.is

Leitaðu tilboða þér að kostnaðarlausu!

**VARAHLUTIR**

**Iveco • Benz • Man • Renault**

***Varahlutaþjónusta***

VÉLANAUST ehf

Álhella 4 • Símar 555 6670 • 892 3996 • www.velanaust.is

**IVECO**

Viðgerðar- og varahlutaþjónusta

VélRás

Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

**SPARAÐU BENSÍN!**

Metan uppfærðu bílinn þinn

Bjóðum hátækni búnað frá Bigas International srl, einum þekktasta framleiðanda á gas búnaði fyrir bifreiðar í Evrópu. Leitið tilboða í búnað og ísetningu – sparið með Metan

Lán til allt að 48 mánaða

bigas

VélRás Velras.is • Sími: 555 6670 • Álhella 4

www.facebook/gottbón



**GOTT BÓN**

ÓDÝRT EN GOTT

Sækjum • Bónum
Skilum

Sími 776 6662
Höfði • 110 Reykjavík

**BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA ehf**

alhliða bílaviðgerðir

Tímapantanir s: 445 4540/697 4540

viðarhöfði 2 • 110 reykjavík • sími 445 4540 / 697 4540
bilathjonustabjarka@gmail.com
http//www.facebook.com/bilathjonustabjarka

**Parketslípun**

sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is

99% RYKFRÍTT

Gólflist

# Alla fimmtudaga og laugardaga

steinunnsg@365.is arnarut@365.is sigrunh@365.is

# www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

## fasteignir


**Atvinnueignir**
Löggild leigumiðlun og fasteignasala

### Lyngháls 3 – Leigutekjur!



Fasteignasölunni Atvinnueignum ehf. hefur verið falið að leita eftir tilboðum í 641,6 fm. skrifstofuhúsnæði, að hluta til rannsóknarstofa á 2.hæð að Lynghálsi 3 í Reykjavík. Eignin er í traustri langtímaleigu. **Allar upplýsingar um eignina, leigutekjur, gjöld ofl. veitir Helgi Már Karlsson, lögg. fasteignasali í s. 534-1024 / 897-7086 hmk@atvinnueignir.is.**

Eignin verður einungis sýnd þeim sem kynnt hafa sér gögnin um hana og sýnd áhugasömum samkvæmt nánara samkomulagi.

Tilboðum skal skila inn fyrir kl 16:00 þriðjudaginn 12. desember 2012 og skal miða við að afhending eignarinnar verði ekki síðar en um næstkomandi áramót.

534 1020
www.atvinnueignir.is



**EIGNAMIÐLUN**
588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík
Sala fasteigna í 55 ár — Frá 1957 — Elsta starfandi fasteignasala landsins

### Ljósheimar – í álklæddu lyftuhúsi á 5. hæð.





Rúmgóð 3ja herbergja 96,8 fm íbúð á 5.hæð í fallegu álklæddu lyftuhúsi. Góð sameign. Endurnýjað fallegt eldhús. Endurnýjað baðherbergi. Parket. Mjög gott útsýni. Mjög góð staðsetning, örstutt í góðar verslanir bæði í Skeifunni og Glæsibæ og útivistarparadísina í Laugardalnum. **Verð 22,9 m.**

**Upplýsingar á skrifstofu Eignamiðlunar í síma 588-9090 eða hjá Þórarni lögg. Fs í síma 899-1882**


## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

Heilnudd/slökunarnudd. Slakandi fyrir líkama og sál. Stjórnunudd S: 846 0202 Opið 11-18.

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Býð upp á gott slökunarnudd. Opið frá 8 til 17. Á svæði 104 sími. 669 0802.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



Turbo er týndur. Hvarf frá Gerðhömrum á laugardagsmorgun. Er geldur, örmerktur og með ól. Góð fundarlaun í boði. Ef þið hafið séð hann, vinsamlegast hafið samband í s. 693-9010/693-9007/567-6793

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði óskast

**3JA HERBERGJA ÍBÚÐ ÓSKAST**
Óska eftir 3ja herbergja íbúð eða stórri 2ja herbergja íbúð á höfuðborgarsv. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 847 3271

## Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

4ra herb. íbúð í 111 Rvk. til leigu. 170þ. á mán. Laus 2.janúar. Uppl. í S: 774 0742

Room for rent, herbergi til leigu á sv. 101 Reykjav. Uppl./ after. kl. 17:00 S. 862 1846

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 - 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## Fasteignir


FRÍTT SÖLUVERÐMAT ÁN SKULDBINDINGA
HRINGDU NÚNA



Sylvía Daníelsdóttir
Sölufulltrúi
660 7401
sylviadan@remax.is



Hörður Björnsson
Sölufulltrúi
660 8002
hb@remax.is



Haukur Halldórsson, hdl.
Löggiltur fasteignasali
haukurhalldors@remax.is

RE/MAX Alpha
SKEIFUNNI 17 • WWW.REMAX.IS


# ATVINNA

## Atvinna í boði

**MATRÁÐUR**
Kanntu að elda? Ertu eldri en 25 ára, stundvís og talar íslensku. Vantar starfsmann í mötuneyti. Hálft starf, vaktavinna.
**Nánari upplýsingar gefur Björn í S: 540 2400 virka daga.**

**KOKKUR EÐA VANUR MATREIÐSLUMAÐUR**
óskast á meðalstórt veitingahús á höfuðborgarsvæðinu.
**Umsóknir sendist á thjonusta@365.is merkt „veitingahús"**


Jói Fel


**JL HÚSIÐ - VERSLUNARSTJÓRI**
ÓSKUM EFTIR AÐ RÁÐA VERSLUNARSTJÓRA . VIÐKOMANDI ÞARF AÐ SJÁ UM ALLAN DAGLEGAN REKSTUR. ÆSKILEGT ER AÐ VIÐKOMANDI SÉ EKKI YNGRI EN 25.ÁRA OG HAFI STARFSREYNSLU ÚR BAKARÍ-KAFFIHÚSI-VEITINGASTAÐ. VIÐKOMANDI ÞARF AÐ HEFJA STÖRF SEM FYRST. VINSAMLEGA SKILIÐ UMSÓKNUM Á JOIFEL@JOIFEL.IS EÐA HAFI SAMBAND VIÐ LINDU 863-7579
**VINSAMLEGA SKILIÐ UMSÓKNUM Á JOIFEL@JOIFEL.IS EÐA HAFI SAMBAND VIÐ LINDU 863-7579**

Markaðs og þróunarst. í ferðaþj. Leitum af skapandi og sjálfst. einstakl. s. 696 9696

Verslunin Kvosin, Ingólfstorgi, óskar eftir framtíðar starfsfólki á fastar vaktir. Viðkomandi verður að vera 18 ára eða eldri, reyklaus og með mikla þjónustulund. Áhugasamir sendið uppl. og ferilsskrá á netfangið kjartan@kvosin.is

Óska eftir vönum járnamönnum. Uppl. í s. 897 1995

Óskum eftir starfskrafti á skrifstofu í 20-30% starf. Umsóknir sendist til thjonusta@365.is merkt „skrifstofa"

**ÞERNUR / HLUTASTARF**
Íbúðar hótel í miðbæ reykjavíkur óskar eftir þernum í hlutastarf um er að ræða dagvinnu og/eða helgarvinnu sem gæti hentað skólafólki. Áhugasamir sendið uppl. á netfangið unnur@apartmentk.is

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SPJALLDÖMUR 908 1616**
Opið allan sólarhringinn.


STRÁ



Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

## Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

„Hreinlega alltaf skrefi framar … ekki aðeins spennusaga heldur frábær samtímasaga um sorgir og þrár … enn ein rósin í hnappagat Arnaldar.“

STEINÞÓR GUÐBJARTSSON / MORGUNBLAÐIÐ






„Arnaldur bregst ekki.“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

„Erlendur Sveinsson er svo sannarlega ekki horfinn, hann gengur hér aftur og það fer honum vel.“

ÚLFHILDUR DAGSDÓTTIR / BOKMENNTIR.IS

„… breið saga … plottið flott.“

SIGURÐUR VALGEIRSSON / KILJAN

„Bara frábær.“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN

„… meðal hans best skrifuðu bóka.“

FRIÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

1. Metsölulisti Eymundsson
Heildarlistinn
28.11.12 – 4.12.12

1. sæti
ÍSLENSK SKÁLDVERK 25.11.–1.12.12
FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*

## KROSSGÁTA




**LÁRÉTT**
**2.** hreinsiefni, **6.** kringum, **8.** klæðalaus, **9.** hlaup, **11.** tveir eins, **12.** tárfelldu, **14.** gnægð, **16.** ekki, **17.** knæpa, **18.** angan, **20.** pfn., **21.** útungun eggja.

**LÓÐRÉTT**
**1.** veltingur, **3.** í röð, **4.** ávaxtatré, **5.** dýrahljóð, **7.** smiðjumór, **10.** stjórnarumdæmi, **13.** nam burt, **15.** rótartauga, **16.** trjátegund, **19.** skóli.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** **2.** sápu, **6.** um, **8.** ber, **9.** gel, **11.** rr, **12.** grétu, **14.** gnótt, **16.** ei, **17.** krá, **18.** ilm, **20.** ég, **21.** klak.
**LÓÐRÉTT:** **1.** rugg, **3.** áb, **4.** perutré, **5.** urr, **7.** mergill, **10.** lén, **13.** tók, **15.** tága, **16.** eik, **19.** ma.




# Skallinn

**BAKPANKAR**
Björns Þórs Sigbjörnssonar



Ætli það séu ekki tæp tíu ár síðan hárið fór að þynnast á hvirflinum á mér. Ég sá þetta fyrst þegar rakari sýndi mér aftan á mig eftir klippingu og var talsvert brugðið.

**FAGMAÐUR** í hári sagði mér að líklega stafaði þetta af stressi. Ég reyndi að róa mig; drakk te og fór í jóga. Það hafði engin áhrif. Annar fagmaður hvatti mig til að nudda á mér hvirfilinn. Það myndi auka blóðflæðið og örva hárvöxtinn. Við tók tímabil stöðugs höfuðnudds. Án árangurs.

**ÞAR** kom að ég hætti að hugsa um þetta. Þar hjálpaði að ég keypti mér rakvél og sá um hárskurðinn sjálfur. Ég þurfti því ekki að horfa á hárlausan hvirfilinn hjá rakaranum.

**VIÐ** þetta öðlaðist ég hins vegar talsverðan áhuga á hári karlmanna. Sýndu mér hárið þitt og ég skal segja þér hver þú ert, eða þannig. Hárið (skallinn, ef því er að skipta) er það fyrsta sem ég tek eftir þegar ég hitti menn í fyrsta sinn og það hefur komið fyrir að ég hef staðið sjálfan mig að því að stara á hár.

**VINIR** mínir og fjölskylda ræddu þetta skallamál aldrei við mig. Þess vegna þótti mér ansi hreint sérstakt þegar tengdapabbi tók sig til í vor og benti mér á krem sem átti að stuðla að hárvexti á skallasvæðinu. Ég prófaði það ekki en ákvað í staðinn að láta hárið vaxa. Mér datt í hug að ef það fengi að vera í friði myndi kannski eitthvað fara að gerast.

**TÍMINN** leið, hárið síkkaði og ég vonaði heitt og innilega að hvirfillinn væri ekki lengur skinnið bert.

**ÞAÐ** var svo í síðustu viku að ég var gestur í sjónvarpsþætti. Eftir að beinni útsendingu lauk fór ég heim og horfði á sjálfan mig. Það eina sem ég sá var skallinn. Meðferðin mín hafði ekki virkað. Það var talsvert áfall en ég ákvað að halda mínu striki og láta hárið vaxa áfram. Meinlegar athugasemdir frá nokkrum vinum lét ég sem vind um eyru þjóta.

**EN SVO** kom reiðarslagið. Ég frétti að söngvarinn í Skriðjöklum hefði vart mátt mæla fyrir hlátri yfir þessari sjón. Ekki hefði ég trúað að sá maður hefði slík áhrif á mig. En svona er þetta. Ég klippti mig hið snarasta og íhuga nú alvarlega að prófa þetta krem sem hann tengdapabbi var að tala um.

**ÞÚ GEFUR** mér það kannski í jólagjöf, Þórður.

## MYNDASÖGUR

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# NÝR 4BLS BÆKLINGUR

## STÚTFULLUR AF NÝJUM SJÓÐHEITUM TILBOÐUM

SMELLTU Á KÖRFUNA

NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP




Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl




## 4GB MINNISLYKILL

Glæsilegt úrval skemmtilegra minnislykla frá Satzuma nú á ótrúlegu tilboðsverði!

**FRÁ 1.990**

HENTUGT Í ALLA PAKKA




NR.1 MEST SELDI SKJÁRINN OKKAR

## 24"LED SKJÁR

Glæsilegur LED skjár þar sem glæsileg hönnun og gæði fara saman ásamt Senseye3 tækni

**29.900**

ÓTRÚLEGT VERÐ Á 24" LED

ÚRVAL! MIKIÐ ÚRVAL MYNDARAMMA AF ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM



## 8"MYNDARAMMI

Hágæða 8" myndarammi, spilar kvikmyndir, tónlist og geymir allt að 6400 ljósmyndir

**9.990**

ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR!

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer ASUS DELL hp lenovo packard bell SAMSUNG SONY TOSHIBA




## Nokkur endurfædd lög

TÓNLIST ★★★★★

**Syngið Drottni nýjan söng**
Barbörukórinn
BARBÖRUKÓRINN

Gnægð íslenskra handrita er til með kirkjulegri tónlist. Þar á meðal eru skinnblöð frá elleftu öld. Nokkrar tilraunir hafa verið gerðar til að blása lífi í söngarfinn, ýmist með því að semja ný verk sem byggjast á fornum stefjum eða flytja lögin í upprunalegri mynd – en í alls konar útsetningum. Þessar tilraunir hafa heppnast misvel eins og gengur.

Nýútkominn geisladiskur með Barbörukórnum flokkast undir svona tilraun. Kórinn var stofnaður árið 2007 og lýtur stjórn Guðmundar Sigurðssonar. Á diskinum eru lög úr íslenskum handritum, bæði kaþólskri og lúterskri tíð. Í handritunum er yfirleitt bara um einfalda laglínu að ræða, en hér hafa lögin verið útsett af Smára Ólasyni tónlistarfræðingi. Þau eru fyrst og fremst sungin, en einnig kemur orgel við sögu.

Söngurinn er fallegur, þéttur og hljómmikill. Í sjálfu sér er það þó ekki í frásögur færandi; gildi disksins er aðallega það að á honum eru lög sem sjaldan hafa heyrst. Útsetningarnar eru líka skemmtilega tærar, eðlilegar og blátt áfram. Lögin eru í mismunandi kirkjutóntegundum og hljómsetningarnar eru smekklegar og falla prýðilega að þeim.

Gildi geisladisksins er einnig fræðilegt, því með honum fylgir óvanalega veglegur bæklingur þar sem Smári fjallar um lögin. Hann segir frá tilurð þeirra, í hvaða tóntegund þau eru, o.s.frv. Tóntegundirnar eru fjölbreyttar; það er talsverð breidd í lögunum, þrátt fyrir að þau séu einföld. Þetta er athyglisverður þverskurður á íslenskri sönglist í gegnum aldirnar. Frábær útgáfa. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Óvanalega vönduð og metnaðarfull útgáfa nokkurra sjaldheyrðra laga úr íslenskum tónlistararfi.

# Furðuheimur vex á Heljarþröm

**Heljarþröm nefnist önnur bókin í þríleiknum Saga eftirlifenda eftir Emil Hjörvar Petersen. Þar er sögð saga ásanna sem lifðu af Ragnarök og baráttu þeirra við að ná tökum á heiminum á ný.**



**EMIL HJÖRVAR** Segir það hafa verið talsverða áhættu að gefa út furðusögu fyrir fullorðna sem væri jafnframt þríleikur en hún hafi borgað sig. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

➜ Í fyrri bókinni stóð ég frammi fyrir þessu mikla karlaveldi ásanna og þurfti að finna leiðir til að auka hlut kvenna.

Höður og Baldur, fyrsta bókin í skáldsagnaþríleiknum Saga eftirlifenda, kom út árið 2010. Þetta var jafnframt fyrsta skáldsaga Emils Hjörvars Petersen, sem leitaði í rann norrænnar goðafræði að yrkisefni. Höður og Baldur eru í hópi ásanna sem lifa af Ragnarök og þurfa að fóta sig í nýjum heimi. Fleiri persónur úr norrænni goðafræði koma við sögu, svo sem Váli, Víðar, Móði og Magni. Nú er komin út önnur bókin í þríleiknum, þar sem höfundurinn tekur upp þráðinn þar sem frá var horfið.

Emil Hjörvar er bókmenntafræðingur að mennt og hefur ávallt haft mikinn áhuga á furðusögum, vísindaskáldskap, einkum borgarfantasíum og heimsendabókmenntum. „Í háskólanum voru hins vegar fáir kúrsar í boði sem fjölluðu um þessar bókmenntagreinar þannig að ég hef bara lesið þær sjálfur en í meistaranáminu í Svíþjóð gat ég síðan sérhæft mig í fantasíufræðum.“

### Áhætta sem borgaði sig

En hvort kviknaði á undan, hugmyndin að skrifa furðusögu eða verk byggt á goðafræðinni?

„Ég hafði gengið með þessa hugmynd lengi að skrifa sögu út frá Heði, blinda ásnum, en þegar til kastanna kom gerði ég mér grein fyrir að hún myndi ekki virka nema sem furðusaga. Og ólíkt flestum íslenskum furðusögum ákvað ég að hún ætti að vera fyrir fullorðna. Sáralítill markaður hefur verið fyrir slíkar bækur hér á landi en það hefur smám saman verið að breytast.“

Verkið óx fljótlega í höndunum á Emil.

„Fljótlega eftir að að ég var byrjaður á fyrstu bókinni gerði ég mér grein fyrir að þetta var mun stærri saga en rúmaðist í einni bók og ákvað því að skrifa þríleik. Það var því ekki nóg með það að ég væri að skrifa furðusögu fyrir fullorðna heldur kynnti ég hana sem fyrstu bókina af þremur, sem var talsverð áhætta.“

Sú áhætta hefur borgað sig að mati Emils; Höður og Baldur fékk góðar viðtökur bæði gagnrýnenda og hefur selst vel.

„Miðað við fyrstu skáldsögu get ég mjög vel við unað og mér skilst að á bókasöfnum sé hún nánast alltaf í útláni. Framhaldsskólar hafa líka tekið bókina inn í kennslu meðfram norrænu goðafræðinni. Ég var til dæmis í Menntaskólanum við Sund um daginn, þar sem bókin er lesin í öllum bekkjum á öðru ári, að ræða við nemendur og hún virtist mælast vel fyrir.“

### Vildi auka hlut kvenna

Heljarþröm er beint framhald Haðar og Baldurs, þar sem Emil þróar persónur og heim bókarinnar enn frekar.

„Allt sem var nefnt og lagt fyrir í fyrri bókinni er tekið lengra og kafað dýpra. Ég endaði bókina á svokölluðum „cliffhanger“ þar sem Baldur vaknar í framandi framtíðarheimi og Heljarþröm tekur upp þráðinn þar sem frá var horfið. Bókin er lengri og massívari og fer með furðusagnagreinarnar mun lengra en fyrsta bókin. Hún gerist til dæmis á tveimur tímaskeiðum; á því síðara, þar sem Baldur vaknar, hefur siðmenning manna hrunið og það eru byrjuð að rísa borgríki inni í rústum höfuðborga heimsins sem kallast nú öðrum nöfnum. Það er þannig nýr furðusagnaheimur farinn að byggjast á okkar veruleika.

Eitt af því sem Emil segir hafa vakað fyrir sér í Heljarþröm var að efla hlut kvenpersóna í sögunni.

„Í fyrri bókinni stóð ég frammi fyrir þessu mikla karlaveldi ásanna og þurfti að finna leiðir til að auka hlut kvenna. Ég geri mikið úr hinni mennsku Líf, sem lifir af Ragnarök samkvæmt Völuspá, en svo vek ég upp aðrar persónur eins og veiðigyðjuna Skaða sem er mjög sterkur karakter í seinni bókinni. Það má segja að í Heði og Baldri séu konur undirokaðar af karlmönnum en í Heljarþröm fá þær uppreisn æru ef svo má segja, sem var mjög meðvitað af minni hálfu.“

### Á erlendar ráðstefnur

Saga eftirlifenda hefur ekki aðeins vakið athygli á Íslandi. Emil býr í Svíþjóð og var nýlega einn af gestahöfundum á helstu furðu- og vísindasagnaskáldsagnaráðstefnu þar í landi, sem haldin var í Uppsölum. „Þar tók ég þátt í pallborðsumræðum með sænskum furðusagnahöfundum, þar á meðal höfundum Hringsins sem er nýkomin út á Íslandi, og breska höfundinum Joe Abercrombie, sem var heiðursgestur. Ég hélt líka fyrirlestur um norræna goðafræði í furðusögu og mín eigin verk og var vel tekið. Í mars er ég svo á leiðinni á The International Conference on the Fantastic in the Arts í Flórída, þar sem mér er meðal annars boðið að lesa upp úr verkum mínum sem er frekar „kúl“.

En þýðir það að Saga eftirlifenda sé væntanleg á fleiri tungumál? „Það er mikill áhugi fyrir því og ég hef átt í viðræðum við útgefendur um það. Svo það er allt í vinnslu.“ bergsteinn@frettabladid.is




# Vill ríkisstuðning til lista

**Elizabeth Price hlaut hin virtu Turner-verðlaun fyrir myndlistarsýningu ársins.**

Elizabeth Price, sem síðastliðinn mánudag hlaut Turner-verðlaunin bresku fyrir bestu myndlistarsýningu ársins, gagnrýnir í viðtali við breska dagblaðið The Guardian þá stefnu breskra stjórnvalda að draga úr ríkisstyrkjum til kennslu í hugvísindum og listgreinum.

Price segir að hættan sé sú að það verði eingöngu á færi auðmanna að læra þessar greinar og stunda listir, opinberir sjóðir hafi reynst henni ómetanlegir í sinni listsköpun.

Price hlaut á mánudag 25.000 pund fyrir vídeóinnsetninguna The Woolworths Choir of 1979. Í verkinu, sem er 20 mínútna langt, notar Price tónlist, ljósmyndir, filmubrot og texta til þess að lýsa eldsvoða í útibúi Woolworths-verslunarinnar í Manchester 1979 þar sem tíu manns létu lífið og býr þannig til verk sem „kannar samband fólks við hluti og neyslumenningu“.

Verðlaunin eru þau virtustu í Bretlandi eru veitt listamönnum yngri en 50 ára sem að mati dómnefndar hafa sett upp bestu sýninguna undanfarna tólf mánuði.

Aðrir sem voru tilnefndir voru Spartacus Chetwynd, Luke Fowler og Paul Noble.



**PRICE OG LAW** Breski leikarinn Jude Law afhenti Elizabeth Price Turner-verðlaunin síðastliðinn mánudag.


Metsölulisti Eymundsson
Söluhæstu bækur liðinnar viku
ARNALDUR INDRIÐASON
REYKJAVÍKURNÆTUR
1
KULDI
YRSA SIGURÐARDÓTTIR
2
GÍSLI Á UPPSÖLUM
3
Ljósmyndabók um Ísland í fallegum gjafapoka!
Iceland
4
HÁRIÐ
5
Megas
6
AUÐUR JÓNSDÓTTIR
ÓSJÁLFRÁTT
7
jóla SYRPA
8
ALMANAK
2013
9
LEE CHILD
EITT SKOT
10
Limru bókin
11
UNDANTEKNINGIN
12
Þú finnur gjöfina í Eymundsson
Eymundsson
Bóksali frá 1872
140
ára

# Þetta ætti ekki að geta brugðist

**Stórtenórinn Kristján Jóhannsson heldur klassíska jólatónleika í Bústaðakirkju laugardaginn 8. desember klukkan 20 ásamt söngkonunum Auði Gunnarsdóttur og Þóru Einarsdóttur, barnakór Bústaðakirkju og hljóðfæraleikaranum Jónasi Þóri.**

„Þetta verður mjög hátíðlegt og í eins háum standard og við getum leyft okkur í þessu landi," segir Kristján Jóhannsson, sem stendur fyrir klassískum jólatónleikum í Bústaðakirkju á laugardaginn. Sérstakir gestir hans verða söngdívurnar Auður Gunnarsdóttir og Þóra Einarsdóttir, ásamt barna- og stúlknakór Bústaðakirkju. Jónas Þórir leikur undir ýmist á píanó eða orgel.

„Okkur langar að kafa svolítið djúpt í tónlistarmenninguna og leggjum okkur fram um að vera með glæsilegt efni. Ég kann ákaflega vel við Bústaðakirkju, hún hljómar vel og er með góð hljóðfæri og markmiðið er að búa til hátíðlega stemmningu eins og hún verður best á aðventunni," segir Kristján.

Fluttar verða klassískar konsertaríur og sönglög, meðal annars jólalög frá barokktímanum, að sögn Kristjáns, og Joseph Haydn verður í hávegum hafður. „Svo frumflyt ég tvö verk sem hafa verið skrifuð sérstaklega fyrir mig, nýja Ave Maríu og Agnus Dei. Ég syng líka eitthvað sem allir stórtenórar eiga og þurfa að syngja og syngja vel, eins og franska jólalagið Ó, helga nótt," lýsir Kristján og bætir við: „Auður söng með mér á jólatónleikum fyrir tveimur árum og mig langaði að fá hana aftur og Þóra er náttúrlega yndislega líka eins og öll þjóðin þekkir. Svo syngur hann með okkur stúlknakórinn í Bústaðakirkju sem hún Svava Kristín Ingólfsdóttir er með og er ofsalega fallegur. Þetta ætti ekki að geta brugðist." - gun



**Á ÆFINGU** Kristján með söngkonunum Þóru Einarsdóttur og Auði Gunnarsdóttur, ásamt undirleikaranum Jónasi Þóri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Draugar í nútíð og fortíð

BÆKUR ★★★★☆

**Kuldi**
Yrsa Sigurðardóttir
**VERÖLD**



**YRSA SIGURÐARDÓTTIR** Það er vandasamt að smíða góða draugasögu en hér tekst Yrsu betur upp en í Ég man þig, að mati gagnrýnanda.

Styrkur Yrsu Sigurðardóttur sem glæpasagnahöfundar hefur alltaf legið í stóru línunum. Hún er snjöll í að búa til sögufléttur, byggja upp spennu og leysa úr henni, oft á óvæntan hátt. Nýjasta spennusaga hennar, Kuldi, er engin undantekning frá þessu. Rétt eins og þar síðasta saga Yrsu, Ég man þig, er Kuldi sjálfstæð saga og lögmaðurinn Þóra, aðalpersóna margra fyrri sagna er fjarri góðu gamni. Fleira minnir á Ég man þig. Í Kulda er líka magnaður draugagangur sem tengir saman fortíð og nútíð.

Frásagnaraðferð sögunnar og bygging eru einföld en áhrifarík. Að frátöldum stuttum upphafskafla þar sem lýst er endalokum aðalpersónunnar og stuttum eftirmála eru tvær sögur sagðar til skiptis. Annars vegar fylgist lesandinn með Óðni Hafsteinssyni, einstæðum föður í samtímanum. Óðinn býr einn með dóttur sinni eftir að barnsmóðir hans hefur dáið af slysförum. Hann starfar hjá eftirlitsstofnun á vegum ríkisins þar sem honum er úthlutað því verkefni, eftir dauða samstarfskonu, að rannsaka vistheimili fyrir unga afbrotamenn sem rekið var af ríkinu á áttunda áratugnum.

Sagan sem fléttað er saman við sögu Óðins lýsir tilverunni á upptökuheimilinu frá sjónarhorni ungrar konu sem starfar þar, Aldísar. Fljótt kemur í ljós að þar er ekki allt með felldu og ekki er laust við að lesandann renni í grun að þar sé reimt í meira lagi. Það sama á raunar við um söguna af Óðni og dóttur hans Rán, þar virðist heldur ekki allt með felldu.





Samfléttun þessara sagna magnar upp spennu í sögunni en spennan er vel studd af sviðsetningum og persónusköpun. Persónur þessarar sögu eru ósköp venjulegt, og kannski óvenju venjulegt fólk. Óðinn er óttalegt meðalmenni og það eru flestir í kringum hann líka að því er virðist. En venjulegt fólk getur lent í óvenjulegum aðstæðum og vandamál þess, þótt hversdagsleg séu, eru áhugaverð og allir eiga sér fleiri en eina hlið. Inn í söguna fléttast líka bæði samfélagslegir þræðir og táknrænir. Hrunið er þarna einhvers staðar í bakgrunni og lesandi sem er vanur að leita eftir táknum og hulinni merkingu hlýtur að velta fyrir sér nöfnum persóna í fjölskyldu Óðins sem koma meira og minna úr norrænni goðafræði, bróðir hans heitir Baldur og dóttirin Rán.

Eins og nærri má geta tengjast sögurnar tvær meira en virðist í fyrstu. Eftir því sem líður á söguna fjölgar afhjúpunum. Sumar eru býsna fyrirsjáanlegar, aðrar verulega óvæntar eins og gengur. Það er mikið vandaverk að smíða góða draugasögu, að mati þess sem hér skrifar hefur Yrsu tekist enn betur upp með sjálfa draugasöguna en í síðustu bók. Á köflum er sagan æsispennandi og henni tekst að halda lesandanum í kitlandi óvissu um það hvort undarlegir atburðir eigi sér náttúrulegar eða yfirnáttúrulegar skýringar allt fram í sögulok. **Jón Yngvi Jóhannsson**

**NIÐURSTAÐA:** Spennandi og áhrifamikil draugasaga.

„Það er ekkert annað hægt en að hrósa þessari bók."
KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR, KILJUNNI





„Harla gott ... Merkilegt verk og upplýsandi um íslenska menningu."
ÁRMANN JAKOBSSON, PRÓFESSOR Í ÍSLENSKU

„Boxarinn er sú sem hefur heillað mig hvað mest."
ÞÓRDÍS GÍSLADÓTTIR, DRUSLUBÆKUR OG DOÐRANTAR



★★★★½
REYNIR TRAUSTASON, DV

DYNAMO REYKJAVÍK

„Mjög skemmtileg aflestrar, vel skrifuð."
SIGURÐUR G. VALGEIRSSON, KILJUNNI

Margbrotinn og breyskur faðir, misindismenn, sérstæðar konur og launbörn.

VERÖLD

# Bækur sem hitta í mark




1. SÆTI
BARNABÆKUR 25.11.–1.12.2012 BÓKSÖLULISTI

## AUKASPYRNA Á AKUREYRI

Viltu koma með á æsispennandi fótboltamót á Akureyri? Hér er líf og fjör innan og utan vallar og það eitt víst að enginn veit hvert boltinn rúllar ...

★★★★

„Höfundur kann einfaldlega að búa til grípandi frásögn sem heldur vel og hreinlega togar lesandann áfram ... Bókin er í stuttu máli sagt jafn ljómandi vel heppnuð og *Víti í Vestmannaeyjum* og stefnir í að boltabækurnar um Þróttarann Jón Jónsson komi sér fyrir á klassísku hillunni fyrir íslenskar barna- og unglingabækur.“

JÓN AGNAR ÓLASON / MORGUNBLAÐIÐ




3. SÆTI
BARNABÆKUR 25.11.–1.12.2012 BÓKSÖLULISTI

## KRAKKINN SEM HVARF

Viltu vita hvernig er að eiga brjálaðan vísindamann fyrir föður? Þorgrímur Þráinsson fer á kostum í þessari sprenghlægilegu sögu úr litlu þorpi þar sem draugar leika lausum hala og eins gott að passa sig vel á hinu óþekkta.



MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍ




**1398 KR.KG**
FRÁ KJARNAFÆÐI
NÝREYKTUR **HAMBORGARHRYGGUR**




**698 KR.KG.**
FRÁ KJARNAFÆÐI: REYKTUR GRÍSABÓGUR




**98 KR. 500 ML**




HANGIFRAMP. ÚRB.
**1798 KR.KG**

HANGILÆRI ÚRB.
**2679 KR.KG**

FRÁ KJARNAFÆÐI:
**KOFAREYKT ÚRBEINAÐ HANGIKJÖT**

KJARNAFÆÐI
KOFAREYKT
**SVEITABJÚGU 1.26 KG**




**595 KR.PK**




***ROBIN JÓLAKLEMENTÍNUR 2,3 KG KASSI***
**759 KR. 2.3 KG**

EUROSHOPPER FROSNAR
**KJÚKLINGABRINGUR**




**1498 KR. 900 GR**



**2198 KR. KG**
ÞÝSK FROSIN KALKÚNABRINGA




BÓNUS FETI 250gr GLAS
OSTUR OG ÓLÍFUR Í KRYDDOLÍU
OSTUR Í KRYDDOLÍU
**298 KR.GL**

FERSKAR BÓNUS
**KJÚKLINGABRINGUR**




**1998 KR. KG**






NORÐANFISKUR
***REYKTUR LAX***
**2349 KR.KG.**




**1295 KR. KG**
FERSKT **NAUTGRIPAHAKK**




**495 KR. 3 x 250 ml**
**HÁMARK** PRÓTEINDRYKKUR 250ml **99% FITULAUS**






NORÐANFISKUR
***GRAFINN LAX***
**2349 KR.KG.**




**298 KR.FL**
BÓNUS **GRAFLAXSÓSA** 350ML

**BÓNUS** EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

MABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL


298 KR.
BÓNUS **HVÍTT SÚKKULAÐI** 200 GR.


279 KR.
GÓÐ KAUP **SUÐUSÚKKULAÐI** 300 GR


179 KR.
APPALÓ
**LAKKRÍSKURL** 150gr



## Gjafakort Bónus er tilvalin jólagjöf

Nú er hægt að fá **gjafakortið** okkar í öllum verslunum Bónus. Hafðu samband við skrifstofuna og fáðu nánari upplýsingar.

GREIÐSLUMÖGULEIKAR
Þú leggur inn hjá okkur eða þú greiðir með símgreiðslu og sækir kortið í þá verslun sem þér hentar eða á skrifstofuna

Skrifstofa Bónus:
Opin alla virka daga
frá kl. 9-16 Skútuvogi 13 sími **527-9000**


JÓLAPAPPÍR
ÁTTA METRA RÚLLUR
298 KR.RL



HEIMA **SMJÖRLÍKI 500gr** 189 KR.


398 KR.
**LÍFRÆNT SPELT**
HVEITI GRÓFT & FÍNT
1000gr

459 KR.
LÍFRÆNT **KAKÓ**
**200gr** *Tilvalið í allan bakstur*

298 KR.
BÓNUS **GRÓFT KOKOSMJÖL**
500gr



498 KR.
HEIMA **FERSKAR DÖÐLUR** 600 GR NÝ UPPSKERA



259 KR.
EMMESS **TIRAMISU ÍSBLÓM** 4 stk.



Coke-kippa 6x1.5 ltr. og fjórar dósir Víking-Hátíðarblanda í kaupbæti


2998 KR.
NÓA **KONFEKT** 940gr **GJAFAKASSI**



50 STK. TELJÓS
BRUNATÍMI 4 KLST.
359 KR. PK


SPILASTOKKUR
198 KR.PK.



459 KR.
FROSIN **JARÐARBER** 1.2 KG POKI



998 KR.
BÓNUS **KONFEKT** 700 GR



1598 KR. 650 GR
**NÓA** KONFEKT ALLIR BESTU MOLARNIR


JÓLAKERTIN KOMIN
RAUÐ OG HVÍT 12 X 6 SM
259 KR. STK


298 KR.
KOOP **LIMBAND** 5 RÚLLUR

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur





HARPA www.harpa.is

Vilt þú opna nýja bókabúð í Hörpu?

Harpa leitar að áhugasömum aðilum til að reka **bókaverslun í Hörpu**. Við valið verður styrkleiki vöru og þjónustu, þekking, reynsla, geta og viðskiptahugmynd lögð til grundvallar.

Einungis aðilar sem hafa haldgóða reynslu af rekstri **bókaverslana** koma til greina.

Umsóknum ásamt viðskiptahugmynd skal skila í móttöku Hörpu, Austurbakka 2, 101 Reykjavík, eigi síðar en kl. 14:00, föstudaginn 21. desember 2012, merktum: **Harpa – bókaverslun**.

Nánari upplýsingar veitir Hulda Kristín Magnúsdóttir með netfangið: huldakristin@harpa.is

vissir þú að...
ofdekur er ein birtingarmynd vanrækslu?
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

# Forboðin mantra

TÓNLEIKAR ★★★★☆

**Hörð efni – verk eftir Atla Ingólfsson**
Caput-hópurinn
**KALDALÓN Í HÖRPU, FÖSTUDAGINN 30. NÓVEMBER**

Dulúðin réð ríkjum hjá Atla Ingólfssyni á föstudagskvöldið. Sex verk eftir hann voru flutt á tónleikum Caput hópsins í Kaldalóni í Hörpu. Þau voru öll torskilin og óræð til að byrja með. Svo sá maður ljósið í lokin. Í upphafi var áheyrendum hent inn í ringulreið ómstríðra tónahendinga og flókinnar hrynjandi. En svo náði tónlistin fókus fyrir rest. Hún hvarf úr flóknu skipulagi yfir í einfaldleika, varð stundum bara að einum, löngum tóni. Útkoman var mögnuð.

Verkin voru frá mismunandi tímabilum, hið yngsta um tveggja ára gamalt. Það heitir Forbidden Mantra, og ég er ekki frá því að það hafi verið áhrifamest á tónleikunum. Kaosinn var vissulega ögrandi framan af, en svo umbreyttist hann í ljúfa, seiðmagnaða angan í lokin. Þessi fínlegu blæbrigði voru römmuð inn af síendurtekinni píanónótu, mjög hvassri. Það minnti töluvert á tónlist Ligetis í kvikmyndinni Eyes Wide Shut. Kannski er verk Atla tilvitnun í þá mynd.

Píanókonsert þar sem Anna Guðný Guðmundsdóttir var í einleikshlutverkinu var líka glæsilegur. Píanóleikarinn spilaði af gríðarlegri fagmennsku. Innhverfur einleikskafli myndaði á tímabili skemmtilega andstæðu við ærslafengna hljómsveitarröddina. Það voru hrífandi augnablik. Sömuleiðis var stígandin flott, með sérlega kraftmiklum endi – sem var fullkomlega rökréttur.

Önnur verk voru einnig grípandi. Þar á meðal voru tvö einleiksverk, Brain Trill fyrir saxófón, sem var flutt af Guido Bäumer, og Cono di fede, leikið af Borgari Magnasyni. Tónlistin fór í allar áttir lengi vel, en svo birtist svarið í lokin. Það voru nánast barnslegar tónahendingar sem á sérkennilegan hátt voru svarið við ráðgátunni. Þetta var ljósið sem ég minntist á hér að ofan.

Atli semur ekki aðgengilega tónlist. En þótt tónmálið sé torrætt, þá er hugsunin á bak við það ávallt skýr og frumleg. Það var auðfundið á þessum áhugaverðu tónleikum.

**Jónas Sen**



**ATLI INGÓLFSSON** Semur ekki aðgengilega tónlist að mati gagnrýnanda en hugsunin á bak við tónmálið er ávallt skýr og frumleg. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**NIÐURSTAÐA:** Dulmögnuð, spennandi verk eftir Atla Ingólfsson voru skemmtileg áheyrnar.

# Gleðileikur gamlingja og fleira fólks

BÆKUR ★★★★☆

**Íslendingablokk**
Pétur Gunnarsson
**JPV-ÚTGÁFA**

Pétur Gunnarsson hefur ekki sent frá sér skáldsögu síðan árið 2004. Síðan þá hefur hann reyndar skrifað meistaraverkin tvö um Þórberg Þórðarson og þýtt stórvirki, en ný skáldsaga hefur látið bíða eftir sér. Það er því með nokkurri eftirvæntingu sem lestur á Íslendingablokkinni hefst. Eftirvæntingu og ótta því sú hætta er alltaf fyrir hendi að langþráðar bækur valdi vonbrigðum. Strax í fyrsta kafla verður þó ljóst að lítil hætta er á því í þessu tilfelli. Gamlinginn Indriði sem heimsækir eigið leiði á nýársnótt smýgur fyrirhafnarlaust undir húð lesandans og hreiðrar um sig þar. Engin leið að hætta að lesa.

Grannar Indriða í blokkinni við Miklubrautina eru kynntir til sögu einn og einn og sögum þeirra mjatlað í lesanda í hæfilegum skömmtum. Þeir eru eins misjafnir og þeir eru margir, á ýmsum aldri af báðum kynjum, eiga sér sín leyndarmál, drauma og metnað eins og gengur. Nokkrir þeirra mæta síðan á námskeið um Guðdómlega gleðileikinn eftir Dante sem ÉG sögunnar heldur og verður nokkurs konar leiðarstef í sögunni með tilheyrandi hugleiðingum og bollaleggingum þátttakenda og Égsins sjálfs, leiðbeinandans, sem aldrei kemst á hreint hver er. Hugleiðingum um helvíti og himnaríki, synd og trú, ást og afglöp eins og eðlilegt er með hliðsjón af söguþræði Gleðileiksins. Inn í allt saman blandast svo pælingar um þróun kenninga í stjarneðlisfræði, Miklahvell og hliðstæða heima svo úr verður ómótstæðilegur kokkteill mannlýsinga, aldarfarslýsingar, heimspeki, skáldskaparvísana og hugleiðinga um uppruna, tilgang og endi alls.



Allar eru persónurnar dregnar af nærni og samlíðan og þótt sumar þeirra séu ekkert praktexemplar af manneskju fer lesanda smám saman að þykja vænt um þær og vera á þeirra bandi. Að öðrum persónum ólöstuðum eru það þó gamlingjarnir tveir, Indriði og Hreggviður svili hans, sem eru stjörnur leiksins. Samskipti þeirra, hugleiðingar og samtöl eru mörg óborganleg, í senn leiftrandi af húmor, skilningi og hlýju frá höfundarins hendi. Einum þræði er sagan saga aldarinnar og borgarinnar undanfarna öld eða svo og þessir tveir hafa þróast með hvoru tveggja.

Stíll sögunnar er svo kapítuli út af fyrir sig. Fágaður og meitlaður, svo tæpast er hægt að hugsa sér að smeygja orði inn eða fella brott. Textinn svo knappur á köflum að lesandinn má hafa sig allan við að missa nú ekki af neinu. Hvert orð skiptir máli, hver mynd er þaulhugsuð og heildaráhrifin eru fjandanum magnaðri. Húmor Péturs nýtur sín hér til fullnustu þótt undiraldan sé grafalvarleg og stórra spurninga spurt. Þetta er ekki bók sem hægt er að lesa í einhverju flaustri enda fyllilega þess virði að treina sér hana og smjatta á hverri setningu.

**Friðrika Benónýsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Fádæma vel skrifuð saga, leiftrandi af húmor, mannskilningi og hlýju en með grafalvarlegum undirtóni.

vísir keldan.is




Ert þú fjárfestir framtíðarinnar?
Taktu þátt í spennandi Ávöxtunarleik Keldunnar

Ávöxtunarleikurinn
keldan NASDAQ OMX vísir Libra víb

Keldan vill stuðla að bættu fjármálalæsi þjóðarinnar og stendur fyrir keppni í ávöxtun sem er opin öllum landsmönnum, 15 ára og eldri, og þátttakendum að kostnaðarlausu. Skráning fer fram í gegnum visir.is og fær hver þátttakandi 10 milljónir Keldukróna til þess að fjárfesta í mismunandi flokkum.

Vegleg verðlaun
Þeir sem skila bestu ávöxtuninni þegar keppnin verður gerð upp næsta vor eiga kost á veglegum verðlaunum. **Meðal vinninga er flug fyrir 2 til New York með Icelandair og 200 þúsund kr. inneign í sjóði VÍB.**



Skráðu þig inn á visir.is

ÍSLENSKA/SIA.IS/KEL 61543 10/12

## Draumur í Ljósmyndasafni

Draumur nefnist sýning ljósmyndarans Heiðu Helgadóttur sem opnuð verður í Ljósmyndasafni Reykjavíkur í dag. Myndirnar fjalla um þá upplifun að búa í öðru landi heimþrá. Viðfangsefnið stendur Heiðu nærri, enda hefur hún verið með annan fótinn erlendis um langt skeið.

Heiða starfaði sem blaðaljósmyndari á Fréttablaðinu, DV og Birtíngi á árunum 2004 til 2010 en flutti síðan til Portúgals þar sem hún starfaði sjálfstætt. Hún stundar nú nám í blaðaljósmyndun í Árósum.



**HEIMÞRÁ** Myndirnar á sýningunni fjalla um búsetu erlendis og heimþrá.
MYND/HEIÐA HELGADÓTTIR

# Kraftwerk leikur í Tate Modern

**Þýska rafsveitin leikur allar plötur sínar á átta tónleikum í London í febrúar.**

Þýsk rafsveitin Kraftwerk hyggst leika allar plötur sínar á átta tónleikum í túrbínusal Tate Modern safnsins í London frá 6. til 14. febrúar. Á hverjum tónleikum leikur hljómsveitin eina hljómplötu í heild sinni.

Hljómsveitin lék sama leik í New York fyrr á þessu ári og þótti ekki síður veisla fyrir augað en eyrað, en sjónrænar þrívíddarbrellur eru einnig í fyrirrúmi á tónleikunum. Miðasala hefst 12. desember og kostar hver miði 60 pund, sem samsvarar um 12.000 krónum.



**Á SVIÐI** Tónleikar Kraftwerk eru jafnan mikið sjónarspil. NORDICPHOTOS/GETTY

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FIMMTUDAGUR 6. DESEMBER 2012**

### Sýningar

**12.00** Sýning Heiðu Helgadóttur, Draumur, opnuð í Skotinu í Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Aðgangur er ókeypis.

### Uppákomur

**12.34** Fjölbreytt menningardagskrá er í boði á Jóladagatali Norræna hússins. Uppákomur hvers dags eru gestum huldar þar til gluggi dagatalsins verður opnaður í upphafi atburðarins. Listamaðurinn Hugleikur Dagsson gerði dagatalið í ár.

### Tónlist

**20.00** Karlakór Kjalnesinga heldur jólatónleika ásamt Kristjönu Stefánsdóttur. Tónleikarnir fara fram í Fella- og Hólakirkju og er miðaverð við inngang kr. 3.000.

**20.00** Kvennakór Hafnarfjarðar heldur jólatónleika í Víðistaðakirkju í Hafnarfirði. Stjórnandi er Erna Guðmundsdóttir og Ívar Helgason flytur einsöng. Miðaverð er kr. 2.000.

**20.00** Kammerkór Hafnarfjarðar heldur sína árlegu Aðventu- og jólatónleika í Hásölum, tónlistarskóla Hafnarfjarðar. Gestasöngvari er Gissur Páll Gissurarson, tenór. Aðgangseyrir er kr. 2.000 en kr. 1.500 fyrir nemendur og eldri borgara.

**20.30** The Blonde & Her Band of Brothers heldur heiðurstónleika fyrir Marlene Dietrich í Þjóðaleikhúskjallaranum. Aðgangseyrir er kr. 1.500 og enginn posi er á staðnum.

**20.30** Söngkonan Edda Borg og píanóleikarinn Don Randi halda tónleika á vegum Jazzklúbbsins Múlans í Norræna húsinu. Aðgangseyrir er kr. 1.500 en kr. 1.000 fyrir nemendur.

**21.00** Bræðurnir Óskar og Ómar Guðjónssynir, ásamt hljómsveit Óskars og Ife Tolentonu, halda tónleika á Græna hattinum á Akureyri.

**22.00** Low Roar spilar á tónleikaröðinni Heineken Music á Slippbarnum, Hótel Marina. Aðgangur er ókeypis í boði Heineken.

**22.00** Magnús Einarsson, Eðvarð Lárusson, Karl Pétur Smith og Tómas Tómasson flytja tónlist eftir The Rolling Stones á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Sérstakur gestur er Ágeir Jónsson söngvari. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.*


# EINSTÖK GJÖF FYRIR ALLA

Óskaskrín henta fullkomlega í harða pakka fyrir þá sem vilja upplifa og njóta, þá sem velja sjálfir, þá sem eiga allt. Það er einfalt að velja rétta gjöf – gefðu upplifun í öskju, gefðu Óskaskrín.







Þú velur á milli 8 ólíkra Óskaskrína, hvert með sínu þema, eftir því hvert tilefnið er eða áhugasvið viðtakandans. Hvert skrín inniheldur upplýsingar um allt að 20 sérvaldar upplifanir í anda þemans og gjafakort sem nýta má til að njóta þeirrar upplifunar sem viðtakandi velur.

PIPAR\TBWA • SÍA

sími 577 5600 info@oskaskrin.is www.oskaskrin.is

Óskaskrín
Opna – Velja – Njóta

Eymundsson
Bóksali frá 1872

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE
IMAGE
Rakarastofan
Klapparstíg
S: 5513010



## TÓNNINN GEFINN

Trausti Júlíusson

# Flott plata frá Fagen

Fyrir nokkrum vikum kom út platan Sunken Condos með Donald Fagen, sem er þekktastur fyrir að vera annar höfuðpaura bandarísku hljómsveitarinnar Steely Dan.

Steely Dan var stofnuð af Fagen og Walter Becker árið 1972 og starfaði af miklum krafti til ársins 1981. Á þessu fyrsta skeiði gerði sveitin sínar bestu plötur, m.a. Pretzel Logic (1974), Katy Lied (1975) og Aja (1977). Eftir að Steely Dan hætti gerði Fagen sína fyrstu sólóplötu, The Nightfly (1982), sem sló rækilega í gegn og náði platínusölu bæði í Bretlandi og Bandaríkjunum. The Nightfly var fyrsta platan í trílógíu sem einnig náði til platnanna Kamakiriad (1993) og Morph The Cat (2006). Áður en síðastnefnda platan kom út kom Steely Dan samt saman aftur og gerði plöturnar Two Against Nature (2000) og Everything Must Go (2003).




Tónlist Steely Dan og Donald Fagen er fágað sambland af poppi, rokki, djassi og fönki. Laga- og textasmíðarnar eru vandaðar og flutningurinn er fyrsta flokks. Tónlistin á nýju plötunni, Sunken Condos, er í ætt við fyrri verk Fagens. Á henni eru átta ný lög eftir hann sjálfan og ný útgáfa af Isaac Hayes-laginu Out of the Ghetto. Platan var tvö ár í vinnslu og var tekin upp með hópi ofurflinkra hljóðvershljóðfæraleikara.

Þetta er gæðagripur: Lagasmíðarnar eru fínar, hljómurinn er fyrsta flokks og spilamennskan er framúrskarandi. Það hljómar margt á plötunni kunnuglega í eyrum gamalla Steely Dan-aðdáenda, en það skemmir ekkert fyrir. Sunken Condos hefur fengið góða dóma (meðaltalið hjá Metacritic er 8,2/10), en salan hefði getað farið betur af stað.

## Í spilaranum





**Pétur Ben** God´s Lonely Man
**Dýrðin** Gull og vitleysa
**Thin Jim** This Is Me









**BESTUR** Tónlistarmaðurinn Frank Ocean á plötu ársins samkvæmt erlendum árslistum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Ocean á plötu ársins

**Ef rýnt er í erlenda árslista á bandaríski tónlistarmaðurinn Frank Ocean plötu ársins, Channel Orange. Jack White og Kendrick Lamar eru líka ofarlega á blaði.**

Eins og venjan er á þessum árstíma eru listar yfir bestu plötur ársins byrjaðir að tínast inn hjá erlendum tímaritum og vefsíðum. Samkvæmt þeim er fyrsta hefðbundna plata bandaríska R&B-tónlistarmannsins Frank Ocean, Channel Orange, sú besta á árinu. Hún er víðast hvar á topp fimm og hjá Metacritic.com sem tekur saman alla dóma ársins er hún efst á blaði.

Þetta kemur ekki á óvart því Channel Orange fékk frábæra dóma úti í heimi og hér á landi hlaut hún einnig athygli. Fimm stjörnur hjá gagnrýnanda Fréttablaðsins bera vott um það. „Textarnir eru öðruvísi heldur en á þessari dæmigerðu r&b-plötu, tónlistin er ferskari og hugmyndaríkari og umgjörðin er sömuleiðis nýstárleg,“ sagði í dóminum.

Blúsrokkarinn Jack White, fyrrum liðsmaður The White Stripes, virðist hafa hitt í mark með sinni fyrstu sólóplötu, Blunderbuss, og bandaríski rapparinn Kendrick Lamar er í efsta sætinu hjá Pitchfork. Aðrir ofarlega á blaði eru kanadíska söngvaskáldið Leonard Cohen og áströlsku sýrurokkararnir í Tame Impala. Fáar konur koma við sögu á árslistunum. Helst má nefna bandarísku tónlistarkonuna Fionu Apple og Grimes, sem er alter-egó hinnar kanadísku Claire Bouche.

### TOPP FIMM

Channel Orange, plata Franks Orange, nær inn á topp 5 á listum helstu tónlistartímarita heims.

**Mojo**

1. *Jack White* Blunderbuss
2. *Frank Ocean* Channel Orange
3. *Bill Fay* Life Is People
4. *Leonard Cohen* Old Ideas
5. *Dexys* One Day I'm Going to Soar

**Uncut**

1. *Leonard Cohen* Old Ideas
2. *Bob Dylan* Tempest
3. *Jack White* Blunderbuss
4. *Dr. John* Locked Down
5. *Frank Ocean* Channel Orange

**Spin**

1. *Frank Ocean* Channel Orange
2. *Kendrick Lamar* good kid, m.A.A.d. city
3. *Japandroits* Celebration Rock
4. *DJ Rashad* Teklife Vol. 1 - Velcome to the Chi
5. *Miguel* Kaleidoscope Dream

**Paste Magazine**

1. *Frank Ocean* Channel Orange
2. *Father John Misty* Fear Fun
3. *Titus Andronicus* Local Business
4. *Fiona Apple* The Idler Wheel Is Wiser...
5. *Sharon Van Etten* Tramp

**NME**

1. *Tame Impala* Lonerism
2. *Grimes* Visions
3. *Frank Ocean* Channel Orange
4. *Crystal Castles* (III)
5. *Δ (Alt-J)* An Awesome Wave

**Pitchfork**

1. *Kendrick Lamar* good kid, m.A.A.d. city
2. *Frank Ocean* Channel Orange
3. *Godspeed You! Black Emperor* 'Allelujah! Don't Bend! Ascend!
4. *Grizzly Bear* Shields
5. *Beach House* Bloom

## 29.11.2012 → 5.12.2012

### LAGALISTINN

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Ásgeir Trausti | Dýrð í dauðaþögn |
| ▶ | 2 | Jónas Sigurðsson | Hafið er svart |
| ▲ | 3 | Valdimar | Sýn |
| * | 4 | Blaz Roca / Ásgeir Trausti | Hvítir skór |
| ▲ | 5 | The Lumineers | Ho Hay |
| ▼ | 6 | Retro Stefson | Glow |
| ▶ | 7 | Adele | Skyfall |
| ▼ | 8 | Rihanna | Diamonds |
| ▼ | 9 | Bruno Mars | Locked Out of Heaven |
| ▲ | 10 | Labrinth / Emeli Sandé | Beneath You're Beautiful |

### TÓNLISTINN

| | Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Ásgeir Trausti | Dýrð í dauðaþögn |
| ▲ | 2 | Raggi Bjarna | Dúettar |
| ▼ | 3 | Retro Stefson | Retro Stefson |
| ▲ | 4 | Ýmsir | Minningart. um Elly Vilhjálms |
| ▲ | 5 | Of Monsters And Men | My Head Is an Animal |
| ▼ | 6 | Valdimar | Um stund |
| ▼ | 7 | Skálmöld | Börn Loka |
| ▲ | 8 | Ríó | Eitthvað undarlegt |
| ▲ | 9 | Úr leikriti | Dýrin í Hálsaskógi (2012) |
| ▼ | 10 | Sigurður Guðm. & Memfismafían | Okkar menn í Havana |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is

H:N Markaðssamskipti / SÍA



Hef auðveldari aðgang að netbankanum

Skoða stöðuna á tryggingunum

Sé yfirlit um stöðu síma og nets

**Það er frábær tilfinning að vinna á heimavelli.
Rafræn skilríki, hitta örugglega í mark.**

Kvitta rafrænt undir samninga

Eyk öryggi barna minna á netinu



Líkt og Siggi Raggi getur þú nýtt þér rafræn skilríki og eitt lykilorð til að opna þér hraðleið að þjónustu yfir hundrað aðila. Prófaðu rafræn skilríki og upplifðu þægindin við að þurfa ekki að muna mörg notendanöfn og lykilorð.
Talaðu við bankann þinn og virkjaðu rafrænu skilríkin á debetkortinu þínu.

AUÐKENNI



**007** Mörgum þykir Skyfall með betri Bond-myndum.

# Hefur þénað meira en Avatar í Bretlandi

## Skyfall, nýjasta Bond-myndin, nýtur mikilla vinsælda.

Nýjasta kvikmyndin um ævintýri njósnarans James Bond, Skyfall, hefur tekið fram úr Avatar hvað varðar tekjur í Bretlandi.

Skyfall hefur halað inn 94 milljónum punda, eða rúmum 19 milljörðum króna, á fjörutíu vikum og það aðeins í Bretlandi. Tekjur Avatar voru eilítið lægri og var sú kvikmynd alls ellefu mánuði að ná því takmarki, einnig ber að hafa í huga að miðaverð á þrívíddarmynd eins og Avatar er hærra en almennt miðaverð.

Kim Newman hjá tímaritinu Empire ritaði: „Eitt er víst: James Bond mun snúa aftur og með honum þrýstingurinn á handritshöfundinn John Logan."

Breski leikarinn Daniel Craig hefur farið með hlutverk í síðustu þremur Bond-myndum, en hann brá sér fyrst í hlutverk njósnarans árið 2006 í kvikmyndinni Casino Royale.

# Dáð jólamynd og grín-glæpasaga

## Sambíóin taka ævintýri Griswold-fjölskyldunnar aftur í sýningu fyrir jólin á meðan norsk grín-glæpamynd verður sýnd á Græna ljósinu í Háskólabíói.



**HRAKFALLABÁLKUR** Það gengur aldrei neitt upp hjá Clark Griswold, þrátt fyrir að hann sé stútfullur af velvilja og jákvæðni.

Christmas Vacation er jólamynd frá árinu 1989 sem fjallar um hrakföll og ævintýri Griswold-fjölskyldunnar. Þetta er fyrri myndin af tveimur um fjölskylduna kostulegu sem virðist aldrei hafa heppnina með sér. Chevy Chase fer með hlutverk fjölskylduföðurins Clark, sem er stútfullur af velvilja og jákvæðni en virðist aldrei ná að láta hlutina ganga upp. Mögulega því hann á það til að ganga alltaf skrefinu of langt. Christmas Vacation er ein dáðasta jólamynd allra tíma og margir sem hreinlega geta ekki ímyndað sér jólahátíðina án hennar. Þeir aðilar geta nú heldur betur tekið gleði sína því Sambíóin taka hana í sýningu yfir hátíðarnar og getur fólk fylgst með ævintýrum Griswold-fjölskyldunnar á hvíta tjaldinu frá og með morgundeginum.

Þar fyrir utan frumsýnir Græna ljósið norsku myndina Jackpot (Arme Riddere) í Háskólabíói á morgun. Um er að ræða grín-glæpamynd um Oscar Svendsen, sem vaknar upp á nektarstað með byssu í hendi. Það sem verra er er að í kringum hann liggja átta dauðir menn og lögreglumenn sem miða á hann byssum sínum. Oscar er klár á því að hann hafi ekkert af sér gert en nú þarf hann að sanna það. - trs






**ÚTI VAR JÓLAÆVINTÝRI** Jólaævintýrið Goðsagnirnar fimm er úr smiðju Dreamworks og segir frá baráttu góðs og ills.

# BERJAST FYRIR TILVIST SINNI

## Goðsagnirnar fimm er nýtt jólaævintýri frá Dreamworks. Teiknimyndin segir frá baráttu jólasveinsins og annarra goðsagna við ógnina Pitch sem vill eyða þeim.

Jólamyndin Goðsagnirnar fimm verður frumsýnd í kvikmyndahúsum annað kvöld. Myndin er sýnd bæði með íslensku og ensku tali og er úr smiðju Dreamworks, sem hefur framleitt teiknimyndir á borð við Shrek, Madagascar og Kung Fu Panda.

Eins og titill myndarinnar gefur til kynna fjallar hún um fimm goðsagnir sem berjast fyrir tilvist sinni gegn ógninni Pitch. Jólasveinninn fer fyrir goðsögnunum, en hópinn skipa tannálfurinn, Óli lokbrá, páskakanínan og Vetur konungur, og er það barnatrúin sem heldur í þeim lífinu. Þegar Pitch ógnar trú barna um víðan heim er höggvið skarð í flokk goðsagnanna. Þau ákveða að snúa vörn í sókn og upphefst fjörugt ævintýri.

Það er litríkur hópur leikara sem fer með hlutverk í enskri útgáfu myndarinnar. Chris Pine fer með hlutverk Jacks Frost, eða Vetrar konungs, og Alec Baldwin setur upp rússneskan hreim og leikur sjálfan jólasveininn. Hugh Jackman ljær páskakanínunni rödd sína og Isla Fisher leikur tannálfinn Tooth. Með hlutverk ógnarinnar Pitch fer breski hjartaknúsarinn Jude Law. Í íslenskri talsetningu fara Sturla Sighvatsson, Arnar Jónsson, Stefán Jónsson, Vigdís Pálsdóttir, Hjálmar Hjálmarsson og Óli Gunnar Gunnarsson með aðalhlutverk. Leikstjóri myndarinnar er Peter Ramsey.

Gagnrýnendur eru almennt nokkuð hrifnir af þessari jólamynd og segja hana fulla af spennu, góðmennsku og frumlegheitum. Fullorðnir verði þó að skilja vantrú sína eftir heima ætli þeir að fá notið söguinnar til fullnustu. Aðrir segja Goðsagnirnar fimm vera fyrirsjáanlega, kappsama og á köflum helst til of ógnvekjandi fyrir ungan markhópinn. Goðsagnirnar fimm hljóta 74 prósent frá gagnrýnendum á vefsíðunni Rottentomatoes.com og 84 prósent frá áhorfendum.

### 115 milljarðar

króna voru tekjur Dreamworks af **Shrek 2**. Sú mynd er tekjuhæsta mynd Dreamworks og fjórða tekjuhæsta teiknimynd allra tíma.

### 100 milljarðar

króna voru tekjur **Shrek the Third**. Sú mynd er önnur tekjuhæsta teiknimynd Dreamworks. Shrek Forever After vermir 3. sætið.

### Toy Story 3

frá Walt Disney og Pixar er tekjuhæsta teiknimynd allra tíma. Hún rakaði inn **133 MILLJARÐA KRÓNA**.



# DEBENHAMS

## GJAFAVÖRUDAGUR

**20% AFSLÁTTUR**

af öllum vörum einnig af snyrtivörum

**BARA Í DAG**



ALLT AÐ **30% AFSLÁTTUR**

AF VÖLDUM VÖRUM

Opið í kvöld til 21:00

**NÝTT VISA TÍMABIL**

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS – Lífstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



**HLÝTT** Steinþór Helgi Arnsteinsson, Ásrún Magnúsdóttir, Halla Þórlaug Óskarsdóttir og Berglind Pétursdóttir klæddu sig vel. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Listhneigðir lyftu sér upp

Aðventukvöld Leikhúss listamanna var haldið í Gamla bíói á þriðjudagskvöldið. Gestir urðu vitni að dansi, gjörningum, leikjum og upplestrum og skemmtu sér hið besta í skammdeginu eins og sjá má.



**LISTHNEIGÐ** Eva Björk Kaaber, Sigrún Hlín Sigurðardóttir, Eva Rún Snorradóttir og Friðgeir Einarsson létu sig ekki vanta. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**STUÐ** Sigrún Hrólfsdóttir og Jóní Jónsdóttir brostu til ljósmyndara. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**DESEMBER** Elísabet Long, Heimir Logi og Arngrímur Sigmarsson drifu sig á staðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM








**FÆRIR SIG UM SET** Jette Corinne Jonkers stækkar við sig og opnar nýja verslun við Laugaveg í desember. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Jet Korine kveður Skólavörðustíginn

Jette Corinne Junkers opnar nýja og stærri verslun á Laugavegi í desember.

„Núverandi húsnæði er orðið of lítið. Það hefur verið gaman að sjá fyrirtækið dafna á heilbrigðan hátt síðustu þrjú árin og nú verðum við að flytja í eitthvað stærra og hentugra. Þá getum við loks boðið viðskiptavinunum upp á almennilega mátunaraðstöðu,“ útskýrir fatahönnuðurinn Jette Corinne Jonkers. Verslun hennar flytur í stærra húsnæði við Laugaveg 37 á næstu dögum.

Nýja búðin fær nafnið Gloria og þar mun Jette áfram selja eigin hönnun auk fatnaðar frá tískumerkjunum Humanoid, THVM og Base Range, sem framleiðir nærfatnað úr bambus. Jette hannar undir nafninu Jet Korine og eru flíkurnar allar unnar úr náttúrulegum efnum. Hönnun sinni lýsir hún sem praktískri og heilbrigðri.

„Ég tók þá ákvörðun fyrir nokkru að ég vildi aðeins vinna með náttúruleg efni því ég vildi ekki setja nafnið mitt á neitt sem stæði ekki undir væntingum. Hvað hönnunina varðar þá er hún svolítið hollensk eins og ég. Hollendingar eru praktískt fólk sem kann vel að meta hversdagslegan fatnað. Ég vil að kúnnarnir geti byggt upp heilbrigðan fataskáp sem inniheldur flíkur sem gera mann flottan á hverjum degi, ekki bara um helgar. Þar liggur minn helsti styrkur.“

Jette er fædd og uppalin í sveit í Hollandi en flutti síðar til Amsterdam. Hún hlaut íslenskan ríkisborgararétt fyrir nokkrum árum og kveðst sátt á Íslandi, enda þykir sveitastúlkunni gott að búa í svo mikilli nálægð við náttúruna.

**Ég tók þá ákvörðun fyrir nokkru að ég vildi aðeins vinna með náttúruleg efni.**

*Jette Corinne Jonkers*

„Flestar stórborgir eru fullar af menningu en þaðan er langt að sækja náttúruna. Í Reykjavík fær maður bæði menningu og náttúru. Íslenskt hugarfar hefur líka gert mér gott því ég er mjög varkár að eðlisfari og tek sjaldan áhættu. Íslendingar eru yfirleitt tilbúnir til að prófa nýja hluti og það hefur ýtt mér af stað með ýmis verkefni og gefið mér aukið sjálfstraust,“ segir hún.

sara@frettabladid.is

# Veittu sjálfum þér athygli

**?** Ég er rúmlega þrítugur karlmaður og á við ákveðinn vanda að stríða varðandi sjálfsfróun. Þannig er mál með vexti að það skiptir engu máli hversu oft eða lengi ég runka mér eða hvað ég horfi á margar klámmyndir á netinu, mér virðist bara vera lífsins ómögulegt að fá fullnægingu. Þetta hefur ekki alltaf verið svona, ég hef fróað mér reglulega síðan ég var tólf ára gamall en aldrei átt í neinum teljandi örðugleikum með að fá það fyrr en núna. Mér datt bara í hug að skrifa þér þar sem þú ert, jú, sérmenntuð í kynfræðum og gætir lumað á lausn á þessu hvimleiða vandamáli.

•••

**SVAR** Þetta er virkilega áhugaverð klemma sem þú ert í. Það er að nokkru að huga hér og orsökin getur verið bæði sálræn og líkamleg. Ég velti nokkrum hlutum fyrir mér og ætla að fá að kasta fram nokkrum spurningum til þín. Nýtur þú sjálfsfróunarinnar? Stundum getur fullnæging látið á sér standa, og það er alveg eðlilegt, en engu að síður getur unaður hlotist af örvuninni. Heilinn er mikilvægur bandamaður í fullnægingarferlinu og því velti ég því fyrir mér hvort klámið sé hugsanlega að trufla þig? Hver einstaklingur á að geta látið hugann reika og stundað sjálfsfróun án aðstoðar framleidds efnis sem rúllar á tölvuskjá. Þetta gæti mögulega verið að hindra þig og þú þarft kannski að fara í smá hugarleikfimi og tengja saman hug og líkama í næstu sjálfsfróun. Veita þér sjálfum og líkama þínum athygli í stað þess að veita ókunnugu liði athygli. Þú gætir verið fastur í vana og þarft kannski að breyta til og jafnvel kanna aðra næma staði í kringum typpið, til dæmis punginn og spöngina. Þá gæti sleipiefni verið skemmtileg tilbreyting, jafnvel lítill titrari. Svo gæti verið gott að skipta um umhverfi og prófa kannski sjálfsfróun í sturtu. Passaðu bara að gefa þér góðan tíma og hlusta á líkamann.



**NÝTUR ÞÚ SJÁLFSFRÓUNAR?** Stundum getur fullnæging látið á sér standa. Mikilvægt er að fólk tengist líkama sínum og njóti sjálfsfróunarinnar. NORDICPHOTOS/GETTY

Þá er annað, lætur fullnæging líka á sér standa þér þú stundar kynlíf með annarri manneskju? Ef fullnæging lætur almennt á sér standa getur verið ágætt að kíkja í smá ráðgjöf og jafnvel skoðun til sérfræðings. Ef vandamálið er bundið við sjálfsfróun mæli ég með hvíld á klámi, tengingu á milli líkama og heila, og smá tilraunastarfsemi í runkinu. Gangi þér vel.

**KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!**

Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.

kynlif@frettabladid.is



# JÓLABÚÐIN ÞÍN

NÝTT KORTATÍMABIL

NÝ VEFVERSLUN

# MAGNAÐ HELGARTILBOÐ

## OPIÐ TIL 10 ÖLL KVÖLD TIL JÓLA

byggtogbúið

568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni

facebook.com / byggtogbuid

**2 STK — SALT&PIPARKVÖRN**
Verð áður 5.990
Tilboðsverð 4.990
Þú sparar 1.000
# 65004005

**40% — TRISTAR VÖFFLUJÁRN**
BELGÍSKAR VÖFFLUR
Verð áður 9.999
Tilboðsverð 5.999
Þú sparar 4.000
# 65002141

**25% — PÖNNUKÖKUPANNA**
LÍKA FYRIR SPANSUÐUHELLUR
Verð áður 3.999
Tilboðsverð 2.999
Þú sparar 1.000
# 41440663

**20% — NUDDSESSA SHIATSU**
INFRARAUÐUR HITI / FJ.ST.
Verð áður 22.980
Tilboðsverð 18.384
Þú sparar 4.596
# 58120215

**33% — GRANÍT MORTÉL**
Verð áður 5.999
Tilboðsverð 3.999
Þú sparar 2.000
# 15700135

**GEORGE FOREMAN**
HEILSUGRILLIN LOKSINS KOMIN AFTUR

**24%**
Verð áður 16.999
Tilboðsverð 12.999
Þú sparar 4.000
# 65085056

REMOVES UP TO 42% OF FAT

**17% — HEILSUGRILL fjölskyldustærð**
Verð áður 22.999
Tilboðsverð 18.999
Þú sparar 4.000
# 65087056

**KitchenAid + áhaldasett + matreiðslubók**

HVÍT
Verð áður 102.870
Tilboðsverð 82.990
Þú sparar 19.880
# 67024717

LITUÐ
Verð áður 105.870
Tilboðsverð 85.990
Þú sparar 19.880
# 67024717

**25% — HRAÐSUÐUKANNA**
SCHOU - 1 LÍTRA
Verð áður 7.999
Tilboðsverð 5.999
Þú sparar 2.000
# 41721105

**50% — 5.990 kr. kaupauki — BABYLISS SLÉTTUJÁRN**
MEÐ KRULLUEIGINLEIKUM
Verð áður 15.999
Tilboðsverð 7.999
Þú sparar 8.000
# 67024717

**Seríutilboð**
KAUPTU TVÆR 50% AFSLÁTTUR Á ÓDÝRARI

**33% — PRESSUKANNA**
8 BOLLA
Verð áður 5.999
Tilboðsverð 3.999
Þú sparar 2.000
# 22110100

**ALLIR HÁRBLÁSARAR 20%**

**36% — STÁL KJÖTHITAMÆLIR**
Verð áður 3.499
Tilboðsverð 2.249
Þú sparar 1.250
# 41751966

**Fissler pottar&pönnur 15%**
Sérstakur kynningarafsláttur

**ALLAR ELDHÚSVOGIR 20%**

**20% — SCHOU BLANDARI**
500W - GLERKANNA
Verð áður 9.999
Tilboðsverð 7.999
Þú sparar 2.000
# 41724801

**20% — DOMO TAPPATOGARI**
RAFMAGNS
Verð áður 4.999
Tilboðsverð 3.999
Þú sparar 1.000
# 65000302

## tékkÚps listinn

- AÐVENTULJÓSAPERUR
- SOGSKÁLAR
- GRENILENGJUR
- FJÖLTENGI
- KÖKUKEFLI
- PIPARKÖKUMÓT
- GRÝLUFÆLA
- KJÖTHITAMÆLAR
- SERÍUFESTINGAR
- BORÐAR
- LITAÐAR LJÓSAPERUR
- SKÆRI
- GIRNI
- GRÓÐURVÍR
- MERKIMIÐAR
- GASKVEIKJARAR
- DRAGBÖND
- KJÖTTVINNAR
- KRÓKAR
- GOTT VEÐUR
- REYKSKYNJARAR
- FRIÐUR OG RÓ

## TOPP 10 GJAFIRNAR

1. KITCHENAID JÓLATILBOÐIÐ
2. ÍSL. PÖNNUKÖKUPANNAN
3. EVA SOLO KARAFLA
4. SALTKRISTALSLAMPI
5. GRÝLA
6. TÖFRASPROTI
7. DIGITAL MYNDARAMMI
8. GARMIN LEIÐSÖGUTÆKI
9. NUDDSESSA SHIATSU
10. BOLETTE PASTEL SERÍA

# Þá var kátt í höllinni

Fréttir af óléttu Kate Middleton hafa heldur betur vakið heimsbyggðina til lífsins.

**Hertogaynjan Kate Middleton ber nú væntanlegan erfingja bresku krúnunnar undir belti og er sögð eiga von á sér í júlí. Hún var lögð inn á spítala í byrjun vikunnar með alvarlega morgunógleði sem oft er talin tengjast meðgöngu á tvíburum svo vangaveltur um fjölburameðgöngu voru ekki lengi að blossa upp. Margir hafa einnig byrjað að spá í hvernig barnið (eða börnin) mun líta út og má finna alls kyns útfærslur á internetinu. Fréttablaðið tók saman barnamyndir af Vilhjálmi og foreldrum hans til að hjálpa fólki að mynda sína eigin skoðun á útliti væntanlegs erfingja þeirrar Kötu og Villa.** - trs



**VERÐANDI FORELDRAR** Mikil gleði ríkir víða yfir fregnum af óléttu Kate. Gleðin er þó eflaust mest hjá verðandi foreldrunum.




**KRÚTTLEG DÍANA** Vilhjálmur hefur oft verið sagður líkjast móður sinni, Díönu prinsessu af Wales sem dó árið 1997. Hún var afar krúttlegt barn og varð síðar algjör skvísa. Spurning hvort barnið muni líkjast ömmu sinni?




**STERKUR ÆTTARSVIPUR** Eins og bersýnilega má sjá erfði Vilhjálmur ekki útlitið eingöngu frá móður sinni. Það er að minnsta kosti sterkur ættarsvipur í konungsfjölskyldunni. Barnið gæti því vel líkst afa sínum líka. Hann er þó sagður vera lítið fyrir smábörn.



**SÆTUR HNAPPUR** Vilhjálmur var þvílíkt krútt á sínum yngri árum. Hér er hann átta mánaða og algjör dúlluspaði. Það verður að teljast líklegt að nýr erfingi krúnunar verði huggulegur á að líta miðað við þetta bros og fegurð móðurinnar, Kate Middleton.

## Krúnuröðin breytist

Með fæðingu nýja prinsins eða prinsessunnar breytist erfðaröð krúnunnar. Burtséð frá því hvort afkomandi Vilhjálms og Kötu verður stelpa eða strákur tekur barnið stað Harry föðurbróður síns í röðinni að krúnunni.






TAL JÓL 2012

# GLEÐILEGA HÁTÍÐ OG FARSÆLT KOMANDI TAL

JÓLIN ERU TÍMI ÁSTAR, HLÝJU OG ÁHYGGJULEYSIS. ÞÁ ER GOTT AÐ GETA FERÐAST UM ALNETIÐ Í SPARIFÖTUNUM ÁN ÞESS AÐ HAFA ÁHYGGJUR AF NOTKUNINNI. ÞESS VEGNA ER GOTT AÐ VITA AF ÞVÍ AÐ MEÐ HVERJUM SNJALLSÍMA SEM KEYPTUR ER HJÁ TALI FYLGIR 10 GB NOTKUN Á MÁNUÐI Í HEILT ÁR.*

KÍKTU Í NÆSTU VERSLUN TALS OG NÝTTU ÞÉR HUGHEILT JÓLAVERÐ.

## iPHONE 5 16 GB

9.790 KR. Á MÁN.
VAXTALAUST Í 18 MÁN.*

10 GB Á MÁNUÐI FYLGJA ÞESSUM SÍMA, 120 GB Á ÁRI

STAÐGREIÐSLUVERÐ 159.990 KR.

* m.v. kortalán Valitors

## iPHONE 4 8 GB

4.690 KR. Á MÁN.
VAXTALAUST Í 18 MÁN.*

10 GB Á MÁNUÐI FYLGJA ÞESSUM SÍMA, 120 GB Á ÁRI

STAÐGREIÐSLUVERÐ 74.900 KR.

* m.v. kortalán Valitors

## iPHONE 4S 16 GB

6.890 KR. Á MÁN.
VAXTALAUST Í 18 MÁN.*

10 GB Á MÁNUÐI FYLGJA ÞESSUM SÍMA, 120 GB Á ÁRI

STAÐGREIÐSLUVERÐ 110.900 KR.

* m.v. kortalán Valitors







SVONA Á SAMBAND AÐ VERA

VERSLANIR | KRINGLAN | SMÁRALIND | GLERÁRTORG | WWW.TAL.IS

*Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 320 kr./mán. greiðslugjald.
10 GB á mánuði í heilt ár fylgir með GSM símum í áskrift eða frelsi hjá Tali.

Birt með fyrirvara um verðbreytingar og prentvillur.

ÍSLENSKA/SIA.IS/TAL 61912 12/12

Jólagjöf heimilisins

Safnaðu saman öllum uppáhalds-uppskriftunum þínum og frá mömmu og ömmu á einn stað.




- Uppskriftabók með góðu uppskriftunum
- Pláss til að skrifa niður allar gömlu góðu uppskriftirnar
- Plastvasi til að geyma í úrklippur
- Snjöll húsráð o.fl.

Fæst í verslunum Hagkaupa, Eymundsson, A4, Forlaginu o.fl.

Fögnuður lífsins og hugarflugsins




JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

„Sigurður Pálsson er orkumikill yrkir sem mjög greinilega blossar af ljóðorku ...“
VERA KNÚTSDÓTTIR / BOKMENNTIR.IS

„Sigurður Pálsson er skáld lífsins ... Í Ljóðorkuflokknum finnur lesandinn hvatningu til að dýpka innsæi sitt ...“
KRISTJÁN ÞÓRÐUR HRAFNSSON / TMM 4 2012

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

FIMM ÚTVARPS-STÖÐVAR Í BEINNI

vísir - oft á dag



**EITTHVAÐ AÐ FÁST VIÐ MAT** Guðrún í eldhúsinu heima hjá sér þar sem margir góðir réttir hafa verið galdraðir fram.

# Saltfiskur í stað skötu

Guðrún Jóhannsdóttir er matgæðingur mikill. Hún gaf út tvær matreiðslubækur fyrir nokkrum árum og nú hefur sú þriðja bæst við. Í henni eru uppskriftir að hátíðlegum réttum fyrir allar árstíðir. Hún gefur hér uppskrift að saltfiskrétti.

„Mig hefur langað til að gera matreiðslubók með hátíðarmat og lét loks verða af því,“ segir Guðrún Jóhannsdóttir, sem nýverið sendi frá sér bókina Hollt og hátíðlegt. Í henni er að finna uppskriftir að hátíðlegum réttum sem eiga við allt árið. „Ég hef áður samið tvær matreiðslubækur, aðra með fljótlegum réttum og hina með ódýrum réttum. Sú síðarnefnda byggði á pistlum sem ég var með í Fréttablaðinu á sínum tíma. Þessar bækur komu út árið 2006 en hafa verið uppseldar um skeið.“

Guðrún segir ánægjulegt að snúa sér aftur að matreiðslubókagerð eftir nokkurra ára hlé. Hún segir innblásturinn að réttunum koma víða að, meðal annars frá vinum og svo hefðum. „Mér finnst ótrúlega gaman að gera mínar eigin útgáfur af þekktum réttum,“ segir Guðrún.

Bæði myndir og uppskriftir eru verk Guðrúnar. „Ég vinn uppskriftirnar, elda réttina og tek ljósmyndirnar alein og sjálf, en vinir og vandamenn hafa sem betur fer alltaf verið til í að njóta réttanna eftir á,“ segir Guðrún, sem hér gefur lesendum Fréttablaðsins uppskrift að dýrindis saltfiskrétti sem tilvalið er að elda á aðventunni, jafnvel á Þorláksmessu. Svo gripið sé niður í bókina:

„Þessi saltfiskréttur er útfærsla á frægum pastarétti sem kallast spaghetti alla puttaneska. Hér er réttur sem bragð er að og hentar vel á Þorláksmessu. Öflugt bragðið gefur skötunni ekkert eftir. **- sbt**



**TILBRIGÐI VIÐ ÞEKKTAN RÉTT** Saltfiskréttur Guðrúnar er útfærsla á þekktum pastarétti.

## Saltfiskréttur portkonunnar

700 g vel útvatnaður saltfiskur, hveiti, smjör og olía til steikingar

### Sósa

2 meðalstórir laukar
1 klípa saffran (4–5 þræðir)
4 hvítlauksrif
1 dós hakkaðir tómatar
1 msk. kapers (skolið vel)
1 ansjósa
10 svartar ólífur
1 msk. óreganó
1 tsk. tabasco-sósa

### Aðferð

*1. Athugið að saltfiskur til steikingar þarf að vera betur útvatnaður en saltfiskur ætlaður til suðu. Roðflettið og beinhreinsið saltfiskinn og skerið í stykki.*

*2. Hitið ólífuolíu með klípu af smjöri á pönnu. Veltið fiskstykkjunum upp úr hveiti og steikið í 2 mínútur á hvorri hlið. Setjið til hliðar.*

*3. Skerið laukinn í þunna fleyga. Setjið 1 msk. af olíu á pönnuna og steikið laukinn ásamt saffraninu þar til hann er orðinn mjúkur. Setjið hvítlauk, kapers, óreganó, ólífur og ansjósur út í og steikið aðeins lengur. Setjið svo tómatana út í ásamt tabasco-sósunni og látið allt malla dálitla stund.*

*4. Hellið sósunni í ofnfast mót og raðið fiskbitunum ofan á. Bakið í 10-15 mínútur.*


ÍSLENSK TÓNLIST
Í JÓLAPAKKANN
Ásgeir Trausti
Skálmöld
BÖRN LOKA
RETRO STEFSON
Landsins mesta
úrval af íslenskri tónlist
3CD +DVD
RÍÓ
2CD
ROKK & JÓL
MAGNÚS & JÓHANN
CD+ DVD
NYDÖNSK
Á rómantískum nótum
CD+ DVD
OKKAR MENN Í HAVANA
RAGGI BJARNA
DÚETTAR
CD+ DVD
DVD +CD
Elly Vilhjálms
CD+ DVD
VALDIMAR
MOSES HIGHTOWER
Önnur Mósebók
Ávaxtakarfan
CD+ DVD
S·K·Í·F·A·N
KRINGLAN OG LAUGAVEGUR 44 · 591 5300 · WWW.SKIFAN.IS

## Andstæður

Hér gefur að líta nokkur sýnishorn af útskriftarlínu Magneu.



MYNDIR/ SAGA SIG

# Útskriftarlínan efst í Vogue-keppninni

Magnea Einarsdóttir er efst í hönnunarkeppni en kosningu lýkur eftir helgi.

Magnea Einarsdóttir er efst í hönnunarkeppni á vegum vefsíðunnar Vogue.it og dönsku vefverslunarinnar Muuse.com. Hún sendi útskriftarlínu sína frá Central St. Martins inn í keppnina, sem nefnist Muuse x Vogue Talents Young Vision Awards 2012.

„Ég kláraði BA-nám frá Central St. Martins í sumar, en þar lærði ég fatahönnun með áherslu á prjón. Ég skráði mig í keppnina í haust ásamt þrjú hundruð öðrum fatahönnuðum og var valin áfram í úrslit af dómnefnd. Þetta er mjög spennandi og það er mikill heiður fyrir mig að hafa verið valin áfram af þessari dómnefnd,“ útskýrir Magnea.

Tuttugu hönnuðir komust áfram í úrslit og úr þeim hópi verða valdir tveir sigurvegarar. Tískuritstjóri ítalska Vogue, Sara Maino, mun velja annan sigurvegarann úr tíu manna hópi og lesendur Vogue.it munu kjósa um hinn sigurvegarann á netinu. Magnea er í síðari flokknum og sigri hún í keppninni á hún kost á að selja hönnun sína á Muuse. com.

„Síðast þegar ég gáði var ég efst, en það eru enn nokkrir dagar eftir. Kosningunni lýkur ekki fyrr en eftir helgi.“ Hún kveðst hafa verið að skoða andstæður þegar hún skapaði útskriftarlínu sína sem er hönnuð úr íslenskri ull og gúmmíi. „Línan er ekki auðveld í framleiðslu, maður á það til að sleppa sér alveg í útskriftarverkefnum, en hún er startpunktur sem ég get unnið með áfram.“

Magnea flutti heim til Íslands að námi loknu og vinnur nú að verkefni með vinkonu sinni, sem einnig er fatahönnuður. Hún útilokar þó ekki að flytja aftur út bjóðist henni spennandi vinna eða verkefni í framtíðinni.

„Ég er flutt heim í bili. Ég á lítinn strák sem vildi fá að fara í leikskóla á Íslandi. Tækifærin eru vissulega fleiri úti í London en þar sem ég var ein úti með strákinn ákvað ég að koma heim í svolítinn tíma. Það er dýrt að vera einstæður með barn í London og stuðningsnetið er ekkert. En auðvitað langar mig út og það gæti gerst ef ég fæ einhver spennandi tilboð í framtíðinni.”

sara@frettabladid.is



**HÖNNUÐUR** Magnea býr á Íslandi um þessar mundir en útilokar ekki að flytja aftur til útlanda í framtíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> **Það er mikill heiður fyrir mig að hafa verið valin áfram af þessari dómnefnd.**
> *Magnea Einarsdóttir*











**KILLING THEM SOFTLY** „Ofbeldisatriðin eru yfirgengileg og alls ekki fyrir viðkvæma, en nokkuð vel útfærð og líklega það eftirminnilegasta við myndina.“


**Heimildamyndin „Hallgrímur-maður eins og ég“**

hefur nú verið gefin út á dvd með enskum texta.

Hugarafl býður því til útgáfuveislu **7. desember kl.14.00 í Borgartúni 22, 3.hæð.**

Eiríkur Guðmundsson og Jón Egill Bergþórsson framleiðendur myndarinnar, færa Hugarafli heimildamyndina til eignar.

Á dagskrá verða einnig tvö tónlistaratriði og upplestur úr „Geðveikum batasögum“.

**Bjóðum alla velkomna að gleðjast með okkur.**

Kaffi og konfekt í boði hússins.



Hallgrímur
maður eins og ég


# Hægfara hrotti

BÍÓ ★★★☆☆

**Killing Them Softly**

Leikstjórn: Andrew Dominik. Leikarar: Brad Pitt, James Gandolfini, Ray Liotta, Richard Jenkins, Scoot McNairy, Ben Mendelsohn, Sam Shepard.

Þrír smákrimmar í Suðurríkjum Bandaríkjanna ákveða að ræna ólöglegt spilavíti og klína sökinni á saklausan mann. Gjörningurinn skapar mikla ólgu innan bófasamfélagsins og leigumorðinginn Jackie Cogan (Brad Pitt) er kallaður til.

Atburðir myndarinnar eiga sér stað í miðri kosningabaráttu Baracks Obama og Johns McCain, og úr hverju horni heyrist fjas frambjóðendanna um efnahagsástandið, annað hvort í útvarpi eða sjónvarpi. Þarna vill leikstjórinn eflaust benda áhorfandanum á líkindi hins raunverulega bandaríska hagkerfis og hagkerfis glæpamanna, en allir vilja fá sitt og svífast einskis til að fá það. Til að byrja með er þetta sniðugt en fer svo að trufla gang sögunnar.

Killing Them Softly er þó óhrædd við að gleyma sér í augnablikinu og reglulega fær söguflétttan hvíld á meðan dvalið er við undarlegt samtal eða smáatriði. Lengst gengur leikstjórinn í atriði þar sem persóna James Gandolfini, andstyggileg fyllibytta og hórkarl, fer á langdregið en áhugavert trúnó með Jackie.

Líklega eru það þessi smáatriði, ásamt glæsilegu stórskotaliði leikara, sem hífa myndina upp fyrir meðalmennskuna, en sem glæpamynd er Killing Me Softly ekki ýkja merkileg. Ofbeldisatriðin eru yfirgengileg og alls ekki fyrir viðkvæma, en nokkuð vel útfærð og líklega það eftirminnilegasta við myndina.

Haukur Viðar Alfreðsson

**NIÐURSTAÐA:** Skrýtinn, hægfara og hrottalegur krimmi, en skilur lítið eftir sig.

# Gleðigjafar

**Frásagnir foreldra einstakra barna**

Bók sem stækkar hjörtu þeirra sem lesa og á erindi til allra.







# Töfraðu fram lífið með Siggu Kling

Fyrir þá sem vilja bæta og auðga líf sitt og verða betri manneskjur.

BÓKAFÉLAGIÐ

bokafelagid.is

# Ayn Rand Undirstaðan

**Ein áhrifamesta skáldsaga allra tíma.**

Ayn Rand er einn vinsælasti skáldsagnahöfundur allra tíma, en alls hafa selst 30 milljónir eintaka af skáldsögum hennar um heim allan.







# Limrubókin

**Snjöllustu, fyndnustu og furðulegustu limrurnar**

Stórskemmtileg bók full af gamanmálum, tvíræðni og ljóðrænum stemmningum.

www.bokafelagid.is

Almenna bókafélagið




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

ALEX CROSS KL. 5:40 - 8 - 10:20 (16)
ALEX CROSS VIP KL. 5:50 - 8 - 10:20 (VIP)
POSSESSION KL. 8 - 10:10 (16)
TWILIGHT: BREAKING DAWN PART 2 KL. 5:30 - 8 - 10:30 (12)
WRECK-IT RALPH ÍSL. TALI KL. 5:50 (L)
WRECK-IT RALPH ENS. TALI KL. 10:20 (L)
ARGO KL. 5:30 - 8 - 10:30 (L)
HOPE SPRINGS KL. 5:50 - 8 (14)

SAMBÍÓIN AKUREYRI

THE POSSESSION KL. 8 - 10:20 (16)
TWILIGHT: BREAKING DAWN 2 KL. 8 (12)
ARGO KL. 10:20 (14)

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

ALEX CROSS KL. 8 - 10:20 (16)
TWILIGHT: BREAKING DAWN PART 2 KL. 5:30 - 8 (12)
HERE COMES BOOM 5:40 - 8 - 10:20 (7)
ARGO KL. 10:20 (14)
CLOUD ATLAS KL. 8 (16)
WRECK-IT RALPH ÍSL TAL KL. 5:50 (L)

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

ALEX CROSS KL. 8 - 10:20 (16)
POSSESSION KL. 11 (16)
WRECK-IT RALPH ÍSL TAL KL. 5:50 (L)
SKYFALL KL. 5 - 8 - 10:20 (12)

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

THE POSSESSION KL. 10:10 (16)
KILLING THEM SOFTLY KL. 10:20 (16)







SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

KILLING THEM SOFTLY KL. 8 - 10.15 16
SILVER LININGS PLAYBOOK KL. 5.20 - 8 - 10.40 16
HERE COMES THE BOOM KL. 5.40 - 8 - 10.20 7
NIKO 2 KL. 4 - 6 L
HOTEL TRANSYLVANIA ÍSL. TEXTI KL. 3.30 7
SKYFALL KL. 5 - 8 12
SKYFALL LÚXUS KL. 5 - 8 12

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

ARFUR NÓBELS KL. 5.50 - 8 - 10.10 16
SILVER LININGS PLAYBOOK KL. 5.20 - 8 16
SNABBA CASH 2 KL. 10.40 16
CLOUD ATLAS KL. 5.30 - 8 - 9 16
DJÚPIÐ KL. 5.50 10

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

KILLING THEM SOFTLY KL. 8 - 10 16
HERE COMES THE BOOM KL. 8 7
SILVER LININGS PLAYBOOK KL. 5.40 - 10 12
SKYFALL KL. 5.20 12

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075
5%




LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

KILLING THEM SOFTLY 8, 10 (16)
NIKO 2 6 (L)
SKYFALL 6, 9 (12)
PITCH PERFECT 8, 10.15 (12)
WRECK-IT RALPH 3D 5.40 (L)




# Sigurður á slóðum Buena Vista

TÓNLIST ★★★★☆

**Okkar menn í Havana**
Sigurður Guðmundsson og Memfismafían
**SENA**

Okkar menn í Havana er þriðja plata Sigurðar Guðmundssonar og Memfismafíunnar, en hún var tekin upp í Havana á Kúbu í september síðastliðnum. Í þetta skipti samanstóð Memfismafían af Kidda í Hjálmum sem stjórnaði upptökum, Tómasi R. Einarssyni sem spilaði á bassa, Samúel J. Samúelssyni sem spilaði á básúnu og útsetti og tólf kúbönskum hljóðfæraleikurum. Á plötunni eru ellefu ný lög eftir Sigurð, Tómas, Samma, Kidda og Braga Valdimar Skúlason, sem jafnframt samdi alla texta.

Eins og kemur fram í heimildarmynd um Kúbuferðina, sem fylgir á DVD með plötunni, var ákveðið með frekar stuttum fyrirvara að fara til Kúbu og taka upp plötu með latin-tónlist. Það var Kiddi sem fékk hugmyndina og fékk Sigurð, Braga Valdimar, Samma og Tómas R. til liðs við sig. Tómas R. þekkir vel til á Kúbu og tók meðal annars upp plöturnar Havana og Romm Tomm Tomm þar. Platan var tekin upp í hinu sögufræga Egrem-hljóðveri þar sem Buena Vista Social Club-platan var hljóðrituð.




Tónlistin á plötunni er ekta latin-tónlist með íslenskum textum. Það sem gefur henni þennan ósvikna hljóm er kúbönsk hljóðfæri eins og tres-gítarinn og kúbanska slagverkið og útsetningarnar sem voru unnar með kúbönsku tónlistarmönnunum. Rödd Sigurðar hæfir þessari tónlist vel. Það er afslöppuð og hlý stemning yfir Okkar mönnum í Havana. Hún ætti að vera ágætt mótefni við myrkri og jólastressi.

Þetta er mjög vel heppnuð plata. Lagasmíðarnar eru fínar og textarnir klikka ekki frekar en fyrri daginn hjá Braga Valdimar. Hljómurinn er líka mjög góður og flutningurinn frábær.

**Trausti Júlíusson**

**NIÐURSTAÐA:** Flott latin-plata gerð með Tómasi R. og kúbverskum tónlistarmönnum.

# Hugsar ekki mikið um Óskarsverðlaunin

## Leikstjórinn Baltasar Kormákur segir íslenska kvikmyndagerð minna á liðakeppni í íþróttum.

Baltasar Kormákur hugsar lítið um möguleika kvikmyndar sinnar Djúpsins á að vinna til verðlauna sem besta erlenda myndin á næstu Óskarsverðlaunahátíð ef marka má nýtt viðtal við leikstjórann í bandaríska vefritinu Entertainment Weekly. Myndin, sem byggir á sundafreki Guðlaugs Friðþórssonar við Vestmannaeyjar árið 1984, keppir um verðlaunin fyrir hönd Íslands á næsta ári.

Spurður hversu mikla mögulega Djúpið eigi á að vinna til Óskarsverðlaunanna segist Baltasar ekki hafa sogast inn í þá miklu samkeppni um verðlaun og viðurkenningu sem viðgengst í Hollywood, þar sem hann starfar samhliða kvikmyndagerð á Íslandi.

„Kvikmyndagerð er meira eins og liðakeppni í mínu landi. Leikararnir eru mikilvægir á tjaldinu, en fyrst og fremst snýst þetta um hugmyndir,“ segir leikstjórinn og bætir við að hann myndi gera hvað sem væri til að auka veg íslenskrar kvikmyndagerðar, en Baltasar starfar einnig sem framleiðandi íslenskra kvikmynda. „Fjárhagslega hjálpar það til að gera kvikmyndir í Hollywood. Því meira sem ég geri hér, þeim mun meira get ég sett í íslenska kvikmyndaiðnaðinn. Það er annar hattur, en sama höfuðið,“ segir Baltasar.



**BALTASAR** Leikstjórinn segist vera reiðubúinn að gera hvað sem er til að auka veg íslenskrar kvikmyndagerðar.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**EKKI UPPSELT Á GAGA** Norðmenn sýna tónleikum Lady Gaga lítinn áhuga.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Lítill áhugi á Lady Gaga

Ekki er uppselt á tónleika poppstjörnunnar Lady Gaga í Ósló í kvöld. Um 25 þúsund miðar eru í boði en norskir tónlistarspekingar segja tónleikahaldara hafa ofmetið áhuga Norðmanna á söngkonunni.

Þetta eru aðrir tónleikar Lady Gaga í Ósló en fyrir tveimur árum seldist upp á tónleika hennar á nokkrum klukkutímum. Þrátt fyrir lítinn áhuga á sjálfum tónleikunum vekja ferðir Lady Gaga í Ósló athygli og pressan fylgist vel með ferðum hennar. Þá gaf hún meðal annars aðdáanda sínum á flugvellinum 200 krónur norskar og sagði honum að kaupa sér pitsu.


MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas




BÍÓ ★ PARADÍS

FIMMTUDAGUR: HEIMSFRUMSÝNING: WADJDA (L) 18:00, 20:00, 22:00 ■ ARFUR NÓBELS (16) 18:00, 20:00, 22:00 ■ SAFETY NOT GUARANTEED (L) 18:00, 20:00, 22:20 ■ SEARCHING FOR SUGAR MAN (L) 18:00, 22:00 ■ DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.) 20:00

VÍDEÓVERK FRÁ KL. 14-18. FRÍTT INN.

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.


FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



ÆVINTÝRALEG VERÐ Á JÓLABÓKUM
STRANDIR
Gerður Kristný
4.334.-
PÉTUR GUNNARSSON
4.349.-
KÓNGAR
4.549.-
AUÐUR JÓNSDÓTTIR
ÓSJÁLFRÁTT
5.524.-
ARNALDUR INDRIÐASON
REYKJAVÍKURNÆTUR
3.989.-
STEFÁN MÁNI
HÚSIÐ
5.499.-
KANTATA
KRISTÍN MARJA BALDURSDÓTTIR
4.549.-
EINAR KÁRASON
Skáld
4.409.-
Bjarna-Dísa
KRISTÍN STEINSDÓTTIR
4.929.-
ÁRNI ÞÓRARINSSON
ÁR KATTARINS
4.874.-
APPELSÍNUR FRÁ ABKASÍU
5.949.-
VÍGRÓÐI
4.409.-
Verðin gilda til og með 10.12.2012
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndbrenglanir.
Taktu þátt í jóladagatali Griffils á Facebook. Dregið út daglega!
OPIÐ ALLA DAGA TIL 22
GRIFFILL
ALLTAF ÓDÝRARI
BT
Jólapappír frá
199.-
GRIFFILL
ALLTAF ÓDÝR
OPIÐ TIL KLUKKAN 22.00 • SKEIFUNNI 11

# NÁÐI DAVID BECKHAM AÐ BREYTA BANDARÍKJUNUM?

David Beckham fór til Bandaríkjanna með það markmið að gera knattspyrnu vinsæla í landinu. Það hafa fleiri reynt og meðal annars Pelé. Beckham eyddi sex árum í landinu og hafði talsverð áhrif á uppgang mála.

### ➜ Titlar Beckhams

**6** Englandsmeistaratitlar
**2** Enskir bikarmeistaratitlar
**1** Meistaradeildartitill
**1** Heimsmeistari félagsliða
**1** Spánarmeistaratitill
**1** Spænskur ofurbikar
**2** Bandarískir meistaratitlar

### ➜ Leikir Beckhams

Man. Utd **394 leikir / 85 mörk**
Real Madrid **155 leikir / 20 mörk**
AC Milan **33 leikir / 2 mörk**
LA Galaxy **116 leikir / 20 mörk**
England **115 leikir / 17 mörk**



**FÓTBOLTI** Sex ára dvöl Davids Beckham í Bandaríkjunum er lokið. Beckham kom til fyrirheitna landsins með háleitar hugmyndir og til mikils var ætlast af honum. Hann er maðurinn sem átti að rífa knattspyrnuna upp í vinsældum í landinu og setja hana á stall með amerískum fótbolta, hafnabolta, körfubolta og íshokkí.

Þetta var ekki lítið markmið enda hafði sjálfum Pelé ekki einu sinni tekist að gera knattspyrnuna vinsæla er hann lék með NY Cosmos árið 1975.

Forráðamenn LA Galaxy lögðu mikið undir og greiddu Beckham 20 milljónir punda fyrir fimm ára samning. Hann varð þar með langlaunahæsti leikmaður deildarinnar.

„Knattspyrna er vinsælasta íþróttin í öllum löndum nema Bandaríkjunum. Þess vegna vil ég vera hérna og hafa áhrif á krakkana," sagði Beckham er hann kom til landsins. Gríðarlegt fjölmiðlafár var er þau hjónin komu til landsins og engu líkara en kóngafólk hefði lent í Los Angeles.

„Það er óhætt að segja að enginn íþróttamaður hafi fengið álíka móttökur og David Beckham," skrifaði blaðamaður AP við það tilefni.

Það skemmdi ekki fyrir að stjörnurnar í Hollywood voru duglegar að láta sjá sig á vellinum hjá Galaxy. Í fyrsta leik Beckhams voru í stúkunni Tom Cruise, Katie Holmes, Eva Longoria, Jennifer Love Hewitt og sjálfur Arnold Schwarzenegger.

Aftur á móti varð lítið úr fyrsta tímabili Beckhams hjá Galaxy því hann spilaði aðeins fimm leiki vegna meiðsla. Botninn datt svolítið úr markaðsherferðinni í kjölfarið og ekki tókst nægjanlega að nýta meðbyrinn sem fylgdi Beckham. Þess utan gekk illa hjá Galaxy fyrstu tvö árin og liðið komst ekki í úrslitakeppnina.

Það var svo ekki að vinna með Beckham að hann ákvað að koma seint til móts við Galaxy árið 2009. Þá var hann í láni hjá AC Milan á Ítalíu. Liðsfélagi hans, Landon Donovan, gagnrýndi þá Beckham opinberlega og efaðist um hversu mikinn metnað Beckham hefði í raun og veru fyrir félaginu.

Þó svo Bandaríkjamenn væru almennt ekki að fylgjast með Beckham á fótboltavellinum fóru David og eiginkona hans, Victoria, ekki fram hjá neinum enda voru þau dugleg að láta sjá sig á hinum og þessum viðburðum og voru fastagestir í slúðurblöðunum. Vinskapur Beckham-hjónanna við þáverandi hjónin Tom Cruise og Katie Holmes var sérstaklega eftirsótt umfjöllunarefni.

Svo var David á auglýsingaspjöldum um öll Bandaríkin að auglýsa nærbuxur og er óhætt að segja að fáar auglýsingar hafi vakið eins mikla athygli.

„Ég held að þau hafi ekki breytt ímynd Breta í Bandaríkjunum á sama hátt og Kate Middleton hefur gert. Þau komu þó vel fyrir. Beckham-fjölskyldan virðist vera hamingjusöm og er falleg. Það líkar Bandaríkjamönnum," sagði blaðamaður The Times í Bandaríkjunum.

Á þeim tíma sem Beckham-hjónin komu til Bandaríkjanna lifði Victoria á fornri frægð sem fyrrverandi meðlimur í stúlknasveitinni Spice Girls. Hún vildi þó hasla sér völl í tískuheiminum og hefur gengið betur en fólk þorði að vona. Fatalínur hennar hafa mokselst og hún er nú loksins að verða þekktari sem tískuhönnuður en söngkona.

Á sama tíma og ferill Victoriu fór á flug fór loksins að ganga betur á vellinum hjá David. Fyrrverandi landsliðsþjálfari Bandaríkjanna, Bruce Arena, tók við liðinu og eftir það varð það eitt það besta í Bandaríkjunum.

Síðustu tvö ár hefur Galaxy unnið bandaríska meistaratitilinn og það var staðið upp og klappað fyrir Beckham í lokaleik hans með félaginu. Hann gekk út sem sigurvegari þar líkt og hann gerði í Englandi og á Spáni á sínum tíma.

Þó svo að fleiri Bandaríkjamenn séu farnir að gefa knattspyrnunni séns í dag hefur ekki orðið nein brjálæðisleg aukning í áhorfi á leiki MLS-deildarinnar. Þegar Beckham kom í deildina var áhorfendameðaltalið 15.500 manns. Í dag mæta að meðaltali 18.800 á leik í deildinni. Aftur á móti hefur liðum deildarinnar fjölgað úr 13 í 19.

Beckham náði því ekki aðalmarkmiði sínu að gera knattspyrnu að alvöru íþrótt í Bandaríkjunum en hann skilaði samt mörgu góðu og hjálpaði deildinni að festa sig almennilega í sessi. Hann getur því gengið út hnarreistur með tvær sigurmedalíur í farteskinu. **henry@frettabladid.is** *(byggt á efni frá BBC)*


Jólafundur
Skógræktarfélags
Kópavogs
verður haldinn fimmudaginn 6. desember 2012 kl. 20:00
í Gullsmára 13 félagsheimili aldraðra.
**Dagskrá:**
1. Formaður segir frá því helsta í starfsemi Skógræktarfélagsins 2012
2. Steinar Björgvinsson garðyrkju- og skógræktarfræðingur og blómaskreytir flytur erindi; „Hentar efniviður úr íslenskum skógum til jólaskreytinga".
3. Happdrætti – 10 jólatré frá Fossá í vinning
4. Önnur mál
Veitingar í boði Skógræktarfélagsins.
Allir velkomnir. Sjá á www.skogkop.net
Skógræktarfélag Kópavogs

## Nú geta krakkarnir æft sig sjálfir

Fyrsti íslenski kennsludiskurinn í handbolta kemur út á morgun.

**HANDBOLTI** Á morgun kemur út diskurinn „Frá byrjanda til landsliðsmanns", en það eru handboltakapparnir og vinirnir Bjarni Fritzson og Sturla Ásgeirsson sem standa á bak við þetta fyrsta íslenska kennslumyndband í handbolta.

„Diskurinn er um tveggja tíma langur og er skipt upp í fimm kafla þar sem allt sem skiptir máli er útskýrt. Þekktir handknattleiksmenn sýna svo hvernig á að gera hlutina," sagði Bjarni, sem hefur unnið í tæpt ár að gerð disksins ásamt vini sínum úr Breiðholtinu.

„Mér fannst vanta svona efni. Við kennum til að mynda hvernig hægt er að fara út í handbolta. Vonandi kveikja krakkarnir á perunni og skella sér út í handbolta. Þetta er líka einstaklingsmiðað kennslumyndband þannig að krakkarnir geta núna æft sig sjálfir."



**SYNIR BREIÐHOLTS** Sturla og Bjarni eru hér með ungum iðkanda úr ÍR.
MYND/AÐALSTEINN

Fyrir utan kennsluna gefa þekktustu handboltamenn þjóðarinnar af báðum kynjum góð ráð og löng viðtöl eru við goðsagnirnar Ólaf Stefánsson og Guðjón Val Sigurðsson. **- hbg**

NJÓTTU JÓLANNA Í FAÐMI FJÖLSKYLDUNNAR

skemmtilegri

# FIMM FRÁBÆRAR STÖÐVAR Í EINNI ÁSKRIFT

## STÖÐ 2 KRAKKAR, STÖÐ 2 GULL, STÖÐ 2 BÍÓ OG POPPTÍVÍ FYLGJA FRÍTT MEÐ ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2

## JÓI FEL ER Í HÁTÍÐARSKAPI Á STÖÐ 2 Í KVÖLD




# ALLT ÞETTA FYRIR AÐEINS 254 KR. Á DAG

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## EM KVENNA

**ÍSLAND 19**
**RÚMENÍA 22**

**Ísland-kvenna - Mörk (skot):** Rut Jónsdóttir 5 (8), Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 4/3 (7/4), Dagný Skúladóttir 2 (2), Þórey Rósa Stefánsdóttir 2 (2), Ramune Pekarskyte 2 (3), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 1 (3), Karen Knútsdóttir 1 (4), Rakel Dögg Bragadóttir 1 (4), Stella Sigurðardóttir 1 (5),

**Varin skot:** Guðný Jenný Ásmundsdóttir 10/1 (32/2, 31%),

**Rúmenía-kvenna - Mörk (skot):** Aurelia Bradeanu 7 (10), Adina Laura Meirosu 4 (7), Ionela Stanca 3 (4), Melinda-Anamaria Geiger 2 (3).

**Varin skot:** Paula Ungureanu 6 (12/1, 50%)

## MEISTARADEILD EVRÓPU

**SHAKTAR - JUVENTUS 0-1**
**0-1 Olexandr Kucher, sjm. (56.)**

**CHELSEA - NORDSJÆLLAND 6-1**
**1-0 David Luiz, víti (37.), 2-0 Fernando Torres (45.+2), 2-1 Joshua John (46.), 3-1 Gary Cahill (51.), 4-1 Fernando Torres (56.), 5-1 Juan Mata (63.), 6-1 Oscar (71.)**

**Lokastaðan í E-riðli:** Juventus 12, Shaktar 10, Chelsea 10, Nordsjælland 1.

**BAYERN MÜNCHEN - BATE BORISOV 4-1**
**1-0 Mario Gomez (20.), 2-0 Thomas Müller (54.), 3-0 Mario Gomez (66.), 4-0 David Alaba (83.), 4-1 Yegor Filipenko (88.)**

**LILLE - VALENCIA 0-1**
**0-1 Jonas, víti (36.),**

**Lokastaðan í F-riðli:** Bayern 13, Valencia 13, BATE 6, Lille 3.

**CELTIC - SPARTAK MOSKVA 2-1**
**1-0 Gary Hooper (20.), 1-1 Ari (38.), 2-1 Kris Commons, víti (82.)**

**BARCELONA - BENFICA 0-0**

**Lokastaðan í G-riðli:** Barcelona 13, Celtic 10, Benfica 8, Spartak 3.

**BRAGA - GALATASARAY 1-2**
**1-0 Mossoró (31.), 1-1 Nordin Amrabat (58.), 1-2 Aydin Yilmaz (77.)**

**MANCHESTER UNITED - CFR CLUJ 0-1**
**0-1 Luis Alberto (56.)**

**Lokastaðan í H-riðli:** Man. Utd 12, Galatasaray 10, Cluj 10, Braga 3.

**visir.is**
Allt um leiki gærkvöldsins

# Sakna auðveldu markanna

Íslenska kvennalandsliðið tapaði 19-22 fyrir Rúmeníu í öðrum leik sínum á EM í handbolta í gær. Góð byrjun eða frábær vörn og markvarsla í seinni hálfleik var ekki nóg og nú bíður stelpnanna hreinn úrslitaleikur við Rússland á föstudaginn. Frammistaðan í gær var mun betri en gegn Svartfjallalandi.

**Óskar Ó. Jónsson**
ooj@frettabladid.is
**Stefán Karlsson**
stefank@365.is
Frá EM í Serbíu





**SVEKKTAR** stelpurnar stóðu sig mjög vel í leiknum í gær en gáfu eftir í lokin. þær voru því að vonum mjög svekktar í leikslok.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**HANDBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið var grátlega nálægt því að landa sínum fyrsta sigri á EM í þriggja marka tapi á móti Rúmeníu í gær. Liðið spilaði allt annan og betri leik en kvöldið áður en það var ekki nóg. Íslenska vörnin og Jenný Ásmundsdóttir gáfu færin til þess að vinna leikinn en sóknin var áfram stirð og ekkert bólar enn á aðalsmerki íslenska liðsins, nefnilega hraðaupphlaupunum.

„Þessi leikur var allt annar. Við erum að spila við erfiðar aðstæður á móti gríðarlega sterku liði. Varnarleikurinn var frábær allan leikinn og Jenný var frábær í seinni hálfleiknum.

Við fáum á okkur sjö mörk í seinni hálfleiknum, sem er hrikalega sterkt á móti svona góðu liði. Við erum því miður ekki að fá mikið út úr hraðaupphlaupunum og meðan við erum að spila svona þéttan og góðan varnarleik þurfum við að fá meira út úr þeim,“ sagði Ágúst Þór Jóhannsson, þjálfari íslenska liðsins.

Frábær byrjun með Rut Jónsdóttur í fararbroddi kom íslenska liðinu þremur mörkum yfir, 8-5, og þjálfari Rúmena tók þá leikhlé. Íslenska liðið náði ekki að fylgja þessari góðu byrjun eftir og það tók rúmenska liðið aðeins átta mínútur að breyta stöðunni úr 8-5 í 10-12. Rúmenía var síðan 15-13 yfir í hálfleik.

Vörnin og markvarslan var frábær í seinni hálfleik og rúmenska liðið náði aðeins að skora eitt mark á fyrstu sextán mínútum hálfleiksins. Íslenska liðið skoraði hinsvegar „bara“ fjögur mörk á þessum kafla og var því bara einu marki yfir, 17-16, þrátt fyrir að hafa aðeins fengið á sig eitt mark í meira en hálfum hálfleiknum.

„Þetta er grátlegt. Ég varði víti í seinni hálfleik og hugsaði með mér: Við erum að fara að taka þær. Við vorum alltaf að vinna boltann en það gekk ekkert að fylgja því eftir í sókninni,“ sagði Jenný markvörður.

Rúmenska liðið hélt sér á lífi og refsaði síðan íslensku stelpunum í gríð og erg fyrir sóknarmistök þeirra á lokakaflanum.

„Þessi auðveldu mörk eru ekki að skila sér og við söknum þeirra mjög mikið. Við vitum alveg að við þurfum þessi auðveldu mörk til þess að geta unnið. Þau verða að koma og verða að vera fleiri,“ sagði Hrafnhildur Skúladóttir, fyrirliði íslenska liðsins.

„Það jákvæða í stöðunni er að við fáum úrslitaleik því við hefðum allt eins getað verið úr leik núna ef leikurinn á undan hefði farið öðruvísi. Það er gríðarlega jákvætt að vera ennþá inni í mótinu og geta enn náð markmiðunum okkar,“ sagði Hrafnhildur að lokum.



# TÖLVULISTINN

tl.is

# EIGULEGAR JÓLAGJAFIR

## ÓTRÚLEGT VERÐ VEGNA MAGNKAUPA FYRIR JÓLIN

TOSHIBA

Toshiba C850-19D



**79.990**

15,6" fartölva sem hentar í alla hefðbundna tölvuvinnslu. Intel Dual Core örgjörvi, 4GB vinnsluminni, 320GB harður diskur. Allt að 5,5 klukkutíma rafhlöðuending. Kemur með nýja Windows 8 stýrikerfinu og námskeiði hjá Promennt í kaupbæti.

### WINDOWS 8 NÁMSKEIÐ FYLGIR ÖLLUM TÖLVUM !

Allir sem velja tölvu hjá okkur með Windows 8 fá ávísun á skemmtilegt og fræðandi námskeið sem haldið er í samstarfi við Promennt sem sérhæfa sig í fjölbreyttu tölvunámi. Microsoft sérfræðingar Promennt fara yfir helstu nýjungarnar og helstu grundvallaratriði í notkun Windows 8.

PROMENNT



## FLOTTUR SÍMI Á BRJÁLUÐU VERÐI

acer Acer Liquid Express E320

Acer snjallsími á geggjuðu jólaverði. Takmarkað magn. Virkilega flottur sími með 3,5" skjá og Android stýrikerfi. 5MP myndavél með LED flassi. 2GB microSD kort fylgir. Dugar allt að 480 tíma í bið og 6 tíma og 40 mín. í tali.

**14.990**

nexus 7



## EIN BESTA 7" SPJALDTÖLVAN

32GB

Nexus 7 passar fullkomlega í hendi og er sérstaklega meðfærileg, létt og þunn. Hæsti gæðaflokkur. Einstaklega öflugur fjögurra kjarna Tegra 3 örgjörvi og 1GB vinnsluminni sem gerir hana mjög hraðvirka. Stórt og gott 32GB minni. IPS+ tryggir sérstaklega góða skerpu og litadýpt í skjánum auk þess sem hún kemur með Nvidia GeForce Tegra 3 skjákorti. Ótrúlega góður hljómur og allt að 9 tíma rafhlöðuending í HD afspilun.

**59.990**

## EINFALDUR OG NETTUR



EPSON Epson SX 130

Traustur og góður prentari sem tekur lítið pláss á borði með hagkvæmu fjögurra hylkja kerfi.

**7.990**

## SJÓNVARPSFLAKKARI PlayonHD



A.C.Ryan

AC Ryan Playon!HD

Sérstaklega gott verð fyrir H.264 háskerpuflakkara með stuðningi við ótal tegundir myndbanda.

**19.990**

## ÞRÁÐLAUS HEYRNARTÓL

AKG

AKG K912



Njóttu þess að losna við allar snúrurnar og geta hlustað um alla íbúð í góðum hljómgæðum.

**9.990**

## STÆRSTA TÖLVUVERSLUN LANDSINS




### OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA

Á SUÐURLANDSBRAUT OG AKUREYRI



| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

# Heima er best

## Stórt kvöld í íþróttalífinu hér heima í kvöld.

Það er stórt kvöld í boltanum hér heima en þá verða stórleikir bæði í N1-deild karla og Dominos-deild karla.

Stærsti leikurinn í handboltanum er viðureign FH og ÍR. Þarna mætast liðin í þriðja og fjórða sæti en þau eru með sama stigafjölda ásamt Akureyri sem er í öðru sæti. Akureyringar fá Íslandsmeistara HK í heimsókn.

Margir bíða spenntir eftir því að KR fari í Ásgarð og mæti gríðarsterku liði Stjörnunnar. Stjarnan í þriðja sæti er með sama stigafjölda og Grindavík, Snæfell og Þór Þorlákshöfn. Grindavík er á toppnum.



### ➜ Leikir kvöldsins

**Handbolti:**
Fram – Valur
Haukar – Afturelding
Akureyri – HK
FH – ÍR

**Körfubolti:**
Njarðvík – Tindastóll
ÍR – Fjölnir
Stjarnan – KR
Snæfell – Skallagrímur




# Búin að fara í mikinn rússíbana með liðinu

## Það þekkja allir Obbu sem hafa komið nálægt kvennalandsliðinu í handbolta. Liðsstjóri íslensku stelpnanna hefur í nógu að snúast á Evrópumeistaramótinu í Serbíu, þar á meðal að hjálpa stelpunum að komast í gegnum erfiðar stundir.

**Óskar Ó. Jónsson**
ooj@frettabladid.is
**Stefán Karlsson**
stefank@365.is
Frá EM í Serbíu





**Í ÖLLU** Obba þarf að sinna ansi mörgu í landsliðsferðum og meðal annars sér hún um búningana. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**HANDBOLTI** „Ég fór fyrst í ferð til Ítalíu þegar Stefán Arnarsson var með liðið. Þá fór ég sem fararstjóri en ég er búin að vera liðstjóri þeirra síðan 2006, þegar Júlíus Jónasson tók við liðinu. Ég held að ég hafi ekki misst úr ferð síðan þá,“ segir Þorbjörg Jóhanna Gunnarsdóttir, betur þekkt sem Obba innan íslenska hópsins. Hún sér um skipulagningu ferða íslenska liðsins ásamt framkvæmdastjóranum Einari Þorvarðarsyni og heldur síðan utan um liðið í keppnisferðunum.

„Ég hef ekki talið það saman hvað þetta eru orðnar margar ferðir en það eru nokkrar á hverju ári. Maður er með fjölskyldu og þrjú börn og þetta er auðvitað binding. Þetta gefur samt mikið og er skemmtilegt því annars væri maður ekki í þessu. Maður er búinn að fara í mikinn rússíbana með þessum stelpum,“ segir Þorbjörg brosandi.

### Júlli yngdi liðið upp

Íslenska liðið hefur stigið stór skref á þeim tíma sem hún hefur verið í kringum liðið, en þegar hún byrjaði hafði kvennalandsliðið aldrei komist á stórmót.

„Það var alltaf markmiðið og við vorum stundum nálægt því að komast inn. Það hafðist ekki alveg en svo gerðist það þegar riðlakeppnin kom. Gústi er búinn að gera flotta hluti en það má ekki gleyma því sem Júlli gerði. Hann yngdi liðið verulega upp og það komu miklar breytingar með honum sem er síðan búið að byggja á. Svo kom Gústi á eftir honum og þetta er allt saman að smella.

Þetta er þriðja stórmótið og vonandi komumst við á það fjórða á næsta ári. Af því að við erum hér förum við í umspilsleiki í vor og verðum vonandi heppin með andstæðinga. Þá er það HM í Serbíu í desember á næsta ári,“ segir Þorbjörg. Margir leikmenn liðsins komu inn sem nýliðar í hennar tíð sem liðsstjóri.

„Þessar stelpur eru flestar búnar að vera samferða mér. Það er alltaf ein og ein ný sem kemur inn en sami kjarni er búinn að vera allan tímann. Mér finnst þær allar frábærar og ég upplifi það bara þannig að það sé gott samstarf á milli okkar allra. Ég þekki þær orðið nokkuð vel og veit, að ég held, hvað hver þeirra þarf. Ég er í alls konar hlutverkum hjá liðinu og tek allan pakkann,“ segir Þorbjörg.

Þorbjörg segir það nauðsynlegt fyrir liðið að það sé kona með í för. Allt þjálfarateymið er karlmenn og því kemur liðsstjórinn sterk inn á viðkvæmum stundum.

„Það er eiginlega alveg nauðsynlegt að það sé kona með liðinu og við erum líka heppin að vera með frábæran sjúkraþjálfara í Elínu (Harðardóttur). Gígja (Kristinsdóttir) er líka með okkur núna, en hún hefur verið með liðinu á stórmótunum. Það er alltaf eitthvað sem þú vilt kannski ekki ræða við einhvern karlmann,“ segir Þorbjörg en mun ekki koma að því að kona þjálfi íslenska liðið?

„Það kemur örugglega kvenþjálfari einhvern tímann. Kannski ekki alveg í dag eða á morgun en það hlýtur að styttast í það eins og allt. Ég veit ekki hvort einhver af þessum stelpum fer út í þjálfun því ég sé það ekki alveg fyrir mér en maður á aldrei að segja aldrei,“ segir Þorbjörg.

### Er til staðar fyrir stelpurnar

EM í Serbíu byrjaði á stórum skelli á móti Svartfjallalandi og þá reynir svo sannarlega á liðsstjórann efir leik. „Það var erfitt og þá þarf maður að vera dálítið vakandi og geta lesið það hvort maður eigi að fara að gera eitthvað núna eða láta þetta eiga sig. Maður þarf að vera svolítið „dipló“ en jafnframt að láta þær vita að maður sé til staðar. Þær vita það og maður spjallaði við nokkrar í gær (fyrrakvöld). Það er mikill metnaður í liðinu og þær voru miður sín eftir frammistöðuna í gær. Við vitum það alveg að þær geta miklu betur en þetta,“ sagði Þorbjörg.

En verður Obba áfram í kringum íslenska liðið? „Já, örugglega. Á meðan þær vilja hafa mig í kringum sig er ég alveg tilbúin að hjálpa þeim. Þetta er skemmtilegt og gefur mikið. Þetta eru skemmtilegar stelpur og flottur hópur. Það er gaman að vera í kringum þær,“ sagði Þorbjörg að lokum.

# Afreksfólk fatlaðra verðlaunað

## Matthildur Ylfa og Jón Margeir voru valin best hjá íþróttasambandi fatlaðra.



**BEST** Jón Margeir og Matthildur stóðu sig frábærlega á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**ÍÞRÓTTIR FATLAÐRA** Matthildur Ylfa Þorsteinsdóttir og Jón Margeir Sverrisson voru í gær útnefnd sem íþróttakona og íþróttamaður ársins 2012 úr röðum fatlaðra á hófi í gær.

Jón Margeir vann til gullverðlauna á Ólympíumóti fatlaðra í London og Matthildur komst í átta manna úrslit í langstökki á sama móti.

„Þetta er ótrúlega gaman og Ólympíumótið var skemmtilegast. Þetta var fyrsta Ólympíumótið og ég vona að þetta verði það fyrsta af mörgum,“ sagði Matthildur en hún stefnir á að keppa í frjálsíþróttum og sundi eins lengi og hún getur. Matthildur er fyrsta frjálsíþróttakonan sem fær þessa viðurkenningu.

„Þetta hefur verið geðveikt flott ár en ég stefni á að gera enn betur eftir fjögur ár og ná að komast á tvenna leika,“ sagði sundmaðurinn Jón Margeir. Hann hefur sett sér það markmið að ná ÓL-lágmarkinu í 1.500 metra skriðsundi í flokki ófatlaðra fyrir leikana sem haldnir verða árið 2014.

„Þetta er flottasta árið sem ég hef upplifað og ég veit ekki heildartöluna á þeim Íslandsmetum sem ég hef náð á árinu.“

Jón Margeir setti heimsmet í 200 metra skriðsundi á ÓL í London í flokki S14 (flokkur þroskahamlaðra). Á árinu 2012 setti hann 31 Íslandsmet, 3 heimsmet og 1 Ólympíumet.

- seth

Tilboðin gilda **6. - 9.** desember




FIFTY SHADES
ÞRJÁR BÆKUR SAMAN

**5.998** KR/PK

*Vinsælu þríleikirnir*




THE HUNGER GAMES
ÞRJÁR BÆKUR SAMAN

**6.998** KR/PK

BÆKURNAR ERU Á ENSKU

nettó *bækur*
*Kræsingar & kostakjör*

**www.netto.is**
Mjódd · Salavegur · Hverafold
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri



**Stöð 2 kl. 20.20**

**Eldsnöggt með Jóa Fel**

Jói Fel galdrar fram gómsæta rétti fyrir jólin og á matseðlinum að þessu sinni er marsipanbaka með berjum og hægelduð grísasteik. Afgangurinn af kjötinu er síðan skorinn niður í grísasteikarsamloku.

## Í KVÖLD



### Detroit 1-8-7

**RÚV KL. 22.25** Síðasti þátturinn í þessum spennuþáttum. Hver dagur er barátta upp á líf og dauða hjá Louis Fitch og félögum hans í morðdeild lögreglunnar í Detroit. Þeir eiga í höggi við harðsvíraða glæpamenn á hverjum degi og baráttan við að halda götum Detroit hreinum er þeim ekki auðveld.

TV.COM 7,6 · IMDb 7,3



### License to Kill

**SKJÁR 1 KL. 22.00** Timothy Dalton fer hér með hlutverk James Bond í annað skipti í þessari mynd frá árinu 1989. Í þessari mynd ákveður Bond að yfirgefa bresku leyniþjónustuna og standa á eigin fótum. Þegar amerískur vinur hans verður illa úti eftir að hafa reynt að negla fíkniefnabarón hyggur 007 á hefndir.

Rotten Tomatoes 74% · IMDb 6,5



### Pink Panther II

**STÖÐ 2 KL. 14.10** Franski spæjarinn óborganlegi Jacques Clouseau er hér mættur aftur. Hann tekur nú höndum saman við hóp alþjóðlegra spæjara til að klófesta þjóf sem fer um allan heim og stelur verðmætustu hlutum heims. Steve Martin fer með hlutverk Clouseau sem áður og John Cleese bregður sér í hlutverk Dreyfus.

Rotten Tomatoes 12% · IMDb 5,3

## RÁS 1 — FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar **1 06**.40 Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Alltaf að rífast **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Úr minningablöðum **15.25** Í kvöld um kaffileytið: Ástarsaga Sue og Charles Mingus **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Til allra átta **16.45** Lesandi vikunnar **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **19.00** Óperukvöld Útvarpsins: Alkestis **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperlur: Noregsferðin **1954 23**.15 Girni, grúsk og gloríur **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.40 Kiljan** *(e)*
**16.30 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Jóladagatalið**
**17.31 Hvar er Völundur?**
**17.37 Jól í Snædal**
**18.04 Vöffluhjarta** *(4:7)*
**18.25 Dýraspítalinn** *(1:10)*
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Camilla Plum í hátíðarskapi** *(Fest uden tårer med Camilla Plum)* Camilla Plum er í hátíðarskapi og matreiðir fjögurra rétta veislumatseðil, að mestu án kjöts. Nánari upplýsingar er að finna á vefslóðinni: www.dr.dk/camillaplum.
**20.40 Hljómskálinn** *(3:4)* Þáttaröð um íslenska tónlist í umsjón Sigtryggs Baldurssonar. Honum til halds og trausts eru Guðmundur Kristinn Jónsson og Bragi Valdimar Skúlason.
**21.10 Sönnunargögn** *(12:16) (Body of Proof II)* Bandarísk sakamálaþáttaröð. Meinafræðingurinn Megan Hunt fer sínar eigin leiðir í starfi og lendir iðulega upp á kant við yfirmenn sína. Aðalhlutverkið leikur Dana Delany. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Detroit 1-8-7** *(18:18)* Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.10 Downton Abbey** *(3:8) (e)*
**00.00 Kastljós** *(e)*
**00.25 Fréttir**
**00.35 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm in the Middle** *(6:22)*
**08.30 Ellen** *(55:170)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(38:175)*
**10.20 White Collar** *(10:16)*
**11.05 Harry's Law** *(10:12)*
**11.50 Who Do You Think You Are?** *(2:7)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Better With You** *(6:22)*
**13.20 Material Girl** *(5:6)*
**14.10 Pink Panther II**
**15.50 Barnatími Stöðvar 2**
**16.35 Bold and the Beautiful**
**17.00 Nágrannar**
**17.25 Ellen** *(56:170)*
**18.10 Jóladagatal Skoppu og Skrítlu** *(6:24)*
**18.23 Veður** Ítarlegt veðurfréttayfirlit.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.16 Veður**
**19.25 The Big Bang Theory** *(7:23)*
**19.50 Modern Family** *(22:24)*
**20.20 Eldsnöggt með Jóa Fel**
**21.00 Person of Interest** *(7:23)* Fyrrverandi leigumorðingi hjá CIA og dularfullur vísindamaður leiða saman hesta sína með það að markmiði að koma í veg fyrir glæpi í New York-ríki.
**21.50 Revolution** *(10:22)* Hörkuspennandi þættir um heim sem missir skyndilega allt rafmagn og þarf að læra að komast af án þess.
**22.35 Breaking Bad** *(1:13)* Fjórða þáttaröðin um Walter White, fyrrverandi efnafræðikennara, sem ákveður að tryggja fjárhag fjölskyldu sinnar með því að nýta efnafræðiþekkingu sína og hefja framleiðslu og sölu á eiturlyfjum eftir að hann greinist með krabbamein.
**23.25 MasterChef Ísland** *(2:9)*
**00.15 The Mentalist** *(2:22)*
**01.00 Homeland** *(9:12)*
**01.45 Boardwalk Empire** *(4:12)*
**02.40 500 Days Of Summer**
**04.15 Pink Panther II**
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT — besta sætið

**07.00 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörkin**
**15.30 Meistaradeild Evrópu. Meistaradeildin** Endursýndur leikur
**17.10 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörkin**
**17.55 Evrópudeildin: Udinese - Liverpool** BEINT
**20.00 Evrópudeildin: Tottenham - Panathinaikos** BEINT
**22.05 Evrópudeildin: Köbenhavn - Steaua**
**23.45 Evrópudeildin: Udinese - Liverpool**
**01.25 Evrópudeildin: Tottenham - Panathinaikos**

## SPORT 2 — enski boltinn

**16.40 Norwich - Sunderland**
**18.20 Liverpool - Southampton**
**20.00 Premier League World 2012/13** Stjörnurnar í ensku úrvalsdeildinni eru heimsóttar.
**20.30 Premier League Review Show 2012/13** Sýndar eru svipmyndir frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**21.25 Football League Show 2012/13** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltans.
**21.55 Man. City - Everton**
**23.35 WBA - Stoke**

## krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.00 Könnuðurinn Dóra**
**08.25 Doddi litli og Eyrnastór**
**08.35 UKI**
**08.45 Strumparnir**
**09.05 Brunabílarnir**
**09.25 Ofurhundurinn Krypto**
**09.50 Ævintýri Tinna**
**10.10 Histeria!**
**10.35 Búbbarnir** *(16:21)*
**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**
**16.50 Villingarnir**
**17.15 Krakkarnir í næsta húsi**
**17.40 Tricky TV** *(11:23)*

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan** *(3:22)* Eftir heimsókn á gamlar slóðir ákveður Moe að breyta barnum sínum í flottan næturklúbb þar sem enginn Duff-bjór er seldur.
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Sjáðu**
**18.15 Gossip Girl** *(15:18)* Þættir byggðir á samnefndum metsölubókum og fjalla um líf ungra, fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.
**19.00 Friends** *(3:24)* Það virðast allir vita hver faðir barnsins er nema faðirinn sjálfur en þegar Rachel loksins uppljóstrar leyndarmálinu koma viðbrögð hans henni talsvert á óvart.
**19.25 The Simpsons** *(17:23)*
**19.50 How I Met Your Mother** *(6:20)*
**20.15 Game Tíví**
**20.40 Suburgatory** *(17:22)* Ný gamanþáttaröð um raunir unglingsstúlku sem er ósátt við flutning úr borg í úthverfi.
**21.05 Pretty Little Liars** *(17:25)* Bandarísk þáttaröð um fjórar vinkonur sem búa yfir stóru leyndarmáli.
**21.50 Gossip Girl** *(8:10)*
**22.30 Game Tíví**
**22.55 Suburgatory** *(17:22)*
**23.20 Pretty Little Liars** *(17:25)*
**00.05 Gossip Girl** *(8:10)*
**00.45 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## GULL

**18.05 Doctors** *(85:175)*
**18.50 Jóladagatal Skoppu og Skrítlu** *(6:24)*
**19.00 Ellen** *(56:170)*
**19.45 Strákarnir**
**20.10 Stelpurnar** *(7:20)*
**20.35 Ríkið** *(7:10)*
**21.00 Fóstbræður**
**21.35 Það var lagið**
**22.40 Friends** *(17:24)*
**23.05 Strákarnir**
**23.30 Stelpurnar** *(7:20)*
**23.55 Ríkið** *(7:10)*
**00.25 Fóstbræður**
**01.00 Það var lagið**
**02.05 Friends** *(17:24)*
**02.30 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## BÍÓ

**11.40 Full of It**
**13.15 Next Avengers: Heroes of Tomorrow**
**14.35 Love Wrecked**
**16.00 Full of It**
**17.35 Next Avengers: Heroes of Tomorrow**
**18.55 Love Wrecked**
**20.20 The Deal**
**22.00 Fargo**
**23.40 My Best Friend's Girl**
**01.30 The Deal**
**03.10 Fargo**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** *(e)*
**08.45 Dr. Phil** *(e)*
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**14.15 The Voice** *(12:15) (e)*
**16.50 Rachael Ray**
**17.35 Dr. Phil**
**18.15 Necessary Roughness** *(2:16) (e)*
**19.05 The Office** *(5:27) (e)*
**19.30 Everybody Loves Raymond** *(13:26) (e)*
**19.55 Will & Grace** *(15:24)*
**20.20 Happy Endings** *(6:22)* Bráðfyndnir þættir um skrautlegan vinahóp. Gömul vinkona skýtur upp kollinum, öðrum til mismikillar ánægju, á meðan Alex fer á ofurstefnumót með ofurmenni.
**20.45 30 Rock** *(16:22)* Bandarísk gamanþáttaröð sem hlotið hefur einróma lof gagnrýnenda. Vandræði með sjálfsálitið er fyrirferðamikið á skrifstofunni og Jack reynir hvað hann getur til að hjálpa.
**21.10 House** *(12:23)* Þetta er síðasta þáttaröðin um sérvitra snillinginn House. Chase kemur sér í klandur með því að rugla saman reytum við sjúkling á spítalanum sem í þokkabót er nunna.
**22.00 License to Kill**
**00.00 Excused** Nýstárlegir stefnumótaþáttur um ólíka einstaklinga sem allir eru í leit að ást.
**00.25 Parks & Recreation** *(6:22) (e)*
**00.50 CSI: Miami** *(11:19) (e)*
**01.40 Bedlam** *(6:6) (e)*
**02.30 Happy Endings** *(6:22) (e)*
**02.55 Everybody Loves Raymond** *(13:26) (e)*
**03.20 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** World Challenge **2012** (**4:4**) **13.10** Golfing World **14.00** World Challenge **2012** (**4:4**) **19.00** AT&T National - PGA Tour **2012** (**4:4**) **00.00** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakista **21.30** Perlur úr myndasafni

## ÚTVARP

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 100,5** Kaninn | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |







PIPAR\TBWA • SÍA • 123626







## LYNX Boondocker 3900

**2013 árgerð**

Lynx Boondocker 3900 er fyrsti fjallasleðinn frá Lynx. Hann er góður í púðri, klifri og hliðarhalla. Hann er einnig með góða fjöðrun sem nýtist vel við verstu aðstæður og tilþrifamikinn akstur. Beltastokkurinn er innbeygður að ofan og sæti og bensíntankur mjórri sem gefur gott pláss fyrir fætur.

## SKI-DOO Summit X 154

**2013 árgerð**

2013 árgerðin af Summit X sleðanum er mest breytti fjallasleðinn til þessa. Frábær klifursleði og meðfærilegasti brekku- og hliðarhallasleði sem Ski-Doo hefur framleitt. Hann er einnig tilvalinn í krefjandi landslagi og slóðaakstri.

## CAN-AM Ltd 1000

**2013 árgerð**

Can-Am Outlander MAX 1000 LTD er 2ja manna lúxus ferða- og sporthjól, meðal annars með Tri-mode Dynamic léttistýri, 3.000 punda dráttarspili, loftstilltum afturdempurum, Garmin 650t leiðsögutæki, álfelgum og Visco-Lok® driflæsingu að framan.



**SCOTT P 250 PEYSUBRYNJA**
Stærðir S–XXL

**23.992 KR.**
**FULLT VERÐ 29.990 KR.**



**SCOTT BOLTON HANSKAR**
Einnig til í hvítu/gráu

**11.992 KR.**
**FULLT VERÐ 14.990 KR.**

**20% AFSLÁTTUR**
af vörum frá Scott



**SCOTT RECOILXI SC GLERAUGU**

**5.592 KR.**
**FULLT VERÐ 6.990 KR.**



**SCOTT 250 RACE HJÁLMUR**

**19.992 KR.**
**FULLT VERÐ 24.990 KR.**

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugardag 10–16 • sunnudag 12–16 • **ellingsen.is**

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

**DRYKKURINN**



**„Ætli það sé ekki bara kaffi. Ég drekk sæmilega mikið af því þessa dagana en takmarka mig við svona 3-4 bolla á dag. Ég vil hafa það svart og nýmalað, það er langbest þannig.“**

Smári Pálmarsson, annar höfunda teiknimyndasögunnar Vampíra.

# Dýfði sér og fékk glóðarauga

Popparinn Friðrik Dór meiddi sig í dýfingakeppni í tilefni af Degi rauða nefsins.

„Ég er rosalega lítill sundmaður. Ég eiginlega þoli ekki sundlaugar en hvað gerir maður ekki fyrir gott málefni?“ segir popparinn Friðrik Dór.

Dýfingakeppni var haldin í Sundhöll Reykjavíkur í tilefni af Degi rauða nefsins sem er haldinn af UNICEF, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna. Þar lögðu þekktir Íslendingar sig fram fyrir gott málefni, þar á meðal Friðrik Dór, sem nýlega gaf út plötuna Vélrænn. Hann tók nokkuð sérstæða dýfu sem endaði með því að hann lenti illa og hlaut glóðarauga að launum. „Ég held ég hafi farið í eitt og hálft heljarstökk. Ég var kominn hálfan aukahring þegar andlitið skall á vatninu. Þetta var ansi döpur frammistaða.“

Þrátt fyrir meiðslin segist hann geta hugsað sér að prófa dýfingarnar aftur. „Þetta var mjög skemmtilegt. Það er spurning um að leggja þetta fyrir sig og reyna að „mastera“ heljarstökkið.“

Meðal annarra þátttakenda voru Sveppi, leikkonan María Birta Bjarnadóttir, Þórunn Antonía, Halldór Gylfason og Ebba Guðný Guðmundsdóttir. Sveppi varð fyrir því óhappi að sundhettan hans rifnaði í tvennt rétt áður en hann fór upp á dýfingabrettið. Hann lét það ekki á sig fá og flaug myndarlega út af brettinu. María Birta meiddist lítillega og uppskar marblett á læri eftir sína lendingu.

Dómnefndina skipuðu þau Ilmur Kristjánsdóttir, útvarpskonan Gunna Dís og Jónas Tryggvason, sem er reyndur dýfingadómari. Dýfurnar verða sýndar í söfnunar- og skemmtiþætti á Stöð 2 á föstudaginn á Degi rauða nefsins. Þá kemur í ljós hver bar sigur úr býtum í keppninni. - fb



**UPP ÚR** Friðrik Dór kemur upp úr sundlauginni eftir dýfuna misheppnuðu.



**ADHD** Hljómsveitin hefur gefið út tvær nýjar plötur. MYND/SPESSI

## Tvær plötur frá ADHD

Hljómsveitin ADHD hefur gefið út plöturnar ADHD 3 og ADHD 4. Upptökurnar fóru fram í Logalandi í ágúst og áttu upphaflega að vera fyrir eina plötu.

Tónlistinni svipar til þess sem hljómsveitin hefur áður gert og ferðast plöturnar bæði fram og til baka í dýnamík og lagasmíðum. Fyrri plöturnar tvær hafa hlotið mikið lof hjá gagnrýnendum og tónlistarunnendum. Meðlimir ADHD eru: Magnús Trygvason Eliassen, Davíð Þór Jónsson, Ómar Guðjónsson og Óskar Guðjónsson.

# Daníel á toppnum í Svíþjóð með nýtt lag

Nýtt lag Daníels Ólivers er mest keypta raftónlistarlagið á iTunes í Svíþjóð.

„Umboðsmaðurinn minn er að minnsta kosti rosalega stoltur og ánægður með mig þessa dagana. Þetta er auðvitað ógeðslega gaman og ég get ekki kvartað,“ segir söngvarinn Daníel Óliver glaður í bragði.

Lag Daníels Ólivers, DJ Blow My Speakers, var gefið út í Svíþjóð á mánudaginn en það er fyrsta lagið sem söngvarinn gefur út fyrir alþjóðlegan markað. Lagið skaust samdægurs í fyrsta sæti á listanum yfir mest keyptu raftónlistar-lögin á iTunes í Svíþjóð og hefur haldið því sæti síðan. Á heildarlistanum yfir mest keyptu lögin á iTunes í Svíþjóð situr lagið í 60. sæti. „Þetta er þvílíkur heiður. Það telst góður árangur að ná inn á topp 100 á þeim lista svo ég er auðvitað í skýjunum,“ segir Daníel.

Daníel Óliver hefur komið fram á nokkrum tónleikum í Stokkhólmi og Malmö, auk þess sem hann fór til London í lok september og hélt þar tónleika fyrir smekkfullu húsi. Þar fyrir utan hefur hann tekið að sér nokkur verkefni sem plötusnúður. „Ég hef verið duglegur að spila íslenska tónlist og það hefur fallið vel í kramið. Ég spila Erp Eyvindsson töluvert við góðar undirtektir,“ segir hann.

Spurður hvað sé á döfinni hjá Daníel segir hann nokkur remix af DJ Blow My Speaker vera á leiðinni og að samningaviðræður um plötu séu í gangi við nokkur plötufyrirtæki. „Svo ætla ég að koma heim um jólin og hitta fjölskylduna og vinina. Það hefur verið svakaleg keyrsla í gangi að undanförnu svo það verður frábært að koma heim og liggja aðeins í leti,“ segir hann.

Breska tónlistarvefsíðan Scandipop birti umfjöllun um Daníel Óliver í vikunni og er hann þar kallaður næsti popprins norðursins. Er hann korteri frá heimsfrægð? „Kannski ekki alveg en þetta er að minnsta kosti mjög góð byrjun,“ segir hann og hlær. tinnaros@frettabladid.is



**DANÍEL ÓLIVER** Í umfjöllun um Daníel á bresku síðunni Scandipop var hann kallaður næsti poppprins norðursins. MYND/LALLI SIG

## Góðri forvinnu og frábæru lagi að þakka

Á þriðja degi Daníels á toppi listans á iTunes leit hann svona út. Spurður hverju hann þakkar velgengnina segir hann það helst vera góða forvinnu.

„Við vorum búin að undirbúa grunninn mjög vel áður en lagið kom út. Svo hjálpaði það til að það er búið að vera góðri siglingu í Bandaríkjunum og Bretlandi síðan það kom út þar í október. Nú fór það bara á fulla ferð, enda frábært lag,“ segir Daníel sprækur.







LJÓÐSTAFUR
Jóns úr Vör

**Lista- og menningarráð Kópavogsbæjar efnir í tólfta sinn til árlegrar ljóðasamkeppni undir heitinu Ljóðstafur Jóns úr Vör.**

Veitt verða vegleg verðlaun og fær verðlaunaskáldið auk þess til varðveislu, í eitt ár, göngustaf áletraðan með nafni sínu. Dómnefnd velur úr þeim ljóðum sem berast.

Öllum skáldum er velkomið að senda ljóð í keppnina en skilafrestur rennur út **14. desember**. Ljóðum skal skilað með dulnefni. Nafn, heimilisfang og símanúmer skáldsins skal fylgja með í lokuðu umslagi, sem auðkennt er með sama dulnefni. Ljóðin mega ekki hafa birst áður.

Utanáskrift er: **Ljóðstafur Jóns úr Vör, menningar- og þróunardeild Kópavogs, Fannborg 2, 200 Kópavogur**

Greint verður frá niðurstöðum samkeppninnar og verðlaun veitt á afmælisdegi Jóns úr Vör 21. janúar 2013. Jón úr Vör bjó nánast allan sinn starfsaldur í Kópavogi en tilgangur keppninnar er að efla og vekja áhuga á íslenskri ljóðlist.

Kópavogsbær

kopavogur.is


# Gaf lögin sín í bandaríska mynd

Ingólfur Þór Árnason úr Indigó samdi tónlistina við kvikmyndina About Sarah.

Ingólfur Þór Árnason, úr hljómsveitinni Indigó, var fenginn til að sjá um tónlistina fyrir bandarísku kvikmyndina About Sarah í leikstjórn Elenor Gaver. Myndin, sem er sannsöguleg, gerist í New York og fjallar um nítján ára stúlku sem lést af völdum eiturlyfja.

„Ég var að smíða leikmynd í Noah-myndinni fyrir True North. Það var haldið partí þegar tökurnar voru að hefjast og þar hitti ég Sam sem er prófessor og kennir myndlist í Yale,“ segir Ingólfur Þór, spurður út í tilurð verkefnisins. „Ég lét hann fá „demó“ af nýjustu plötunni sem ég er að taka upp, því við vorum ágætis félagar. Hann lætur konuna sína hafa það, sem þekkir þennan leikstjóra úti í New York.“

Ingólfur Þór fékk skömmu síðar bréf frá Elenor Gaver og ákvað í framhaldinu að láta hana fá lögin af plötunni sinni endurgjaldslaust. „Mér fannst þetta skemmtilegt verkefni. Það eru ungir krakkar að leika í þessu, vinir þessarar stelpu sem lést af völdum heróíns, og þetta var gert fyrir lítinn pening.“

Fimm lög frá Indigó hljóma í myndinni. Hún er í eftirvinnslu og verður tilbúin um miðjan desember. Á næsta ári verður hún sýnd á kvikmyndahátíðunum í Berlín, Sundance og víðar.

Ingólfur Þór er búinn að sjá grófklippta útgáfu myndarinnar og leist vel á. „Ég sýndi fimmtán ára dóttur minni myndina og henni fannst hún fín. Þá er ég ánægður.“

Öll lögin verða á plötu Indigó sem kemur út næsta vor en sú síðasta kom út fyrir fimm árum. Upptökustjóri er Halldór Björnsson úr hljómsveitinni Legend. - fb



**FIMM LÖG Í ABOUT SARAH** Ingólfur Þór Árnason úr Indigó á tónlistina í myndinni About Sarah. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

NÝTT KORTATÍMABIL

# ÚTIVISTAR MARKAÐUR

Regatta GREAT OUTDOORS™

Dare 2b

CRAGHOPPERS

BEAR GRYLLS CRAGHOPPERS



# NÝJAR VÖRUR

## HJÁ OKKUR MÁ SKILA OG SKIPTA

**DÖMU & HERRA FATNAÐUR**

FLÍS PEYSUR 3.990,-
SOFTSHELL PEYSUR 4.990,-
STRETCH BUXUR 7.990,-
SOFTSHELL BUXUR 7.990,-
ÚLPUR 8.990,-
SNJÓBUXUR 8.990,-
UNDIRFÖT SETT 3.990,-
SKYRTUR 4.490,-
SKYRTUR FÓÐRAÐAR 5.990,-
KÁPUR 9.990,-
SKÓR, SMÁVARA OFL.

**BARNAFATNAÐUR**

FLÍS PEYSUR 2.490,-
SOFTSHELL PEYSUR 3.990,-
UNDIRFÖT SETT 3.490,-
REGNBUXUR 1.490,-
REGNJAKKAR 4.990,-
FÓÐRAÐAR BUXUR 3.990,-
SNJÓBUXUR 7.490,-
ÚLPUR 7.490,-
SKÓR, SMÁVARA OFL.

**OPIÐ**

VIRKA DAGA 11 – 18
LAUGARD. 11 – 16
SUNNUD. 13 –16

facebook/
Útivist og Sport

ÚTIVIST & SPORT
verslun
heildverslun

Faxafen 12 S. 533-1550.

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póstdreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Samtaka systkini

Ævisaga söngkonunnar **Ellyjar Vilhjálms** eftir Margréti Blöndal hefur selst í um þrjú þúsund eintökum og er á leið í endurprentun. Þetta er álíka mikil sala og ævisaga bróður hennar, Vilhjálms Vilhjálmssonar sem Jón Ólafsson ritaði, hafði náð á sama tíma fyrir þremur árum. Sú bók seldist í um 6.500 eintökum samanlagt. Miðað við hversu samtaka systkinin eru í sölunni má búast við að ævisaga Ellyjar endi í svipuðum eintakafjölda þegar talið verður upp úr kössunum eftir jólin. **- fb**



### Allir vildu vera memm

Háskólar landsins standa fyrir fundaröð um stjórnarskrármál þessa dagana og var annar fundur í röðinni haldinn í gær. Í pallborðinu sátu fjórir kennarar við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík, stundakennari, lektor, dósent og prófessor. Í salnum voru hins vegar margir þeir sem komið hafa að málinu á fyrri stigum, til að mynda þeir Vilhjálmur Þorsteinsson, **Gísli Tryggvason** og Þorkell Helgason, sem allir sátu í stjórnlagaráði. Þeir voru heldur ósáttir við að fá ekki að vera í pallborðinu. Ekki veitti af að veita lagadeildum háskólanna andsvör. Óvíst er hvort tekið verður tillit til umkvartana þeirra félaga á komandi fundum og stjórnlagaráð fær sinn fastafulltrúa á fundum um stjórnarskrármál. **- kóp**



### Mest lesið vísir

1. Indland rekið úr ólympíuhreyfingunni
2. Lottómiði með 13 milljarða vinningi rennur út í kvöld
3. Lögreglan þurfti að nota piparúða í ólátum við Ránargötu
4. Gamli glaumgosinn Hugh Hefner giftir sig aftur
5. „Ég borgaði ekki þessa brjóstastækkun svo annar maður gæti gónt [...]“




